NADIA BANINE
*Eignaðist sérstaka flík í Marrakesh í Marokkó*
tíska heilsa heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SMÁRALIND OG NÁGRENNI
*Piparkökugerð í Smáralind*
Sérblað um verslun, þjónustu og veitingar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. desember 2007 — 332. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Konur ruddu brautina**
Sjötíu og fimm ár liðin frá setningu Barnaverndarlaga.
TÍMAMÓT 40

**Náum lendingu**
Guðmundur Ingi Markússon trúarbragðafræðingur bendir á leið sem tryggir skólafræðslu um trúarbrögð og sem allir foreldrar gætu sætt sig við.
UMRÆÐAN 38



**Friðrik fertugur í dag**
Fékk aukahlutverk í kvikmynd í afmælisgjöf.
FÓLK 66



**Keppir í Hollandi**
Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, keppir á sterku móti í Eindhoven.
ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**RÓLEG NORÐLÆG ÁTT** um allt land. Hiti um eða undir frostmarki, með slyddu eða snjóéljum við suðvestur- og norðausturströndina.
VEÐUR 4

# Dólgar flytja vændiskonur til landsins

**Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lögreglan á Suðurnesjum hefur haft afskipti af allmörgum erlendum konum sem komið hafa hingað til lands til að selja sig. Þær neita að tjá sig nánar um hagi sína.**

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur á árinu haft afskipti af sex konum sem vitað er að komu hingað til lands til að stunda vændi. Rökstuddur grunur leikur á að þær hafi komið hingað á vegum dólga í heimalandinu.

Þá hefur lögreglan á Suðurnesjum haft afskipti af tíu til fimmtán konum við komu þeirra til landsins af sömu ástæðum. Ekkert þessara mála hefur þó leitt til lögreglurannsóknar þar sem konurnar hafa allar neitað að tjá sig nánar um hagi sína.

Eftir breytingar á almennum hegningarlögum fyrr á árinu má nú stunda vændi á Íslandi. Hafi þriðji maður hins vegar atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal hann sæta fangelsi allt að fjórum árum.

Konurnar sem kynferðisbrotadeild hafði afskipti af komu frá Brasilíu, Portúgal og Rússlandi.

„Konurnar sögðust vera á eigin vegum en sterkur grunur leikur á að þær hafi verið sendar af þriðja manni eða fyrirtæki,“ segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar. „Þeim hefur verið boðin aðstoð en þær þiggja hana ekki. Þær koma sér fyrir hér en staldra stutt við.“

Jón Pétur Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn segist hafa orðið var við að konur komi hingað til lands í því skyni að stunda vændi. „Stundum eru konur tilbúnar til að segja okkur að þær séu að koma hingað í þeim tilgangi að selja sig. En þær eru ekki tilbúnar að tjá sig nánar um það við löggæsluna,“ segir Jón Pétur. „Þetta eru tiltölulega erfið mál og erfitt að finna nægilegar sannanir til að geta farið út í málssókn.“ - jss



**FJÖLSKYLDUM HJÁLPAÐ** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra heimsótti Fjölskylduhjálp Íslands í Eskihlíð í gær. Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, var með í för og nutu þau leiðsagnar Ásgerðar Jónu Flosadóttur, formanns Fjölskylduhjálparinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Bréf í erlendum félögum:

## Vaxandi erlent eignarhald

**VIÐSKIPTI** „Erlent eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni var um 41 prósent í september,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinar. Þetta hlutfall var 27 prósent á sama tíma fyrir ári. Þórður telur að hluti af þessu sé fólginn í því að Íslendingar geymi hlutabréfaeign í erlendum félögum. - ikh/ sjá síðu 32



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

Geystist um götur Geseke:

## Stöðvuðu ökufant í hjólastól

**ÞÝSKALAND** Þjóðverji á sextugsaldri hefur verið sektaður um sem nemur fjörutíu þúsund krónum fyrir að aka of hratt í hjólastól. Lögreglan í bænum Geseke mældi hann á rúmlega 64 kílómetra hraða á klukkustund, um það bil tvöföldum hámarkshraða, á verslunargötu í bænum.

Samkvæmt fréttavef Ananova viðurkenndi maðurinn að hafa breytt rafmótor hjólastólsins þannig að hann kæmist hraðar. Hann spænir ekki upp göturnar í Geseke í bráð því hjólastóllinn var gerður upptækur. - sþs

Flúði eftir tilraun til ráns:

## Réðst á leigubílstjóra í Hátúni

**LÖRGEGLUMÁL Ráðist var á leigubílstjóra í Hátúni í Reykjavík um klukkan hálf tíu í gærkvöldi. Bílstjórinn slapp með minni háttar áverka. Árásarmaðurinn flúði af vettvangi, og leituðu lögreglumenn hans þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Að sögn lögreglunnar var um tilraun til ráns að ræða. Ekki fengust frekari upplýsingar um árásina að svo stöddu, en málið er í rannsókn hjá lögreglunni.** - sþs






Forsætisráðherra um fimm milljarða króna aðgerðir í þágu öryrkja og aldraða:

# Við erum alls ekki hætt

**FÉLAGSMÁL** „Ég legg áherslu á að þetta er bara skref, við erum alls ekki hætt,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu aldraðra og öryrkja, sem kynntar voru í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra tekur undir þetta. „Stóra málið er eftir,“ segir hún og vísar til gagngerrar endurskoðunar á almannatryggingakerfinu.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar miðast aðgerðirnar meðal annars við að skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verði afnumin, frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækki í 100.000 krónur og að dregið verði úr of- og vangreiðslum tryggingabóta.

Almennur fögnuður ríkir um aðgerðirnar. Formaður Félags eldri borgara og formaður Öryrkjabandalagsins segja þó að aðgerðirnar hefðu mátt koma fyrr. Formaður Vinstri grænna segir þær hafa mátt vera rausnarlegri og formaður Framsóknarflokksins óttast að verðbólgudraugurinn kunni að láta á sér kræla. - kóþ, - bj / sjá síðu 6







SPURNING DAGSINS



*Aldís, voruð þið að klóra í bakkann?*

„Nei, en við klórum okkur í höfðinu yfir hvernig þetta gat gerst.“

Talsvert af klór lak út í Varmá í Hveragerði á þriðjudag. Aldís Hafsteinsdóttir er bæjarstjóri í Hveragerði.

Lögreglustjórinn í Reykjavík íhugar enn umdeilda rekstrarleyfisumsóknir:

# Nektardans enn hjá lögreglu

**STJÓRNSÝSLA** Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hefur enn ekki tekið afstöðu til umsóknar þriggja nektardansstaða í Reykjavík um endurnýjuð rekstrarleyfi.

Eins og kunnugt er leggst borgarstjórn Reykjavíkur gegn því að staðirnir þrír fái umbeðna undanþágu til að bjóða upp á nektardans. Jákvæð afstaða hefur hins vegar borist lögreglustjóra frá öllum öðrum umsagnaraðilum; Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti, byggingarfulltrúa, og brunamálastjóra.

Halldór Backman, lögmaður veitingastaðarins Óðals, segir að í lögum sé kveðið á um að jákvæðar umsagnir allra aðila þurfi fyrir leyfi. Óðal byggi hins vegar á því að lögreglustjóra sé í sjálfsvald sett að virða að vettugi umsagnir sem fari langt út fyrir valdsvið viðkomandi umsagnaraðila.



**STEFÁN EIRÍKSSON** Umsókn þriggja veitingastaða um leyfi til nektardans er óafgreidd hjá lögreglustjóra.

„Þetta snýst um eðlileg valdsmörk stjórnvalda. Lögreglustjóri þarf ekki að hlýða á neikvæða umsögn ef hún er um eitthvað sem umsagnaraðilinn á ekki að tjá sig um,“ segir Halldór sem enn kveðst bíða bréfs frá lögreglustjóra þar sem honum verði gefið tækifæri á að koma að sjónarmiðum eigenda Óðals áður en ákvörðun er tekin í málinu.

„Við munum vitaskuld mótmæla þessari umsögn borgarráðs á þeirri forsendu fyrst og fremst að hún sé byggð á ólögmætum sjónarmiðum enda hafi borgin áður veitt jákvæða umsögn um það sem borgin á að veita umsögn um,“ segir Halldór. **- gar**

Auglýst eftir ferðamálastjóra:

# Ólafur Örn einn 50 umsækjenda

**VINNUMARKAÐUR Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi forstjóri Ratsjárstofnunar, er einn fimmtíu umsækjenda um embætti ferðamálastjóra. Magnús Oddsson lætur af embættinu um áramótin eftir að hafa gegnt því í fjórtán ár.**

**Ferðamálastjóri er forstöðumaður Ferðamálastofu, sem fer með framkvæmd ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytis. Skipað er í starfið til fimm ára í senn. Á Ferðamálastofu eru alls um tuttugu starfsmenn, en stofnunin rekur fimm skrifstofur innan og utan landsteinanna.** **- sþs**

Andrei Lugovoi á þing:

# Meintur morðingi nýr á þingi

**RÚSSLAND, AP** Meðal nýrra þingmanna í Rússlandi er Andrei Lugovoi, fyrrverandi starfsmaður leyniþjónustunnar KGB, sem breska lögreglan hefur grunaðan um að hafa myrt Alexander Litvinenko í London á síðasta ári.



**ANDREI LUGOVOI**

Þegar Lugovoi var spurður hvort hann teldi kjör sitt á þing jafngilda því að hrækt væri framan í Vesturlönd sagðist hann vilja ráðleggja þeim að þurrka hrákann framan úr sér.

Lugovoi sest á þing fyrir Þjóðernisflokk Vladimírs Sjírínovskís, sem verður þriðji stærsti flokkur þingsins. Rússnesk stjórnvöld hafa neitað að framselja Lugovoi til Bretlands. **- gb**

Félag siðrænna húmanista:

# Biskup Íslands biðjist afsökunar

**TRÚ Siðmennt, félag siðrænna húmanista, biður biskup Íslands, séra Karl Sigurbjörnsson, um að biðjast opinberlega afsökunar á orðum um félagið, svo höfð voru eftir honum í fjölmiðlum. Öðrum kosti dragi hann þau til baka.**

**Í viðtali við 24stundir kallaði Karl félagið „hatrömm samtök sem vilja að öllu leyti stöðva aðkomu trúarinnar í skólum“.**

**Stjórn Siðmenntar telur ummælin ærumeiðandi fyrir félagið og þá foreldra sem hafa fengið Siðmennt til að annast borgaralega fermingu barna sinna.**

**Félagið áréttar að það hafi ávallt stutt öfluga trúarbragða-**

# Bílveltan var eins og hæg endursýning

**Fjögur ungmenni sluppu án teljandi meiðsla eftir að bifreið sem þau voru farþegar í valt 20 til 30 metra niður gil. Ég hafði mestar áhyggjur af því hvernig ég ætti að útskýra þetta fyrir foreldrum krakkanna, segir ökumaður.**

**SLYS** „Það var engin hálka búin að vera alla leiðina, en ég keyrði nú samt á fjörutíu því mér sýndist ég sjá hálkubletti,“ segir Ólöf Huld Magnúsdóttir, tvítugur Selfyssingur, sem varð fyrir þeirri óskemmtilegu lífsreynslu að bifreið sem hún ók valt þrjár veltur niður gil eftir að hún missti stjórn á henni.

Ólöf Huld var á leiðinni frá Selfossi í Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum til að kanna aðstæður þar vegna fyrirhugaðrar ferðar. Ólöf er skátaforingi og var ásamt fjórum þrettán ára krökkum úr skátaflokknum sínum í bílnum þegar hann valt.

„Ég var stödd í beygju sem ég taldi að væri búin þegar ég missti stjórn á bílnum í hálku og bíllinn rann rólega út af veginum. Bíllinn stoppaði í miklum halla og þá héldum við að þetta væri búið en svo valt hann á hliðina fimm sekúndum síðar og stoppaði ekki fyrr en eftir tvær og hálfa veltu,“ segir Ólöf. „Við héldum okkur í loftið og töldum velturnar en þetta gerðist allt svo rosalega hægt. Það var eins og þetta væri allt sýnt hægt í einhverri bíómynd.“

Ólöf segir farþega bílsins hafa fundið bensínlykt eftir að bíllinn staðnæmdist og þá hafi þau flýtt sér út úr bílnum. Ekkert þeirra slasaðist alvarlega en Ólöf hlaut áverka á hendi.

„Mér leið strax mjög illa og hafði miklar áhyggjur af því hvernig ég ætti að koma orðum að þessu við foreldra krakkanna en ég ákvað að vera róleg,“ segir Ólöf. „Okkur var auðvitað mikið brugðið en við töluðum saman um þetta á leiðinni á heilsugæsluna og náðum að róa taugarnar.“



**Á VETTVANGI Í GÆR** Í birtingu í gær var hafist handa við að koma bílnum af vettvangi. Fyrst var fest í hann dráttartaug og svo var hann dreginn upp á veg og ofan á pallbíl. MYND/GUÐMUNDUR KARL

Bíllinn, sem var í eigu Ólafar, er gjörónýtur eftir veltuna og var fjarlægður með kranabíl í gær.

**aegir@frettabladid.is**



**ÓLÖF HULD MAGNÚSDÓTTIR** Ólöf ók bílnum og var sú eina sem meiddist í óhappinu, en hún hlaut áverka á hendi. MYND/EGILL



**LJÓSAFELL SU** Er eitt þeirra skipa sem hafa verið leigð í togararallið á síðustu árum. MYND/LOÐNUVINNSLAN

Faghópur skipaður:

# Togararallið til skoðunar

**HAFRANNSÓKNIR** Búið er að skipa í faghóp sérfræðinga og aðila í sjávarútvegi til að fjalla um aðferðir Hafrannsóknastofnunarinnar við stofnstærðarmælingar. Sjávarútvegsráðherra fól Jóhanni Sigurjónssyni, forstjóra stofnunarinnar, að koma á fót slíkum hópi. Stefnt er að því að fyrstu tillögur liggi fyrir í febrúar og að lokaúttekt liggi fyrir 1. september 2008.

Hópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Fiski- og farmannasambandi Íslands og einum fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar munu leiða starf hópsins. **- shá**

Hefur ekki sést undanfarið ár:

# Týndu stærsta asíska fíl heims

**NEPAL Stærsti asíski fíll heims sem vitað er um, Raja Gaj, er týndur. Hann hefur ekki sést í konunglega Bardia-þjóðgarðinum í Katmandú í Nepal, þar sem hann dvelst, undanfarið ár. Raja Gaj var eitt helsta aðdráttarafl þjóðgarðsins vegna stærðar sinnar, en sést nú ekki lengur.**

**Samkvæmt japanska fréttamiðlinum Japan Today hafa forsvarsmenn þjóðgarðsins áhyggjur af því að veiðiþjófar hafi drepið fílinn. Hann er þrír og hálfur metri á hæð, samkvæmt mælingu sem gerð var árið 1999.** **- sþs**

NÝ LJÓÐABÓK EFTIR GALDRAMEISTARANN

Sjón var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir einn söngtexta sinna í kvikmyndinni Dancer in the Dark, og fyrir skáldsöguna Skugga-Baldur hlaut hann bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005. Í ár er Sjón tilnefndur til Íslensku Bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina Söngur steinasafnarans.




BJARTUR

Verð á hlutabréfum stærstu kauphallarfyrirtækja sveiflaðist mikið í gær:

# Markaðurinn mjög viðkvæmur

**VIÐSKIPTI** Gengi FL Group lækkaði um fimmtán prósent í Kauphöll Íslands í gær. Það var fyrsti viðskiptadagur með bréf í félaginu eftir tilkynningu um umfangsmikla hlutafjáraukningu í fyrradag. Úrvalsvísitalan féll um 1,95 prósent og sveiflaðist mikið yfir daginn.

„Markaðurinn er mjög viðkvæmur núna en þróunin [í gær] sýnir hvað menn eru óvissir,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. Hún bendir á að tveir þriðju hlutar af lækkun Úrvalsvísitölunnar hafi gengið til baka frá mestu lækkun en það sýni að fjárfestar séu bæði að endurmeta markaðinn og reyna að rýna í það sem aðrir eru að gera. „Einhverjir voru kannski að veðja á meiri lækkun en raunin varð,“ segir hún.

„Langtímaáhrifin af útlausn FL Group í gær er afskaplega góð því við fáum heilbrigðara umhverfi og mikla styrkingu á eigin fé fyrirtækisins,“ segir hún og bendir á að 180 milljarða eigin fé FL Group nemi 15 prósentum af vergri landsframleiðslu Íslands. „Þetta er eigin skiptimynt.“

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, sagði á kynningarfundi í gær að dregið yrði úr rekstrarkostnaði félagsins. Búið er að loka skrifstofu FL í Kaupmannahöfn og verður starfsemi félagsins stýrt frá London. Stjórnarformaðurinn sagði að nú yrði unnið að því að ávaxta eignir FL Group í stað þess að leita að nýjum fjárfestingum. **- bg/jab**



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Jón Ásgeir Jóhannesson segir mestu tækifæri FL Group núna liggja í því að ávaxta núverandi eignir félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–22.00 | 10.00–22.00 | 10.00–22.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

**GENGIÐ 05.12.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,08 | 62,38 |
| Sterlingspund | 126,63 | 127,25 |
| Evra | 91,38 | 91,9 |
| Dönsk króna | 12,253 | 12,325 |
| Norsk króna | 11,316 | 11,382 |
| Sænsk króna | 9,723 | 9,779 |
| Japanskt jen | 0,5628 | 0,566 |
| SDR | 98,46 | 99,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,7124

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Krefjast gagna um eignasölu ríkisins á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli:

# Maðkur í mysunni við söluna

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar deildu harkalega á stjórnvöld fyrir að veita ekki upplýsingar og gögn um sölu eigna á fyrrverandi varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

Geir H. Haarde forsætisráðherra flytur Alþingi skýrslu um málið í dag, og kvörtuðu þingmenn yfir því að fá ekki umbeðin gögn til að geta búið sig undir umræður.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, segir að grunur leiki á því að eignir hafi verið seldir á óeðlilega lágu verði, og sömu menn sitji beggja vegna borðsins við söluna.

Atli sagði fulla ástæðu til að ætla að maðkur sé í mysunni þegar umbeðin gögn berist ekki þingmönnum, sem þó hafi stjórnarskrárbundnu hlutverki að gegna við að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu.



**STÖRF ÞINGSINS** Langar umræður fóru fram undir heimildum til að ræða fundarstjórn forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði það ekki eðlilegt að formaður skipulagsnefndar væri einnig hluthafi í einu félaganna sem braski með eignirnar.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði það ekki rétt að gögnum sé haldið frá þingmönnum. Umbeðin gögn séu hjá Ríkisendurskoðun, og ríkisendurskoðandi meti þau svo að þar séu viðkvæmar upplýsingar um þriðja aðila. Því fái þingmenn ekki umbeðin gögn, en verið sé að ganga frá því að ríkisendurskoðandi kynni þeim gögnin fyrir þingfund í dag. **- bj**

Gat ekki gert lækni viðvart:

## Vaknaði upp í miðri aðgerð

**AUSTURRÍKI, AP** **Austurrísk kona sem vaknaði upp í miðri skurðaðgerð á kviðarholi en var ófær um að gera læknunum vart um þann gífurlega sársauka sem hún fann fyrir fékk í gær tæpar 700.000 krónur í bætur samkvæmt dómsúrskurði.**

**Konan, sem er 62 ára eftirlaunaþegi, hafði sóst eftir tæplega 3,5 milljónum króna fyrir andlega og líkamlega þjáningu vegna aðgerðarinnar sem var gerð í október árið 2002. Rétturinn hafnaði því þó þar sem ónógar sannanir væru fyrir að konan hefði náð fullri meðvitund í aðgerðinni.** **- sdg**



**KONUNGURINN Í HÁSÆTI SÍNU** Bhumibol Adulyadej fagnaði með þjóð sinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Taílandskonungur áttræður:

## Taílendingar klæddust gulu

**TAÍLAND, AP** Taílendingar fögnuðu í gær áttræðisafmæli konungs síns, Bhumibols Adulyadej, með hátíðarhöldum og bænastundum auk þess sem landsmenn klæddust gulu, lit sem táknar hollustu við þjóðhöfðingjann.

Bhumibol hefur verið konungur í 61 ár, lengur en nokkur annar núlifandi þjóðhöfðingi. Í stjórnartíð sinni hefur hann þó ekki nema sex sinnum komið fram opinberlega á svölum konungshallarinnar í Bangkok.

Bhumibol hefur haft mikil áhrif á þjóðlífið í Taílandi á valdatíð sinni og þykir eiga stóran þátt í þeim stöðugleika sem þar ríkir. **- gb**

**SVÍÞJÓÐ**

### Krefjast skaðabóta

Tvær sænskar konur halda því fram að þekktir stjórnmálamenn hafi verið viðskiptavinir þeirra þegar þær voru vændiskonur í Svíþjóð sem fjórtán ára börn. Konurnar krefjast þess að sænska ríkið greiði þeim skaðabætur fyrir að hafa þaggað málið niður í áranna rás. Þetta kom fram í sænska blaðinu Dagens Nyheter í gær. Stjórnmálamennirnir hafna því að hafa verið viðskiptavinir kvennanna.

# Bush hótar Írönum enn refsiaðgerðum

**Mahmoud Ahmadinejad hrósar sigri en George W. Bush skorar á Írana að gera hreint fyrir sínum dyrum. Nýtt mat bandarísku leyniþjónustunnar á stöðu kjarnorkumála í Íran er staðfesting á mati Alþjóðakjarnorkueftirlitsins.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti segir að írönsk stjórnvöld standi nú frammi fyrir tveimur kostum: „Íranar geta gert hreint fyrir sínum dyrum gagnvart alþjóðasamfélaginu um það hve viðamikla kjarnorkustarfsemi þeir stunda,“ sagði Bush í gær, „eða þeir geta haldið áfram að einangrast.“

Þetta sagði Bush daginn eftir að greint var frá nýrri skýrslu frá leyniþjónustu Bandaríkjanna þar sem sagði að engar vísbendingar væru um að Íranar hefðu nein áform um að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Bush ætlar að halda áfram að fá Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til þess að beita Írana þrýstingi í þeim tilgangi að fá þá til að hætta auðgun úrans, sem Íranar segja eingöngu gert í friðsamlegum tilgangi en sem gæti þó nýst þeim til þess að búa til kjarnorkuvopn síðar meir.

„Það er greinilegt af nýjasta leyniþjónustumatinu að íranska stjórnin þarf að gefa frekari skýringar á kjarnorkuáformum sínum og fyrri verkum,“ sagði hann.

Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hrósaði hins vegar sigri eftir að nýja leyniþjónustumatið var birt opinberlega: „Þetta er yfirlýsing um sigur írönsku þjóðarinnar á stórveldum heimsins í kjarnorkumálinu,“ sagði hann þúsundum stuðningsmanna sinna í Ilam-héraði þar sem hann var á ferð í gær.

„Það er þrautseigju ykkar að þakka að þeir sem vilja okkur illt hafa nú verið skotnir í kaf.“



**AHMADINEJAD FAGNAR** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti átti góða stund með stuðningsmönnum sínum þegar hann var á ferð í vestanverðu Íran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mohamed ElBaradei, framkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkueftirlitsins, segir hins vegar að með skýrslu bandarísku leyniþjónustunnar opnist nýtt tækifæri til þess að semja með friðsamlegum hætti. Hann segir að Íranar ættu að nota þetta tækifæri til að sanna að kjarnorkuáform þeirra séu eingöngu friðsamleg.

Í skýrslu bandarísku leyniþjónustunnar er fullyrt að Íranar hafi árið 2003 hætt við öll áform um að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Rússar sögðust hins vegar í gær ekki sannfærðir um að Íranar hafi nokkurn tímann haft uppi áform um að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

> Það er greinilegt af nýjasta leyniþjónustumatinu að íranska stjórnin þarf að gefa frekari skýringar á kjarnorkuáformum sínum.
>
> **GEORGE W. BUSH**
> FORSETI BANDARÍKJANNA

„Þau gögn sem við höfum séð gera okkur ekki kleift að segja með neinni vissu að Íran hafi nokkru sinni haft kjarnorkuvopnaáætlun,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, þegar hann var spurður um nýja bandaríska leyniþjónustumatið.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Sprungu og urðu alelda:

## Kerti tekin úr hillum í Bónus

**NEYTENDUR** Bónus hefur innkallað tegund af sprittkertum, vegna kvörtunar viðskiptavinar um að kerti hafi sprungið og orðið alelda. Samkvæmt fréttatilkynningu hvetja forsvarsmenn fyrirtækisins fólk til að taka enga áhættu heldur skila kertunum í næstu verslun fyrirtækisins.




**SPRITTKERTI** Strikamerkið á pokunum sem innkallaðir hafa verið er 20037932.

Kertin eru seld í pokum með fimmtíu stykkjum. Þau eru frá einum stærsta kertaframleiðanda í Evrópu, og er málið í skoðun þar. Kertin hafa verið tekin úr hillum í Bónus þangað til niðurstaða fæst í málið hjá framleiðandanum. **- sþs**

Bakkaferja og höfn boðin út:

## Vilja nýja ferju í stað Herjólfs

**ALÞINGI** **Stefnt er á að bjóða út gerð Bakkaferju og smíði og rekstur nýrrar ferju sem þjóna á Vestmannaeyjum í desember. Þetta kom fram í máli Kristjáns L. Möller samgönguráðherra í umræðum á Alþingi í gær.**

**Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi harðlega á þingi í gær að ekki stæði til að kaupa nýja ferju í stað Herjólfs til að brúa bilið þar til Bakkaferja taki við. Herjólfur sé löngu kominn á aldur, og verði nú frá vegna viðgerða í tvo daga.**

**Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, tók undir með Árna, og sagði nauðsynlegt að fá nýja ferju í stað Herjólfs.** **- bj**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir
veðurfræðingur

**Svalt um allt land:** Í dag verður fremur svalt um allt land. Það má gera ráð fyrir frosti alls staðar inn til landsins, en úti á annesjum gæti hitinn náð nokkrum gráðum yfir frostmarki. Vindur verður hægur víðast hvar, en þó má gera ráð fyrir vindstreng utan við norðurströndina. Slyddu eða snjóél verða viðvarandi norðaustanlands, sem og á Suðvesturlandi í dag, en styttir upp í kvöld.

**Í BORGINNI DAG:** Norðaustlæg átt, 2-6 m/s, hiti -2-3 stig, og slyddu eða skúraél.

*um hádegi »*



» á morgun



Hæg breytileg átt um allt land

» laugardagur



Hæg norðaustanátt ví[ast hvar.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skúrir | London | 16°C rigning | Eindhoven | 15°Cskúrir |
| Billund | 10°C rigning | París | 14°C skúrir | Basel | 11°C skýjað |
| Osló | 9°C skýjað | Frankfurt | 11°C skúrir | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C skýjað | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Róm | 14°C skúrir |
| Gautaborg | 8°C skúrir | Berlín | 10°C skýjað | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Jólaljósasprengja

## 6. - 9. desember

**dúndur verð 1.999 kr/50 m**

gríptu tækifærið



**Slönguseríа**
50 m pakkning, glær, rauð, marglit
2701574-6



**ótrúlegt verð 1.699**
verð áður 4.292

**Jólasveinar**
Margar gerðir, sama verð
2701361/2701491/2701493/2701780



**Jólasveinn/snjókarl**
2 m
2702309/2702310

**ótrúlegt verð 999**
verð áður 2.999



**Rafhlöðujólaljós**
Margar gerðir
2702330-1/2702347/2702332/270233
3-46/2702348/2702349/2702350/270
2351/2702352/2702353

**ótrúlegt verð 4.999**
verð áður 11.472





**Jólasveinn í stiga**
Fleiri gerðir, sama verð,
í strompi, með poka og fl.
2701366/2701438/2701781/2702311-3

**30% afsláttur**
**af öllum inni- og útiseríum**



Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér notkun fingrafaralesara í mötuneytum grunnskóla eðlileg?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar leggjast vel í öryrkja, aldraða og Vinstri græna:

# Mjög gott skref fram á veginn

**FÉLAGSMÁL** „Þetta er mjög gott skref fram á veginn, þótt auðvitað þurfi að gera meira," segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, um aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hún nefnir hærri skattleysismörk sem dæmi um það sem betur mætti fara.

„En það er greinilegt að það er einhver viðhorfsbreyting hjá ríkisstjórninni. Ég bind vonir við að loksins verði mörkuð heildarstefna í þessum málaflokki. En auðvitað vildi maður að þetta kæmi allt til framkvæmda fyrr."



MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, er einnig jákvæður. „Ég tel að þetta sé mikið framfaraspor, þótt ég hefði viljað sjá þetta fyrr á árinu," segir hann. Mikilvægast sé að afnema skuli tekjutengingu maka. Hundrað þúsund króna frítekjumarkið vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega segist Sigursteinn ganga út frá að komi einnig í hlut öryrkja.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna segist að sjálfsögðu fagna auknum framlögum í málaflokkinn. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gangi þó skemur en kosningaloforð Samfylkingarinnar hafi gefið til kynna. „En þetta er í átt að þeim breytingartillögum sem við lögðum til við aðra umræðu fjárlaga. Þá lögðum við til að fimm milljarðar færu inn á ársgrundvelli. Þessu er hins vegar dreift á tvö ár."

- kóþ

Guðni um aðgerðirnar:

# Óttast hinn mikla þjóf

**FÉLAGSMÁL** „Þetta eru auðvitað miklir peningar og miklar úrbætur og nú munum við fara yfir til hverra þeir fara í hópi aldraðra og öryrkja," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.

Hann segist óttast að fjárlögin séu þanin. „Við höfum áhyggjur af verðbólgunni. Það er enginn meiri þjófur til, hvað lífskjör allra varðar, en verðbólgan, sem öllu vill stela."

Guðni segir það „gríðarlega mikilvægt að rétta þeim stuðning sem minnst hafa. Við höfum þó varað mjög við þenslufrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta má ekki verða til þess að hella bensíni á þann eld."

- kóþ




# Aðgerðir bæta kjör aldraðra og öryrkja

**Ríkisstjórnin ætlar að afnema skerðingu bóta vegna tekna maka og hækka frítekjumark aldraðra. Breytingar kosta 4,3 milljarða á ári. Stóra skrefið er breyting á almannatryggingakerfinu sem verður síðar, segir félagsmálaráðherra.**

**FÉLAGSMÁL** Ráðist verður í viðamiklar aðgerðir til að bæta kjör aldraðra og öryrkja, og taka helstu breytingarnar gildi í apríl og júlí á næsta ári. Þetta tilkynntu fimm ráðherrar ríkisstjórnarinnar á fundi með fréttamönnum í gær.

„Ég legg áherslu á að þetta er bara skref, við erum alls ekki hætt. En þetta er það sem við ráðum við að gera í augnablikinu," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra þegar hann kynnti breytingarnar.

Stærstu aðgerðirnar eru þær að skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verður afnumin, og frítekjumark ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára hækkar úr 25 þúsund krónum á mánuði í 100 þúsund krónur á mánuði.

„[Þetta er í] samræmi við nútíma hugmyndir um að allir einstaklingar séu fjárhagslega sjálfstæðir," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Afnám skerðinga bóta vegna tekna maka sé því gríðarlega mikilvæg réttarbót.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði að þessar aðgerðir hefðu verið unnar í félagsmálaráðuneytinu, með aðkomu hagsmunasamtaka aldraðra og öryrkja, auk aðila vinnumarkaðarins; ASÍ og BSRB.

Aðgerðirnar séu í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um málaflokkinn, og skilaði nýverið niðurstöðu sinni.

„Stóra málið er eftir," sagði Jóhanna. Þar á hún við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Nefndin mun starfa áfram til að vinna að því verki.

Fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún hafi þegar hafið undirbúning frekari aðgerða sem koma muni til framkvæmda í áföngum á árunum 2008 til 2010.



**BREYTINGAR KYNNTAR** Fimm ráðherrar kynntu fyrirhugaðar breytingar á fundi með fréttamönnum í gær. Þar voru þau Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Guðlaugur Þór Þórðarson og Árni M. Mathiesen.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aðgerðirnar sem kynntar voru í gær byggja á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í vor, sagði forsætisráðherra. Hann sagði að þessar breytingar myndu koma fram sem breyting á fjárlögum 2008 við þriðju umræðu.

Kostnaður ríkissjóðs við þessar breytingar mun nema 2,7 milljörðum króna á næsta ári, en á heilu ári er reiknað með að kostnaðurinn verði 4,3 milljarðar króna.

Í sumar afnam ríkisstjórnin skerðingar á ellilífeyri 70 ára og eldri vegna atvinnutekna. Það kosti um 700 milljónir króna á ári, að sögn Geirs. Breytingarnar kosta því samtals fimm milljarða á ári.

brjann@frettabladid.is

## AÐGERÐIR RÍKISSTJÓRNARINNAR

- Skerðing tryggingabóta vegna tekna maka afnumin frá 1. apríl 2008.
- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 67 til 70 ára hækkar í 100 þúsund krónur frá 1. júlí 2008.
- Gripið til aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta frá 1. apríl 2008.
- Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignarsparnaðar afnumin frá 1. janúar 2009.
- Vasapeningar vistmanna á stofnunum hækka um 30 prósent, í 36.500 krónur á mánuði, frá 1. apríl 2008.




Hvarf fyrir fimm árum og lýstur dáinn en sagður hafa sést í Panama í fyrra:

# Kajakræðarinn grunaður um fjársvik

**BRETLAND, AP** Maður sem gaf sig fram á lögreglustöð í Bretlandi á laugardag eftir að hafa horfið sporlaust fyrir fimm árum við kajakróður var í gær handtekinn af bresku lögreglunni fyrir fjársvik.

Breskir fjölmiðlar greindu í gær frá því að maðurinn, John Darwin, hefði sést ásamt konu sinni, Anne, í Panama í Mið-Ameríku í fyrra. Ljósmynd, sem sögð var ársgömul, var birt af þeim ásamt yfirmanni fyrirtækis sem leigir út íbúðir í Panama.

Í viðtölum við Anne, sem flutti til Panama fyrir sex vikum, sagðist hún hafa fengið líftryggingu eiginmanns síns greidda út í þeirri trú að hann væri dáinn.

Lögregluforinginn Tony Hutchinson sem leiðir rannsóknina sagði að unnið væri að því að púsla saman upplýsingum um hvar John hefði verið undanfarin fimm ár og kallaði hann eftir aðstoð almennings við það. Til skoðunar er að óska eftir framsali Anne frá Panama.

John hvarf þegar hann var á kanósiglingu í Norðursjó fyrir fimm árum. Kanóinn fannst síðar brotinn á strönd og lýsti dánardómstjóri John loks látinn. Þegar hann gaf sig fram við lögreglu á laugardaginn sagðist hann ekkert muna eftir síðustu fimm árum.

- sdg



**JOHN DARWIN** Segist ekkert muna eftir tímanum frá því hann hvarf.

NORDICPHOTOS/AFP




Mesta úrvalið af
WowWee
ROBOTICS
DRAGON FLY
9.899kr
Verð áður 12.999.-
6.999kr
GOTT VERÐ
GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ
ROBORAPTOR
A Fusion of Technology and Personality
ROBOQUAD
10.999kr
Verð áður 12.999.-
ROBOBOA
6.499kr
Verð áður 7.999.-
10.999kr
Verð áður 12.999.-
ROBOPET
10.799kr
Verð áður 12.999.-
VERÐ FRÁ
1.999kr
ROBOPANDA
SPIDERSAPIEN
Gildir á meðan birgðir endast.
Nýtt kortatímabil
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Rektor Listaháskólans um samning við Samson Properties:

# Nemar borga ekki nýjan skóla

**MENNTUN** Nemendur Listaháskólans þurfa ekki að óttast aukin skólagjöld vegna nýrrar skólabyggingar, að sögn rektors skólans, Hjálmars H. Ragnarssonar.

Rektor undirritaði á dögunum samstarfssamning við Samson Properties, sem Fréttablaðið hefur greint frá síðustu mánuði.

Stofnkostnaður við skólann er áætlaður 3,25 milljarðar, en ekki 5,2 milljarðar eins og greint var frá í öðru dagblaði.

„Og ef kostnaðurinn hækkar, þá lendir það á Samson, ekki okkur,“ segir Hjálmar. Ríkið mun greiða húsaleiguna, sem verður 210 milljónir á ári næstu 30 árin. Þau fjárframlög eru nú þegar á fjárlögum.


**REKTOR ÁSAMT SVEINI BJÖRNSSYNI** Kostnaður við meðalnemenda LHÍ verður frá 1,1 milljón. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Annar kostnaður vegna nýrrar byggingar verður vegna aukins búnaðar og flutnings skólans. Um búnaðinn segir rektor að leitað verði til fyrirtækja um stuðning, en meðal annars þarf að kaupa tugi píanóa og flygla.

Leitað verður til ríkisins um aðstoð við flutningana sjálfa, en rektor segir að kostnaðaráætlun vegna þeirra sé ekki tilbúin.

„Það er stefna skólans að fara varlega í skólagjöld og ætlum við að kunna okkur hóf í þeim efnum,“ segir rektor. Ráðgert er að þau verði um 300.000 krónur á ári.

Kostnaður við hvern virkan meðalnemanda er frá 1,1 milljón til 1,6 milljóna við skólann, en til samanburðar er kostnaðurinn rúm milljón við Háskóla Íslands. **- kóþ**

# Úti um útgerðina

**Töluverðar líkur eru á því að byggðakvótinn sem Vesturbyggð hefur til úthlutunar fari til Patreksfjarðar. Útgerðarsögu Bíldudals er lokið ef kvótanum verður ekki úthlutað þangað, segir útgerðarmaður.**

**BYGGÐAMÁL** „Frá mínum sjónarhóli séð er æskilegast að útgerðarfyrirtæki eigi jafn mikinn kvóta og því er úthlutað í byggðakvóta,“ segir Úlfar Thoroddsen formaður bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

Fjórar umsóknir um byggðakvóta liggja hjá bæjarstjórn. Ein þeirra er frá útgerðarfyrirtæki á Bíldudal sem aðeins á 54 tonna kvóta. Það eru því ekki miklar líkur á því að byggðakvótinn komi í þeirra hlut né tveggja annarra sem hefja vilja vinnslu á Bíldudal þar sem þeir eiga heldur ekki mikinn kvóta. Oddi frá Patreksfirði á mestan kvóta af þeim sem sótt hafa um en þeir vilja verka fiskinn á Patreksfirði.

Þegar byggðakvóta er úthlutað er skilyrði sett um að umsækjandi leggi jafn mikið á móti og hann fær úthlutað. Þeir sem ekki eiga nægilega mikinn kvóta geta leigt eða keypt kvóta til að koma til móts við þetta skilyrði en kvótaverð hefur hækkað verulega eftir skerðingu aflaheimilda. Forsvarsmenn Odda hafa boðið sértækar aðgerðir til að koma til móts við Bílddælinga í atvinnumálum fái þeir kvótann. Hugmyndir sem nefndar eru í því samhengi er að fólki frá Bíldudal verði ekið til og frá vinnu í fiskvinnslu Odda á Patreksfirði eða að fjármunir frá Odda fari til atvinnuuppbyggingar á Bíldudal.

Jón Þórðarson, útgerðarmaður frá Bíldudal sem er annar þeirra sem sótt hefur um byggðakvóta, er ekki sáttur við þetta. „Ég hef í hyggju að þrefalda þetta með því að leggja áherslu á veiði og vinnslu á ýsu,“ segir hann. „Og ef rúm 900 tonn eru ekki grundvöllur til rekstrar þá skil ég ekki hvað þarf til. En það er alveg ljóst að ef þessi kvóti kemur ekki til vinnslunnar á Bíldudal þá er útgerðarsögu staðarins lokið.“

Vesturbyggð hefur um 240 þorskígildistonn til úthlutunar. Úlfar segir að þar af hafi 139 verið eyrnamerkt Bíldudal en Jón segir að búið hafi verið að lofa Bílddælingum þessum 240 þorskígildistonnum.


**FRÁ BÍLDUDAL** Erfiðlega hefur gengið með fiskvinnslu á Bíldudal síðasta áratug og nú er svo komið, að mati Jóns Þórðarsonar útgerðarmanns, að útgerðarsögu þorpsins sé lokið komi byggðakvóti Vesturbyggðar ekki til vinnslu þar.

Fresturinn sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur til að úthluta byggðakvótanum rennur út um áramót en Úlfar segir að þeir hafi fengið vilyrði sjávarútvegsráðherra um að framlengja þann frest.

„Það er hlutverk okkar í bæjarstjórn Vesturbyggðar að tryggja það að rekstur fiskvinnslu á Bíldudal sé tryggður til framtíðar. Ef rekstur fer af stað en honum er svo hætt innan tveggja ára eða árs þá er betur heima setið en af stað farið,“ segir Úlfar.

Oddi hóf í vor fiskvinnslu á Bíldudal í samvinnu við Fossberg undir merkjum Stapa. Þeirri vinnslu var hætt eftir að þorskveiðiheimildir voru dregnar saman um þriðjung. **jse@frettabladid.is**






FRÉTTABLAÐIÐ/AP
**TERRI IRWIN OG PAUL WATSON** Annað tveggja flaggskipa Sea Shepherd-samtakanna er nýkomið úr viðgerð og hefur hlotið nafnið Steve Irwin.

Hvalavinur nefnir skip sitt í höfuðið á krókódílavini:

# Watson býr sig undir átök við Japana

**ÁSTRALÍA, AP** Hvalavinurinn Paul Watson, stofnandi Sea Shepherd-samtakanna, ætlar að láta til skarar skríða gegn japönskum hvalveiðimönnum.

Í gær hélt hann úr höfn í Melbourne í Ástralíu á skipi sínu Steve Irwin, sem fyrr um daginn var nefnt í höfuðið á ástralska krókódílabananum sem fórst á síðasta ári.

Terri Irwin, ekkja Steves, tók þátt í athöfninni þegar skipið var nefnt, sagði við það tækifæri að maður hennar hefði mikið velt því fyrir sér hvort hann ætti að ganga til liðs við samtök Watsons.

„Steve Irwin stöðvar hvalveiðiskip – væri það ekki frábær fyrirsögn?“ spurði hún fréttamenn í höfninni í Melbourne þegar Watson bjó sig undir að sigla úr höfn á skipinu.

Japanski hvalveiðiflotinn er um þessar mundir að hefja sína árlegu vertíð við Suðurskautið. Watson hefur heitið því að gera allt sem þarf til að stöðva veiðarnar.

„Steve hefði viljað koma með okkur til Suðurskautsins til að verja hvalina, og nú verður hann með okkur í anda með nafnið sitt letrað stórum stöfum á skipið,“ sagði Watson.

Í febrúar síðastliðnum laskaðist þetta sama skip, sem þá hét Robert Hunter, í árekstri við japanskt hvalveiðiskip. **- gb**

Börn
Dömur
Jólin 2007
Herrar




# Jólin í einni ferð

Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 39727 11/07

Sigurður H. Jónsson bóndi á bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi situr upp fjárlaus:

# Um 300 skepnur aflífaðar vegna riðuveiki

**LANDBÚNAÐUR** Starfsmenn á vegum Landbúnaðarstofnunar tóku um 150 ær og álíka af lömbum á bænum að Skollagróf í Hrunamannahreppi og fóru með féð í Sláturhúsið á Selfossi þar sem það verður aflífað í dag.

Riðu varð fyrst vart í Skollagróf í lok september og sendi Sigurður H. Jónsson bóndi þá sýni til rannsóknar til Landbúnaðarstofnunar. En töf á rannsókn, sem endanlega staðfesti grun um riðuveiki, og deilur Landbúnaðarstofnunar og Sorpstöðvar Suðurlands urðu til þess að hann varð að hafa féð úti þar til í gær.

Að sögn Halldórs Runólfssonar, yfirdýralæknis Landbúnaðarstofnunar, verður það urðað á urðunarstaðnum við Kirkjuferjuhjáleigu í dag. „Það náðist samkomulag um að gera þetta með þessum hætti núna,“ segir Halldór. „Svo förum við í það að finna framtíðarlausn á því hvernig að þessu skuli staðið og hugsum þá aðallega til þess að komið verði upp fullkomnum brennsluofni til að brenna dýrahræ.“

„Ég er ekki alveg búinn að gera það upp við mig hvað ég geri nú,“ segir Sigurður en fjárlaust verður á bænum næstu tvö árin. Einnig er hugsanlegt að rífa þurfi fjárhúsin. Hann situr nú á samningafundum við Landbúnaðarstofnun um bætur sem veittar eru úr svokölluðum riðubótasjóði. „Það er búið að bjóða mér eitthvað sem mér líst ekki á,“ segir hann að lokum. - jse



**SAUÐFÉ** Engar kindur verða næstu tvö árin, að minnsta kosti, í Skollagróf en riðuveiki varð vart þar í haust. Ærnar og lömbin verða aflífuð í dag. Myndin er ekki af riðuveiku fé.



**BÆNAHALD Á KÚBU** Kona þessi vottar heilagri Barböru virðingu sína á trúarhátíð í Havana á Kúbu, þar sem afrískum og evrópskum trúarbrögðum er blandað saman með sérstæðum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Var ranglega greind með HIV:

## Heilbrigð fékk HIV-lyf í níu ár

**BANDARÍKIN, AP Eftir að hafa hlotið lyfjameðferð við HIV-veirunni í níu ár komst bandarísk kona að því að hún hafði verið ranglega greind með sjúkdóminn. Audrey Serrano hefur nú höfðað mál gegn lækninum sem meðhöndlaði hana á þeim grundvelli að sterk lyfjameðferðin hefði haft marga kvilla í för með sér á borð við þunglyndi, króníska þreytu, lystarleysi og þarmabólgur. Einnig hefði læknirinn ekki gert prófanir á henni til að staðfesta greininguna.**

**Serrano fór í nafnlaust HIV-próf á heilsugæslu og var henni síðan vísað til þessa læknis sem segist hafa treyst orðum Serrano um að hún væri með HIV.** - sdg

Stjórnarkreppan í Belgíu:

## Verhofstadt stýrir viðræðum

**BELGÍA, AP** Guy Verhofstadt, forsætisráðherra belgísku bráðabirgðastjórnarinnar sem setið hefur frá því sama stjórn missti meirihluta í þingkosningum í júní, hóf í gær formlegar viðræður við leiðtoga annarra flokka í tilraun til að finna að minnsta kosti bráðabirgðalausn á stjórnarkreppunni í landinu.



GUY VERHOFSTADT

„Land vort er að ganga í gegnum eina alvarlegustu stjórnmálakreppu síðustu áratuga,“ sagði Verhofstadt á mánudagskvöld.

Hann tók við umboðinu eftir hálfs árs árangurslausar viðræður borgaralegu flokkanna, Flæmingja og Vallóna. - aa

# Segir flugskólastjóra hafa verið í góðri trú

**Lögmaður Flugskóla Helga Jónssonar segir ekki rétt að skólinn hafi ekki haft leyfi fyrir afgreiðsluhúsi á Reykjavíkurflugvelli. Fasteignagjöld hafa aldrei verið greidd af byggingunni frá því hún var reist fyrir sex árum.**

**SKIPULAGSMÁL** Valgeir Kristinsson, lögmaður Flugskóla Helga Jónssonar, segir eiganda skólans hafa talið að hann hafi haft leyfi fyrir staðsetningu afgreiðsluhúss á Reykjavíkurflugvelli.

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá því að borgarráð hefði samþykkt að leggja á 50 þúsund króna dagsektir á afgreiðsluhúsið ef fullnægjandi byggingarleyfisumsókn bærist ekki.

Helgi Jónsson, eigandi flugskólans, kom byggingunni fyrir á flugvellinum árið 2001.

Valgeir, lögmaður Helga, leggur áherslu á að Helgi hafi á sínum tíma talið sig vera að sækja um stöðuleyfi fyrir húsið til bráðabirgða enda sé framtíð Reykjavíkurflugvallar í óvissu. Helgi hafi verið í góðri trú um að leyfið væri fengið allt þar til í mars á þessu ári.

„Helgi var pollrólegur með að allt væri í sóma þar til byggingarfulltrúinn sagði fyrr á þessu ári að hann teldi byggingarleyfi vanta,“ segir lögmaðurinn sem kveður Helga þegar hafa haft tilskilin leyfi árið 2001, meðal annars leyfi frá ríki, borg og flugmálastjórn. Hins vegar hafi komið upp misskilningur um hvort Helgi eða borgin ætti að útbúa til þinglýsingar kvöð um brottflutning hússins þegar borgin krefðist.

Valgeir segir Helga nú hafa sent inn byggingarleyfisumsókn og að byggingarfulltrúi hafi gert minni háttar athugasemdir sem brugðist verði við. Málið sé þannig í eðlilegum farvegi.



**FLUGSKÓLI HELGA JÓNSSONAR** Afgreiðslubygging flugskólans er samsett úr gömlum vinnuskúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Á fínu máli heitir þetta sennilega skattasniðganga.
>
> MAGNÚS SÆDAL BYGGINGAFULLTRÚI

Engin gjöld hafa verið greidd af byggingunni, hvorki gatnagerðargjöld né fasteignagjöld. Aðspurður hvort Helga hafi ekki grunað öll þess ár að ekki væri allt með felldu þar sem honum barst aldrei rukkun fyrir fasteignagjöldunum segir lögmaðurinn Helga ekki hafa áttað sig á því.

„Helgi taldi að þetta væri þvílíkt hreysi í augum borgaryfirvalda að það væri ekki einu sinni þess virði að leggja á þetta gjald,“ segir Valgeir.

Magnús Sædal byggingarfulltrúi svarar aðspurður um fasteignagjöldin að þótt ef til vill sé ekki um miklar upphæðir að ræða snúist málið um opinbera sjóði. „Á fínu máli heitir þetta sennilega skattasniðganga,“ segir byggingarfulltrúinn, sem kveðst undrast að málin hafi verið í slíkum farvegi:

„Eitt af meginmarkmiðum með byggingareftirliti er að tryggja öryggi og heilsu fólks. Það er svolítið skrítið að menn sem eru í rekstri þar sem gríðarlegar kröfur eru gerðar til öryggis haldi að þegar þeir komi niður á jörðina sé hægt að sleppa því öllu saman,“ segir Magnús Sædal. gar@frettabladid.is









Olíuhreinsunarstöð á norðanverðum Vestfjörðum:

## Stöðin veltur ekki á ákvörðun stjórnvalda

**IÐNAÐUR** Íslensk stjórnvöld hafa afar lítið um það að segja hvort reist verði olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Þetta segir Hilmar Foss, framkvæmdastjóri Íslensks hátækniiðnaðar, sem fyrirhugar að reisa stöðina.

„Umhverfisráðuneytið kemur að sjálfsögðu að þessu sem umsagnaraðili fyrir umhverfismat en að mestu leyti eru allar leyfisveitingar í höndum sveitarfélagsins,“ segir Hilmar. Í ágúst síðastliðnum samþykkti bæjarráð Vesturbyggðar breytingar á skipulagsáætlun vegna olíuhreinsunarstöðvar í Hvestu í Arnarfirði með samþykki Jóns Bjarnasonar landeiganda.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að forsvarsmenn olíuhreinsunarstöðvarinnar hafi í vor misst af frestinum til að sækja um losunarheimild en Hilmar segir þetta misskilning. „Þetta á ekki við um okkur því í vor var verið að sækja um losunarheimild til ársins 2012 þegar Kyoto-bókunin rennur úr gildi. Við verðum ekki byrjaðir að losa þá svo ef við hefðum sótt um í vor hefði það verið eins og að kaupa miða í Laugardagsbíó vitandi það að við ætlum ekki í bíó fyrr en á sunnudag. Við sækjum um þegar þar að kemur og munum þá sitja við sama borð og þeir sem sóttu um heimild til 2012,“ segir hann. - jse

www.toyota.is




## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.720.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070




## Glitnir hættir við að bjóða viðskiptavinum í mat:

# Ekkert galakvöld

**VEISLUHÖLD** Ekkert verður af galakvöldi Glitnis á næsta ári, en bankinn hefur boðið stærstu viðskiptavinum sínum og lykilstarfsmönnum til galakvöldverðar undanfarin tvö ár.

Galakvöldið í ár fór fram í janúar, en þá var um 600 manns boðið í Laugardalshöllina í galaveislu sem bar heitið Stefnumót við stjörnurnar. Vilhjálmur Bjarnason, formaður fjárfesta, gagnrýndi veisluna opinberlega í fjölmiðlum fyrir óhóf og að hagnaður bankanna ætti að renna til viðskiptavina þeirra en ekki fara í dýrar veislur.

Samkvæmt upplýsingum frá Glitni var ákvörðunin um að halda ekki galakvöld á næsta ári tekin vegna aukins umfangs veislunnar, en að sögn Völu Pálsdóttur, forstöðumanns fjárfestatengsla hjá bankanum, hefur stærri viðskiptavinum hjá bankanum fjölgað ört undanfarið.

Aðspurð um hvort ákveðið hafi verið að blása veisluna af vegna bágrar stöðu á peningamörkuðum hérlendis um þessar mundir, kvað hún svo ekki vera. Í tilkynningu frá bankanum segir að bankinn muni áfram nýta hina ýmsu viðburði jafnt smáa sem stóra til að efla tengsl sín við viðskiptavini eins og hann hefur gert undanfarin ár. **- æþe**





MYND/RAFN HAFNFJÖRÐ

**FRÁ ÖLKELDUHÁLSI** Á þessum slóðum hafa risið og rísa enn nokkrar virkjanir og er Bitruvirkjun ein þeirra. Bæjarstjórinn í Hveragerði segir að hér sé einn mesti vaxtarbroddur atvinnulífsins, í ferðamennsku.

# Eitthvað að ef virkjun rís

**Bæjarstjóri Hvergerðinga bendir á að Grændalsvirkjun hafi verið hafnað á árum áður, þrátt fyrir vilja sveitarfélaganna en mun stærri Bitruvirkjun ekki. Spyr hvort Orkuveita fái frekar að virkja en þau.**

**ORKA** „Það kom aldrei til greina að við fengjum að byggja Grændalsvirkjun, þrátt fyrir að sveitarfélögin á svæðinu, Hveragerði og Ölfus, hafi sótt um það í sameiningu að nýta sína orku. Örfáum árum síðar sjáum við svo hvað gerist á Hellisheiði þegar Reykjavíkurborg skipuleggur stærstu hitaveitu- og orkuöflunarframkvæmdir á landinu, í Ölfusi. Það rennur allt í gegn. Maður getur því alveg spurt sig hvort allir sitji við sama borð í þessum efnum,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hvergerðinga.

Grændalsvirkjun ætluðu sveitarfélögin Ölfus og Hveragerði að reisa, ásamt með RARIK, skammt norðan Hveragerðis, árið 1999.

Virkjuninni sjálfri var þröngur stakkur skorinn árið 2001 þegar þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, leyfði hana með því skilyrði að horfið yrði frá veigamestu framkvæmdunum. Síðan hefur lítið spurst til Grændalsvirkjunar.

Bæjarstjórinn bendir á að Hvergerðingar hafi skipt um bæjarstjórn tvisvar síðan þau áform voru uppi. Nú séu breyttir tímar og önnur viðhorf ríkjandi. Þau lýsi sér ekki síst í afstöðu bæjarstjórnar til Bitruvirkjunar og almennum áhuga á umhverfismálum. Fólk geri sér grein fyrir því að mikilvægt sé fyrir þjóðarbúið í heild að halda í óröskuð svæði, sérlega í kringum höfuðborgarsvæðið, þar sem eru flestir ferðamennirnir.


**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

„En þetta eru líka ofboðslega breyttar forsendur frá því sem verið var að hugsa um með Grændalsvirkjun og því sem er núna á Hengilssvæðinu. Þetta er margfalt stærra!“ segir hún.

Því væri eitthvað mikið að opinberu kerfi og landslögum ef Bitruvirkjun rís, segir bæjarstjórinn. Brátt komi ný lög um skipulags- og byggingarmál. Aldís telur að með þeim sé verið að ganga á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga. Þó kunni þau að vera nauðsynleg, miðað við að svo virðist sem Ölfusingar ætli ekki að taka mark á vilja Hvergerðinga, sem hafa mótmælt virkjuninni harðlega.

„Ef sveitarstjórnir geta ekki hegðað sér í samskiptum sín á milli þannig að sómi sé að og tekið sé tillit til allra hagsmuna, þá getum við þurft að kyngja því að skipulagsrétturinn sé einfaldlega tekinn af okkur.“

**klemens@frettabladid.is**



Sakfelling í héraðsdómi:

## Hrækti í andlit lögregluþjóns

**DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða í gær fyrir brot gegn valdstjórninni.**

**Atvikið átti sér stað fyrir utan veitingahús á Ísafirði eftir að hinn ákærði veittist að lögregluþjóni við skyldustörf. Hinn ákærði togaði í fatnað lögregluþjónsins og óhlýðnaðist fyrirmælum hans með þeim afleiðingum að maður sem lögreglan hafði í haldi losnaði og komst undan.**

**Hinn ákærði var þá handtekinn og færður á lögreglustöðina þar sem hann hrækti framan í lögregluþjóninn.** - æþe

Íbúar við Fellsmúla og Háaleitisbraut afhentu borgarstjóra undirskriftalista:

# Vilja að Fellsmúla verði lokað

**UMFERÐ** Íbúasamtök Háaleitis norður og íbúar við Fellsmúla krefjast þess að Fellsmúli verði botngata og henni verði lokað ofan við gatnamót Síðumúla og Fellsmúla. Með aðgerðunum vilja þeir aðgreina umferð sem tengist íbúum götunnar frá gegnumstreymisumferð vegna nálægra verslunar- og þjónustugatna.

Íbúarnir vilja enn fremur að hámarkshraði í götunni verði þrjátíu kílómetrar á klukkustund og hraðahindranir og gangbraut verði settar upp í götunni. „Um Fellsmúlann aka um ellefu þúsund bílar á sólarhring og umferðin er ekki síður minni á umferðarbrautunum þarna í kring. Við fórum af stað með þessa söfnun til að bæta umferðaröryggi barna og unglinga í hverfinu og viljum að þessi hópur verði settur í forgang fram yfir þessa miklu bílaumferð,“ segir Birgir Björnsson formaður Íbúasamtaka Háaleitis norður.



**LISTINN AFHENTUR** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti listanum viðtöku í gær. Valgerður Solveig Pálsdóttir og Heiða Björk Sævarsdóttir, frá Íbúasamtökum Háaleitis norðurs, afhentu listann en á milli þeirra er Emma Elísa Hjartardóttir sem ekið var á á gangbraut á Háaleitisbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Um daginn var ekið á fjórtán ára stúlku þegar hún var á leið yfir gangbraut á mótum Háaleitisbrautar og Fellsmúla. Við teljum að með því að minnka umferðina í hverfinu verði komist hjá svona atvikum í framtíðinni.“ - æþe






Auglýsingasími
512 50 50

Tilraun til að styrkja Abbas:

## Palestínskum föngum sleppt

**VESTURBAKKINN, AP** Ísraelsk stjórnvöld slepptu á mánudag 429 palestínskum föngum í tilraun til að styrkja stöðu Mahmouds Abbas, forseta Palestínu, heima fyrir.



EHUD OLMERT

Níu þúsund Palestínumenn eru í ísraelskum fangelsum og er þetta í þriðja sinn síðan í júlí sem föngum er sleppt sem gerir samtals 770. Stjórn Abbas bað um að 2.000 föngum yrði sleppt núna en því var hafnað.

Rúm vika er síðan Abbas og Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hétu því á ráðstefnu í Annapolis í Bandaríkjunum að reyna að ná friðarsamningum fyrir árslok 2008. - sdg

Gjöf til foreldra:

## Ungabörn fá föt frá 66°Norður

**FÓLK Sjóklæðagerðin 66°Norður færir börnum nýbakaðra foreldra 400 pakka af flíshúfum, sokkum og vettlingum úr Lunda, ungabarnalínu fyrirtækisins. Gjöfin er að andvirði tæpar tvær milljónir króna.**

**Gjöfin var afhent í gær Margréti Hallgrímsson sviðsstjóra og deildarstjórum deilda fyrir sængurkonur á Landspítalanum.** - eb

Fríverslunarsamningar:

## EFTA í viðræðum við tólf ríki

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sótti ráðherrafund EFTA, sem fram fór í Genf á mánudag.

Á fundinum voru fríverslunarsamningar við ýmis lönd ræddir. Ráðherrarnir samþykktu að hefja fríverslunarviðræður við Indland. Þá var einnig ákveðið að hefja viðlíka viðræður við Rússland og Úkraínu þegar ríkin hafa fengið aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Þá verður skrifað undir fríverslunarsamning við Kanada í byrjun næsta árs. Einnig standa yfir viðræður við Alsír, Kólumbíu, Perú og ríki Flóabandalagsins. - eb

MOSFELLSBÆR

### Lágur skólakostnaður

Minnihluti Samfylkingar og Framsóknarflokks í fræðslunefnd Mosfellsbæjar vill að farið verði yfir reiknilíkan vegna útgjalda til grunnskóla bæjarins þar sem brúttógjöld á nemanda á höfuðborgarsvæðinu séu 862 þúsund krónur á sama tíma og þau séu 729 þúsund í Mosfellsbæ. Meirihlutinn segir framlög til fræðslumála munu aukast um 17,3 prósent milli ára og að reiknilíkanið hafi reynst vel.







ENNEMM / SÍA / NM31058



## Við lofum þér góðri þjónustu

Við erum komin í jólaskap og tökum á móti væntanlegum viðskiptavinum með jólasmákökum og heitu kakói. Við höfum einsett okkur að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á og því erum við stöðugt að leitast við að gera betur í dag enn í gær.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79




Við erum stolt og ánægð með sístækkandi viðskiptavinahóp, marga nýja og spennandi bíla, aðstöðu sem tekur öðru fram og úrval traustra vörumerkja.
Við vonumst til að sjá þig í hátíðarskapi!

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

INGVAR HELGASON



**BANGSAJÓL** Fjögur hundruð tuskubangsar og yfir 5.000 demantar prýða þetta risavaxna jólatré í verslunarmiðstöð í Peking, höfuðborg Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Lítið er vitað um umhverfisáhrif sjávarfallavirkjunar í Breiðafirði:

# Aðalveiðisvæði fyrir ígulker

**UMHVERFISMÁL** Lítið er vitað um hugsanleg áhrif sjávarfallavirkjunar á dýralíf og umhverfi í Breiðafirði. Arnþór Garðarsson, prófessor við Háskóla Íslands, segir að vistkerfið í Hvammsfirði hafi lítið verið kannað þó að meira sé vitað um vistkerfið í firðinum í heild sinni.

„Mín fyrstu viðbrögð eru þau að það þarf að skoða þetta svæði miklu betur áður en farið er í virkjanir, hvort sem er á sjó eða á landi. Það þarf örugglega að gera verulegar umhverfisathuganir áður en kemur til virkjana. Þarna fer til dæmis vaxandi síldarstofn um,“ segir hann.



**RÓBERT A. STEFÁNSSON**

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, segir að helst sé eitthvað vitað um áhrif sjávarfallavirkjana á umhverfi og dýralíf í Noregi og þar virðist áhrifin vera lítil. Fiskar og selir geti meitt sig í mesta straumnum á flóði og fjöru en ekkert sé um það vitað. Hann kveðst hafa mestar áhyggjur af því að háspennumöstur verði byggð, hvort verksmiðja verði reist í nágrenninu eða hvort orkan eigi að fara inn á landsnetið.

Karl Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, segir að síldin gangi inn Breiðafjörðinn og Hvammsfjörðurinn sé aðalveiðisvæðið fyrir ígulker. Skoða þyrfti hvaða áhrif hugsanleg virkjun hefði á þetta. Nákvæm staðfesting þyrfti að liggja fyrir, upplýsingar um botninn og lífverurnar í kring, sömuleiðis um nytjar. „Ég get ímyndað mér að eitt vandamál sé þangrek,“ segir hann.

Þórður Friðjónsson, formaður Breiðafjarðarnefndar, segir að hugmyndin sé ekki ný. Skoða þurfi áhrifin vel. - ghs

Dæmdur í háa sekt:

# Var með fíkniefni og vopn

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður frá Akureyri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að vera með talsvert magn af fíkniefnum og vopn.

Lögregla fann við húsleit hjá manninum rúm 14 grömm af amfetamíni og 17 stykki af LSD. Einnig fundust á heimili mannsins „butterfly“-hnífur, hnúajárn, þumlajárn og handjárn,

Maðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann hefur að baki töluverðan sakaferil, sem hafði ekki áhrif á refsingu hans fyrir ofangreind brot. Honum var gert að greiða 350 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs og málsvarnarlaun. - jss



**BÓLUSETTUR** Indónesískur drengur fylgist með bólusetningu. NORDICPHOTOS/AFP

Árangursríkar bólusetningar:

# Færri deyja úr mislingum

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Dánartíðni af völdum mislinga hefur dregist saman um 68 prósent frá árinu 2000 þökk sé árangursríkri bólusetningarherferð á vegum Rauða krossins og fleiri. Mestur árangur hefur náðst í Afríku en þar hefur tilfellum fækkað um 91 prósent. Minnstur árangur hefur náðst í Asíu þar sem tilfellum hefur fækkað um 26 prósent.**

- sdg

Könnun Capacent fyrir náttúruverndarsamtök:

# Fyrirtæki beri kostnað af eigin mengun

**UMHVERFISMÁL** Skoðanakönnun, sem Capacent Gallup hefur gert fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands, sýnir að 95,4 prósent aðspurðra telja að stóriðjufyrirtæki eigi að greiða fyrir losun sína á gróðurhúsalofttegundum. Rúmlega þrjú prósent voru því ósammála og eitt prósent tók ekki afstöðu.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Náttúruverndarsamtökin hafa sent frá sér. Í henni segir að niðurstaðan bendi eindregið til þess að almenningur hafni undanþágum fyrir áliðnað á Íslandi. Álfyrirtækin verði sjálf að bera kostnaðinn af eigin mengun. Það sé skylda stjórnvalda að stuðla að samkomulagi á loftslagsþinginu í Balí um samningsumboð er geri alþjóðasamfélaginu kleift að ná samkomulagi um verulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í Kaupmannahöfn árið 2009. Þorri aðspurðra taldi að öll fyrirtæki ættu að greiða fyrir losun sína á gróðurhúsalofttegundum.

„Fólk almennt vill ekki frekari undanþágu fyrir stóriðju. Það vill að stóriðjan borgi fyrir sína mengun eða finni aðra leið til að menga. Það er greinilega ekki stuðningur við það að fara út í frekari undanþáguumsóknir. Almenningur er hægt og sígandi að átta sig á hvað þetta er alvarlegt mál,“ segir Árni Finnsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Könnunin var gerð 31. október til 11. nóvember. - ghs



**ÁTTU VON Á ÞESSU** „Við komum ekkert hræðilega út úr þessu. Þetta er ekkert öðruvísi en við áttum von á,“ segir Ólafur Proppé, rektor KHÍ, um útkomu Íslendinga í PISA-könnuninni. Niðurstöðurnar sýna að unglingar margra annarra landa koma betur út en íslenskir unglingar.


Hádegistónleikar



Haukur og Ragnheiður Gröndal



Listasafni Reykjanesbæjar, Duus hús, föstudaginn, 7. desember

Tónleikarnir hefjast 12.15

Boðið upp á jólaglögg og piparkökur

Sala aðgöngumiða fyrir tónleika fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar í DUUS húsum á opnunartíma safnsins sem er alla daga kl. 13:00 -17:00, auk þess er hægt að hringja inn í síma 421 3796.

TÓNLISTARFÉLAG REYKJANESBÆJAR

Nesprýði


# Foreldrar í naflaskoðun

**Fulltrúar skólastjóra og foreldra eru sammála um að kafa þurfi ofan í tölurnar að baki PISA-könnuninni. Rektor KHÍ segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart.**

**MENNTUN** Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri Samfoks, segir að niðurstöður PISA-könnunarinnar líti ekki vel út fyrir Íslendinga og ættu að vekja þjóðina til umhugsunar um hvernig staðið sé að málum hér. Sem reykvískt foreldri kveðst hún velta því fyrir sér hvers vegna Reykvíkingum fari aftur í lestri meðan krakkar á landsbyggðinni sæki í sig veðrið.

Bergþóra telur að taka beri fullt mark á niðurstöðum könnunarinnar og kafa vel ofan í rannsóknina til að skilja hvað liggur að baki. Í niðurstöðunum felist tækifæri sem skoða beri faglega og af fullri alvöru. Bergþóra telur hugsanlegt að minni áhersla sé á lestur á heimilunum. „Skólinn þarf að skoða sitt starf en foreldrarnir þurfa líka að fara í naflaskoðun. Erum við að halda lestri að börnunum? Erum við að styðja þau og hvetja nægilega mikið,“ spyr hún.



**KRISTINN BREIÐFJÖRÐ**



**ÓLAFUR PROPPÉ**



**BERGÞÓRA VALSDÓTTIR**

Kristinn Breiðfjörð, formaður Skólastjórafélags Íslands, tekur undir þau orð að kafa þurfi ofan í gögnin. „Bregðast þarf við með einhverjum hætti. Alltaf er ástæða til að fara ofan í málin þegar svona niðurstaða kemur fram og reyna að finna leiðir til úrlausnar. Lausnin felst ekki í því að stinga höfðinu í sandinn eða draga upp fyrir haus,“ segir hann og telur ástæðu til að fara í svipaða greiningarvinnu og í sambandi við kynjamuninn í kjölfarið á síðustu könnun.

Niðurstöður PISA kemur Ólafi Proppé, rektor Kennaraháskólans, KHÍ, ekki á óvart. „Við komum ekkert hræðilega út úr þessu. Þetta er ekkert öðruvísi en við áttum von á,“ segir hann. „Auðvitað viljum við koma betur út og við eigum svo sannarlega að gera allt sem við getum til að bæta skólastarf, skoða það frá öllum hliðum og nota rannsóknir sem til eru og efla rannsóknir. Svona rannsókn er einskis virði nema grafist sé fyrir um ástæður og reynt að átta sig á málinu.“

Ólafur bendir á að Íslendingar séu í hópi hinna Norðurlandaþjóðanna fyrir utan Finna. Hann kveðst hafa margoft bent á að kennaramenntun sé styttri hér en á öðrum Vesturlöndum. „Hér í Kennaraháskólanum höfum við barist fyrir lengingu kennaramenntunarinnar, ekki í ár heldur áratugi og nú er menntamálaráðherra búinn að leggja fram frumvarp á þingi um lengda kennaramenntun. Við gleðjumst innilega yfir því,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Þjóðar-spegillinn 2007

Rannsóknir í félagsvísindum VIII

Lagadeild
Félagsvísindadeild
Viðskipta- og hagfræðideild

**7. desember 2007**

Opin ráðstefna
**Allir velkomnir**

Háskóli Íslands
Oddi/Lögberg/Háskólatorg

# Þjóðar-spegillinn 2007

| Lögberg 101 | Oddi 101 | Oddi 201 | Háskólatorg 101 | Háskólatorg 102 | Háskólatorg 103 | Háskólatorg 104 | Háskólatorg 105 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **9–11 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Hagfræði**<br>Kolfinna Jóhannesdóttir<br>Helga Kristjánsdóttir<br>Sveinn Agnarsson<br>Tinna Laufey Ásgeirsdóttir<br>Eyjólfur Sigurðsson | **9–11 Félagsvísindadeild**<br>**Alþjóðamálastofnun**<br>Pia Hansson<br>Ragnar Gísli Kjartansson<br>Pétur Dam Leifsson<br>Elín Rósa Sigurðardóttir | | **9–11 Félagsvísindadeild**<br>**Heilsufélagsfræði**<br>Rúnar Vilhjálmsson<br>Hermann Óskarsson<br>Herdís Sveinsdóttir<br>Ársæll Mar Arnarson | **9–11 Félagsvísindadeild**<br>**Bókasafnsfræði**<br>Ágústa Pálsdóttir<br>Ingibjörg S. Sverrisdóttir<br>G. Pálína Héðinsdóttir<br>Jóhanna Gunnlaugsdóttir<br>Stefanía Júlíusdóttir | **9–11 Félagsvísindadeild**<br>**Börn og unglingar**<br>Brynhildur Þórarinsdóttir<br>Erla Kristjánsdóttir<br>Þórdís Þórðardóttir<br>Guðrún Kristinsdóttir | **9–11 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Mannauðsstjórnun**<br>Arney Einarsdóttir<br>Auður Arna Arnardóttir<br>Inga Jóna Jónsdóttir<br>Leifur Geir Hafsteinsson | **9–11 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Alþjóðaviðskipti**<br>Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir<br>Hilmar Þór Hilmarsson<br>Snjólfur Ólafsson<br>Helga Harðardóttir<br>Snædís Baldursdóttir |
| **11–12:30 Lagadeild**<br>**Auðlindaréttur**<br>Aagot V. Óskarsdóttir<br>Helgi Áss Grétarsson<br>Sif Guðjónsdóttir | **11–13 Félagsvísindadeild**<br>**Félagsráðgjöf**<br>Guðný Eydal<br>Sigurveig Sigurðardóttir<br>Anni Guðný Haugen<br>Sigrún Júlíusdóttir | **11–13 Félagsvísindadeild**<br>**Stjórnmálafræði**<br>Svandís Nína Jónsdóttir<br>Gunnhildur L. Magnúsdóttir<br>Hannes Gissurarson<br>Baldur Þórhallsson | **11–13 Félagsvísindadeild**<br>**Félagsfræði**<br>Þóroddur Bjarnason<br>Jón Gunnar Bernburg<br>Stefán Ólafsson<br>L. Aleksandrowicz-Pedich | **11–13 Félagsvísindadeild**<br>**Sálfræði og samfélagið**<br>Steinunn Gestsdóttir<br>Sólveig Ása Árnadóttir<br>Amalía Björnsdóttir<br>Zuilma G. Sigurðardóttir | **11–13 Félagsvísindadeild**<br>**Menntarannsóknir**<br>Hafdís Ingvarsdóttir<br>Guðrún Geirsdóttir<br>Þuríður Jóhannesdóttir<br>Gyða Jóhannesdóttir | **11–13 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Mannauðsstjórnun**<br>G. Dögg Gunnarsdóttir<br>Gylfi Dalmann<br>Aðalsteinsson<br>Katrín Ólafsdóttir<br>Þóra Hrólfsdóttir | **11–13 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Ferðamálafræði**<br>Anna Dóra Sæþórsdóttir<br>Anna Karlsdóttir<br>Edward H. Huijbens<br>Katrín Anna Lund |
| **13–15 Lagadeild**<br>**Lögskýringar og**<br>**Opin málsstofa**<br>Róbert R. Spanó<br>Mikael M. Karlsson<br>Auður Björg Jónsdóttir<br>Pétur Dam Leifsson | **13–15 Félagsvísindadeild**<br>**Mannfræði**<br>Kristín Loftsdóttir<br>Sveinn Eggertsson<br>Jónína Einarsdóttir<br>Kristín Harðardóttir<br>Jim Rice | **13–15 Félagsvísindadeild**<br>**Afbrotafræði**<br>Helgi Gunnlaugsson<br>Rannveig Þórisdóttir<br>Margrét Valdimarsdóttir<br>Ágúst Mogensen | **13–15 Félagsvísindadeild**<br>**Fötlunarfræði**<br>Ármann Jakobsson<br>Helga Björnsdóttir<br>Jóhanna Björk Briem<br>Rannveig Traustadóttir | **13–15 Félagsvísindadeild**<br>**Sálmælingar**<br>Fanney Þórsdóttir<br>Einar Guðmundsson<br>Jörgen L. Pind<br>Árni Kristjánsson | **13–15 Félagsvísindadeild**<br>**Uppeldisfræði**<br>Guðrún Hanna Hilmarsdóttir<br>Lilja M. Jónsdóttir<br>Jóhanna Einarsdóttir<br>Sigurlína Davíðsdóttir | **13–15 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Stjórnun**<br>Regína Gunnarsdóttir<br>Runólfur S. Steinsþórsson<br>Þröstur Ólafur Sigurjónsson<br>Ingi Rúnar Eðvarðsson<br>Eðvald Möller | **13–15 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Ferðamálafræði**<br>Margrét Víkingsdóttir<br>Rannveig Ólafsdóttir<br>Guðrún Þóra Gunnarsdóttir<br>Ingibjörg Sigurðardóttir |
| **15–17 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Ýmislegt**<br>Valdimar Sigurðsson<br>Vilhjálmur Bjarnason<br>Ársæll Valfells<br>Helgi Þorbergsson<br>Bjarni Frímann Karlsson | **15–17 Félagsvísindadeild**<br>**Þjóðfræði**<br>Terry Gunnell<br>Erlendur Haraldsson<br>Valdimar Tryggvi Hafstein<br>Aðalheiður Guðmundsdóttir | **15–17 Félagsvísindadeild**<br>**Fjölmiðlafræði**<br>Guðbjörg Hildur Kolbeins<br>Tryggvi Franklín<br>Hákonarson<br>Þorbjörn Broddason<br>Birgir Guðmundsson | | **15–17 Félagsvísindadeild**<br>**Sálfræði**<br>Ragna B. Garðarsdóttir<br>Sjöfn Ágústsdóttir<br>Jakob Smári<br>Magnús Kristjánsson | **15–17 Félagsvísindadeild**<br>**Kynjafræði**<br>Þorgerður Þorvaldsdóttir<br>Gyða Margrét Pétursdóttir<br>Þorgerður Einarsdóttir<br>Helga Björnsdóttir | **15–17 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Fjármál**<br>Gylfi Magnússon<br>Haukur C. Benediktsson<br>Kári Sigurðsson<br>Stefán Gunnlaugsson<br>Ragnar Árnason | **15–17 Viðs.- og hagfræðid.**<br>**Háskólamál**<br>Þórhallur Guðlaugsson<br>Guðmundur Kr. Óskarsson<br>Thelma Ámundardóttir<br>Erla S. Kristjánsdóttir |

**www.thjodarspegillinn.hi.is**

## „ORÐRÉTT“

### *Hverju þá?*

**„Íslenskt menntakerfi er gott og þetta er ekki áfellisdómur yfir því.“**

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA UM NIÐURSTÖÐUR PISA-KÖNNUNARINNAR.

**Fréttablaðið 5. desember.**

### *En var frábær*

**„Mín staða er þokkaleg.“**

HANNES SMÁRASON, FRÁFARANDI FORSTJÓRI FL GROUP, UM BREYTINGAR Á STJÓRN FÉLAGSINS.

**Fréttablaðið 5. desember.**

**tilveran**

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EDDA ÓTTARSDÓTTIR, SVÆÐISSTJÓRI RÚV Á AUSTURLANDI

## *Svæðisútvarpið afar mikilvægt*



„Við erum nýbúin að halda upp á tuttugu ára afmæli svæðisútvarpsins, en það var um helgina og heppnaðist rosalega vel,“ segir Edda Óttarsdóttir, svæðisstjóri Ríkisútvarpsins á Austurlandi. „Það var ótrúlega gaman að líta yfir farinn veg á þessum tímamótum og þá sérstaklega leiða hugann að því hvernig starfsemin hér hefur endurspeglað tíðarandann í gegnum árin.“

Í afmælisveislunni gafst gestum og gangandi sjaldgæft tækifæri til að hlusta á gamlar upptökur af útsendingum svæðisútvarpsins og vakti það mikla lukku að sögn Eddu. „Það var ekki síst gaman að hlusta á gamla auglýsingapakka í útvarpinu, því þá sér maður hvað gríðarlega margt hefur breyst hérna á þessum tíma. Það er greinilegt að hér á svæðinu hefur verið mun meira úrval af verslun og þjónustu heldur en nú er, að minnsta kosti á minni svæðunum,“ segir Edda. „Þar var til dæmis verið að auglýsa glæsilegt kjötborð á Seyðisfirði, en ég held að það sé ekki til staðar lengur frekar en önnur smærri verslun.“

Edda segir gesti afmælisins hafa verið á annað hundrað. „Fólki hér finnst þessi starfsemi ekki síður skipta máli heldur en landsrásirnar. Mér fannst við verða ápreifanlega vör við að fólk virkilega metur svæðisútvarpið og telur hlutverk þess enn þá mikilvægt og vonandi verður það svo áfram næstu áratugina,“ segir Edda.

## KREML:

### AÐSETUR RÚSSLANDSLEIÐTOGA

■ Rússneska orðið Kreml þýðir virki eða kastali. Þetta orð hefur orðið alþjóðlegt samheiti fyrir æðstu stjórn Rússlands, enda hefur hún haft aðsetur innan Kremlarmúra í Moskvu um aldir.



Moskvuvirki er í hjarta rússnesku höfuðborgarinnar við bakka árinnar Moskvu (til suðurs), til austurs er St. Basil dómkirkjan og Rauða torgið og til vesturs af Kremlarmúrum er Alexandersgarður. Innan hinna turnum prýddu múra virkisins eru fjórar hallir og fjórar dómkirkjur. Þar er embættisaðsetur Rússlandsforseta.

## SJÓNARHÓLL

**UMRÆÐAN UM FEMÍNSIMA**

### *Vantar karla í bakraddir*



**DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON**
Söngvari

„Mér finnst þetta ekki vera neitt mál með börnin á fæðingardeildinni, ég held þau bíði engan skaða af þessu,“ segir Davíð Smári Harðarson söngvari um það hvort klæða eigi börn eftir kyni á fæðingardeildinni. „Hins vegar finnst mér alveg sjálfsagt að ræða þetta bleika og bláa mál og ef það fer í taugarnar á einhverjum er alveg sjálfsagt að breyta því. En mér finnst þetta ekki aðkallandi. Það væri hins vegar frekar ástæða til að ræða það af hverju strákar eru skírðir í kjólum. Hvað Egil Helgason varðar þá þekki ég kauða og veit hvaða mann hann hefur að geyma, hann er góður gæi og engin karlremba. Ég hef ekki trú á því að hann reyni sérstaklega að ná í karlkyns viðmælendur.“

Þá var Davíð Smári spurður um jafnréttið í sínu fagi. „Ég held að ríki jafnrétti meðal söngvara. Þó er hlutfallið heldur skakkt þegar kemur að bakröddum, það mættu nú alveg vera fleiri karlar í því.“





» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á **kokka.is** þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka
laugavegi 47

Opið mán.- föstud. 10-18 og lau. 10-16 www.kokka.is kokka@kokka.is


# Vona að auðmenn sinni geitum

**Íslensku landnámsgeitinni fækkar og skyldleikarækt hefur víða farið illa með hana. Ráðunautur Bændasamtakanna vonast til þess að fjársterkir menn og sjóðir geti hlúð að stofninum með verndarræktun. Aðeins um 400 dýr eru eftir.**



**GEITBURÐUR** Íslenska geitin þykir sérstök. Stofn hennar þykir orðinn hættulega lítill og minnir Birna K. Baldursdóttir, erfðarfræðingur á Ríó-sáttmálann sem kveður á um verndun stofna. Á myndinni er huðnan Dásemd sem býr í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum með nýborinn kiðling sinn.

„Geitastofninn er eini búfjárstofn landsins sem er í útrýmingarhættu,“ segir Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökunum. Hann óttast frekari rýrnun og skyldleikarækt stofnsins og vonast til þess að fjársterkir einstaklingar eða sjóðir leggi sitt af mörkum við að viðhalda honum með svokallaðri verndarræktun.

> Þeir kiðlingar sem komu í heiminn drápust allir skömmu á eftir vegna skyldleikaræktunar.
>
> **JÚLÍUS BALDURSSON**
> BÓNDI

„Í Bandaríkjunum hefur fólk sem stundar ræktun á búfjárstofnum sem taldir eru í útrýmingarhættu sýnt íslensku geitinni áhuga og vonast til þess að fá leyfi til þess að flytja hana út,“ segir Ólafur. Hann segir þá sem stunda verndunarrækt venjulega ekki gera það vegna arðsemi búskaparins heldur til að leggja sitt af mörkum við að vernda sjaldgæfar tegundir.



**ÓLAFUR DÝRMUNDSSON**

Þó sé möguleiki á arðsemi í tengslum við íslensku geitina og bendir hann á að í Skotlandi hefur verið ræktaður geitastofn sem kallaður er skoska kasmír-geitin. Þær geitur séu að einum fjórða íslenskar. „Þeir vildu nota íslensku geitina við ræktunina vegna þess hve þel hennar er mjúkt,“ segir Ólafur og bendir að verðmætasti eiginleiki skosku kasmír-geitarinnar sé í raun frá íslensku geitinni kominn.

Á Íslandi eru geitur um það bil 400 talsins. Þær eru afkomendur landnámsgeita og má gera ráð fyrir því að skyldleiki sé orðinn töluverður. Júlíus Baldursson, bóndi á Tjörn á Vatnsnesi, hefur mikið látið sig varða verndun íslenskra búfjárstofna og rekur hann meðal annars stærsta bú sem er með íslensku landnámshænuna hér á landi. Hann segir reglugerðir og takmarkanir á flutningi búfjár um landið vegna sjúkdómshættu hafa gengið of langt. Aldrei hafi riða greinst í íslenskri geit og því sé undarlegt



að sömu reglur séu látnar gilda um þær og sauðfé. „Ég vildi fá geitur og sótti um leyfi frá Landbúnaðarstofnun til að fá nokkrar á bæinn. Á eina bænum sem kom til greina að ég fengi geitur var stofninn orðinn svo illa á sig kominn að þeir kiðlingar sem komu í heiminn drápust allir skömmu á eftir vegna skyldleikaræktunar,“ segir hann og bætir við: „Mér sýnist stefna í að einstrengingsháttur embættismanna verði brátt þess valdandi að íslenska landnámsgeitin deyi út.“

Ólafur telur mikilvægt að erfðaefni geita verði rannsakað, þá einkum með tilliti til riðu-arfgerða. „Það er ekki sjálfgefið að þær sóttvarnir sem látnar eru ganga yfir sauðfé eigi líka að ganga yfir geitur. Við vitum ekki einu sinni hvort þær eru ónæmar fyrir riðu eða ekki og megum ekki missa þær án þess að neinar rannsóknir verði gerðar,“ segir hann.

**karen@frettabladid.is**

## BER SKYLDA TIL AÐ VERNDA GEITINA

Birna K. Baldursdóttir, mastersnemi í erfðafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, vinnur að rannsóknum á erfðum geitarinnar. Hún segir að meðal annars verði kannað hve móttækilegur stofninn er fyrir riðu. Hún segir mikils um vert að viðhalda erfðafjölbreytileika stofnsins þar sem hann sé mjög sérstakur, bæði í sögulegu og menningarlegu tilliti. „Íslensku þjóðinni ber skylda til að vernda þennan stofn,“ segir Birna og minnir á Ríó-sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar hafa verið aðilar að frá því árið 1992. Hann kveður meðal annars á um að aðildarríkjum samningsins beri að gera áætlanir um að vernda líffræðilega fjölbreytni með því meðal annars að vernda upprunalega náttúru og nýta lifandi auðlindir á þann hátt að þær rýrni ekki heldur viðhaldist. Enn fremur að reyna að bjarga tegundum sem eru í útrýmingarhættu, til dæmis með því að flytja þær inn á svæði þar sem þeim hefur verið útrýmt.



## Alcoa styður við endurbyggingu Sómastaða:

# 16 milljónir í portbyggt steinhús

Árið 1875 byggði útvegsbóndinn Hans Jakob Beck steinhúsið Sómastaði við Reyðarfjörð. Hann var tvíkvæntur og átti 23 börn svo ef miðað er við búsetu-kröfur sem gerðar eru í dag má segja að þröng hafi verið á þingi á Sómastöðum en grunnflötur hússins er 37 fermetrar en einnig er kjallari í húsinu og pláss í risi.

Árið 1991 var hafist handa við viðgerðir á húsinu en þær hafa legið niðri um nokkurt skeið. En nú verður breyting þar á því næsti nágranni Sómastaða, Alcoa Fjarðaál, veitti Þjóðminjasafni Íslands 16 milljóna króna styrk til endurbóta og uppbyggingar á húsinu.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður tók við styrknum úr hendi Tómasar Más Sigurðssonar, forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Meðal viðstaddra var Ásta Beck, dóttir Hans Jakobs, en hún fæddist og ólst upp í húsinu. Þór Jakobsson, veðurfræðingur og formaður félags niðja Richards Long, var einnig á staðnum en Richard þessi var afi Hans Jakobs.

Útvegsbóndinn hafði ekki úr jafn miklu að moða og Bechtel sem reisti álverið en hann varð að gera sér að góðu grjót úr grenndinni sem hann síðan batt með jökulleir. En afraksturinn er þetta eina portbyggða steinhús sem varðveist hefur á Íslandi.

- jse



**SÓMASTAÐIR VIÐ REYÐARFJÖRÐ** Alcoa Fjarðaál hefur veitt Þjóðminjasafni Íslands 16 milljóna króna styrk svo áfram megi verða sómi af nágrannahúsinu þeirra á Sómastöðum sem er eina portbyggða steinhúsið sem varðveist hefur á landinu.
MYND/HREINN MAGNÚSSON




LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 26. STARFSÁR
Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju
1.– 9. DESEMBER 2007

6. DESEMBER - fimmtudagur
20.00 Jólatónleikar Drengjakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju
Með kórnum syngja félagar úr Karlakór Reykjavíkur, ásamt Gunnari Guðbjörnssyni óperusöngvara.
Orgelleikari: Lenka Máteova.
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson.
Miðaverð: kr. 1500.-

Sjá nánar: listvinafelag.is

Styrkt af Reykjavíkurborg MENNINGAR- OG FERÐAMÁLARÁÐ · HALLGRÍMSKIRKJA · spron · GLITNIR

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Notaðir bílar 100% lán

Jeppadagar

MITSUBISHI MOTORS

Fráb̈ærir jeppar á tilboðsverði

Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja frítt með!



Klettháls

Pajero Sport President 3,0 bensín V6
Sjálfsk. Árg. 07. Ek. 15.000 km.
Verð áður ~~3.490.000~~ kr. Verð nú 3.070.000 kr.
Afborgun á mán. 44.326 kr. í 84 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,13%.



Klettháls

Outlander Comfort 2,4 bensín
Sjálfsk. Árg. 06. Ek. 29.000 km.
Verð áður ~~2.680.000~~ kr. Verð nú 2.410.000 kr.
Afborgun á mán. 34.812 kr. í 84 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,23%.



Klettháls

Pajero Sport President 3,0 bensín V6
Sjálfsk. Árg. 04. Ek. 56.000 km.
Verð áður ~~2.250.000~~ kr. Verð nú 1.980.000 kr.
Afborgun á mán. 32.606 kr. í 72 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,46%.



Klettháls

Outlander Comfort 2,4 bensín
Sjálfsk. Árg. 04. Ek. 53.000 km.
Verð áður ~~2.370.000~~ kr. Verð nú 2.130.000 kr.
Afborgun á mán. 35.070 kr. í 72 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,41%.



Klettháls

Pajero Sport 3,0 bensín V6
Sjálfsk. Árg. 00. Ek. 122.000 km.
Verð áður ~~1.190.000~~ kr. Verð nú 1.047.000 kr.
Afborgun á mán. 24.590 kr. í 48 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 7,17%.



Klettháls

Outlander Comfort 2,0 bensín
Beinsk. Árg. 04. Ek. 74.000 km.
Verð áður ~~1.550.000~~ kr. Verð nú 1.395.000 kr.
Afborgun á mán. 22.997 kr. í 72 mán.
m.v. 100% lán frá SP Fjármögnun. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,71%.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-2204

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5040

Opið á Kletthálsi 11
mánudaga til föstudaga kl. 10–18

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is



**Pioneer**
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

## PIONEER hátalarasett, DVD spilari og magnari

MÖGNUÐ STÆÐA Á MÖGNUÐU TILBOÐSVERÐI

Listaverð kr: 148.500,-
*Tilboðsverð:*
*Kr. 109 900,-*



*Einnig fáanlegt í svörtu*



## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar




VERÐTRYGGING!!
**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**

*Ómótstæðilegt leikjasafn!*




*Frábær upplifun*

**42" PLASMA sjónvarpstæki**
Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-
*Tilboðsverð kr. 189.900,-*

**SHARP**




**19" LCD sjónvarp**
SHARP Shlc19A1EBK

- HD Ready (1366x768)
- DVB-T stafrænn móttakari
- Skerpa: 800:1
- Skjáform: 16:9
- Sjónsvið: 160°/160°
- Stærð: 46,2 x 36 x 19,6 cm
- Tengi: 1x HDMI, 1x SCART, S-Video, Component

*Verð kr. 59.900 kr.*

**SAMSUNG**

**MERGJUÐ HLJÓMGÆÐI**
**Tónlistarbankinn þinn**
*Leggðu inn að vild og njóttu ávaxtanna!*



- 3 litir og 3 stærðir
- Tónlistarspilari með útvarpi.
- Rafhlaðan endist í 25 klst.

*Samsung* YPK3F
*Verð :*
*1 GB: 11.900,-*
*2 GB: 14.900,-*
*4 GB: 17.900,-*

**SHARP**



**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki**
SHARP XL-MP2H

- Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
- Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða
- Magnari: 2x5W RMS
- AM/FM útvarp með RDS
- Vekjaraklukka · Tónjafnari
- Einföld og þægileg fjarstýring

Listaverð kr. 12.900,-
*Tilboðsverð kr. 10.900,-*

**OLYMPUS**



**OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit**

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA Olympus E-510

**TVÆR LINSUR:**
**14-42mm & 40-150mm**
*Verð: 89.900,- kr.*

*Myndavél sem hefur fengið frábæra dóma*

**CELESTRON**
Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki



Listaverð kr. 12.900,-
*Tilboðsverð kr. 9.900,-*

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |


HÁTÍÐ ER Í BÆ
Solis OF SWITZERLAND
SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-
Solis OF SWITZERLAND
Nýr og flottur blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.
1200W
Emile Henry Poterie culinaire FRANCE
Emile Henry Flame
FLAME
FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
Eftirsótt um alla Evrópu.
Solis OF SWITZERLAND
Mínútugrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.
AEG
Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél á góðu verði
AEG
AEG AT260
Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Verð kr. 5.990,-
TEFAL
privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI
ZWILLING
Úrvals hnífar - vönduð matargerð.
AEG
Sterkur blandari
Ómissandi í matargerðina
„Algjör himnasending!"
AEG
TEFAL
TEFAL STRAUJÁRN
TEFAL
KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR
- úr stáli
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900,- Stál · Kr. 79.900,- Hvít
AEG
OFN, HELLUBORÐ OG HÁFUR
og hátíðarmaturinn slær í gegn
KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!
brabantia solid company
BRABANTIA STRAUBORÐ
- skemmtilegt úrval
brabantia solid company
HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA
ORMSSON
ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

## Svona erum við

> Fjöldi mjólkurkúa á Íslandi



HEIMILD: BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HVAÐ ER KLÓR

# *Gríðarlega eitrað efni*

Mikil mengun varð í Varmá og Þorleifslæk í síðustu viku þegar 800 lítrar af klór láku úr tanki við sundlaugina í Laugaskarði í Hveragerði. Skýrt var frá því í fréttum í gær að allur fiskur í Varmá, neðan við sundlaugina, væri nú dauður.

**Hvað er klór?**
Í hreinni mynd er klór frumefni sem er númer sautján í lotukerfinu. Klórgas er grængult og er tveimur og hálfum sinnum þyngra en loft. Klórgas er gríðarlega eitrað og er kraftmikið oxunar-, bleiki- og sótthreinsunarefni.

**Hvaðan kemur klór?**
Klór er til dæmis annar helmingur matarsalts. Gnægð klórs er að finna í náttúrunni. Mun það vera nauðsynlegt flestum stigum lífs að mannslíkamanum meðtöldum.

**Er klór hættulegt?**
Eins og áður segir er klór gríðarlega eitrað efni. Í Fréttablaðinu sagði frá því í júní í fyrra að líf og heilsa sundlaugargesta og -starfsfólks á Eskifirði hefði verið í hættu vegna klórgassleka. Alls voru 34 fluttir á heilsugæslustöð, sumir með öndunarerfiðleika og hafa ekki allir þeir jafnað sig að fullu enn. Orsök slyssins var rakin til mistaka við áfyllingu. Edikssýru hafði verið hellt í klórtank sundlaugarinnar og klórgas losnaði út. Þessu fylgdu mikil óþægindi. Fjórtán hús í bænum voru rýmd vegna hættu á eitrun.

Þess má geta að klór er komið af gríska orðinu chloros sem þýðir fölgrænn.

**Heimildir: Wikipedia og Fréttablaðið.**




## SPURT & SVARAÐ

**PISA SKÓLAKÖNNUN**

### *Starfsskilyrði hafa versnað*

Íslenskir grunnskólanemendur eru fyrir neðan meðaltal OECD-ríkjanna í náttúrufræði, lestri og stærðfræði samkvæmt niðurstöðum Pisa 2006. Ólafur Loftsson er formaður Félags grunnskólakennara.


**ÓLAFUR LOFTSSON** Formaður Félags grunnskólakennara

**Hvað fór úrskeiðis?** Það má ekki draga of almennar og víðtækar ályktanir um skólastarfið út frá Pisa og þar af leiðandi er mikilvægt að draga ekki rangar ályktanir eða fara út í rangar aðgerðir. En auðvitað getum við gert betur. Við þurfum að styrkja skólakerfið því starfsskilyrði kennara og nemenda hafa versnað á síðustu árum.

**Hvernig hafa starfsskilyrði kennara og nemenda breyst?** Álagið hefur aukist með fjölbreyttari nemendahópi. Við höfum sett spurningar við opnu rýmin. Það er ekkert leyndarmál að þegar nemendur skipta oft um kennara vantar festu sem þeir þrá. Þessir þættir hafa versnað mjög á síðustu árum. Við höfum dæmi um nemendur sem hafa haft þrjá umsjónarkennara fyrir jól.

**Er námsefni verra en það var áður?** Það er mikill munur á vinnuálagi kennara fyrir tíu árum og í dag. Þeir taka þátt í teymum í skólanum, eru í samskiptum við foreldra og stuðningsaðila utan úr bæ og innan skólans. Þetta er á sama tíma og verið er að væna þá um að vera ekki í vinnunni. Ég er ekki hissa á því að kennarar séu síður tilbúnir til þess að búa til nýtt námsefni.




# Bitlaus peningamálastefna og evruvæðing

**Fyrirtæki sem hafa tekjur í gjaldmiðli þar sem vextir eru lægri en hér á landi geta bætt afkomu sína með því að greiða hluta launa starfsmanna sinna í erlendum gjaldmiðli. Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að fyrir þessa þjónustu gætu fyrirtækin farið fram á að starfsfólkið sætti sig við lægri laun.**


**BÁÐIR BÆTA HAG SINN** Fyrirtækin geta farið fram á að launþegar sætti sig við aðeins lægri laun að jafnaði gegn því að fá hluta launa í evrum. „Þá hafa bæði fyrirtæki og launþegar bætt hag sinn," segir Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands.

Marel og VM eru komin langt með samning um að hluti launa verði greiddur í evrum. Þar með verður Marel fyrsta fyrirtækið til að ganga frá slíkum samningi á vinnumarkaði. „Fyrir þessa þjónustu, sem líkja má við tryggingar gegn gengissveiflum krónunnar, geta fyrirtækin farið fram á að launþegar sætti sig við aðeins lægri laun að jafnaði," segir Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

„Þá hafa bæði fyrirtæki og launþegar bætt hag sinn. Það er því ekki ólíklegt að fleiri fyrirtæki taki upp á því að greiða hluta launa í evrum," segir hann.

**Notfæra sér ódýrt fjármagn**

Lágir vextir á fjármálamörkuðum erlendis undanfarin ár hafa haft áhrif á þróun efnahagslífs hér á landi. Íslendingar hafa notfært sér ódýrt erlent fjármagn og verið iðnir við að kaupa fasteignir, bifreiðar og hlutabréf. Þeir sem sýna mest frumkvæði hafa keypt eignir erlendis.

„Mikil eftirspurn eftir innlendri framleiðslu og eignum hækkar raungengi og viðskiptahalli eykst, sem er fjármagnaður með erlendum lántökum," segir Gylfi. „Þjóðin lifir um efni fram á kostnað þjóða með jákvæðan þjóðhagslegan sparnað. Þessi atburðarás útskýrir mikinn viðskiptahalla, hækkun fasteignaverðs og hlutabréfavísitölu og einnig viðskiptahalla og góða afkomu ríkissjóðs en skattstofnar hafa vaxið mikið," segir hann.

Við bætast svo áhrif einkavæðingar viðskiptabankanna og innkoma þeirra á húsnæðislánamarkað sem hefur haft í för með sér verulega aukningu útlána. Við þetta má bæta áhrifum skattalækkana og áhrifum virkjanaframkvæmda og annarra stórframkvæmda sem hafa styrkt gengi krónunnar og þannig gert erlendar lántökur áhættuminni.

Einkaneyslan hefur vaxið og þar með verðbólgan. „En þessi þróun getur ekki haldið áfram endalaust. Fjármagnið leitar með tíð og tíma í minna arðbærar fjárfestingar og umfram allt þær áhættusamari. Og svo kemur að þeim tíma að vextir á heimsmarkaði hækka, hinar áhættusömu fjárfestingar og útlán þeim tengd byrja að tapast og þá gengur atburðarásin aftur á bak," segir hann. „Eignaverð lækkar, fjárfesting minnkar og viðskiptahallinn dregst saman. Þessi þróun virðist nú hafin og stafar af útlánatapi á húsnæðislánamarkaði í Bandaríkjunum."

> Seðlabankinn á við þann tæknilega vanda að glíma að þeim mun meira sem hann gerir til þess að lækka verðbólguna með því að hækka stýrivextina þeim mun meira eykst hættan á óstöðugleika fjármálastofnana.

**Eins og vel smurð vél**

Íslendingar hafa tengt fjármálamarkað sinn við alþjóðlega markaði en vinnumarkaðurinn er ekki eins alþjóðlegur.

„Eignaverðbólgan skapar eftirspurn á vinnumarkaði sem kemur af stað launaverðbólgu sem ekki sér fyrir endann á. Okkar annars nútímalegi Seðlabanki, sem stjórnar stýrivöxtum eftir kúnstarinnar reglum eins og vel smurð vél, hækkar þá stýrivexti. En vandinn er sá að þeir hafa haft takmörkuð áhrif á langtímavexti viðskiptabanka sem hafa fjármagnað sig að mestu erlendis. Hins vegar hefur hækkun stýrivaxta í för með sér gengishækkun krónunnar þegar fjárfestar nýta sér skammtímavaxtamuninn og kaupa innlend skuldabréf með háum vöxtum. Gengishækkunin hefur þau gagnlegu áhrif að halda niðri innflutningsverðlagi en áhrif á innlenda eftirspurn virðast veik."

Spurður um þróunina á húsnæðislánamarkaði segir Gylfi bankana sennilega hafa meiri áhrif á innlenda eftirspurn og þróun fasteignaverðs með útlánastefnu sinni en Seðlabankinn með stýrivöxtum sínum. Vandinn sé bara sá að þeir hafi ekki það hlutverk að koma í veg fyrir verðbólgu og viðskiptahalla.

Stóru bankarnir þrír séu hver um sig nægilega stórir til þess að hafa áhrif á þjóðhagslegar stærðir en ekki nógu stórir til þess að sjá sér hag í að reyna að halda aftur af verðbólgu og viðskiptahalla. Þegar þeir hins vegar hækki vexti á húsnæðislánum þá dragi úr innlendri eftirspurn. „Minni eftirspurn á fasteignamarkaði kemur síðan fram í minni verðbólgu og þá getur Seðlabankinn farið að lækka vexti sína."

**Tæknilegur vandi**

Gylfi bendir á að þegar skuldir séu miklar sé hættan sú að greiðslubyrði innlendra aðila vaxi mikið ef gengi krónunnar lækkar. Jafnframt lækki eignaverð. Þannig steðji ákveðin hætta að stöðugleika fjármálakerfisins hér á landi.

„Seðlabankinn á við þann tæknilega vanda að glíma að þeim mun meira sem hann gerir til þess að lækka verðbólguna með því að hækka stýrivextina, þeim mun meira eykst hættan á óstöðugleika fjármálastofnana vegna erlendrar skuldasöfnunar fyrirtækja og heimila. Ekki er erfitt að ímynda sér að miklar lántökur stórra innlendra aðila sem hafa verið notaðar til þess að fjármagna kaup eigna innan lands og utan geti valdið bönkunum skaða ef eignaverð lækkar heima eða erlendis og fjárfestar komast í þrot," segir hann.


FRÉTTAVIÐTAL
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is


29.900
FA162
LG minisamstæða
59.900
CTX9
Scott 19” m/DVD
15.900
PXXi720
Scott ferða DVD
Gleðigjafir
16.900
SG9220
Daewoo Kombi DVD/VHS
7.900
DVX276
LG DivX DVD spilari
3.490
HRA-3000PCUS
Roadstar útvarp
8.900
MPCS1572G
Scott
MP3 spilari
8.990
11086
Tangent útvarp
8.900
KOR69Y5SL
Daewoo örbylgjuofn
2.980
MB2793
Clatronic grillofn
2.290
ST2645
Clatronic samlokugrill
2.990
WA3116
Clatronic vöfflujárn
2.490
TA2980
Clatronic brauðrist
3.990
WKS2635
Clatronic hitaketill
3.290
DB3061
Clatronic straujárn
ES2970
Clatronic
espressó
vél
3.970
UM2927
Clatronic
blandari
3.900
SM3044
Clatronic
töfrasproti
4.490
CLR-2495P
Roadstar
útvarps-
vekjari
1.995
40%
afsláttur
Pottar mikið úrval
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

# Skjól í Kvennaathvarfi í aldarfjórðung

**Kvennaathvarfið hefur í dag starfað í 25 ár. Í tilefni þess bjóða aðstandendur samtakanna til sigurhátíðar í Ráðhúsinu og minnast allra þeirra 2.887 kvenna sem þar hafa dvalið. Þeirra kvenna sem flúið hafa ofbeldi maka síns er ekki minnst sem fórnarlamba heldur sigurvegara.**



**Í GEGNUM TÍÐINA** Myndin er tekin í fræðslumiðstöð Kvennaathvarfsins á Vesturgötu við Hlaðvarpan ár 1994. Tilefnið er blaðamannafundur þar sem tilkynnt var um nýtt starfs- og stjórnunarfyrirkomulag í athvarfinu. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Álfheiður Ingadóttir, Sjöfn Ingólfsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Hildigunnur Ólafsdóttir, Ólöf Sigurðardóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir. MYND/PÖK

„Já, ertu á leiðinni þangað, vina mín," segir góðlegur eldri leigubílstjóri þegar blaðamaður nefnir heimilisfang Kvennaathvarfsins sem áfangastað. Heimilisfang athvarfsins hefur ávallt verið hálfgert leyndarmál í þau 25 ár sem það hefur starfað. Er það gert af tillitsemi við þær konur og börn sem þangað hafa leitað og til að reyna að hindra að ofbeldismenn komi þangað. Staðsetningin er veitt í gegnum síma. „Það hafa sumir bílstjórar lent í vandræðum þegar konur biðja um að fara þangað en ég veit alveg hvar það er þótt ég þykist ekkert vita þegar karlmenn spyrja mig," bætir hann við.

## 25 ára starfi fagnað

Þó að ekki viti allir hvar Kvennaathvarfið er vita flestir hvers konar starfsemi hefur verið rekin þar. Fyrsta konan leitaði þar skjóls 6. desember 1982 og hefur Kvennaathvarfið því verið starfandi í aldarfjórðung en á þeim árum hafa 2.887 konur dvalið þar, oft ásamt börnum sínum. Af því tilefni bjóða aðstandendur athvarfsins til sigurhátíðar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og verður dagskráin tileinkuð konunum sem brotist hafa út úr ofbeldissamböndum.

Reynt verður að varpa ljósi á lífið í athvarfinu með minningarbrotum starfskvenna og dvalarkvenna í gegnum tíðina auk þess sem sýnt verður brot úr kynningarmyndbandi um Kvennaathvarfið sem verið er að vinna og flutt verða ávörp og tónlist.

## Þótti hálfgerður óþarfi

„Fólk var ekki á móti því að Kvennaathvarfið yrði stofnað, hins vegar voru efasemdir um að þörf væri fyrir það," segir Þórlaug Jónsdóttir, rekstrarstjóri Kvennaathvarfsins, þegar talið berst að viðbrögðum samfélagsins við stofnun þess árið 1982 fyrir 25 árum.

Markmið Kvennaathvarfsins hefur frá upphafi verið að veita konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi, og börnum þeirra, skjól gagnvart ofbeldismönnum og einnig að vinna forvarnastarf í því skyni að draga úr heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum. Auk þess sem þar er boðið upp á stuðningsviðtöl við konur sem búa við, eða hafa búið við, heimilisofbeldi.



**FRAMKVÆMDASTÝRA KVENNAATHVARFSINS** Sigþrúður Guðmundsdóttir segir þær konur sem leitað hafa aðstoðar athvarfsins ekki fórnarlömb eða þolendur heldur sigurvegara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SKJÓL FYRIR KONUR OG BÖRN** Vissulega hefur verið þröngt um það fólk sem dvalið hefur í Kvennaathvarfinu í gegnum tíðina. Þar hefur þó alltaf verið skjól. MYND/ÚR EINKASAFNI KVENNAATHVARFSINS



**ERFIÐISVERK OG SNURFUS** Það hefur ekki þurft að kalla út iðnaðarmenn til að sinna uppbyggingu Kvennaathvarfsins ef marka má þessa mynd. MYND/ÚR EINKASAFNI KVENNAATHVARFSINS



**FYRSTA KVENNAATHVARFIÐ** Fyrsta húsnæði athvarfsins var við Lindargötu. Eins og sjá á var húsnæðið ekki glæsilegt í byrjun og unnu starfskonur þar launalaust um tíma. MYND/ÚR EINKASAFNI KVENNAATHVARFSINS

Í bæklingi sem gefinn var út í tilefni tíu ára starfsafmæli athvarfsins var komu fyrsta barnsins minnst. Það var þriggja ára örþreyttur drengur sem hafði komið í fangi móður sinnar sem þangað leitaði tveimur dögum eftir að athvarfið var opnað en svo segir um komu hans: „Heima hafði enginn friður verið lengi, en þegar í athvarfið kom, sofnaði barnið og svaf svo lengi að læknir var kallaður til. Hann kvað upp úr með að ekkert amaði að barninu; það hefði strax skynjað að það væri á öruggum stað og svæfi því vært. Snáðinn svaf í tvo og hálfan sólarhring, að mestu samfellt. Hann vaknaði aðeins til að drekka og athuga hvort mamma væri ekki enn þarna á rúmstokknum en sofnaði svo aftur."

## Best væri að geta lagt starfið niður

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að upphaflega hafi athvarfið aðeins átt að starfa í skamman tíma til að vinna á þeim vanda sem væri. Konurnar sem að því stóðu unnu launalaust í byrjun og mikil vinna fór í að finna fé til rekstursins. „Besta afmælisgjöf athvarfsins væri auðvitað að vera orðið þarflaust og hægt væri að leggja það niður," segir Sigþrúður og brosir. Tölur úr árskýrslu athvarfsins sýna þó að sjaldan hefur þörf fyrir starfsemina verið meiri og nú.

Aldrei hafa fleiri komur verið skráðar í Kvennaathvarfinu en í fyrra en samtals voru þær 712. Margar kvennanna komu oftar en einu sinni en alls voru konurnar 318. Líkamlegt ofbeldi var oftar nefnt sem orsök komunnar en áður hafði tíðkast auk þess sem áverkar voru sýnilegri á fleiri konum en áður. Að meðaltali voru þrjár konur og þrjú börn í athvarfinu á degi hverjum. Meðalaldur barnanna var sex ára og höfðu þau einnig verið beitt ofbeldi í 60 prósentum tilvika. Sigþrúður segist vona að þessar tölur sýni ekki að heimilisofbeldi hafi aukist heldur sé skýringin á fjölguninni sú að fleiri konur leiti sér aðstoðar en áður.

Tölur frá ríkislögreglustjóra sýni meðal annars að árið 2006 komu um 445 heimilisofbeldismál á borð lögreglunnar. Hafa verður í huga að ekki eru öll tilkynnt tilvik skráð í málaskrá og má því gera ráð fyrir að tilfellin séu enn fleiri. Reynslan hefur þó sýnt að aðeins eitt prósent þessara mála endar með ákærumeðferð. Sigþrúður og Þórlaug eru þó sammála um að vinnubrögð lögreglu séu orðin mun betri en áður var og skilningur á sérstöðu þessara brota meiri. Þá geri dómarar sér betur grein fyrir að þegar um er að ræða heimilisofbeldi er sjaldnast um að ræða eitt einangrað atvik eins og í öðrum ofbeldismálum heldur hafi ofbeldið yfirleitt verið viðvarandi í langan tíma.

## Sigurvegarar, ekki fórnarlömb

„Heimilisofbeldi er sérstakt á þann hátt að gerandinn í þeim málum er nákominn þolandanum. Það er erfitt fyrir konur að sætta sig við þá staðreynd að maðurinn sem þær hafa elskað, jafnvel eignast börn með, og er stundum góður við þær sé ofbeldismaður. Það þarf mikið hugrekki til að rífa sig lausa úr slíkum aðstæðum og leita hjálpar meðal ókunnugs fólks eins og þær konur sem hingað koma gera. Þessa hugrekkis viljum við minnast. Þær eru ekki bara fórnarlömb eða þolendur heldur sigurvegarar," segir Sigþrúður.

## Skjól frá ofbeldi

Á þeim árum sem Kvennaathvarfið hefur starfað hefur margt breyst í starfseminni. Það sem þær Þórlaug og Sigþrúður nefna sem brýnustu verkefni athvarfsins á næstunni er að bæta aðstöðu og þjónustu fyrir börn. Þá vilja þær sinna útlendum konum betur en eins og staðan er nú nýtast viðtölin sem veitt eru í athvarfinu þeim lítið vegna þeirra takmörkuðu fjárráða sem athvarfið hefur úr að moða til túlkaþjónustu. „Svo verður húsnæðinu breytt og stækkað í sumar. það liggur því fyrir að hér verði allt í ryki á næstunni, og jú reyndar rottum líka, segja þeir svartsýnustu," segir Sigþrúður og hlær ásamt Þórlaugu.

„Kjarni Kvennaathvarfsins verður þó alltaf sá sami," bætir Þórlaug svo við og horfir á blaðamann. „Það er að veita konum og börnum skjól undan ofbeldi."



FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is

### ÞJÓNUSTA KVENNAATHVARFSINS

Athvarf, fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna.

Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun.

Símaráðgjöf allan sólarhringinn í síma 561 1205. Konur geta hringt og rætt mál sín og fengið stuðning og upplýsingar.

Ókeypis viðtöl, þar sem konur geta komið og fengið stuðning og upplýsingar án þess að til dvalar komi.

Nauðsynlegt er að hringja áður í síma 561 1205 og panta tíma.

Sjálfshjálparhópar, þar sem nokkrar konur hittast reglulega undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins. Nauðsynlegt er að koma í viðtal áður.

## Kvennaathvarfið var minn bjarghringur

„Ég var ekki viss um að ég hefði orðið fyrir nægilega miklu ofbeldi til að geta leitað hjálpar, því það var á þessum tíma að mestu leyti andlegt," segir Kristín um fyrsta símtal sitt við starfskonur Kvennaathvarfsins. Það samtal átti sér stað 1985 og var hún þá 21 árs. Mánuði síðar hafði hún samband við vinafólk sitt og bað það um að aka sér í bæinn, pakkaði hljóðlega saman helstu nauðsynjum, tók þriggja ára dóttur sína í fangið og læddist út af heimili sínu. „Ég man að vinafólk mitt varð ekki einu sinni hissa þegar ég hringdi. Það sem ég hélt að væri svo mikið leyndarmál vissu allir."

Kristín segist ekki hafa getað hugsað sér að leita ásjár ættingja sinna, þar sem eiginmaður hennar hefði þá getað elt hana uppi. „Ég var orðin svo hrædd nálægt þessum manni og vildi vera viss um að fá algeran frið í smá tíma.

„Mér leið illa fyrsta sólarhringinn, skammaðist mín fyrir að hafa þurft að flýja. Ég hafði ekki tekið eftir þeim áverkum sem ég var með og það var ekki fyrr en ein starfskonan hvatti mig til að leita til læknis að ég fór að átta mig á því að þessi ákvörðun mín hefði verið fyrir bestu. Foreldrar mínir hringdu samt í mig og hvöttu mig til að drífa mig aftur heim og hætta þessari vitleysu. Þá bað ég um að vera ekki kölluð oftar í símann," segir hún en alls dvaldi hún í athvarfinu í tíu daga.

Eiginmann sinn hitti Kristín ekki í tvo mánuði eftir að hún kom út úr athvarfinu þar sem hann hafði farið í meðferð. „Skömmu síðar tókum við svo ákvörðun um að halda sambandinu áfram," segir hún og dæsir en með kímni. „Ég var einu sinni ein af þeim konum sem sögðust ekki skilja hvers vegna konur leituðu ítrekað aftur í svona aðstæður en svo lærir maður að hlutirnir eru ekki svo einfaldir. Þegar við skildum árið 1995 var hann orðinn mjög ofbeldishneigður."



**HEIMILISOFBELDI** Krístín læddist út með þriggja ára dóttur sinni þegar hún mætti fyrst í Kvennaathvarfið. SVIÐSETT MYND

Kristín gekk með fjórða barn þeirra undir belti þegar hún ákvað að hún yrði að skilja við mann sinn. Hann hafði þá nýlega misþyrmt henni svo að hún hafði meðal annars farið úr kjálkalið og þurft að láta athuga hvort ófætt barn þeirra hefði hlotið skaða af höggum hans.

Í tvö ár eftir skilnaðinn ofsótti fyrrverandi maður hennar hana ítrekað. Svo alvarlegar voru árásir hans að hún er nú óvinnufær vegna áverka af hans völdum. Það var ekki fyrr en hann var dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir ofbeldi gagnvart henni að martröðinni lauk.

Eldri börn hennar þrjú urðu einnig fyrir ofbeldi af hendi föður síns og vildu ekkert hafa með hann að sælda eftir skilnaðinn. „Barnavernd kom þá á umgengni undir eftirliti, síðar var dregið úr gæslunni en það gekk illa upp því þau voru svo hrædd við hann, hann fór svo að missa sig og var þá ákveðið hann myndi aðeins hitta þau undir eftirliti. Hann hefur ekki haft samband í mörg ár."

„Ég var einu sinni kona sem hélt að Kvennaathvarf væri bara fyrir konur sem hötuðu karlmenn. Í dag veit ég betur. Þó að ég hafi verið ein í töluverðan tíma meðan ég jafnaði mig á þeim samböndum sem ég hafði komið mér í er ég nú á leið í sambúð með yndislegum manni," segir hún og segir mikilvægt að nota neikvæða lífsreynslu á jákvæðan hátt.

Segist hún ávallt reyna að benda konum á að leita sér hjálpar hafi hún grun um að þær sæti einhvers konar ofbeldi af hendi maka. „Vitanlega kemur það fyrir að konur bregðast illa við slíkri uppástungu. En maður verður að reyna. Kvennaathvarfið var alltaf minn bjarghringur. Ég gat alltaf leitað til þeirra og fengið ráðleggingar, þótt ég færi ítrekað ekki eftir þeim ráðum sem mér voru gefin gáfust þær aldrei upp á mér."

# Berjadagar í Nettó




**full búð af frábærum tilboðum**

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda: 6.–9. desember eða á meðan birgðir endast

www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## Kjarni málsins

> Grunnskólanemendur eftir landsvæðum í fyrra.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** HERBORG FRIÐRIKSDÓTTIR GRUNNSKÓLAKENNARI

## *Miður ef vettvangsferðir falla niður*



Herborg Friðriksdóttir grunnskólakennari kennir ellefu ára börnum í Áslandsskóla í Hafnarfirði. Henni finnst fjölbreytileikinn í kennslunni afar gefandi og segist leggja sig fram um að koma til móts við alla einstaklingana í bekknum og eiga gott samstarf við foreldra.

„Ég legg áherslu á að skoða námsefnið út frá þörfum hvers og eins, velta því fyrir mér hvernig ég legg það fyrir hvern og einn því að nemendurnir eru náttúrulega jafn misjafnir og þeir eru margir," segir hún. „Kennslan er auðvitað einstaklingsmiðuð því að við þurfum alltaf að gera verkefni sem henta hverjum og einum þannig að allir fái notið sín við að vinna verkefnin."

Herborg hefur áhyggjur af framtíð vettvangsferðanna. Hún bendir á að vettvangsferðir, skemmtiferðir og útikennsla brjóti upp skóladagana og kennarar hafi hug á að víkka þannig út kennsluna og breyta til. „Margt spennandi er í boði sem bæði gleður og fræðir," segir hún. „Nú er svo komið að samkvæmt lögum má ekki biðja foreldra um fé til að kosta slíkar ferðir. Oftast eru þetta smá upphæðir fyrir rútukostnaði og slíku. Kennarar hafa áhyggjur af því að slíkar ferðir falli niður ef ekki má biðja foreldra að kosta barnið sitt í slíkar ferðir. Ef skólinn á að greiða fyrir alla nemendur verður kostnaðurinn það mikill að skólastjórar munu væntanlega setja önnur mál í forgang."

Herborg segir að flestir foreldrar virðist tilbúnir að greiða fyrir vettvangsferðir fyrir börn sín því þeir sjái mikilvægi slíkra ferða. „En við kennarar erum hræddir um að lögin verði til þess að ferðirnar falli niður því það heyrist nú sem aldrei fyrr í þeim foreldrum sem vilja standa á rétti sínum að skólinn eða sveitarfélögin eigi að greiða allan skólakostnað og þar með allar ferðir sem farnar eru."

**■ ReykjavíkurAkademían**

### Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Clarence E. Glad, stjórnarformaður ReykjavíkurAkademíunnar (RA), skrifuðu undir endurnýjaðan þjónustusamning nýlega. Samningurinn er til tveggja ára og kveður á um að fyrir 4,8 milljónir á ári vinni RA ýmis verkefni sem RA og Reykjavíkurborg koma sér saman um. Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg styrkir verulega uppbyggingu RA þar sem fræðimenn RA ætla í sívaxandi mæli að stilla saman strengi til sameiginlegra verkefna á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

**■ Kynjafræði**

### Fyrirvinna og íslensk fjölskyldustefna

Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf, heldur erindi um fyrirvinnu og fjölskyldur á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum á morgun kl. 12.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fjallar um hvernig íslensk fjölskyldustefna hefur ávarpað fyrirvinnuhlutverkið frá sögulegu sjónarhorni.

**■ Umhverfismál**

### Erlendar tegundir, böl eða blessun?

Stefnumót um umhverfismál á vegum umhverfisráðuneytis og stofnunar Sæmundar fróða verður haldið í hádeginu föstudaginn 7. desember í fundarsal Þjóðminjasafnsins. Að þessu sinni er spurningin: Hvað gerir til þótt erlendar plöntur eða dýr séu flutt inn til landsins? Fyrirlesarar verða Snorri Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Þröstur Eysteinsson frá Skógrækt ríkisins.

# Hundrað erindi á áttunda Þjóðarspeglinum

**Þjóðarspegillinn, félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, er haldin á morgun í áttunda skipti. Tilgangur ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir nýjustu rannsóknir íslenska fræðasamfélagsins og efla tengsl milli þess og atvinnulífs.**



**FRIÐRIK JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR OG STJÓRNANDI ÞJÓÐARSPEGILSINS** Segir mikilvægt að skapa vettvang fyrir fræðimenn til að kynna rannsóknir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvar á að ræða um kynþátt í skólabókum? Er unglingurinn útdauður? Eru afbrot á Íslandi fátíðari en í öðrum löndum? Hvernig má átta sig á stefnu fyrirtækis? Þessar spurningar eru meðal fjölmargra sem íslenskir fræðimenn fjalla um á Þjóðarspeglinum, félagsvísindaráðstefnu Háskóla Íslands sem lagadeild, félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild standa fyrir á morgun. Dagskráin stendur yfir frá níu um morguninn til fimm um eftirmiðdaginn í Odda, Lögbergi og Háskólatorgi.

Þjóðarspegillinn er nú haldinn í áttunda sinn og hefur umfang ráðstefnunnar farið stöðugt stækkandi að sögn Friðriks Jónssonar, forstöðumanns Félagsvísindastofnunar, sem stýrir ráðstefnunni.

„Fyrsti Þjóðarspegillinn var haldinn árið 1994 og það ár voru fjórtán dagskrárliðir í boði. Í ár eru þeir yfir 30 og geta ráðstefnugestir valið á milli rúmlega hundrað fyrirlestra."

Í upphafi var hugmyndin á bak við slíka ráðstefnu að skapa fræðilegan umræðuvettvang á Íslandi fyrir fræðimenn til að koma og kynna rannsóknir sínar þar sem margar þeirra voru kynntar erlendis og rötuðu aldrei í íslenska umræðu að sögn Friðriks. „Önnur hugmyndin var sú að efla tengslin milli fræðastarfsins og atvinnulífsins með því að gefa fólki úti í atvinnulífinu tækifæri til að koma einu sinni á ári og kynna sér rannsóknir á sínu sviði. Þetta hefur tekist afar vel í sumum greinum."

Friðrik segir að af mörgum áhugaverðum fyrirlestrum í ár sé einn einstakur. „Pólskur fræðimaður frá Varsjá, Lucyna Aleksandrowicz-Pedich, fjallar um mjög áhugavert efni sem hún hefur rannsakað í samstarfi við Háskólann á Akureyri og er um Pólverja á Íslandi. Hún greinir hvað hefur gerst í þremur innflutningsbylgjum Pólverja til Íslands, bakgrunn þeirra og fleira. Einnig skoðar hún hvernig þessi reynsla Pólverja hefur birst í Póllandi. Þetta er fyrsta skrefið í að Þjóðarspegillinn verði alþjóðleg ráðstefna."

Hægt er að kynna sér dagskrá Þjóðarspegilsins á vefsíðunni www.thjodarspegillinn.hi.is.

**sdg@frettabladid.is**

### ÞJÓÐERNISSTOLT UNGRA ÍSLENDINGA

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, fjallar um rannsókn sem hann vann ásamt Atla Hafþórssyni háskólanema um þjóðernisstolt ungra Íslendinga. Lögðu þeir spurningar fyrir unglinga í 10. bekk sem leiddi í ljós að öfugt við sambærilegar rannsóknir erlendis þá eykst þjóðernisstolt íslenskra unglinga með aukinni menntun og betri fjárhag foreldra. Þá voru ungmenni á landsbyggðinni stoltari af þjóðerninu en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

„Þjóðernisstoltið tengist hlutum á borð við uppruna foreldra og búsetu krakkanna á ævinni. Þegar báðir foreldrar eru íslenskir segjast 70 prósent krakka vera stolt af því að vera Íslendingar. Þetta hlutfall lækkar ef foreldrar eru af erlendum uppruna en þó bara niður í 30 til 40 prósent."

Þóroddur sagði að einnig hefði komið fram munur á þjóðernisstolti eftir sveitarfélögum og landsvæðum sem unglingar koma frá og sama ætti við um krakka sem hefðu sterka Evrópuvitund. Þeir krakkar væru minna stoltir af íslensku þjóðerni.

Þjóðarspegilinn er eins konar uppskeruhátíð félagsvísindanna á Íslandi að mati Þórodds. „Þarna geta fræðimenn kynnt það sem þeiru eru að gera og fá tækifæri til að hitta kollegana til að bera saman bækur. Einnig gefst þarna tækifæri til að hitta unga fólkið sem er í námi eða að koma úr námi með ferskar hugmyndir. Þetta er alveg nauðsynlegt fyrir félagsvísindin."

### KYNÞÁTTAHYGGJA Í SKÓLABÓKUM

Kristín Loftsdóttir, dósent í mannfræði við Háskóla Íslands, fjallar um hvar ræða eigi kynþætti í skólabókum. „Ég set niðurstöður úr rannsóknarverkefninu „Ímyndir Afríku á Íslandi" fram á hagnýtan hátt með því að skoða hvernig fólk talar um kynþætti og benda á að þetta er ekki vísindalegt hugtak þar sem fólk skiptist ekki í einfalda litaflokka."

Í erindi sínu undirstrikar Kristín mikilvægi þess að tala um kynþætti í sögulegu tilliti en ekki sem líffræðilega staðreynd. „Þetta er úrelt hugtak en af því að það er mikilvægt í samfélaginu til að flokka fólk þá hefur það raunveruleg áhrif. Ég er að benda á að spurningin sé ekki að við megum ekki segja svartur heldur þurfum við að spyrja okkur af hverju við viljum svona oft segja svartur, hvenær þjónar það tilgangi? Það kemur sérstaklega fram í eldri námsbókum að oft er vísað til litarháttar jafnvel þótt það tengist samhenginu ekkert."

Kristín segir Þjóðarspegilinn hafa mjög mikilvægt gildi fyrir íslenskt samfélag. „Ég myndi halda að það sé skemmtilegt bæði fyrir fræðimenn og almenning að fá svona þverskurð af því sem fólk er að gera í háskólanum. Þetta eru ólík erindi og ég tel það styrk ráðstefnunnar að hún endurspeglar þá fjölbreytni og grósku sem er í íslensku fræðalífi."


ÞRIFIN VERÐA LEIKUR EINN

20% afsláttur



ULTRAMAX MOPPUSETT
Blaut- og þurrmoppur fyrir allar gerðir gólfa. Fatan vindur fyrir þig. Hrein snilld!

vileda PROFESSIONAL

MOPPUSETT FLASH M/SPREYBRÚSA
Þú þarft enga fötu, fyllir bara brúsann með vatni og hreinsiefni. Ótrúlega einfalt!

ATTRACTIVE RYKKÚSTUR
Afþurrkunarkústur sem afrafmagnar. Langir þræðir sem ná í afskekktustu afkima og skilja ekkert eftir! Ótrúlega sniðugt!

BESTA
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

SLENDERTONE System

*Tími til að líta vel út ...!*

# Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.

4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...






## System-Mini

Frábær nýjung

- Slendertone fyrir rassvöðvana

Loksins tæki sem lyftir, formar og stinnir rassinn og lætur þig líta frábærlega út. Mjög einfalt og þægilegt í notkun, smart pils sem þú vefur utan um þig og tækið vinnur á meðan þú sinnir öðru eða slappar af...
og þú verður æðisleg í gallabuxunum...!

**kr. 9.995,-**
verð án stjórntækis

**kr. 22.980,-**
verð með stjórntæki

K O R T E R . I S

SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatteri, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

Heildarlausn til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

# Frábært verð á

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.



**169.990kr**
Verð áður 189.990,-

## Philips HD 42" LCD sjónvarp
42PFL5322
• Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring



**79.990kr**
Verð áður 89.990,-

## United HD 32" LCD sjónvarp
LTV32W63
• 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan • Nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring



**99.990kr**
GOTT VERÐ

## Panasonic V-Real 32" LCD sjónvarp
TX32LE7F
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight control
- VIERA Link
- 16w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir



**139.990kr**
GOTT VERÐ

## United 42" LCD sjónvarp LTV42W42
- 42" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 3 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**19.990kr**
Verð áður 24.990,-

## JVC míkrósamstæða UXS20
- Míkrósamstæða með 50w RMS magnara
- Geislaspilari með MP3
- Spilar CD-R/RW
- RDS Útvarp með 30 stöðvaminnum
- Klukka og svefnrofi
- Aux Inn að framan
- Heyrnartólstengi
- Fjarstýring

**7.490kr**
Verð áður 8.490,-




## Philips DVD spilari DVP3142
- Fjölkerfa DVD DivX spilari - Silfurlitaður
- Spilar öll kerfi
- Progressive scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital
- Scart (með RGB), component og CVBS tengi
- Digital coaxial tengi
- Fjarstýring

**17.990kr**
Verð áður 24.990,-

## Philips heimabíókerfi HTS3154
- Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
- 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) digital magnari
- Fjölkerfa DivX DVD spilari
- 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM Útvarp með 40 stöðvaminnum
- Scart (með RGB)
- USB tengi
- Fjarstýring




Gildir til 13. desember eða á meðan birgðir endast.

*Nýtt kortatímabil*

# raftækjum

**OPIÐ TIL 22:00**
fimmtudag, föstudag og laugardag



69.990kr
Verð áður 79.990,-

## United HD 27" LCD sjónvarp
LTV27W63
• Upplausn 1280x720 punktar • Progressive scan
• HD ready • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
• 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp
• Fjarstýring • Borðstandur fylgir



39.990kr
GOTT VERÐ

## Dantax 15" LCD sjónvarp 15LCDDVDP1
• 15" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar
• Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
• 12v og 220v • Nicam Stereó hljóðkerfi • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp
• Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir
• Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5

## Dantax DVD ferðaspilari DVDP7
• Fjölkerfa DVD spilari - silfurlitaður
• 7" LCD breiðtjaldsskjár
• Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
• Dolby Digital
• Heyrnartólstengi
• Coaxal útgangur
• Hleðslurafhlaða fylgir
• Spennubreytir fylgir
• Taska og fjarstýring fylgja



14.990kr
Verð áður 16.990,-



49.990kr
GOTT VERÐ

## Dantax 19" LCD sjónvarp 19LCDDVDP3
• 19" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar
• Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD Spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms
• Nicam Stereó hljóðkerfi • kortalesari SD/MS/MMC
• USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp, svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir

19.990kr
GOTT VERÐ



## Casio hljómborð CTK591
• Casio hljómborð 5 áttundir með ásláttarnæmni
• 61 nóta, 128 hljóð (MIDI samhæfð) og 110 rybmar
• Ásláttarnæmni
• 24 nótna pólifónía
• 3ja þrepa kennslukerfi
• Píano stilling
• 100 innbyggð Lög
• "Sing along" möguleiki - Míkrafóntengi



19.990kr
GOTT VERÐ

## Philips DVD ferðaspilari PET716
• Fjölkerfa DVD spilari
• 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
• Hristivörn
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
• Dolby Digital
• AV út og heyrnartólstengi
• Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
• Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgja
• Fjarstýring fylgir

29.990kr
GOTT VERÐ

## Panasonic heimabíókerfi SCPT150
• Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
• 330w (5x55w) magnari
• DVD spilari
• 12bit/108MHz Video DAC
• Progressive scan
• 5 hátalarar og bassabox
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
• Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
• FM útvarp með stöðvaminnum
• Hljóðtengi(RCA)
• USB tengi
• Scart
• Fjarstýring



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

> Árleg fiskneysla, magn á íbúa.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** FINNBOGI HERMANNSSON, FYRRVERANDI FRÉTTAMAÐUR

## *Fagur en vel innrættur ísskápur*

„Bestu kaupin sem ég hef gert gerði ég í Bolungarvík þegar ég keypti ísskáp af gerðinni Philips hjá Einari Guðfinnssyni fyrir jólin 1982," segir Finnbogi Hermannsson, fyrrverandi fréttamaður Svæðisútvarpsins á Vestfjörðum. „Ég var að því kominn að kaupa annan ísskáp en svo sá ég þennan og féll alveg fyrir útlitinu en hann var mikið fyrir augað. Og það kom bara í ljós að því var öðruvísi farið með þennan ísskáp en Helga nokkurn sem ort var um á þennan hátt:
Víst mun Helgi eiga vinsemd fárra/væri hann dæmdur eftir dyggðum sönnum./ Útlitið er innrætinu skárra/en er hann þó með skuggalegri mönnum.



Ég veit nú ekki um hvaða ólukka Helga var ort í þessari ágætu stöku en ísskápurinn hefur ekki stigið feilspor og þó að hann hafi útlitið með sér hefur komið í ljós að hann er býsna vel innrættur, ólíkt Helga þessum. En verstu kaupin gerði ég hins vegar í Sankti Pétursborg þegar ég fór þangað með Arnari Páli Haukssyni fréttamanni. Þá keypti ég mér ís sem var algjörlega óætur, hann endaði í ruslafötunni sá svo það hljóta að teljast mjög slæm kaup. Reyndar var maturinn ekkert sérlega góður þar í landi svo það reyndist heillaráð hjá okkur að koma við í sjoppu í Finnlandi og birgja okkur upp áður en við héldum yfir landamærin til Rússlands."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### EDIK Á SPEGLANA

■ *Hildur Lilliendahl mælir með dagblöðum og ediki til að þrífa spegla.*



„Ég verð að viðurkenna að ég er ekkert sérstaklega mikil húsmóðir í mér og kann ekki kynstrin öll af húsráðum," játar Hildur Lilliendahl, nemi í kynjafræðum og ljóðskáld. Hún lumar þó á einu sem hún grípur stundum til. „Ég nota edik til að þrífa spegla, það virkar betur en nokkurt hreinsiefni sem ég hef prófað," segir hún. Hildur notar heldur ekki eldhúsþurrku til að þurrka spegilinn heldur dagblöð. „Það koma alltaf rákir eftir þurrkurnar en ef maður notar dagblöð sést ekki arða á spegilfletinum."

■ **Verðlag**

## Solo Care ódýrastur á 950 krónur

Lausleg og óformleg símakönnun Fréttablaðsins sýnir að linsuvökvann Solo Care er hægt að fá á 950 krónur og upp í 1.290 krónur í gleraugnaverslunum landsins. Ódýrastur virðist hann vera hjá Gleraugnaversluninni Optic Reykjavík, þar kostar 360 millilítra flaska 950 krónur en dýrastur er vökvinn í gleraugnaversluninni Auganu í Kringlunni. Rétt er þó að taka fram að sums staðar fékkst Solo Care ekki og ekki náðist í allar gleraugnaverslanir landsins þannig að ekki er útilokað að linsuvökvann megi finna á lægra eða hærra verði. Á vefsíðum í Svíþjóð, Noregi og Þýskalandi er hægt að fá samskonar linsuvökva rétt undir 1.000 krónum en þá er eftir að taka sendingarkostnað og toll með í reikninginn.

■ **Neytendafræðsla**

## Leiðbeiningastöð heimilanna



Kvenfélagasamband Íslands hefur undanfarin 40 ár rekið Leiðbeiningastöð heimilanna. Stöðin er alhliða neytendafræðsla þar sem hægt er að fá upplýsingar um matreiðslu, bakstur, þrif og einnig er þar fylgst með evrópskum gæðakönnunum á heimilistækjum. Nýr opnunartími er mánudaga til miðvikudaga milli klukkan 10 og 14, fimmtudaga klukkan 14 til 18 og föstudaga klukkan 10 til 14. Hægt er að hringja í gjaldfrjálst númer 552 1135 eða senda fyrirspurnir um netfangið leidbeiningar@kvenfelag.is.


# Hluthafafundur
## 14. desember 2007

Stjórn FL Group hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 14. desember 2007, kl. 8.30.

**DAGSKRÁ:**

1. Tillaga um að hluthafafundur samþykki að veita stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 3.659.265.291 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta á genginu 14,7 til að efna samning við Baug Group hf. og tengd félög um kaup á hlutum í fasteignafélögum og -sjóðum. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum.
2. Tillaga stjórnar um að færa heimilisfang félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík.
3. Tillaga stjórnar um að breyta tilgangi félagsins með þeim hætti að starfsemin verði tilgreind sem fjárfestingarstarfsemi almennt.
4. Stjórnarkjör.
5. Önnur mál.

Framangreindar tillögur leiða til breytinga á 2. gr., 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. samþykkta félagsins nái þær fram að ganga.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði bréflega. Atkvæðaseðla er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins frá og með 7. desember n.k. og þar er ennfremur hægt að greiða atkvæði um tillögurnar frá og með þeim degi en um stjórnarkjörið frá og með 10. desember n.k. Þeir hluthafar sem óska þess skriflega fyrir 9. desember n.k. geta fengið atkvæðaseðla senda sér. Bréfleg atkvæði skulu berast á skrifstofu félagsins eigi síðar en kl. 16:00 fimmtudaginn 13. desember eða afhendast á hluthafafundinum sjálfum. Atkvæði verða talin á hluthafafundinum þann 14. desember og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem þá eru skráðir í hlutaskrá tekin með í atkvæðagreiðslunni.

Fundargögn, þ.m.t. tillaga stjórnar ásamt greinargerð, munu vera til sýnis á skrifstofu FL Group hf. 7 dögum fyrir hluthafafund og verða send þeim hluthöfum sem þess óska. Fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 08.00 á fundardegi.

Reykjavík, 6. desember 2007 Stjórn FL Group hf.

FL GROUP


# Ódýrast að kaupa spilin í verslunum Hagkaupa

**Hagkaup var oftast með lægst verð á borðspilum samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Hæst var verðið í verslunum Eymundsson og Máls og menningar. Meira en fjögur þúsund krónum munaði á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.**




**BORÐSPIL** Ódýrustu borðspilin reyndust oftast vera í Hagkaupum en dýrust í Máli og menningu og Eymundsson.

Mestur verðmunur var á spurningaspilinu vinsæla Trivial Pursuit, eða 147 prósent. Ódýrast var það í leikfangaversluninni Toys R Us á 2.999 krónur, en dýrast í verslunum Eymundsson og Máls og menningar á 7.410 krónur. Munurinn er 4.411 krónur. Spilið var áberandi ódýrast í Toys R Us, því í öðrum verslunum þar sem spilið fékkst kostaði það á milli 5.500 og 6.000 krónur.

Í verðkönnuninni voru valin fimm vinsæl spil: Monopoly, Scrabble, Trivial Pursuit, Party & Co. og Draumaeyjan, sem er nýtt íslenskt spil. Farið var í verslanir Eymundsson, Hagkaupa, Máls og menningar, BT, Just4Kids og Toys R Us.

Vöruúrvalið var mest í Toys R Us, en þar fengust öll spilin sem könnuð voru. Úrvalið var hins vegar minnst í verslun BT í Smáralind, þar sem aðeins Trivial Pursuit var til. Á öðrum stöðum var vöruúrvalið misgott en alls staðar fengust þrjú eða fleiri spil af fimm.

Næstmestur verðmunur var á Draumaeyjunni, íslensku spili sem innblásið er af bók Andra Snæs Magnússonar um Draumalandið, eða tæplega fjörutíu prósent. Ódýrast var það í Hagkaupum, á 3.970 krónur, en dýrast í Eymundsson og Máli og menningu á 5.450 krónur. Mismunurinn nemur 1.480 krónum. Tekið skal fram að spilið var aðeins fjórum krónum dýrara í Just4Kids en í Hagkaupum.

Hið sama var uppi á teningnum með fasteignaspilið Monopoly, en það kostaði á bilinu 5.800 til 7.000 krónur. Spilið var dýrast í verslunum Eymundsson og Máls og menningar, en ódýrast í Hagkaupum. Aftur var Just4Kids með næstlægsta verðið, og munaði nú þremur krónum.

Orðaspilið Scrabble var til í þremur verslunum af sex: Máli og menningu, Hagkaupum, og Toys R Us. Það var ódýrast í tveimur síðastnefndu verslununum á 2..999 krónur, en kostaði 3.810 krónur í Máli og menningu.

Fjölskyldu- og partíspilið Party & Co. fékkst aðeins í tveimur verslunum: í Hagkaupum og Toys R Us. Í Hagkaupum kostaði það 4.949 krónur, en fimmtíu krónum meira í Toys R Us.

Farið var í allar verslanir á þriðjudagseftirmiðdegi. Hilluverð var skrifað niður, þar sem það sást, og einnig fenginn útskriftarstrimill. Allar verðtölur í greininni miðast við verðið sem fékkst á kassanum.

salvar@frettabladid.is

**VERÐKÖNNUN Á BORÐSPILUM**

| | Eymundsson | Hagkaup | Mál og menning | BT | Just4Kids | Toys R Us |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Party & Co. | - | 4.949 kr. | - | - | - | 4.999 kr. |
| Trivial Pursuit | 7.410 kr. | - | 7.410 kr. | 5.999 kr. | 5.498 kr. | 2.999 kr. |
| Scrabble | - | 2.999 kr. | 3.810 kr. | - | - | 2.999 kr. |
| Monopoly | 6.995 kr. | 5.795 kr. | 6.995 kr. | - | 5.798 kr. | 6.499 kr. |
| Draumaeyjan | 5.450 kr. | 3.970 kr. | 5.450 kr. | - | 3.974 kr. | 4.999 kr. |

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN LINDA GUÐMUNDSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Omega 3-6-9 fitusýrur



Þegar talað er um fitu kemur óhollusta fyrst upp í hugann hjá mörgum. En það er ekki öll fita slæm og stundum er hún hreinlega ómissandi. Sem dæmi um það eru omega 3 og omega 6 fitusýrur. Þær eru mönnum lífsnauðsynlegar þar sem líkaminn getur ekki myndað þær sjálfur og því verða þær að koma úr fæðunni. Omega 3 fitusýrur finnast aðallega í feitum villtum fiski, fiskiolíu, hörfræjum og hörfræolíu. Omega 6 fitusýrur finnast mjög víða í matvælum eins og í korni, jurtaolíum og hnetum. Skortur á lífsnauðsynlegum fitusýrum er sjaldgæfur og kemur yfirleitt aðeins fyrir ef líkaminn á erfitt með að taka upp fitu úr meltingarvegi vegna sjúkdóma eða við langvarandi mjög einhæft fæði. Omega 9 fitusýrur eru ekki lífsnauðsynlegar því líkaminn getur myndað þær sjálfur.

Omega 9 fitusýrur er helst að finna í ýmsum jurtaolíum eins og í ólífuolíu og repjuolíu.

Omega 3 og omega 6 fitusýrur eru mikilvægar í uppbyggingu frumuhimna. Þessir tveir hópar fitusýra geta ekki gengið hvor í stað annars því þeir eru mismunandi, bæði hvað varðar efnaskipti og virkni. Því er það afar mikilvægt að jafnvægi gæti á milli þeirra. Núverandi vestrænt fæði inniheldur frekar lítið af omega 3 fitusýrum en þó má segja að Íslendingar standi nokkuð vel að vígi miðað við önnur vestræn lönd vegna mikillar fisk- og lýsisneyslu. Einnig vegna þess að fiskimjöl er mikið notað í skepnufóður og því verða dýraafurðir ríkari af omega 3 fitusýrum fyrir vikið.




Efni, sem myndast úr omega 3 fitusýrum, hafa æðavíkkandi áhrif, koma í veg fyrir blóðstorkumyndun og minnka bólgu. Vegna þessara eiginleika hefur verið sýnt fram á að þær geti minnkað hættuna á ýmsum sjúkdómum svo sem hjarta- og æðasjúkdómum. Efni sem myndast úr omega 6 fitusýrum eru jákvæð í litlu magni. Magn þeirra má þó ekki verða mjög mikið, í samanburði við efni mynduð úr omega 3 fitusýrum, því rangt hlutfall þarna á milli getur stuðlað að blóðsega, slagæðaþrengingum og fleiri neikvæðum áhrifum.

Bæði omega 3 og omega 6 fitusýrur nota sama ensímið til að umbreytast og því er afar mikilvægt að það sé jafnvægi á milli þeirra því báðar þessar fitusýrur eru mjög mikilvægar.

Rannsóknir hafa sýnt að ólífuolía, sem er rík af omega 9 fitusýrum, hefur áhrif til lækkunar á LDL kólesteróli, sem oft er kallað vonda kólesterólið, en um leið hækki HDL kólesteról sem er kallað góða kólesterólið. Þessi áhrif eru aðallega tengd fenólinnihaldi olíunnar og andoxunareiginleikunum sem því fylgja.

www.mni.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sambands Hangikjötið
40% AFSLÁTTUR
35% AFSLÁTTUR
HANGILÆRI 35% AFSLÁTTUR 1462 KR/KG. Merkt verð 2249 kr/kg.
HANGIFRAMPARTUR 40% AFSLÁTTUR 1139 KR/KG. Merkt verð 1899
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
30% AFSLÁTTUR
KF LAMBALÆRI EINIBERJAKR.
30% AFSLÁTTUR 1399 kr/kg.
Merkt verð 1998 kr/kg.
MESTA SELDA KRYDDLÆRIÐ Í BÓNUS.
20 TONN Í BOÐI 10% LÆGRA VERÐ
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐLAUS
10% VERÐLÆKKUN. VERÐ NÚ 808 KR/KG.
Quality Street
998
QUALITY STREET
Í KRUKKU
900g 998 kr.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
349
Holta KJÚKLINGABITAR Í KRYDDBLÖNDU
TILBÚIÐ BEINT Í OFNINN
HEIMILISBRAUÐ
69
HEIMILISBRAUÐ 1/2
375G 69 KR.
70% Suðusúkkulaði
100g
BÓNUS
98
BÓNUS 70% SUÐUSÚKKULAÐI
100g 98 kr.
BÓNUS
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið
er góð jólagjöf.
Þú kaupir inneign á kortið
að eigin vali !
Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
Sími. 588 8699 gjafakort@bonus.is
NICKY Collection
139
JÓLAELDHÚSRÚLLA
STÓR 139 KR.
MALT
59
BÓNUS MALT
500 ML 59 KR.
Chiquita
Vitality
Multivit
2L
198
CHIQUITA ÁVAXTASAFI
2 LTR. 198 KR FERNAN.
BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.510 **-1,95%**

**Fjöldi viðskipta:** 947
**Velta:** 10.227 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ALFESCA | 1,83% | FL GROUP | 15,07% |
| ÖSSUR | 1,01% | SPRON | 5,91% |
| MAREL | 0,84% | EXISTA | 4,57% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,00 -3,10% ... Bakkavör 58,20 +0,00% ... Eimskipafélagið 36,30 -1,09% ... Exista 22,95 -4,57% ... FL Group 16,35 -15,07% ... Glitnir 23,20 -2,32% ... Icelandair 27,60 -0,90% ... Kaupþing 881,00 -0,56% ... Landsbankinn 35,90 -0,42% ... Straumur-Burðarás 15,65 +0,32% ... Össur 100,00 +1,01% ... Teymi 6,08 -1,78%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Tíu dagar til stefnu

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group og Baugs, sagði á fundi í gærmorgun með fjárfestum og starfsmönnum fjármálafyrirtækja að æskilegt væri að Hannes Smárason lyki kaupum á 23 prósenta hlut í Geysi Green Energy innan tíu daga. Þá ætti verðmat á hlutnum að liggja fyrir. Tímaramminn sem Jón Ásgeir setur miðar að því að þessari vinnu verði lokið áður en hluthafafundur í FL Group verður haldinn. Þá verður ný stjórn félagsins valin og komið hefur fram að Hannes muni taka þar sæti. Þegar til stóð að sameina Geysi Green Reykjavik Energy Invest var félagið metið á rúma 27 milljarða króna. Hannes þarf því að punga út rúmum sex milljörðum króna fyrir hlut sinn í félaginu.



### Samkeppni um fundargesti

Tveir áhugaverðir fundir um viðskiptalífið voru haldnir í gærmorgun. Viðskiptaráð stóð fyrir fundi um þróun íslenskra fjármálamarkaða í Háskólanum í Reykjavík. Um áttatíu manns mættu á þann fund enda áhugaverð erindi í boði. Á sama tíma kynntu Jón Ásgeir Jóhannesson og Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, stöðu félagsins og framtíðarhorfur. Að minnsta kosti 150 manns mættu á þann fund. Það má með sanni segja að áhugi á þessum breytingum sé mikill enda snertir þetta alla á markaðnum. Nýi forstjórinn svaraði spurningum skilmerkilega og kom því vel á framfæri sem hann hafði heimild til að greina frá. Jón hefur kosið að vera fyrir utan kastljós fjölmiðla. Síðustu tveir dagar hafa hins vegar sýnt að hann höndlar það vel að svara fyrir skráð félag í Kauphöll Íslands.

## MARKAÐSPUNKTAR

Samræmd vísitala neysluverðs hækkaði um 0,57 prósent á milli mánaða innan aðildarríkja EES í október. Til samanburðar hækkaði hún um 0,37 prósent hér. Hækkunin á ársgrundvelli nemur 2,6 prósentum innan EES-ríkjanna.

Framleiðni mældist 6,3 prósent á ársgrundvelli í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi. Þetta er talsvert meira en sérfræðingar höfðu reiknað með og þykja einkar jákvæðar miðað við svartsýnisspár um samdrátt.

Kanadíski seðlabankinn ákvað í gær að lækka stýrivexti um 25 punkta í 4,25 prósent vegna óvissuástands í efnahagslífinu. Þetta er fyrsta stýrivaxtalækkun bankans í fjögur og hálft ár.

## Skuldir aukast

Skuldir heimilanna jukust um ríflega fimm prósent milli annars og þriðja fjórðungs ársins, að því er fram kemur í tölum Seðlabankans. Fram kemur í Morgunkorni Greiningar Glitnis í gær, að skuldir heimilanna hafi ekki aukist jafn mikið milli fjórðunga frá því um mitt ár í fyrra.

Greining Glitnis bendir á að skuldir heimila hafi aukist mun hraðar en ráðstöfunartekjur á undanförnum árum. Þær hafi numið 213 prósentum af ráðstöfunartekjum í fyrra, en 178 prósentum árið 2000 og 144 prósentum árið 1995.

Ætla megi að hlutfallið hækki frekar, þrátt fyrir verri lánakjör og hækkandi ráðstöfunartekjur.

Samkvæmt tölum Seðlabankans nema heildarútlán lánakerfisins um 5.386 milljörðum króna. Þar af nema skuldir heimilanna 1.482 milljörðum. - ikh

# Erlenda eignin íslensk að hluta

**Erlend eign í Kauphöllinni hefur aukist mikið milli ára og nemur nú 41 prósenti. Mikið af þessu er í eigu Íslendinga sem geyma sitt í erlendum félögum. Forstjóri Kauphallarinnar telur aukninguna milli ára skýrast af aukinni erlendri fjárfestingu.**

„Erlent eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni var um 41 prósent í september en var 27 prósent á sama tíma í fyrra,“ sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, í pallborðsumræðum á fundi Viðskiptaráðs í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Þórður telur að hluti af skýringunni sé fólginn í því að Íslendingar geymi hlutabréfaeign sína í erlendum félögum. Það hafi kannski frekar gerst áður. Hins vegar sé erfitt að meta í hversu miklum mæli það sé.

„Meginskilaboðin sem tölurnar segja, það er breytingin, er hins vegar að erlend fjárfesting er að aukast,“ segir Þórður.



**FRÁ FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS.** Finnur Oddsson hjá Viðskiptaráði, Þórður Friðjónsson Kauphöllinni, Jón Ingi Þorvaldsson Glitni og Jónas Fr. Jónsson hjá Fjármálaeftirlitinu.

Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor segir að þetta geti gefið skakka mynd. „Viðskiptahallinn sé ofmetinn og erlend eignarstaða vanmetin. Þetta gefur neikvæðari mynd af okkar stöðu út á við en ella,“ segir Friðrik Már, sem nýlega lauk við skýrslu um íslenskan fjármálamarkað ásamt Dr. Richard Portes.

Friðrik Már segir að erfitt sé að meta hversu mikið sé um að félög Íslendinga séu skráð erlendis. „En ég held að það sé vel þekkt að þetta sé í töluverðum mæli. Til dæmis að farið sé með eignir til Hollands. Það er augljóst að þetta er af skattalegum ástæðum,“ segir Friðrik Már og bætir því við að æskilegast væri að Íslendingar breyttu sínu skattaumhverfi til þess að draga úr hvatanum til þessa.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að þetta auki umfang eftirlitsins, en í sjálfu sér sé þetta hluti af alþjóðavæðingunni og þátttökunni í Evrópska efnahagssvæðinu. „Við þurfum stundum að vera í sambandi við erlendar systurstofnanir. Það tekur tíma en við fáum upplýsingar að lokum.“

Aðalatriðið sé að eignarhald sé gegnsætt, segir Jónas, og vísar þar meðal annars til framvirka samninga og söfnunarreikninga. „Svo við sjáum hver sé endanlegur eigandi. Ef þurfa þykir þá verðum við að tryggja þetta með lögum.“

ingimar@frettabladid.is




MacBook Pro
– hraðvirkasta fartölvan fyrir Vista*

Ótrúlegt en satt, en hraðvirkasta PC-fartölvan er Makki.
Vertu velkominn í hópinn – hvort sem þú vilt nota Windows eða Mac OS X þá er næsta tölvan þín frá Apple.

**Mac Book Pro**
15,4" skjár / 2,2 GHz
Intel Core 2 Duo / 120 GB / 2 GB
1440 x 900 px / 128 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
**209.990,-**

**Mac Book Pro**
15,4" skjár / 2,4 GHz
Intel Core 2 Duo / 160 GB / 2 GB
1440 x 900 px / 256 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
**249.990,-**

**Mac Book Pro**
17" skjár / 2,4 GHz Z0ED
Intel Core 2 Duo / 160 GB / 2 GB
1680 x 1050 pixlar / 256 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
**279.990,-**

*Skv. mælingum PC World: pcworld.com/article/id,136649-page,3-c,notebooks/article.html

Apple IMC | Humac ehf.
Laugavegi 182 — Kringlunni
105 Reykjavík — 103 Reykjavík
Sími 534 3400 — Sími 534 3400
www.apple.is — www.apple.is

Apple IMC



Harðir pakkar á hagstæðu verði
Frábærar gjafir fyrir alla handlagna á heimilinu
Kr. 3.498,-
NOVA 18V Batterísborvél + 3,6V Skrúfvél, borar og skrúfbitar
Kr. 3.498,-
NOVA Batterísborvél 18V + 91 stk. verkfæri
Kr. 2.995,-
Verkfærasett 133 hlutir með borvél
Kr. 995,-
NOVA 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar
Kr. 3.450,-
DRIVE slípirokkur 1150w
Kr. 9.995,-
Byssutaska
Kr. 1.245,-
Verkfærasett. 55 hlutir
Kr. 15.900,-
Bílskúrshurðaopnari
Kr. 1.965,-
Verkfærasett 33 hlutir
Kr. 575,-
4 tangir
Kr. 2.900,-
DRIVE rafmagnsborvél
Kr. 475,-
Verkfærasett 5 hlutir
Kr. 5.900,-
Háþrýstidæla - 140 bör
Kr. 1.480,-
Verkfærasett, 84 hlutir
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Opið mán. - fös. kl. 8-18, laugardaga 9-16
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þróun lýðræðis í Rússlandi:

## Pútín gefinn blankótékki

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Viðbrögð við rússnesku þingkosningunum síðastliðinn sunnudag hafa á Vesturlöndum verið nær einróma á þá lund, að lýst er áhyggjum af stöðu og þróun lýðræðis í hinu risavaxna landi. Aftur á móti eru ekki bornar brigður á að skýr meirihluti Rússa styðji þá stefnu sem Vladimír Pútín forseti stendur fyrir.

Það sem er vinsælast við þá stefnu er að hún hefur megnað að endurreisa stórveldisstolt Rússa. Niðurstaða kosninganna á sunnudaginn ber því vitni að meirihluti Rússa telur það mikilvægara en að þeir öðlist lýðræðisleg réttindi sem jafnist á við þau sem gengur og gerist á Vesturlöndum.

Vert er að hafa í huga í þessu sambandi, að annar skilningur er lagður í lýðræðishugtakið í austurvegi en almennt gerist í okkar heimshluta. Á þetta benti til að mynda rússneska blaðakonan Jelena Larionova, sem starfar í Múrmansk, í viðtali við Fréttablaðið á dögunum. Að hennar sögn hefur hugtakið lýðræði neikvæðan

*Með blankótékka valdsins upp á vasann getur Pútín nú haldið áfram að vinna að endurreisn stórveldisstöðu Rússlands. Og það boðar hvorki gott fyrir lýðréttindi Rússa né samskipti Rússlands við Vesturlönd.*

hljóm í eyrum margra Rússa. „Það minnir fólk á óreiðu í stjórnog félagsmálum, í samanburði við sovéttímann. (…) Fyrstu árin eftir hrun Sovétríkjanna voru hræðileg fyrir marga og því tengja Rússar hugtakið lýðræði við fátækt, stjórnleysi, glæpi og þaðan af verra.“ Stjórnvöld hafi jafnvel alið á þessum hugsunarhætti. Larionova tók fram að svo lengi sem Pútín og hans menn væru við völd væri ekki að vænta frekari lýðræðisvæðingar. „Hann hefur þegar heitið þjóðinni því að hann muni ekki víkja langt frá valdinu þótt hann stigi af forsetastóli.“

Og með úrslitum þingkosninganna, þar sem flokkur Pútínsinna, Sameinað Rússland, hlaut 70 prósent þingsæta, hafa rússneskir kjósendur gefið Pútín blankótékka til að vera áfram við völd þótt hann láti af embætti forseta þegar öðru kjörtímabili hans lýkur í vor. Stjórnarskráin bannar að óbreyttu að sami maður gegni embættinu þrjú kjörtímabil í röð. Enn er þó óljóst með hvaða hætti Pútín hyggst nota þennan blankótékka, að öðru leyti en því að hann veitir honum umboð til að marka kúrsinn í Kreml, hver svo sem verður arftaki hans – til bráðabirgða? – á forsetastóli.

Hinar nýafstöðnu þingkosningar snerust aðeins að nafninu til um að kjósa nýtt löggjafarþing. Frá því Pútín tók við völdum af Borís Jeltsín fyrir átta árum hefur vægi Dúmunnar í stjórnkerfi Rússlands verið stöðugt að minnka. Pútín tók ákvarðanir í öllum veigameiri málum og sá til þess – með tilstyrk eigin persónuvinsælda og valdsins til ráðstafa stöðum og bitlingum – að þingið yrði að valdasviptri stimpilstofnun.

Með blankótékka valdsins upp á vasann, ásamt stöðugt hækkandi jarðgas- og olíuverði, getur Pútín nú haldið áfram að vinna að því sem hann og hans menn álíta nauðsynlega endurreisn stórveldisstöðu Rússlands. Og það boðar hvorki gott fyrir lýðréttindi Rússa né samskipti Rússlands við grannríki og Vesturlönd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Unglingadeildin

Æskufólkið heldur áfram að sölsa undir sig forstjórastólana hér á landi; strákar sem stöppuðu nærri fermingu þegar Ísland gekk í EES hafa nú tögl og hagldir í viðskiptalífinu. Aðeins 29 ára að aldri hefur Jón Sigurðsson sest í forstjórastól FL Group. Hann var ellefu ára þegar Bónus var stofnað og tvítugur þegar Bónus og Hagkaup sameinuðust undir nafninu Baugur, sem nú er stærsti hlutafjáreigandi FL Group. Lárus Welding, forstjóri Glitnis, er 31 árs. Jafngamall honum er Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. Unglingarnir hafa þó ekki enn slegið við Eysteini Jónssyni, sem var 27 ára þegar hann varð fjármálaráðherra árið 1933.



### Öldungadeildin

Nú er svo komið í fjármálaheiminum að menn sem eru að skríða á fimmtugsaldur þykja gamlir í hettunni. Björgólfur Thor Björgólfsson varð fertugur fyrr á þessu ári, sömuleiðis Hannes Smárason, en Bjarni Ármannsson og Jón Ásgeir Jóhannesson fagna þeim áfanga á næsta ári. Sem sagt eldgamlir.



### Dörtí Danir

Þvert á allt svartagallsrausið um sóðaskap og ófremdarástand í miðbænum mældist Reykjavík hreinasta borgin af fjórtán borgum á Norðurlöndum í samnorrænni könnun sem gerð var í sumar. Hvernig ætli ástandið sé í hinum miðborgunum? Enn einn ganginn skutum við þar Dönum ref fyrir rass en Kaupmannahöfn mældist sú óhreinasta. Þessar niðurstöður hljóta að vera bagalegar fyrir ferðamálastofuna sem gerði könnunina en hún heitir Wonderful Copenhagen.

bergsteinn@frettabladid.is
jse@frettabladid.is

# Smáa letrið

Lífskjaraskýrsla Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem ég lýsti hér fyrir viku, vakti athygli um allan heim. Hún er stútfull af fróðleik. Ýmislegt í skýrslunni kemur á óvart, til dæmis það, að í 51. sæti listans um búsælustu lönd heimsins á mælikvarða Sameinuðu þjóðanna er – þetta hefðir þú aldrei getað gizkað á! – Kúba. Já, Kúba. Af þeim 177 löndum, sem skýrslan tekur til, eru 50 lönd hærra skráð en Kúba á búsældarkvarðann og 126 eru lægra skráð. Staða Kúbu á listanum ræðst af því, að Kúbverjar lifa nú að jafnaði aðeins tíu vikum skemur en Bandaríkjamenn, búa við almennt læsi líkt og þeir og senda svipað hlutfall af hverjum árgangi æskufólks í grunnskóla og framhaldsskóla og Bandaríkjamenn, fullt hús þar líka. Þetta dugir til að fleyta Kúbu upp í 51. sæti þrátt fyrir á að gizka sjöfaldan mun á kaupmætti þjóðartekna á mann í Bandaríkjunum og á Kúbu.

Ekki nóg með það: munurinn á búsældarvísitölu Bandaríkjanna og Kúbu er aðeins þrettán prósent. Getur það verið rétt mæling á lífskjaramuninum á löndunum tveim? Nei, munurinn er auðvitað miklu meiri en svo. Lífskjaravísitölunni er ætlað að leyfa góðri lýðheilsu og menntun að lyfta löndum upp fyrir þá stöðu á listanum, sem kaupmáttur tekna á mann myndi skipa þeim í án tillits til langlífis og skólagöngu, og draga niður eftir listanum þau lönd, sem hafa slegið slöku við heilbrigðis- og menntamál. Búsældarmunurinn á Bandaríkjunum og Kúbu er vísast miklu nær því að vera sjöfaldur en þrettán prósent. Ef kaupmáttur þjóðartekna á mann væri hafður til marks einn sér, væru Bandaríkin í öðru sæti listans á eftir Lúxemborg, og Kúba skipaði 93. sætið, en þá væri munurinn á Kananum og Kúbverjum yktur



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Lífskjaraskýrsla SÞ

Bandaríkjunum í vil. Listin er að rata meðalveginn.

### Byltingin á Kúbu og fleira

Kjarasamanburðurinn á Kúbu og Bandaríkjunum er merkilegur í sögulegu samhengi. Þegar Fídel Kastró og félagar tóku völdin á Kúbu 1959, gat nýfætt barn þar vænzt þess að ná 64 ára aldri á móti 70 árum í Bandaríkjunum og 73 árum á Íslandi. Þennan langlífishalla tókst kommunum á Kúbu að jafna á röskum áratug: frá 1972 hefur Kaninn haft aðeins um þriggja mánaða forskot á Kúbverja. En við? Það er saga að segja frá því. Þegar föðurafi minn fæddist 1867, gat hann vænzt þess að verða þrítugur. Fjórða hvert íslenzkt barn á hans reki dó á fyrsta aldursári, og aðeins röskur helmingur þeirra var ennþá uppi standandi við fimmtán ára aldur. Ísland var þá verr á vegi statt á mælikvarða barnadauða og langlífis en öll nema allra fátækustu lönd heimsins eru nú. Við upphaf nútímans um aldamótin 1900 hafði ástandið skánað, en samt dó þá eitt af hverjum átta börnum á fyrsta ári og eitt af hverjum fimm fyrir fimmtán ára afmælið. Ísland var Afríka, og það er nýliðin tíð. Þessi staðreynd ætti að vekja vonir um betri tíð í brjóstum fátækra þjóða og ætti einnig að minna okkur hin á að ganga hægt um gleðinnar dyr og gleyma ekki uppruna okkar.

Læsi var orðið að almenningseign á Íslandi um 1900 borið saman við 60 prósent fullorðinslæsi í Afríku nú. Hér skilur milli feigs og ófeigs. Almennt læsi gerði okkur kleift að nota heimastjórn, fullveldi og sjálfstæði til að stökkva inn í nútímann. Kannski var læsið í sjálfu sér ekki lykillinn að lífskjarabyltingunni hér, heldur hitt, að almennt læsi bar vitni um aga, löghlýðni og skilvirka stjórnsýslu. Það var skylt að kenna börnum að lesa, skyldan var háð eftirliti, og hún var virt.

### Aðrar upplýftingar

Búsældarskýrsla Sameinuðu þjóðanna er hafsjór af upplýsingum um ýmsa þætti, sem orka á lífskjör almennings, þótt ekki sé rúm fyrir þá í vísitölunni. Atvinnuleysi hefur óvíða verið minna en hér nema í Kúbu, í Hvíta-Rússlandi (það er líklega ólöglegt þar ennþá) og fáeinum öðrum löndum. Mannsmorð eru einnig óvíða færri en á Íslandi miðað við fólksfjölda nema í Austurríki, Danmörku, Noregi, Japan, Hong Kong og Singapúr auk Írlands og flestra Arabaríkja. Fangar eru mun færri á Íslandi en í nokkru öðru iðnríki, jafnvel í Japan, þótt þar séu framin helmingi færri morð en hér heima miðað við mannfjölda. Íslendingar afnámu dauðarefsingu 1928, mörgum áratugum á undan Svíum (1972), Dönum (1978) og Norðmönnum (1979). Síðasta aftakan hér fór fram 1830. Aðeins eitt iðnríki utan Asíu heldur áfram að beita dauðarefsingu, Bandaríkin. Rússar hættu að beita dauðarefsingu 1999, en Kúbverjar ríghalda í hana líkt og Kaninn, og Kínverjar. Íslendingar hafa á að skipa fleiri læknum á mann en allir aðrir nema Belgar, Ítalar og Grikkir auk Kúbverja, Eista, Rússa og nokkurra annarra austrænna þjóða, sem reykja flestar miklu meira en við samkvæmt skýrslunni góðu, læknarnir líka. Allt þetta lyftir okkur upp, og margt annað. Gott.

# Sjálfum mér til varnar

UMRÆÐAN

Kvenfrelsi

Grafalavarleg eru skrif ungra manna í bloggheimum þar sem fólki sem talar máli kvenfrelsis er hótað ofbeldi, hrottafenginni nauðgun eða öðrum líkamsmeiðingum. Á undanförnum dögum hef ég séð ofbeldis- og hótunarskrif af þessu tagi og hefur þeim verið komið á framfæri við lögregluyfirvöld. Að sjálfsögðu var það gert. Að mínum dómi væri það hreinlega ámælisvert að láta skrifin óátalin.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Aðgerðarleysi gagnvart ofbeldi á ekki rétt á sér. Ekki heldur andvaraleysi. Þannig verður einræðismenningin til. Ekki aðeins vegna þess að ofbeldismenn gerast fyrirferðarmiklir og hrifsa til sín völdin heldur vegna hins að þeir eru látnir komast upp með það. Það á að verða þjóðfélaginu öllu til umhugsunar ef hér er að myndast andrúmsloft þar sem það líðst að allir þeir sem hreyfa við ranglæti í samfélaginu eru látnir sæta einelti og hótunum! Af slíku stafar sjálfu lýðræðinu ógn.

Hver eru þau kvenfrelsismál sem fara helst fyrir brjóstið á þessu umburðarlitla og ofbeldisfulla fólki? Ég læt mér nægja að vísa í baráttumál þess stjórnmálaflokks sem ég starfa innan, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Í þeim flokki höfum við barist fyrir því að komið verði í veg fyrir kynbundið ofbeldi, að mansal verði stöðvað, kynbundnum launamun útrýmt, að jafnræði ríki með kynjunum á vinnumarkaði, innan stjórnsýslunnar og í fyrirtækjum. Við viljum með öðrum orðum tryggja mannréttindi öllum til handa á öllum sviðum þjóðlífsins, óháð kyni.

Það er gegn baráttu af þessu tagi sem við félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði þurfum að sitja undir skrifum þar sem sagt er beint út og vafningalaust að leiðin til að þagga niður í okkur sé að beita okkur líkamlegu ofbeldi. Ég höfða til samfélagsins alls um að láta ofbeldi af þessu tagi ekki óátalið. Ég höfða til lýðræðistilfinningar þjóðarinnar og réttlætiskenndar þótt ég setji þessar línur á blað einnig með þrengra sjónarhorn í huga. Ég skrifa sjálfum mér til varnar.

*Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks VG.*

**HOLLT OG GOTT**
Ávaxtabíllinn ekur heim að dyrum með alls konar ávexti og hollusturétti.
HEILSA 4



**VANDAÐ Á BÖRNIN**
Í vefnaðarvöruverslunninni Seymu má nú fá falleg og vönduð barnaföt sem eru flutt inn frá Ítalíu.
TÍSKA 2





Nýjir vökvahamrar á "súperverði"
Áreiðanlegir og endingargóðir
DEHACO INTERNATIONAL
- Skilvirk og sterkleg hönnun
- Lágur viðhaldskostnaður
- Framúrskarandi afköst
- Aflmiklir
- Utanáliggjandi ventlakerfi
- Umskiptanlegar fóðringar
- Stillanlegur hraði
- Stillanlegt olíuflæði
Stærðir frá 100 kg. - 4500 kg.
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600
VÉLAVER HF www.velaver.is





Vinkona Nadiu gaf henni þennan límónugræna silki-kaftan í Marrakesh.

# Klæðskerasaumaður kaftan

***Nadia Banine er flestum sjónvarpsáhorfendum kunn og dylst engum að þar er smekkmanneskja á ferð. Yfirleitt hafa föt ekkert sérstakt tilfinningagildi í huga Nadiu ef frá er talin flík sem vinkona hennar gaf henni á ferð þeirra um borgina Marrakesh síðastliðið vor.***

„Ég var á ferðalagi um borgina Marrakesh í Marokkó með vinkonu minni síðastliðið vor og langaði til að fá mér sérsaumaðan kaftan. Við fundum klæðskera sem saumaði hann í límónugrænum lit og svo vildi vinkona mín endilega gefa mér hann," segir Nadia. „Mér þykir því sérstaklega vænt um hann. Svo hef ég líka sterkar taugar til landsins þar sem pabbi minn er frá Marokkó," bætir hún við.

Nadia segir marga tískuhönnuði sækja innblástur til landsins. „Maður sér þessa strauma oft í tísku og litavali á Vesturlöndum og má nefna túrkís og fjólubláu litina sem dæmi. Tískuhönnuðir virðast sækja landið heim og var klæðskerinn sem saumaði kaftaninn með myndir af sér með Gianfranco Ferrè og Jean-Paul Gaultier uppi á vegg og höfðu þeir látið hann sauma eftir sínum sniðum."

Annars segir Nadia að það fari eftir árstíðum hvaða föt hún heldur upp á. „Ég er frekar kulsækin og þarf alltaf að vera vel klædd. Boss-mokkakápa og Ugg-loðstígvél eru til dæmis mikið notuð þessa dagana. Svo er ég svolítil kjólakona í mér og nota kjóla mikið yfir buxur," segir hún.

*vera@frettabladid.is*

allt matur
Alla föstudaga

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa
TOYO VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi
Tvíhliða munstur Eykur gripöryggi og stuðlar að betri akstursеiginleikum við hemlun og í beygjum
Tennt brún Eykur gripöryggi
Bylgjótt mynstur Til að tryggja betra veggrip
Þríviðir gripkubbar Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu
TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát
30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.
561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.





**Loðhúfur** og loðfeldir sameinist! Tími ykkar er senn upprunninn. Við höfum enga trú á öðru en að það kólni brátt og taki að snjóa aðeins fyrir jólin.






# Ítölsk föt úr eðalefnum

***Verslunin Seyma er þekkt fyrir vefnaðarvöru í ströngum. Nú hefur hún hafið innflutning á vönduðum barnafötum frá Ítalíu.***

„Við erum nýbyrjaðar að selja ítölsk barnaföt sem okkur líst svo vel á,“ segir Helga Sigurðardóttir, annar eigenda verslunarinnar Seymu. Hún segir allan fatnaðinn vera úr ekta efnum, eins og ull og bómull, og handbragð og saumaskap algerlega til fyrirmyndar. Helga hefur þekkingu á þeim hlutum eftir áralanga reynslu af því að handfjatla tau og leggja saumakonum lífsreglur við meðhöndlun þess því Seyma er þekkt fyrir að selja efni í fatnað og allt til saumaskapar eins og margir þekkja.

Ítölsku barnafötin eru fóðruð og brydduð og bera af sér góðan þokka.

*- gun*



Stælföt á stelpurnar. Buxurnar úr ull og kosta 7.500, vestið sem líka úr ull er með ídregnum borðum og kostar 7.300 og blússan kostar 6.000.



Kjóll úr ullarefni, fóðraður með vöfflusaumi og bleikum bryddingum á kraganum. Verð 19.000.



Flauelskjóll með tölum og bryddingum. Verð 14.800.



Fóðraður galli á þau minnstu. Verðið er 4.000.



Drengjaföt. Bæði buxur og vesti úr ull. Vestið er með öðru mynstri á bakinu. Buxurnar kosta 7.400, vestið 6.800 og skyrtan 4.900.



Prjónaður ullarjakki, fóðraður. Til í hvítu, bláu og bleiku og kostar 9.900. Sett með húfu, trefli og vettlingum við kostar 4.300.



Kjóll úr bómullarflaueli, fóðraður með stífu undirpilsi. Fæst líka í bláu, hvítu og jólarauðu og kostar 13.000.















## Pilsin síkka

Í VETUR EIGA PILSIN AÐ NÁ RÉTT NIÐUR FYRIR HNÉ EF MARKA MÁ ÞÆR LÍNUR SEM LAGÐAR ERU Í HELSTU TÍSKUHÚSUM HEIMS.

Helstu fyrirsætur og stjörnur heims sjást í auknum mæli klæðast dragtarpilsum og buxum í þeirri sídd. Sniðin eru mismunandi og eru sum pilsin aðsniðin til að undirstrika mjaðmir á meðan önnur eru víðari og flaksa frjálslega um hnén. Stuttu pilsin sem nutu vinsælda í sumar virðast á undanhaldi, sem er ef til vill í eðlilegu samræmi við árstíðina.





# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Vetrarvertíð byrjar

Tvö tímabil ársins eru mikilvæg fyrir ilmvatnsframleiðendur. Vorið, þegar sumarið er fram undan með sól og sumaryl og neytendur „þurfa“ léttan ilm, og haustið vegna þess að þá hentar þyngri ilmur og jólagjafavertíðin er fram undan. Þá flæða líka á markaðinn ný ilmvötn sem auðvitað eiga heima í hverri snyrtitösku á sama tíma og þau eru þægileg lausn á jólagjöfum. Vandamálið er þó að ilmvatn er eitt af því persónulegasta sem hver og einn notar, háð smekk og því sem við teljum hæfa. Oft hefur fólk sagt við mig að Le male frá Gaultier eða Kenzo í bláu, hömruðu glerflöskunum lykti allt öðruvísi á mér en öðrum. Þannig breytist ilmurinn á húð hvers og eins sem flækir enn frekar málið. Það verður sömuleiðis að segjast eins og er að gæði ilmvatna eru misjöfn. Hver þekkir ekki dæmi um ilmvötn sem lifa stuttu lífi og eru því nokkurs konar stundarfyrirbrigði? Sem dæmi mætti nefna Lovely frá Söru Jessicu Parker, Intense Instinct sem David Beckham var að markaðssetja og Kylie Minogue sem er að senda sitt annað ilmvatn á markað. Áfram mætti telja. Meira að segja fínustu tískuhús vanda stundum lítið til verka. Til dæmis hefur komið fram í rannsóknum á ilmvötnum hér á landi að Jean-Paul Gaultier noti mikið af gerviefnum í sín ilmvötn sem auðvitað eru miklu ódýrari en ekta. Chanel aftur á móti notar mikið af náttúrulegum ilmefnum. Í vetur hafa tískuhúsin mörg hver verið að skipta um fyrirsætur sem eiga að ná til neytandans og tákna ímynd viðkomandi merkis, þar má nefna Dior og Lancôme.

Hinir þekktustu senda frá sér nýjan ilm eins og YSL með Elle. Aðrir endurvekja gamla slagara líkt og Hermès sem minnist með nýju ilmvatni annars vegar hinnar frægu Kelly-tösku sem var hönnuð árið 1930 og Grace af Mónakó gerði fræga og hins vegar ilmvatnsins Calèche sem var fyrst sett á markað árið 1964. Það var eftir að „nef“ Hermès, Jean-Claude Ellena, kom inn í leðurgeymslu þar sem skinn sem átti að nota í töskur voru geymd, að hann blandaði þennan ilm en skinnin höfðu verið lituð með viði sem ilmaði af blómum. Ilmurinn heitir einfaldlega Kelly Calèche.




Fyrir herrana er hægt að nefna tvær áhugaverðar ilmvatnstegundir sem eru móðins í dag. Tom Ford er ilmur sem hinn samnefndi fyrrum hönnuður Gucci og YSL framleiðir og Acqua Di Parma sem er ítalskur ilmur frá frægu ilmvatnsfyrirtæki og þykir mikil gæðaframleiðsla.

En svo eru þeir sem ekki vilja fylgja fjöldanum og hafa sínar hugmyndir um stíl og tísku og láta einfaldlega blanda sitt eigið ilmvatn. Nú eru sífellt fleiri sem velja þá leið. Það verður þó ekki lausn á jólagjöfinni í ár nema þá með gjafabréfi.

*bergb75@free.fr*



Blúnduna er hægt að hafa bæði á úlnlið og ökkla.

# Skemmtilegur skartgripur

***Gúmmíblúnda á úlnlið og ökkla.***



Þessi fallega gúmmíblúnda fæst í Verksmiðjunni á Skólavörðustíg 10.

Blúnduna er bæði hægt að fá á upphandlegg, úlnlið og ökkla og er til í mörgum mismunandi litum. Blúndan lífgar upp á hvaða klæðnað sem er og er til dæmis flott á hendur við ermalausa kjóla og eins á ökkla við stutt pils.

Rósa Helgadóttir, einn sex hönnuða Verksmiðjunnar, hannar blúnduna.

*- ve*





Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki




Guðrún tískuverslun
Rauðarárstígur 1 • sími 561-5077
opið laugardag 10:00-18:00
sunnudag 13:00-17:00




Rita
Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16
og Eddufelli 10 - 14
Opið sunnudag í Bæjarlind 13 - 16

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið




NÝTT MIRACLE TOUCH
LIQUID ILLUSION FOUNDATION
Kynning fimmtudag, föstudag og laugardag frá kl. 12-16 í Lyf & heilsu Kringlunni
Lyf & heilsa
Við hlustum!
www.medico.is



**Te** er gott að drekka til að fá yl í kroppinn auk þess sem það hefur oft ýmsa heilsubætandi eiginleika. Það fer hins vegar eftir tegundinni og hvers konar jurtir eru notaðar. Gott er að drekka te ef maður er með hálsbólgu eða kvef.



# Sólin veitir vörn

***Algeng orsök stækkaðs blöðruhálskirtils er skortur á D-vítamíni. Sólarljós eða lampi getur verið besta meðalið.***

„Skortur á D-vítamíni eykur áhættuna á stækkun blöðruhálskirtils,“ er haft eftir Jan-Erik Damber, prófessor við Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið í Gautaborg, í sænska Aftonbladet. Þetta segir hann að lokinni stórri rannsókn sem 3.000 karlmenn yfir sjötugt tóku þátt í. Þrjú hundruð þeirra gengust undir rannsókn á blöðruhálsi og niðurstöðurnar voru bornar saman við gildi D-vítamíns í blóðinu.

Góðkynja blöðruhálskirtilsstækkun var hægt að skýra í tuttugu prósentum tilvika með lágu D-vítamíngildi. Það virðist því mjög veigamikill þáttur. Í framhaldinu segir Jan-Erik að skoðað verði hvort hægt sé að meðhöndla góðkynja stækkun blöðruhálskirtils með því að auka D-vítamíngjöf. Einfaldast sé að gera það með því að hvetja menn til sólbaða, til dæmis með lömpum, en einnig komi töflur til greina. *- gun*




# Hollt og gott í hvert mál

***Haukur Magnússon setur hvítt brauð ekki inn fyrir sínar varir og hefur alltaf átt gnótt grænmetis og ávaxta í fórum sínum. Síðastliðin fjögur ár hefur hann setið við stýri Ávaxtabílsins, sem birtist fyrst á götunum fyrir eintóma hugsjón.***

„Ég hef alltaf verið hollustusælkeri, stundað líkamsrækt og verið meðvitaður um að misbjóða ekki líkama mínum með óhollri fæðu. Mér fannst vanta að geta gengið að hollum skyndibita á markaðnum svo ég stofnaði Ávaxtabílinn til að framkvæma það sem mig sjálfan vantaði í dagsins önn,“ segir Haukur, sem frá upphafi hefur fært út kvíar Ávaxtabílsins; nú síðast með hollum sælkeramáltíðum á Skeljungs- og Olísstöðvum höfuðborgarsvæðisins.

„Þetta byrjaði saklaust eftir galsafengna hugmynd sem ég losnaði ekki við eftir samtal við félaga minn um ávaxtaheildsölu til fyrirtækja, en á hans vinnustað voru jafnan pantaðir ávextir og grænmeti í miklu magni. Við veltum fyrir okkur hví ekki væri sama í boði fyrir minni fyrirtæki því heildsölurnar seldu svo stórar pakkningar,“ segir Haukur, sem í kjölfarið þótti tefla djarft þegar hann hóf heimsendingar með minni skammta af sælgæti náttúrunnar.

„Ég hélt samt ótrauður af stað með óunna ávexti og grænmeti og fór fljótlega að skera þá niður í glös sem hentugt millimálasnakk með aukinni dreifingu í matvöruverslanir. Ekki höfðu nú allir trú á þessu, en Ávaxtabíllinn er kominn til að vera og enn erum við að færa út kvíarnar, nú síðast með hollustupasta- og salatréttum, brauðréttum og ávaxtaskyrdrykkjum þar sem ekkert er til sparað í gæðum og góðmeti,“ segir Haukur, sem í samvinnu við Gæðabakstur lætur baka fyrir sig þétt, trefjamikið og grófkorna brauð, ásamt því að setja í rétti sína lífrænt heilhveitipasta, úrvals grænmeti og ávexti, osta og kjúklingakjöt.




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukur Magnússon framkvæmdastjóri Ávaxtabílsins, með fangið fullt af gómsætri hollustu. Þegar landsmenn hafa fengið fylli sína af jólagóðgætinu munu hillur verslana svigna undan heilnæmum og ljúffengum hollustumáltíðum Ávaxtabílsins.



„Með þessu förum við inn á markað sem enginn hefur sinnt hingað til, undir merkjum okkar; Ávaxtabíllinn og Fit Food. Við viljum kenna fólki að fleiri valkostir bjóðast í skyndibita en hvítar majónessamlokur og sykur í eftirrétt. Þegar fólk sér merki Ávaxtabílsins getur það verið visst um að varan er í lagi og ekkert blöff í gangi; við notum engar transfitur eða varasöm gervisætuefni; eingöngu náttúrulega og holla fæðu,“ segir Haukur, sem eftir jólagleðina ætlar að markaðssetja hollustumáltíðir sínar í matvöruverslunum og fleiri útsölustöðum. *thordis@frettabladid.is*



**Stólar** eru nauðsynlegir og setja mikinn svip á umhverfi sitt. Á hverju heimili er til uppáhaldsstóll sem gott er að sitja í, slaka á og láta hugann reika.





Plastkassar í hillurnar fást af ýmsum stærðum og gerðum í Ísold og gera skipulag geymslunnar og bílskúrsins enn auðveldara.

# Endalausir möguleikar

***Á þessum árstíma eru margir að undirbúa heimili sín fyrir jólahaldið og geymslurnar fyllast af dóti. Kristinn Gestsson, framkvæmdastjóri Ísoldar ehf., hefur lausnirnar á hreinu fyrir þá sem vantar betra skipulag á geymsluna eða bílskúrinn.***



Kristinn Gestsson, framkvæmdastjóri Ísoldar ehf., segir hillukerfin frá Metalsistem hafa notið mikilla vinsælda frá því fyrirtækið hóf innflutning á þeim árið 1996.

Kristinn segir Ísold hafa flutt inn hillukerfi frá Metalsistem á Ítalíu allt frá árinu 1996 og vinsældir vörunnar hafi farið sívaxandi síðan. „Það sem gerir hillukerfið svona vinsælt er annars vegar að það býður upp á nánast óendanlega möguleika í samsetningu og hins vegar hversu auðvelt er að smella því saman,“ segir Kristinn og bendir á að hillurnar séu skrúfufríar því þeim sé smellt saman á einfaldan hátt. „Hillurnar eru úr afskaplega léttu stáli og allir gaflar eru samsettir fyrirfram sem gerir eftirleikinn auðveldan,“ bætir Kristinn við og nefnir sem dæmi um notkunarmöguleika hillukerfisins að nokkrum sinnum hafa verið hannaðar heilu eldhúsinnréttingarnar úr því.

Kristinn segir burðargetu hillnanna geysilega mikla og eins sé hægt að fá ýmsar stærðir og aukahluti. „Við erum með útdraganlegar skúffur, hólf, fataslár, skilrúmsplötur og fleira sem hægt er að setja inn í hillukerfið auk vinnuborðs og verkfæraplatna til að hengja á verkfæri og slíkt,“ segir Kristinn en starfsfólk Ísoldar veitir einstaklingum og fyrirtækjum ráðgjöf um skipulag og uppsetningu á hillukerfunum. „Annað hvort kemur fólk þá til okkar með skissur sem við hönnum upp úr eða að við förum á staðinn og veitum ráðgjöf um hvað hentar í hverju rými fyrir sig,“ segir hann og tekur fram að fyrir einstaklinga séu hillukerfin vinsælust í geymslur og bílskúra. „Svo setjum við mjög mikið af hillum inn í sendiferðabíla af öllum stærðum og erum þegar búnir að setja slíkar hillur í vel á annað þúsund bíla.



Hillukerfin bjóða upp á endalausa möguleika á samsetningum og hægt er að fá fjölda aukahluta inn í hillurnar eins og vinnuborð, skúffur, fataslár og plastkassa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það tekur stuttan tíma að setja hillurnar upp og hefur komið mjög vel út enda sniðið að þörfum hvers og eins.“

Loks segir Kristinn að Ísold bjóði upp á ýmislegt fleira en hillukerfi fyrir fyrirtæki og nefnir sem dæmi vinnustaða-, skóla- og skjalaskápa sem hafa notið gríðarlegra vinsælda og milligólf með stiga og handriðum sem eru þá sniðin að hverju húsnæði fyrir sig. „Eins höfum við verið með heilmikið úrval af innréttingum fyrir verslanir eins og panelinnréttingar sem hægt er að festa á pinna, plasthillur, tréhillur og margt fleira,“ segir Kristinn.

*sigridurh@frettabladid.is*


HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:

**Leðursófasett** áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

**Hornsófar** tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

**Hornsófar** leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Auglýsingasími 512 50 50
– Mest lesið



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



VILLEROY & BOCH / KRINGLUNNI / 533 1919

GÓMSÆTAR OG GIRNILEGAR BRAUÐKÖKUR FRÁ PANETTONI





# KOMIÐ Í VERSLANIR!

Sölutímabil 5. - 19. desember



Markmiðið með sölunni er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA - www.slf.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


# smáralind og nágrenni


FIMMTUDAGUR 6. DESEMBER 2007





FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




GLERAUGU ERU SKART!

- SJÓNMÆLINGAR
- STÍLISTARÁÐGJÖF
- GJAFAKORT

Tímapantanir 528 8500

Optical Studio
SMÁRALIND

# Gott gegn jólastressi

Nú styttist óðum í jólin og því vel við hæfi að láta flikka aðeins upp á sig til að líta sem best út. Í Hygeu í Smáralind er boðið upp á alls kyns húðmeðferðir í sérlegri snyrtistofu verslunarinnar, sem að sögn Helgu Óladóttur snyrtifræðings virka sumar hverjar vel gegn jólastressinu í desember.

„Ég myndi segja að það væri rosalega gott að fara í ilmolíumeðferðir, þær róa mann niður og eru sérstaklega góðar í öllu stressinu," segir Helga. „Ég myndi helst mæla með þeim, nema viðkomandi leiti sérstaklega eftir einhverri styrkingu. Þá er mjög gott að fara í Hydradermielift."

Hydradermielift er ein fjölmargra meðferða sem boðið er upp á í Hygeu en um er að ræða andlitslyftingu sem byggist á vöðva- og sogæðaörvun, ásamt andlits- og herðanuddi. „Vöðvaörvunin styrkir andlits- og hálsvöðva og húðin verður sléttari, stinnari og frísklegri," segir Helga. „Sogæðaörvunin eykur líka úrgangsefnalosun húðvefja og dregur úr þrota og baugum. Frumurnar endurnýjast."

Munurinn er mikill eftir aðeins fjóra tíma að sögn Helgu, sem bætir við að árangur náist þó misfljótt háð ástandi hvers og eins. Sumir séu með svo stinna og slétta húð að þeim nægi jafnvel að mæta einu sinni, á meðan aðrir þurfi að koma oftar en fjórum sinnum til að meðferðin beri árangur.

Þess má geta að frá því að stofan var opnuð fyrir tæpum tveimur árum hafa konur verið duglegar að prófa þær ólíku meðferðir sem þar eru í boði og þá eru karlar í sívaxandi mæli farnir að nýta sér þjónustuna.

„Þeir fara nú oftast í andlitsböð, með nuddi og hreinsun," segir Helga. „Þá eru andlit, axlir og bringan nudduð. Svo er húðin hreinsuð með ilmolíumeðferð. Það er andlitsmeðferð sem felst í mjög þægilegu nuddi og styrkir höfuð og húð. Gott bæði fyrir karla og konur."

Nánari upplýsingar um Hygeu á vefsíðu Smáralindar, www.smaralind.is.

- rve



Boðið er upp á alls kyns meðferðir í Hygeu, meðal annars róandi ilmolíumeðferðir og andlitslyftingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Snyrtistofa var opnuð í versluninni Hygeu fyrir tæpum tveimur árum þar sem nú er hægt að kaupa snyrtivörur og prófa alls kyns meðferðir.



Börnin geta sprellað á meðan foreldrarnir versla áhyggjulausir. Foreldrarnir geta líka tekið þátt þar sem tækin þola líka fullorðna einstaklinga.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skemmtistaður fyrir börn

Veröldin okkar í Smáralind er sannkallaður sælureitur fyrir smáfólkið.

Veröldin okkar er afdrep í verslunarmiðstöðinni Smáralind þar sem börn koma saman til að leika sér, hoppa, klifra, dansa og syngja. Þá er Veröldin okkar hugsuð sem staður þar sem foreldrar geta geymt börnin sín á meðan þeir versla. Báðir aðilar njóta góðs af. Foreldrar eru lausir við suðið í börnunum og börnin geta sprellað áhyggjulaus í þrefaldri rennibraut eða hoppað á trampólíni, enda segir sagan að Veröldin okkar sé full af gleði og hamingjusömum börnum.

„Börnin geta verið hjá okkur að hámarki tvo tíma, og þau eru á aldrinum frá þriggja til tólf. Foreldrar passa vel upp á að skilja þau ekki eftir lengur en þau eiga að vera. Stundum kaupa þeir sér sjálfir hálftíma og eru með börnunum sínum," segir Guðbjörg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Veraldarinnar okkar.

Vel er passað upp á börnin, að þau hvorki meiði sig né sleppi út. Þau eru sett í sérstök vesti með ísaumaðri þjófavarnarþynnu þannig að ef barn reynir að læðast út um hliðið fer allt að pípa. Foreldrar geta því verslað áhyggjulausir.

Á staðnum er einnig rólegt hvíldarherbergi fyrir börn sem hafa fengið of stóran skammt af gleði og ærslum. Þegar þreyta sígur yfir litla kroppa geta þeir líka fengið sér trúðaís og kókómjólk sem veitir þeim auka orku til að leika sér meira í foreldraheldum leiktækjunum. Leiktækin eru svo sterk að þau þola fullorðna einstaklinga og mega forráðamenn fá sér snúning að hætti ungdómsins ef þeir vilja.

Þá er boðið upp á ýmsa þjónustu á staðnum og gefst foreldrum og öðrum forráðamönnum að halda þar afmælisveislu fyrir smáfólkið. „Hérna eru haldin afmæli á hverjum degi og geta verið fimm til sjö afmæli yfir helgi," segir Guðbjörg og bætir við að á þriðjudögum hittist síðan sérstakir tvíburahópar á staðnum.

- nrg





# Indversk matreiðsla í Hlíðasmára

**Fyrir rúmlega ári opnaði Austur-Indíafélagið veitingastað í Hlíðasmára 8 í Kópavogi til viðbótar við þann sem er á Hverfisgötu. Kokkarnir eru frá Indlandi og komu hingað til lands sérstaklega til að elda mat handa landanum.**

„Það gengur bara mjög vel hjá okkur," segir Pato, rekstrarstjóri Austur-Indíafélagsins í Kópavogi, um gengi staðarins.

„Frægustu indversku réttirnir eru tandoori- og tikka masala-kjúklingur. Á Indlandi er mikil kryddhefð vegna þess að upphaflega var kryddið ekki einungis notað til að gera matinn betri, heldur til að hann geymdist lengur. Þá voru auðvitað engir ísskápar til. Á Suður-Indlandi er maturinn kryddaður meira en í norðrinu, en svo er mismunandi hve mikið menn nota kókosmjólkina til að hafa jafnvægi," segir Pato og bætir við að indversk matargerð hafi orðið fyrir miklum áhrifum héðan og þaðan, meðal annars frá Portúgal.

Flest allt hráefnið í indversku réttina er hægt að fá hér á landi, en sumt þarf að sérpanta frá útlöndum.

Eftirfarandi er uppskrift að tandoorikjúklingi sem eflaust er æði gómsætur.

**Tandoori Murgh**
*Marineraður grillaður kjúklingur*
*Skammtur handa fjórum:*

2 húðlausir kjúklingar, hvor um sig um 1 kg
safi af einni sítrónu
salt, eftir smekk
skorinn laukur og sítrónusneiðar til skrauts

**Tandoori-kryddlögur:**
750 ml/3 bollar af jógúrt
2 msk. ólífuolía
1 tsk. engifer- og hvítlaukspestó
1 tsk. rautt kasmír-chilli eða cayenne pipar
2 tsk. malaður kóriander
2 tsk. garam masala
1 tsk. turmeric
1 tsk. malaður hvítur pipar



Tandoori-kjúklingur er einn vinsælasti réttur á Indlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gerið skurði þvert yfir kjúklinginn. Nuddið sítrónusafa og salti í og látið bíða í 10 mín. Á meðan er kryddlögurinn lagaður. Setjið jógúrt í glerskál og hrærið afgangnum af uppskriftinni út í. Bætið kjúklingabitunum út í, blandið vel og látið marinera í 6 tíma við stofuhita eða í 12 tíma í ísskáp.

Að því loknu er ofninn forhitaður upp í 230° C og stillið á grill. Einnig má grilla kjúklinginn á útigrilli.

Skreytið með hráum lauk, sítrónusneiðum og berið fram með salati, hrísgrjónum og jógúrtsalati.

- nrg


Jólagleði
6.209 kr.
5.799 kr.
Clarins dekurtöskur
fyrir dömur og herra á öllum aldri.
frá 1.849 kr.
Van Gils - Between Sheets
Edt. 30 ml, sturtusápa 100 ml fylgir frítt með.
2.029 kr.
Naomi Campell Cat At Night
Edt.15 ml, sturtugel 50 ml, body lotion 50 ml.
2.098 kr.
Puma - I´m going - dömu
Edt. 20 ml, sturtugel 50 ml, bodylotion 50 ml.
1.589 kr.
Maybelline
Define-a-lash maskari sem lagar sig vel að sveigðu lagi augnháranna og aðskilur þau vel.
Kaupauki: augnhárabrettari og augnblýantur.
Levante
Vekja eftirtekt.
1.909 kr.
Boss skinn
Sturtusápa 200 ml, deo stick fylgir frítt með.
LYFJA BÓKIN
JÓLABÓKIN Í ÁR
Handbók um lyf á Íslandi - þarfaþing á hverju heimili.
GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM
Komdu og skoðaðu
frábært úrval af jólagjöfum.
Fallegur gjafapoki fylgir gjafavörum.
Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður
www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil

# Í hæstu hæðum í Kópavogi

**Glerturninn á Smáratorgi í Kópavogi rís hratt. Byggingin er þegar búin að teygja sig allar tuttugu hæðirnar upp í loft og verður hæsta bygging á Íslandi, 77,9 m, eða rúmum þremur metrum hærri en Hallgrímskirkjuturn.**

„Það er þegar búið að opna tvær verslanir á fyrstu hæðinni og búið að steypa upp turninn og verið er að glerja efstu hæðina," segir Ólafur Hermannsson byggingatæknifræðingur en hann er verkefnisstjóri yfir framkvæmdinni. Hann bætir við að verið sé að innrétta þær tíu hæðir sem þegar er búið að leigja út og verða átta hæðir teknar í notkun um og eftir áramótin.

Verkið hefur að sögn Ólafs gengið vel og áætlanir standast nokkurn veginn. „Já, þetta hefur gengið ágætlega, við höfum þó lent í vandræðum vegna veðráttu síðustu mánuðina því við erum að vinna þarna hátt uppi og það hefur tafið okkur svolítið. Það eru áform um að búið verði að glerja turninn um miðjan desember og þá verður farið að innrétta veitingastaðinn á tveimur efstu hæðunum. Hann verður þá opnaður upp úr miðjum janúar," segir Ólafur.

„Það eru nokkur atriði sem gera þetta nokkuð sérstaka byggingu. Í fyrsta lagi erum við með svokallaða náttúrulega loftræstingu sem er tölvustýrðir gluggar sem taka við boðum frá veðurstöð uppi á þaki. Þessu er öllu stjórnað af tölvu sem segir hverjum glugga hvað hann á að gera, hvort hann eigi að opna mikið eða lítið, en með þessu eru menn að spara sér töluverðan kostnað við loftræstikerfi og eins er þetta umhverfisvænt," útskýrir Ólafur og nefnir fleiri tækninýjungar sem verða í turninum. Meðal annars eru háhraða lyftur sem fara fjóra metra á sekúndu, en venjulegar lyftur fara 1,6 metra á sekúndu, og á ferðin alla leið upp að taka tuttugu sekúndur. „Það má búast við því að fá hellur fyrir eyrun þegar maður er á fullri ferð en þetta á nú að vera þannig að menn finni ekki fyrir óþægindum," segir hann.



Ástþór Atli Haraldsson og Árni Kópsson bora fyrir undirstöðum fyrir brú yfir Fífuhvammsveg við Smáralind.

Húsið er byggt til að standast íslenskt veður og vinda og vel er hugað að öryggismálum. Ein af lyftunum er sérútbúin þannig að slökkviliðið getur yfirtekið stjórnina á henni, handstýrt henni af jörðu niðri.

Ólafur segist lítið hafa orðið var við óánægjuraddir vegna þessa háa turns en segist frekar finna fyrir spenningi hjá fólki vegna framkvæmdanna og vandalaust hafi verið að finna leigjendur í bygginguna. Aðeins fimm hæðir eru óleigðar, menn líta á þetta sem eftirsóttan vinnustað og þetta eru stór og öflug fyrirtæki sem eru búin að leigja sér þarna hæðir og vilja vera á góðum stað." Hann bætir því við að eftir að full starfsemi hefjist í húsinu geti þessi vinnustaður talið í kringum 800 manns en um það bil 150 manns hafa unnið við sjálfa bygginguna undanfarna mánuði. *- rt*



Glerturninn teygir sig upp yfir Smáratorg í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Opið um jólin

**AFGREIÐSLUTÍMI SMÁRALINDAR UM JÓLIN**

*Frá og með morgundeginum, 7. desember, og til jóla, verður opið alla daga til klukkan 22..*

Laugardaginn 22. desember frá 10–22
Sunnudaginn 23. desember frá 10–23
Mánudaginn 24. desember frá 10–13
Mánudaginn 31. desember frá 10–13

*Fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag, 27. til 30. desember, er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma Smáralindar.*

**VÍNBÚÐIN Í SMÁRALIND VERÐUR OPIN LENGUR FRÁ 20. DESEMBER.**

Fimmtudaginn 20. des. frá 11–20
Föstudaginn 21. des. frá 11–20
Laugardaginn 22. des. frá 11–22
Sunnudaginn 23. des.
Þorláksmessa, LOKAÐ
Mánudaginn 24. des. frá 10–13
Þriðjudaginn 25. des. LOKAÐ
Miðvikudaginn 26. des. LOKAÐ
Fimmtudaginn 27. des. frá 11–18
Föstudaginn 28. des. frá 11–20
Laugardaginn 29. des. frá 11–22
Sunnudaginn 30. des. LOKAÐ
Mánudaginn 31. des. frá 10–14



**Verslanir eru opnar mun lengur um jólin.**

**● STÆRRI OG ÞÆGILEGRI STÆÐI**

Bílar landans verða ávallt stærri, og venjuleg bílastæði sem eru um 2,5 metrar að breidd virðast stundum ekki duga. Forsvarsmenn Smáralindar hafa brugðist við með því að stækka hluta bílastæða við verslunarmiðstöðina en við suðurenda Smáralindar, nánar tiltekið við Debenhams, eru um 400 bílastæði sem eru þrír metrar að breidd.

Stæðin eru merkt með gulum línum og getur hver sem er lagt í stæðin endurgjaldslaust. Líklega mun þetta koma sér vel fyrir barnafólk, fólk á jeppum og stórum bílum og þá sem vilja geta opnað hurðirnar vel til að koma innkaupapokunum fyrir á þægilegan máta.

Í framtíðinni verður stefnt að því að stækka öll bílastæði við Smáralind til að auka þægindi viðskiptavina.



HIN EINA SANNA

# RISA *lager* ÚTSALA






## HÖFÐABAKKA 9

**Opið virka daga 12-18**
**laugardaga og sunnudaga 12-16**



Barnafatnaður
Stakir jakkar
Jakkaföt
Frakkar
Skyrtur
Buxur
Bindi
Bolir
Peysur
Kápur

Nærfatnaður
Vettlingar
Hanskar
Blússur
Toppar
Sokkar
Kjólar
Treflar
Húfur
Pils

**700,- kr.**

# Jólanáttföt

**á mömmu, pabba og börnin**
flónelsnáttföt í öllum stærðum og ótal útfærslum

VORUM AÐ TAKA UPP MIKIÐ AF JÓLAVÖRUM. JÓLADÚKUM OG JÓLAHANDKLÆÐUM



*Fatnaður á alla fjölskylduna*
*Fylltu fataskápinn fyrir smápeninga!*

Öll jakkaföt **4.900,-**

Stakir jakkar **3.900,-**

**Bættu við 1.000,- krónum**
og þú færð skyrtu og bindi af eigin vali með!









Vetrargarðurinn í Smáralind breytist í sannkallaða ævintýraveröld þegar Örn Árnason og Björgvin Franz stíga þar á svið, en þeir halda utan um sérstaka jólasýningu sem góður rómur hefur verið gerður að.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rotta bakar piparkökur

**Örn Árnason og Björgvin Franz halda uppi fjörinu í Vetrargarðinum í Smáralind.**

Fram að jólum verður mikið hopp og hí í Vetrargarðinum í Smáralind. Klukkan tvö um helgar og fimm á fimmtudögum og föstudögum munu leikararnir Örn Árnason og Björgvin Franz sjá um sannkölluð jólaævintýri til að skemmta gestum og gangandi, eða Jólakabarett eins og Örn kýs að kalla það.

„Við sáum um þessa sýningu í fyrra og hittifyrra,“ segir hann. „Þarna setjum við upp ævintýrið um Trölla sem stelur jólunum, Númi úr Spaugstofunni birtist á myndbandi, við kíkjum á verkstæði jólasveinanna og svo kemur bakarameistari frá Danmörku. Hann er reyndar rotta og kemur til með að baka piparkökur og svona. Svo er lítið ballettævintýri og þá munu Hara-systur frá Hveragerði, sem gerðu garðinn frægan í Ædol síðastliðið vor, syngja dálítið fyrir okkur líka.“

Að lokinni sýningunni, sem er um klukkutími að lengd, koma tveir jólasveinar til að sitja fyrir hjá fólki sem vill taka myndir af þeim með börnunum við jólatréð. Aðgangur er gjaldfrjáls og hafa einhverjir gert góðan róm að sýningunni.

„Það mun allt mögulegt bera fyrir sjónir og mikil tónlist óma, svo það leiðist engum hvort sem hann er gamall eða ungur. Nú, ef mönnum leiðist þá fara þeir bara, ef það er gaman þá sitja þeir til enda,“ segir Örn og hlær þeim smitandi hlátri sem flestir landsmenn þekkja.

*- nrg*





Bella 600 Twin kr. 3.219.000.

# Nú eru jólabátadagar!

ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR

Dagana 6.-8. desember eru jólabátadagar hjá R. Sigmundssyni, frábær tilboð á bátum, mótorum og þurrgöllum af lager. Þessi tilboð verða ekki endurtekin og kynntu þér kjörin á mánaðarlegum raðgreiðslum. Opið er virka daga frá 8 til 18 og laugardaga 10 til 16.



Quicksilver gúmmíbátar 25% afsláttur.



Flipper 630DC kr. 4.341.000.



Terhi árabátar 25% afsláttur.



Bayliner F17 kr. 2.499.000.




Mercury mótorar 25% afsláttur.



Terhi mótorbátar 25% afsláttur.



Arvor 215AS kr. 3.826.000.



Bayliner 185 kr. 2.970.000.

R. SIGMUNDSSON

R. SIGMUNDSSON EHF. | KLETTAGÖRÐUM 25 | OPIÐ MÁN til FÖS 8 -18 & LAU 10-16 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | RS.IS







Allt í kringum Smáralind eru fjölmörg bílastæði. Renndu bílnum þínum inn í stærra og rúmbetra LÚXUS-stæði við Debenhams og þú færð þægilegra aðgengi að jólalegustu verslunarmiðstöð landsins.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21,** fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

## HEIMILIÐ

### Húsgögn




Til sölu Lazy Boy svefnsófi, litur vel út. Uppl. í s. 892 7151.

### Fatnaður



Af sérstökum ástæðum er til sölu á einstaklega góðu verði skósíður minkapels stærð M (38-40). Upplýsingar í síma 843 7811 eftir kl. 17.

### Barnavörur

Til sölu góður barnavagn. Kostaði nýr 64 þús. Rúm og hókus pókus stóll. Fæst allt á 28 þús. Uppl. í s. 694 2329.

### Dýrahald



BESTA VERÐIÐ Á HUNDABÚRUM OG BÆLUM Á ISLANDI SAMA VERÐ OG Í BANDARÍKJUNUM SKOÐIÐ ÞAÐ HÉR WWW.LIBA.IS

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Til sölu sharpei-strákur, algjör gullmoli, ljúfur og góður. Hvolpurinn er undan margverðlaunuðum hundum, örmerktur, bólusettur, skráður í HRFÍ og tilbúinn til afhendingar. Aðeins 1 eftir ! Uppl. Guðrún 821-9262.

Vill einhver góður bjarga og eiga yndislega og fallega tveggja ára kisu. Uppl. í síma 869 5758 Sigríður.

Vegna neyðarástands er ófrísk læða gefins inná nýtt, gott heimili. Uppl. í s. 898 7878.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

Nokkrir góðir barnahestar til sölu. Uppl. í s. 662 1060.

### Ýmislegt

Hjólagrind fyrir tvö reiðhjól. Festist á dráttarkúlu bílsins. Sími 861 9204, verð kr 4000.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu stór 2ja herb. íbúð. 90 fm í Háaleitishverfi á jarðhæð. Frekari upplýsingar gefur Ólafur í síma 899 8477

80 fm 3 herb. íbúð til leigu á Völlum Hfj. frá 1.jan 140.000. S. 692 4828.

4 herb. 100 fm íbúð á besta stað í Grafarvogi, 2. hæð sér inng. Laus STRAX. Uppl. í síma 694 2109 og 895 6935.

Glæsileg 85 fm Sjávaríbúð í Garðabæ. m. húsg. og tækjum V. 150 þ. m. hússj. og hita. Bankatr. 300 þ. Laus strax. Reykleysi og reglusemi skilyrði. S. 693 0221.

Til leigu íbúð í 101 Miðbæ Rvk. Íbúðin eru tæpir 100 fm. - 3 til 4 herbergja og leigist til langtíma - Laus strax. Áhugasamir hafi samb - agirb@simnet.is

Herbergi í 101. Sameiginlegt eldhús, WC, þvottav. + þurrkari. TV tengill + ADSL mögul. Ekki fyrir 2. Verð 51 þ. S. 823 2937.

**Laus strax!**
Flott 3ja herb. 114 fm íbúð í Fossvoginum. Leigist á 170 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**3ja herb. íbúð m. húsgögnum**
Mjög rúmgóð 72 fm íbúð. Fullbúin öllum húsgögnum. Leiga 150 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Til leigu á Arnarnesi**
Falleg og rúmgóð 3ja herb. neðri sérhæð. Íbúðin er 121,6 fm með innbyggðum bílskúr 18,3 fm, samtals 139,9 fm. Leigist á 190 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096.

### Húsnæði óskast

34 ára fráskilin faðir með háskólamenntun óskar e. leigu á studio eða lítilli 2 herb. íbúð til lengri eða skemmri tíma. Snyrtilegur, skilvís og fer vel með. Uppl. hjá Gunnari s. 861 5777.

Tveir einstaklingar óska eftir 3 herb. íbúð sem fyrst. Meðmæli ef óskað er. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 698 7018 & 867 3652.

Óska eftir lítilli íbúð til leigu í Reykjavík. Uppl. í s. 895 6056.

**Einstaklingsíbúð óskast**
Reglusamur, reyklaus einstaklingur óskar eftir íbúð strax. Flest kemur til greina miðsvæðis. Er í traustri vinnu, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 50-60 þús. Áhugasamur hafið samband í síma 692 5607 Oddur.

### Atvinnuhúsnæði

210 fm iðnaðarhúsnæði við Skemmuveg til leigu, góð lofthæð. Laust strax. Uppl. í s. 898 0206.

Iðnaðarhúsnæði óskast. 30-120 fm. S. 692 6365.

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg.**
**Upplýsingar í síma 820 7370.**

**Kornið Langarima.**
Kornið óskar eftir starfsfólki í Langarima. Vinnutími frá kl. 13-18:30 virka daga. Góð laun í boði. Upplýsingar í s, 864 1593 Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið óskar eftir helgarstarfsfólki í nýju verslun okkar í Keflavík á Fitjum. Góð laun í boði. Upplýsingar í s. 864 1593, Ella.

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 5:30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Bílstjóri - Lagermaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða bílstjóra sem einnig sinnir lagerstörfum. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 20 ára. Góð ÍSLENSKUKUNNÁTTA og kurteisi skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 Á SKRIFSTOFUTÍMA. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

## SKEMMTANIR

**Jóli.is**
**Syngjandi kátir jólasveinar með nikku og gítar.**
**Álfar og tröll, Grýla og leppalúði og fjöldinn allur af þekktum söngvurum, tónlistarfólki og skemmtikröftum..**
**Allir með bros á vör, tilbúnir að skemmta þér og þínum.**
Hafið samband við eina elstu og reyndustu jólasveina og skemmtanaþjónustu landsins.



S. 824 3677
joli@joli.is
Geymið auglýsinguna.

## ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti?**
**Þá er þetta rétti tíminn!**



**Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon.**
**Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.**
**Erum með glæsileg og spennandi opnunartilboð sem gilda til 15. desember:**

Gel á táneglur, verð 4.900 kr.
Dag og kvöldförðun, verð 3.500 kr.
Litun og plokkun, verð 2.900 kr.
Ásetning á neglur, verð 5.000 kr.
Lagfæring neglur, verð 3.500 kr.

**Opnunartilboð á nuddstofu: Allar tegundir nudds með 10% afslætti til 15. des.**

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Kínverskt fótanudd
Almennt heilsunudd
Sími 444-4085 / 862-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud. - föstud. frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard. frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 862-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

## TIL SÖLU

***Skata, siginn fiskur, humar og ferskur fiskur***

Fiskbúðin Lækjargötu
Fiskbúðin Lækjargötu 34b Hafnarfirði

**Euroconforto**
Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi



***Hlý og þægileg jólagjöf***
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.700

**Útsölustaðir:** Valmiki Kringlunni, Euroskór Firðinum, Nína Akranesi, Heimahornið Stykkishólmi, Mössubúð Akureyri, Kóda Keflavík, Töff föt Húsavík, Xena Glæsibæ - Mjódd - Spöngin - Borgarnes.

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir helgarstarfsmönnum í hreinlætistækjadeild í verslun Húsasmiðjunnar Grafarholti. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan**
**Óskum eftir helgarstarfsmönnum í raflagnadeild í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti. Upplýsingar í síma 664 3624.**

**Vegamót**
**Veitingahúsið Vegamót óskar eftir uppvaskara í eldhús. Upplýsingar á staðnum eða senda fyrirspurnir á: vegamot@vegamot.is**

Tapasbarinn óskar eftir skemmtilegum þjónum í hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum, alla daga, milli kl. 14 og 18.

Vantar starfskraft í kvöldvinnu og helgarvinnu. Einnig vantar pizzubakara. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Viltu vinna vaktavinnu?**
**Viltu vinna með skóla ?**
Hlöllabátar Þórðarhöfða óskar eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Uppl. í s. 892 9846.

Vélarvörð og vanan háseta vantar á 160 tonna netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 699 6519 & 852 0789.

**HENDUR.IS**
Vantar starfsfólk í jólavertíðinni??? Hjá okkur er fjöldi fólks á skrá. Uppl. á www.hendur.is

Vantar fólk í vinnu við þakpappalagnir. Fullt starf. Helst ísl. mælandi. Uppl. í s. 849 3106.

## Atvinna óskast

43 ára fjölskyldumaður óska eftir aukavinnu á kvöldin og um helgar td. málningavinnu, útkeyrslu, þrif, afgreiðslu eða pökkun. Uppl. í s. 847 5083.

Vanur neta- og línusjómaður óskar eftir plássi. S. 869 4800.

Næst besti starfskraftur norðan Alpafjalla var að losna. Var lagerstjóri og sölumaður. Nú er tækifærið. S. 822 7968, Þórmundur.

53 ára kk óskar eftir framtíðarstarfi frá og með áramótum á smávörulager eða létt samsvarandi starf. S. 867 1400.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Lagersala lagersala hefst í dag kl. 13-21. á Kleppsmýravegi 8. 104 R. Mikið mikið magn af prinsessukjólum, allar stærðir eitt verð 2000 kr. Mikið mikið magn af kjólfötum og smoking, eitt verð 3000 kr. Mikið mikið magn af skírnarkjólum, eitt verð 3000 kr. Mikið af stelpuskóm, eitt verð 500 kr. Sokkar, lindarstlaufur ofl. ofl.

## Einkamál

Konur! 45 ára heiðarlegur, einlægur karlmaður óskar eftir nánum kynnum með sambúð í huga. Svör sendist til Fréttablaðsins með nafni og síma merkt „1527"

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Sölumaður

**Okkur hjá Ferskum Kjötvörum vantar hressan og dugmikinn starfsmann í söludeild okkar.**

**Nánari upplýsingar veitir Leifur í s: 6606330 eða Ingibjörn s:6606320**

FERSKAR KJÖTVÖRUR



Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Ný jarðgöng undir Hvalfjörð, Reykjavík og Hvalfjarðarsveit**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **4. janúar 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## Úr aðventu og jóladagskrá Fríkirkjunnar í Reykjavík



**9.12. 14:00** Annar sunnudagur í aðventu - Barnaguðsþjónusta

**20:00** Aðventukvöld Fríkirkjunnar - ræðumaður er Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn. Lögreglukórinn kemur í heimsókn og syngur. Síðan sjá Anna Sigríður Helgadóttir og Carl Möller um tónlistarflutning af sinni alkunnu snilld.

**16.12. 14:00** Þriðji sunnudagur í aðventu - Jólatrés skemmtun - hefst í kirkjunni með stuttri helgi stund en mun svo halda áfram í safnaðarheimilinu og fjör færist í leikinn. Dansað í hring um jólatréð og jólasveinninn kemur í heimsókn með góðar gjafir.

**17:00** Heilunarguðsþjónusta. Á vegum Sálarransóknar félags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.

**20.00** Tónleikar til styrktar "Fjölskylduhjálpinni". Á vegum Kirkjukórs Lágafellssóknar og Jónasar Þóris. Fjöldi landsfrægra gesta koma fram. Miðaverð 1.500 kr.

**21.12. 21.00** Aðventuvaka Öllu, Ásu og Önnu Siggu.

**23.12. 14:00** Fjórði sunnudagur í aðventu - Aðventustund. Barn borið til skírnar. Börnum færðar gjafir.

**24.12. 18:00** Aftansöngur aðfangadagskvöld.

**24.12. 23:30** Miðnæturguðsþjónusta með Páli Óskari og Moniku.

**25.12. 14:00** Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.

**Sjá frekar á frikirkjan.is**

## Nökkvavogur 36
104 Reykjavík
Sjarmerandi íbúð á góðum stað !

**Stærð: 65,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1948**
**Brunabótamat: 9.190.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind




**Opið hús í dag á milli kl 18 og 18:30**

**Verð: 20.200.000**

Góð 4ra herbergja risíbúð með suðaustur svölum, sem ekki eru inní fermetrafjölda íbúðar. Sameiginlegur inngangur með miðhæð. Íbúðin skiptist í hol/gang, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Fallegar gólffjalir eru á allri íbúðinni, nema á baði eru ljósar flísar. Manngengt geymsluris er yfir allri íbúðinni. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Inngangur er sameiginlegur með íbúð á 1. hæð. Komið er inn í hol/gang. Þrjú svefnherbergi. Stofa með útgengi á suðursvalir. Laus strax.



Anna Karen
Sölufulltrúi
**862 1109**
annaks@remax.is

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Digranesheiði 41
200 Kópavogur
Frábært útsýni!

**Stærð: 91,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1967**
**Brunabótamat: 13.250.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind




**Opið hús í dag á milli kl 18 og 18:30**

**Verð: 23.900.000**

Íbúð á efri sér hæð með sér inngangi í tvíbýli efst í suðurhlíðum kópavogs. Fallegt útsýni af góðum suður-svölum. Anddyri er á neðri hæð hússins en þaðan er gengið upp í íbúðina. Stofa og borðstofa eru samliggjandi og rúmgóðar og með parketi á gólfi eins og eldhúsið. Eldhús er með nýlegri IKEA innréttingu og nýlegum blöndunartækjum. Aukaherbergi er mjög stórt og með stórum gluggum en þar er dúkur á gólfi. Inn af gangi er salerni með góðum gluggum, sér þvottahús og sér geymsla.



Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Erluás 3
221 Hafnarfjörður
Sérhönnuð einstaklega falleg íbúð

**Stærð: 104,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2002**
**Brunabótamat: 16.650.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind




**Opið hús í dag á milli kl 18 og 18:30**

**Verð: 29.900.000**

Einstaklega vel sérhönnuð 4ra herb. endaíbúð í nýlegu og vönduðu fjölbýli. Forstofa með góðum skáp, rennihurð. Hjónaherbergi er með glæsilegum skápum sem ná upp í loft. 2 rúmgóð barnaherbergi með góðum skápum. Stofan er mjög rúmgóð með stórum útsýnisgluggum. Eldhúsið er opið rými ásamt stofu. í Eldhúsi er sérlega falleg hvítlökkuð innrétting, hönnuð af Guðbjörgu Magnúsdóttir. Gashelluborð, innbbyggð uppþvottavél, ísskápur og háfur úr brustuðu stáli frá gronje. Baðherbergið er stílhreint.



Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

# 1224 fm ATVINNUHÚSNÆÐI



## Mjög góð fasteign á þremur hæðum við Vagnhöfða 7



Fyrstu hæðinni er skipt í fjórar snyrtilegar og vel skipulagðar, rúmlega 100 fm einingar, sem auðvelt er að stækka. Fjórar innkeyrsludyr opnast út á stórt malbikað bílaplan. Efri hæðin er 408 fm nýtist í dag sem 18 herbergja gistiheimili og er leigð í heilu lagi. Kjallarinn er með ágætis lofthæð, rampur er niður í kjallarann frá Vagnhöfða. Mögulega má gera inngang í kjallarann frá Dvergshöfða. Hér er húsnæði sem býður upp á mikla möguleika.

Nánari upplýsingar veitir
**Ingólfur Ingvarsson**
SÍMI **893-7806**
ingolfur@remax.is

RE/MAX Esja
Laugavegi 170 - Sími 414-4600
www.remax.is



Þorbjörn Pálsson lögg. fasteignasali.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Sími 456 3244

Hafnarstræti 19 - 400 Ísafirði - www.fsv.is



Frum

**Fjölbýli til sölu – Holtabrún 14-16 Bolungarvík** 12 íbúðir hver 100,2 m². Tilboð óskast fyrir 15. des 2007.

*Nánari upplýsingar á Fasteignasölu Vestfjarða sími 456 3244 og á eignir.fsv.is*



Þjónusta ofar öllu RE/MAX Fasteignir

VIÐ ERUM ALDREI OF UPPTEKIN FYRIR ÞIG!

BÓAS & TEYMI

- Verðmetum
- Sendum ljósmyndara
- Vinnum á kvöldin
- Vinnum á sunnudögum
- Sýnum
- Höldum opin hús

Við erum 100% til staðar fyrir þig!

HRINGDU NÚNA 699 6165



Bóas Sölufulltrúi
Gunnar Sölufulltrúi
Áslaug María Sölufulltrúi
Stella Ósk Sölufulltrúi
Benedikt Sölufulltrúi
Edda Hrafnhildur Sölufulltrúi
Hilmar Sölufulltrúi
Eir Sölufulltrúi
Stefán Páll Jónsson Löggiltur fasteignasali



www.hrafnista.is



SJÚKRALIÐANÁM

1957-2007 Hrafnista Reykjavík 50 ára
1977-2007 Hrafnista Hafnarfirði 30 ára

*Sjúkraliðanemar*

HRAFNISTA VEITIR STYRK TIL BÓKAKAUPA

**Í tilefni af 50 ára afmæli Hrafnistu í Reykjavík og 30 ára afmæli Hrafnistu í Hafnarfirði hefur Hrafnista ákveðið að veita 30 styrki til bókakaupa fyrir nema í sjúkraliðanámi. Með þessum styrkjum vill Hrafnista efla menntun í umönnunarstéttum.**

**Umsækjendur**
Þeir geta sótt um sem eru í sjúkraliðanámi, eða eru á leið í slíkt nám.

**Umsóknafrestur**
Umsækjendur skulu skila umsóknum til Hrafnistu fyrir 12. desember 2007 vegna vorannar 2008.

vilborg@centrum.is

Allar nánari upplýsingar á www.hrafnista.is, magnea@hrafnista.is eða í síma 585 9529

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines



Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

# NÝJAR GLÆSILEGAR ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR Í MÖRKINNI

# SUÐURLANDSBRAUT 58-62





Frum





Um er að ræða 78 glæsilegar fullbúnar 90-140 fm íbúðir í lyftuhúsi. Ekkert hefur verið til sparað við hönnun íbúðanna sem eru bjartar og rúmgóðar. Íbúðirnar snúa mót suðri. Lofthæð í íbúðunum er 2,70 m sem er meira en gengur og gerist í nýbyggingum og aukin hljóðeinangrun er í íbúðunum. Gæði og þægindi eru einkennisorð íbúðanna sem verða afhentar með gólfefnum, innréttingum og tækjum. Bílastæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Fyrstu íbúðirnar verða afhentar í mars 2008.

Húsin eru á mörkum þjónustu- og verslunarkjarna og í nágrenni við nokkur af vinsælustu útivistarsvæðum borgarbúa. Göngustígar tengja íbúðabyggðina í Mörkinni við aðra hluta borgarinnar. Örstutt í Elliðaárdalinn.

Í Mörkinni verður þjónustumiðstöð, Heilsusetrið, þar sem skipulögð dagskrá verður í gangi. Innangengt verður úr íbúðunum í þjónustumiðstöðina. Þangað kemur fólk til að fá góða og heilbrigða hreyfingu, fræðslu, skemmtun, aðhlynningu, þjálfun, félagsskap, góðan og hollan mat og ekki síst til að láta dekra við sig. Stefnt er að því að geta boðið íbúum við Suðurlandsbraut 58-62 uppá þjónustu eftir óskum og þörfum hvers og eins.
Um verður að ræða heilsusetur í hæsta gæðaflokki.
Við Heilsusetrið verður auk þess púttvöllur

Hjúkrunarheimili á vegum Reykjavíkurborgar verður í næsta nágrenni við íbúðirnar og íbúum í Mörkinni verður boðið uppá heimahjúkrun. Þá verður boðið uppá sjúkraþjálfun í Heilsusetrinu.







NÝSIR

EIGNAMIÐLUN

Sími 588 9090 • fax 588 9095 • Síðumúla 21

www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is

Sverrir Kristinsson lögg. fast.sali

**Kjartan Hallgeirsson og Þorleifur St. Guðmundsson fasteignasalar á Eignamiðlun veita nánari upplýsingar um íbúðirnar í síma 588-9090.**

# Gagnsemi þróunaraðstoðar

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál

Föstudaginn 20. nóvember birtist grein eftir Hannes Hólmstein Gissurarson í Fréttablaðinu þar sem hann fjallar um gagnsemi þróunaraðstoðar. Hannes heldur því fram, eins og hann hefur oft gert áður, að þróunaraðstoð gagnist þróunarríkjum lítið.

Eins og áður telur Hannes upp nokkur dæmi máli sínu til stuðnings sem hann skipar í tvo flokka, „aðstoð án þróunar“, þ.e. lönd sem hafa þegið aðstoð en ekki sýnt árangur, og „þróun án aðstoðar“, þ.e. lönd sem hafa sýnt umtalsverðan árangur án þess að þiggja þróunaraðstoð. Dæmi Hannesar eru þessi: aðstoð án þróunar: Grænhöfðaeyjar og Tansanía, þróun án aðstoðar: „Austurálfutígrarnir“ svokölluðu; Suður-Kórea, Taívan, Hong Kong og Singapúr.

Vandamálið með þessi dæmi er að Hannes hefur einfaldlega rangt fyrir sér varðandi þróun þessara ríkja. Skoðum nokkur dæmi nánar með hliðsjón af nýútkominni Þróunarskýrslu SÞ og öðrum gögnum, sem Hannes ætti e.t.v. að kynna sér nánar áður en hann birtir þessa yfirlýsingu aftur. Grænhöfðaeyjar þáðu þróunaraðstoð frá Íslendingum í mörg ár frá upphafi níunda áratugarins. Sú aðstoð byggðist að miklu leyti á vanþekkingu og reynsluleysi Íslendinga og hefur verið gerð nokkuð ítarlega grein fyrir því í skýrslum um þessu fyrstu skref okkar á þessum vettvangi.


TRYGGVI THAYER

En Grænhöfðaeyjar hafa ekki aðeins fengið aðstoð frá Íslendingum heldur hafa Portúgalar verið duglegir að styðja við þá og gera enn. Þetta hefur haft mikil áhrif. Samkvæmt gögnum SÞ er þróun á Grænhöfðaeyjum töluvert meiri en í verst settu löndum Afríku. Grænhöfðaeyjar eru annað af aðeins tveimur ríkjum sem SÞ hafa fært af lista vanþróuðustu ríkja heims og er þróun þar nú talin vera í meðallagi. Tansanía hefur ekki aðeins hlotið þróunaraðstoð frá hinum ýmsu aðilum heldur hefur líka stundað frjáls viðskipti við Evrópusambandið um margra ára skeið, með einhverjum hléum þó þegar þurfti að taka á gæðamálum. Þetta hefur skilað litlu til almennings í Tansaníu og er vísitala þroskaskilyrða þar nokkuð lægri en meðaltalið fyrir Afríkuríki sunnan Sahara-eyðimerkurinnar, sem er vanþróaðasta svæði heims.

Austurálfutígrarnir nutu allir umtalsverðrar þróunaraðstoðar frá sjötta áratug síðustu aldar allt fram á þann níunda frá alþjóðastofnunum, Bandaríkjunum og sérstaklega frá Japan. Sérfræðingar eru sammála um að í þessum tilfellum fór saman þróunaraðstoð, vel skipulögð og skýr stefnumótun og sérstaklega þátttaka Japana sem miðaðist að því að byggja upp öflugt viðskiptasvæði í Austur-Asíu. Það er sérstaklega vert að benda frjálshyggjupostulanum Hannesi á að í Singapúr hefur hin mikla miðstýring innan ríkisins frá sjöunda áratug síðustu aldar skipt sköpum fyrir þróun þess þótt margir vilji meina að nú sé tímabært að aflétta henni.

Þegar grannt er skoðað og dæmi Hannesar sett í víðara samhengi sýna þau að þegar þróunaraðstoð fer saman með markvissri og skýrri stefnumótun og vel skipulögðum verkefnum er hægt að bæta hag þróunarlanda umtalsvert.

*Höfundur er MA í stjórnun og stefnumótun alþjóðlegrar menntunar og þróunar.*

## AF NETINU

### Hressar kerlur við Níl

Nú eru þær búnar að kúga Egil Helgason og breyta Silfri hans, síðasta vígi karlrembunnar. Gott hjá þeim, sýnir hvað hægt er að gera, ef gagnrök eru lin. Verra er, að nú eru allir sérhópar seztir með skeiðklukku við Silfrið. Ég fór í þessu tilefni að lesa um Hatsepsut og Kleópötru, drottningar í Egyptalandi. Sú fyrri var uppi fyrir 3.500 árum. Tvítug rændi hún völdum af bróðursyni sínum barnungum, háði stríð við Mítanní til að afla herfangs og fékk stuðning hersins til að kúga klerkaveldið í Þebu. Hin síðari lifði fyrir 2.000 árum og hleypti vindi úr hverjum herstjóra Rómar á fætur öðrum.

**Jónas Kristjánsson**
jonas.is

### Kosið í Rússlandi

Við sem bárum ábyrgð á kosningaeftirliti hér í Rostov byrjuðum daginn snemma. [...] Okkur var alls staðar vel tekið og fólkið var almennt í hátíðarskapi. Magnaður tónlistarflutningur var á kjörstöðum og þar var líka ýmislegt til sölu. Skreytingar voru á sumum stöðum, blóm og blöðrur. Í bænum Bataysk var tónlistarskóli staðarins með tónlistarflutning á kjörstað, 12 ára snáði spilaði á harmonikku og ungar stúlkur á hljómborð. Sums staðar var okkur boðið upp á kaffi og smurt brauð eftir að við höfðum borið upp spurningar okkar sem við fengum greiðlega svör við. Það vakti athygli mína að nýir kjósendur fengu gjafir, mánaðardagatal og súkkulaðistykki með hamingjuóskum.

**Valgerður Sverrisdóttir**
valgerdur.is

### Rökin fallin

Lífeyrissjóðirnir halda áfram að bregðast. Ég tek undir með Sigursteini Mássyni - ef þessar skerðingar þeirra á greiðslum til öryrkja fá að standa, þá eru rökin fyrir skylduaðild að lífeyrissjóðunum fallin. Ef lífeyrissjóðirnir vilja bara vera sparisjóður, þá er langeinfaldast að leggja þá niður og fela sparisjóðunum bara verkefnið.

**Stefán Pálsson**
kaninka.net/stefan

### Íhaldið gerir grín

Það er fljótsagt að heldur fór hér lítið fyrir garpskap Samfylkingar sem hafði áður uppi stór orð um umhverfisstefnu síðustu ríkisstjórnarinnar enda fór það svo að Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra fórst heldur óhönduglega við kynninguna og tókst ekki að ljúka lestri á minnisblaðinu á þeim knappa ræðutíma sem skammtaður er í umræðu sem þessari í upphafi þingfundar.

**Bjarni Harðarson**
bjarnihardar.blog.is



# Öld hins nýja græna hagkerfis

**UMRÆÐAN**
Loftslagsmál


BAN KI-MOON

Við þekkjum niðurstöður vísindamanna. Hlýnun jarðar er staðreynd og það er fyrst og fremst við okkur sjálf að sakast. Við höfum heyrt varnaðarorðin. Ef við grípum ekki til aðgerða án tafar, verðum við að horfast í augu við alvarlegar afleiðingar. Heimskautaísinn kann að bráðna. Yfirborð sjávar mun hækka. Þriðjungur jurta og dýrategunda gæti dáið út. Hungur verður landlægt í heiminum sérstaklega í Afríku og Mið-Asíu.

Samt hafa góðu fréttirnar að mestu leyti gleymst í umræðunni. Það er á okkar valdi að grípa í taumana og það er auðveldara og mun ódýrara en margur heldur. Þetta eru niðurstöður síðustu skýrslu Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC), vísindastofnunarinnar sem deilir friðarverðlaunum Nóbels 2007 með Al Gore. Hún er sláandi lesning en við megum samt ekki gleyma því jákvæða í henni sem er að við getum gert eitthvað í málinu. Það sem meira er, við höfum ekki aðeins efni á því, heldur getum gert það með þeim hætti að það stuðli að aukinni velmegun.

### Föllum ekki á tíma

Í þessari viku hittast leiðtogar veraldar á fundi á Balí. Við þurfum á heildstæðu sögulegu samkomulagi að halda sem allar þjóðir heims geta sætt sig við. Við þurfum að semja dagskrá, vegvísi til betri framtíðar með fastsettum dagsetningum í því skyni að samkomulag geti náðst 2009.

Við vitum ekki enn hvað mun felast í slíku samkomulagi. Hvort verður ofan á að skattleggja útblástur gróðurhúsalofttegunda eða koma á fót alþjóðlegu viðskiptakerfi með kolefni? Verður komið á fót kerfi til að hindra eyðingu skóga (sem veldur um 20% útblásturs) eða verður þróunarríkjum hjálpað við að aðlagast hlýnun jarðar? Afleiðingarnar koma jú hlutfallslega harðast niður á þeim. Verður lögð áhersla á orkusparnað og endurnýjanlega orkugjafa, eins og lífrænt eldsneyti eða kjarnorku og verður stuðlað að því að breiða „græna“ tækni út í heiminum?

Svarið er auðvitað að margt af ofanrituðu verður framkvæmt og mikið, mikið meira. En ef umræðurnar lenda í öngstræti vegna þess hve mörg og flókin viðfangsefnin eru getum við tapað því mikilvægasta: tímanum. Í þessu efni er mikilvægt að hafa skýra sýn á það hvernig heimurinn mun líta út ef við ráðum við viðfangsefnið.

Það verður ekki aðeins hreinni, heilbrigðari og öruggari heimur fyrir alla. Ef rétt er haldið á spilunum gæti framtíðin borið í skauti sér vistvæna umsköpun efnahagslífs heimsins. Öfugt við það sem sumir þjóðarleiðtogar halda, gæti þessi umbreyting aukið hagvöxt og þróun í stað þess að draga úr.

### Endurnýjanlegir orkugjafar

Við höfum lifað þrenns konar efnahagslegar umbreytingar á síðustu hundrað árum. Fyrst var það iðnbyltingin, síðan tæknibyltingin og loks okkar tímar; tímar hnattvæðingarinnar. Nú stöndum við frammi fyrir nýjum tímamótum: öld hins græna hagkerfis.

Vísbendingarnar eru úti um allt og stundum á óvæntustu stöðum. Í heimsókn minni til Suður-Ameríku nýlega kynntist ég af eigin raun hvernig Brasilía er orðið lykilríki í hinu græna hagkerfi en endurnýjanlegir orkugjafar fullnægja 44 prósent eftirspurnar eftir orku. Meðaltalið í heiminum er 13 prósent. Í Evrópu: 6,1 prósent.

Oft er mikið gert úr því að Kína muni senn fara fram úr Bandaríkjunum og valda mestum útblæstri gróðurhúsalofttegunda allra ríkja í heiminum. Minna er vitað um það að Kínverjar munu fjárfesta fyrir andvirði tíu milljarða dollara í endurnýjanlegum orkugjöfum á þessu ári. Aðeins Þjóðverjar verja meira fé til þessa málaflokks. Á fundi leiðtoga Austur-Asíuríkja í Singapúr nýlega hét Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, að minnka orkunotkun sem hlutfall af þjóðarframleiðslu um tuttugu prósent á fimm árum. Þetta er í raun ekki ósvipað fyrirheitum Evrópusambandsins um að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um tuttugu prósent fyrir 2020.

Þetta er leiðin fram á við. Sumir telja að einungis með því að styðjast við núverandi tækni mætti draga úr eftirspurn eftir orku um helming á næstu fimmtán árum sem fæli í sér að minnsta kosti 10% arð af fjárfestingunni. Í nýjustu skýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna eru settar fram auðframkvæmanlegar tillögur, allt frá harðari reglum um notkun loftkælingar og ísskápa til aukinnar skilvirkni í iðnaði, byggingariðnaði og samgöngum. Í skýrslunni eru færð rök að því að það kosti sem samsvarar 0,1 prósenti af þjóðarframleiðslu heimsins á ári næstu þrjá áratugi að hindra alvarlegar loftslagsbreytingar.

### Hagvöxtur gæti aukist

Það er ekki víst að það dragi úr hagvexti og reyndar kann hann að aukast. Rannsóknir Kaliforníuháskóla í Berkeley benda til að Bandaríkin geti skapað 300 þúsund störf ef tuttugu prósent rafmagnsnotkunar komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Virt ráðgjafarfyrirtæki í München spáir því að við lok næsta áratugar muni fleiri starfa í umhverfisvæna tæknigeiranum en í bílaiðnaðinum. Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) telur að fjárfesting í heiminum í orku sem veldur engum útblæstri gróðurhúsalofttegunda nemi 1,9 milljörðum dollara árið 2020. Slík fjárfesting gæti skapað nýjar forsendur í iðnaði heimsins.

Nú þegar krefst atvinnulífið í mörgum heimshlutum þess að settar verði skýrar reglur um loftslagsbreytingar, hvort sem það verður í formi nýrra reglna, þaks á útblæstri eða stefnumótunar til að auka skilvirkni. Ástæðan er augljós. Atvinnulífið þarf skýrar reglur. Það er svo sannarlega hlutverk Sameinuðu þjóðanna að hjálpa við að setja þær.

Okkar hlutverk á Balí og í framhaldinu er að móta þessa nýju umsköpun heimsins – að bjóða velkomna nýja tíma hins græna hagkerfis og grænnar þróunar. Það sem skortir er alþjóðlegur rammasamningur um það hvernig við jarðarbúar getum stillt saman strengi okkar til að berjast gegn loftslagsbreytingum.

Vísindamenn hafa kveðið upp sinn dóm. Nú er komið að stjórnmálamönnunum. Balí er prófraun á forystu þeirra. Eftir hverju erum við að bíða?

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.*

„Heillandi, sérkennileg, villt … hún heltekur mann.“
Evening Standard




Helen Knightly, hin fórnfúsa eiginkona, móðir og dóttir, fremur voðaverk sem umturnar lífi hennar.

Gífurlega sterk og ögrandi frásögn eftir höfund metsölubókarinnar Svo fögur bein.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



# Að trúa ekki er þeirra trú

**UMRÆÐAN**
Trúmál


ÁRNI HALLGRÍMSSON

Nú get ég ekki lengur orða bundist vegna umræðna um trúmál sem farið hafa hátt undanfarið. Ég er alinn upp í samfélagi kristinna manna – en ég efast. Ég efast um margt í Biblíunni en hrífst af öðru, ég er leitandi og þarf sjálfs mín vegna og annarra að vera jákvæður – jákvæðni er góð, neikvæðni ekki. Í umræðum um trúmál finnst mér of oft gripið til upphrópana og neikvæðni í garð andmælenda. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

### Árinni kennir illur ræðari

Biblían er merkileg bók, um það held ég að fáir efist. Engin bók er jafnumtöluð og umdeild. Gjarnan er gripið til útúrsnúninga og að best verður séð vísvitandi rangtúlkana til þess að gera það sem upp úr stendur í boðskap hennar tortryggilegt – en enn stendur kristnin óhögguð.

Erfitt er að sjá að boðskapur Biblíunnar sé ekki einn af hornsteinum vestræns samfélags. Stundum velti ég því fyrir mér af hverju fólki sem alið er upp í samfélagi okkar verði jafnuppsigað við þennan boðskap, getur verið að þar sé leitað langt yfir skammt? E.t.v. væri nær að skoða sinn innri mann áður en seilst er jafnlangt í árásum á gildi sem eru fjölmörgum kær og hjartfólgin.

Ég velti fyrir mér orðunum trúleysingi og vantrú. Mér sýnist að þeir sem kenna sig við þau séu einatt mikið og einlægt trúfólk. Skrif þeirra margra og orðræða geisla af innileika og mikilli ástríðu og trausti til sannfæringar sinnar. Þó sýnist mér af því sem ég les og heyri að þeir sem gagnrýna kristni hvað harðast séu oftar en ekki ekki nógu vel að sér um kristin fræði til þess að fjalla um þau á hlutlægan hátt. Í staðinn er gripið til upphrópana, afbakana og útúrsnúninga. – Ég er viðbúinn því að einhver, jafnvel einhverjir, muni í framhaldi orða minna reiða hátt til höggs og vandi mér ekki kveðjurnar fyrir það eitt að lýsa skoðunum sem eru viðkomandi ekki að skapi. Það er því miður of algengt að umræða um trú og trúmál, sem ætti að vera á háu plani, sé persónugerð og dregin niður á lægsta plan með neikvæðni, jafnvel illsku.

### Fyrst við viljum ekki þá má enginn

Við höfum hvert okkar trú, hvort sem hún beinist að guði eða manninum sjálfum í einhverri mynd. Eftir því sem samfélagið verður fjölbreyttara verða átök ólíkra viðhorfa sýnilegri – og því miður verða hvers kyns öfgar áberandi. Nýlega bárust fréttir af því að leikskólar í Seljahverfi í Reykjavík hefðu slitið samstarfi við kirkjuna vegna óánægju örfárra sem ekki vilja að kirkjan komi nærri börnum þeirra. Hinir sem vilja áfram njóta heimsókna prestsins í hverfinu verða að þola þetta undir því yfirskini að ekki megi mismuna fólki eftir trúarskoðunum. Það var og. Einn þeirra sem atast gjarnan gegn kirkju og kristni hefur lofað þessa ákvörðun leikskólanna sem að hans mati ber „sönnu umburðarlyndi, tillitssemi og víðsýni fagurt vitni“! Þannig var að hann mun hafa átt tvö börn í einum þessara leikskóla og var ekki sáttur við heimsóknir prests.

Langflest erum við sammála um að engum skuli mismunað og þegar börnin okkar eiga í hlut erum við sérstaklega á varðbergi. En það er afar erfitt að sjá að slíkt hafi verið leiðarljós þeirra sem réðu för í þessu máli. Ég skil mætavel að foreldrar vilji ekki að haft sé fyrir börnum þeirra það sem gengur gegn trúarsannfæringu þeirra. En skórinn kreppir ekki þar heldur að brugðist sé við með þeim hætti sem hér var gert; að leikskólastjórnendur í ótta sínum sjái sig knúna til að úthýsa kristnum áhrifum að vilja örfárra.

Væri ekki nær að skoða með hvaða hætti unnt sé að uppfylla ólíkar þarfir í stað þess að slá allt af? Það er öfugsnúið og meira en lítið bjagað jafnræði að láta mikinn meirihluta fólks gjalda fyrir viðhorf örfárra. Slíkur gjörningur lýsir hvorki virðingu né víðsýni heldur dæmalausu ofríki og einstrengingshætti. Mér finnst ekki fjarri lagi að orða mætti málflutning hinna „umburðarlyndu“ og „víðsýnu“ með eftirfarandi hætti: Fyrst við viljum ekki þá má enginn. Hér er víðsýni orðin að þröngsýni, umburðarlyndi að fordómum og jafnrétti að ofríki. Við sem samfélag erum á rangri leið og hættulegri þegar fólk lætur telja sér trú um að fordómar og ofríki hinna fáu séu í reynd umburðarlyndi og jafnrétti.

*Höfundur er blaðamaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Rússland og lýðræðið

**Hermann Þórðarson skrifar:**

Það eru margir sem gagnrýna Rússa í dag og telja að það skorti á lýðræði þar í landi. Hvað er lýðræði? Lýðræði er venjulega tengt við Grikkland en það „lýðræði“ sem átti sér upptök í því ágæta landi á ekkert skylt við það sem við köllum lýðræði í dag.

Lýðræði Grikkjanna var bara fyrir útvalda þjóðfélagshópa. Sovétmenn töldu að þeirra kerfi væri lýðræði og svo er um mörg önnur ríki núverandi og fyrrverandi. Lýðræði er afstætt hugtak og ekki einhlítt hvað það þýðir. Gorbasjov vildi breyta Rússlandi í lýðræðisríki en fékk því miður ekki tíma til þess. Jeltsín hafði engan áhuga á lýðræði, bara að skara eld að sinni köku. Það eina góða sem hann gerði var að skapa möguleika fyrir Pútín til að komast til valda í Rússlandi. Rússland hefur aldrei verið lýðræðisríki og það mun ekki verða það á nokkrum áratugum þótt fullur vilji væri til þess. Það þarf líka ákveðna staðfestu til þess að stjórna svo fjölmennu og víðtæku ríki eins og Rússlandi, ekki síst á viðsjárverðum tímum eins og í dag. Rússland þarf því á sterkum og vinsælum leiðtoga eins og Pútín að halda í dag. Pútín sigraði í kosningunum í Rússlandi vegna þess að hann hefur traust meirihluta þjóðarinnar. Er það ekki lýðræði?

Við Íslendingar teljum okkur stundum vera merkilegri en aðrar þjóðir og þykjumst þess umkomnir að geta sagt öðrum fyrir verkum, jafnvel stórveldunum. En við skulum láta það ógert. Við höfum um nóg að hugsa hér heima. Við höfum söguleg tengsl við Rússa og eigum að efla þau tengsl báðum til góðs. Við skulum ekki gleyma stuðningi Rússa við okkur á tímum þorskastríðanna. Hættum þessu röfli um lýðræði í Rússlandi og ímyndaðri hættu af stefnu Rússa sem stórveldis. Okkur stafar engin hætta af Rússum og vonandi kemur að því í náinni framtíð að þeir ganga í Evrópusambandið og gerast meðlimir í NATO. Við Vesturlandabúar þurfum að standa saman gegn yfirvofandi hættu frá öfgasinnuðum öflum í öðrum heimshlutum.

# JÓLA TILBOÐ

## ICYBOX MP-302 MARGMIÐLUNARSPILARI

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**ÖRUGG VINNSLA**
Raidsonic IcyBox sjónvarps spilarinn er í hæsta gæðaflokki og hentar vel á heimilið sem sumarbústaðinn

**BEINT Í GRÆJUR**
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

**EINNIG 3.5" HÝSING**
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

**AUÐVELD Í NOTKUN**
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, MPG, VOB, MP4, ASF, GIF og JPG

**FYLGIHLUTIR**
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

HAKAÐU VIÐ ÞAÐ SEM ÞÉR LANGAR Í JÓLAGJÖF

**VERÐ 11.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TVIX M-4000SA

TviX M-4000SA SATA margmiðlunarspilarinn hefur alla kosti eldri spilara en býður að auki upp á HD video allt að 1920x1080, tengist beint við netið, spilar bíómyndir og tónlist allt saman án tölvu. Fjarstýring fylgir.

**VERÐ 29.900**

## SAROTECH CUTIE

Sarotech Cutie digital ljósmynda flakkari. Les öll helstu minniskort sem notuð er í dag. Færðu myndirnar af minniskortinu inná flakkarann með einum takka. Flakkarinn er með hleðslurafhlöðu þannig að auðvelt er að nota hann á ferðinni. Án harðs disks

**VERÐ 9.990**

## VEFMYNDAVÉL

Creative Live Cam Video IM Skype er lítil hvít vefmyndavél sem hentar vel fyrir alla skjái, USB 2.0

**VERÐ 3.990**

## HÁTALARAKERFI

Logitech X240 er svart 2.1 25W RMS hátalarakerfi sem einnig hefur möguleikann á að tengja MP3 spilara í tengikví

**VERÐ 6.990**

## HEYRNARTÓL

Sennheiser HD 475 opin stereo heyrnartól, létt og handhæg heyrnartól sem eru tilvalin í jólapakkann

**VERÐ 3.690**

## TEIKNIBORÐ

Wacom Bamboo Fun A6 teikniborð, auðveldaðu alla myndvinnslu, Adobe Photoshop Elements forritið fylgir með

**VERÐ 7.990**

## STÝRIPINNI

Logitech Rumblepad II þráðlausi stýripinn inn fyrir aðal leikjaspilarann, tveir mótorar sjá til þess að þú finnur fyrir hverri beygju, sparki, hoppi, skoti eða þegar þú klessir á

**VERÐ 3.990**

## LYKLABORÐ

Nýja Logitech Media 600 er svart, lítið, íslenskt lyklaborð með frábærum endurbættum flýtihnöppum, USB 2.0

**VERÐ 2.990**

## HARÐUR DISKUR

320GB SATA2 Western Digital Special Edition harður diskur sem er 7200RPM og 16MB buffer, 5 ára ábyrgð

**VERÐ 6.990**

## ÞRÁÐLAUS MÚS

Þráðlaus VX Revulution fartölvumús með Hyper-fast , virkar jafnt með PC og MAC, 2.4GHz micro sendir, USB 2.0

**VERÐ 7.990**

## CANON iP2500

Canon iP2500 4 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn. Flott hönnun iP2500 passar vel inn í hvaða umhverfi er

**VERÐ 6.990**

## CANON iP3500

Canon iP3500 4 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn tvíhliða pappírsmötun og PictBridge tækni

**VERÐ 8.990**

## HP D6160

HP D6160 er hraðvirkur ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn, 6 aðskilinn blek-hylki og tækni sem fjarlægir rauð augu

**VERÐ 8.990**

## HP D7360

HP D7360 er ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn, 8.6cm LCD skjár, 6 aðskilinn blekhylki, 4 raufar fyrir myndavélakort

**VERÐ 13.900**

# TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

**REYKJAVÍK** • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
**KEFLAVÍK** • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

# Dýrmætustu utanríkishagsmunir Íslands

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegsmál



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON



BJARNI MÁR MAGNÚSSON

Þann 8. nóvember síðastliðinn kynnti utanríkisráðherra þá áherslubreytingu að norðurslóðir væru nýtt kjarnamál í íslenskri utanríkisstefnu, að málið hefði verið sett í forgang í ráðuneytinu og heildstæð stefna varðandi norðurslóðir væru nú í vinnslu. Þetta er fagnaðarefni.

Málefni hafsins eru mikilvægasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar í utanríkismálum. Öll önnur falla í skugga þeirra. Ennfremur eru þetta þau málefni þar sem Ísland nýtur mests trausts á alþjóðavettvangi og er málaflokkur þar sem íslensk reynsla og þekking getur haft raunverulega þýðingu á þróun alþjóðamála. Ungir sjálfstæðismenn hafa löngum lagt áherslu á að í alþjóðamálum geri fulltrúar Íslands sig nýtilega með því að beina kröftum sínum einkum að þeim málum þar sem þeir hafa raunverulegra hagsmuna að gæta fyrir Íslands hönd og geta í krafti sérþekkingar verið í fararbroddi.

Í sögulegu tilliti eru málefni hafsins í algjörum sérflokki þegar kemur að áhrifum Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Þá hefur það styrkt stöðu Íslands í þessum málaflokki að hafa borið gæfu til þess að nýta hinar endurnýjanlegu auðlindir sjávarstofna á sjálfbæran hátt og fundið til þess kerfi sem litið er til öfundaraugum víðast hvar. Nauðsynlegt er að Ísland haldi áfram að verja hagsmuni sína á þessu sviði af fullum krafti. Ungir sjálfstæðismenn vilja benda á tvö mikilvæg atriði er þjóna því markmiði og varða framtíðarhagsmuni Íslands.

### I. Svalbarði

Fyrst ber að nefna málefni eyjaklasans Svalbarða í Norðuríshafi. Svalbarði nýtur sérstakrar stöðu í þjóðarétti. Um landsvæðið gildir sérstakur samningur frá 1920. Samningurinn kveður á um yfirráð Noregs yfir eyjunum, en frá þeirri meginreglu eru mikilvægar undantekningar, meðal annars eiga ríkisborgarar aðildarríkja og skip þeirra skýrt og ótvírætt sama rétt og Norðmenn til veiða á sjó og landi en Norðmönnum er heimilt að grípa til verndaraðgerða. Þær verða þó að koma jafnt niður á borgurum aðildarríkjanna. Ástæða þess að Noregi voru falin yfirráð á eyjunum var nálægðin við eyjarnar. Með þeirri skipan mála var ekki ætlunin að veita Noregi sérstakan efnahagslegan ávinning. Þvert á móti var það annað markmið samningsins að tryggja rétt annarra ríkja til auðlindanýtingar á eyjunum sem þau höfðu áður notið meðan þær voru einskis manns land.

Norðmenn lýstu yfir 200 sjómílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða þann 3. júní 1977. Mörg ríki mótmæltu, meðal annars Sovétríkin og Ísland. Þekktir sérfræðingar á sviði hafréttar hafa bent á að 200 sjómílna svæðið umhverfis Svalbarða verði að byggjast á ríkisyfirráðum Noregs á Svalbarða og þar af leiðandi á Svalbarðasamningnum.

Í Morgunblaðinu þann 29. febrúar 1996 er haft eftir Halldóri Ásgrímssyni þáverandi utanríkisráðherra að undirbúningur að málsókn á hendur Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag hafi farið fram í utanríkisráðuneytinu. Þann 17. ágúst 2004 samþykkti ríkisstjórn Íslands að hefja undirbúning að því að vísa deilu Íslendinga og Norðmanna um síldveiðar á Svalbarðasvæðinu til Alþjóðadómstólsins. Umrædd deila snýst í grunninn um heimild Norðmanna til að setja reglur sem eiga sér ekki stoð í Svalbarðasamningnum.

Ungir sjálfstæðismenn telja ekki lengur til setunnar boðið og hafa ályktað að ef samkomulag náist ekki eða ef lok Svalbarðadeilunnar séu ekki í sjónmáli fyrir árslok 2008 eigi Ísland, eitt eða í samráði við önnur aðildarríki Svalbarðasamningsins, að draga Noreg fyrir Alþjóðadómstólinn til að útkljá deiluna svo skorið verði úr um réttarstöðuna.

### II. Aðlægt belti

Samkvæmt 33. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982 geta strandríki tekið lögsögu á svokölluðu aðlægu belti sem liggur að landhelginni. Slíkt belti má ekki ná lengra en 24 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá. Á aðlæga beltinu getur strandríkið farið með nauðsynlegt vald annars vegar til að afstýra brotum á lögum og reglum þess í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum í landi eða landhelgi þess og hins vegar til að refsa fyrir brot á umræddum lögum og reglum sem framin eru í landi eða landhelgi þess.

Benda verður á að réttindin sem fylgja efnahagslögsögunni taka ekki til þeirra málaflokka er fylgja aðlæga beltinu. Þrátt fyrir að aðlæga beltið feli ekki í sér stækkun á yfirráðasvæði ríkja er hafa tekið sér efnahagslögsögu fjölgar málaflokkunum sem ríkin hafa forræði yfir á svæðinu sem aðlæga beltið tekur til.

Vegna breyttrar stöðu í öryggis- og varnarmálum Íslendinga sem og fyrirhuguðum stórauknum skipasiglingum um norðurhöf teljum við að upptaka slíks beltis sé einn liður af mörgum sem skynsamlegt er að ráðast í. Með því fengi Landhelgisgæslan rýmri heimildir til eftirlits í veigamiklum málaflokkum.

*Þórlindur er formaður og Bjarni stjórnarmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði
Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



vilborg@centrum.is

Miele
ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Eru kristin fræði trúarbragðafræði?

**UMRÆÐAN**
Trúmál



GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON

Í umræðu undanfarinna daga um trú og skólamál hefur borið á því að kristin fræði séu lögð trúarbragðafræðum að jöfnu.

Í laugardagsfréttum RÚV andmælti Þorgerður Katrín menntamálaráðherra gagnrýni einhverra sem hún sagði „vilja fá alla trúarbragðafræðslu úr skólunum, hvort sem það eru kristin fræði eða annað“. Tvennt vakti athygli mína við þessi ummæli. Í fyrsta lagi hefur enginn, mér vitanlega, talað um að fá trúarbragðafræðslu úr skólunum. Þvert á móti hefur verið talað fyrir fræðslu um trúarbrögð. Í öðru lagi er erfitt að losna við það sem ekki er til staðar. Eins og málin standa er engin kerfisbundin trúarbragðafræðsla í skólum landsins. Námsefnið einkennist af ofuráherslu á ein trúarbrögð – kristni. Til að sjá þetta betur er gott að taka tungumálakennslu sem dæmi. Ef aðeins væri kennt eitt tungumál í skólum, gætum við þá talað um „tungumálakennslu“? Á sama hátt getur kennsla í einum trúarbrögðum ekki talist trúarbragðafræðsla.

Þessi skilningur á kristnum fræðum sem trúarbragðafræðum er hins vegar útbreiddur. Í aðalnámsskrá ber greinin heitið „Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði“. Annað gott dæmi um þennan samslátt má finna í orðum Halldórs Reynissonar, verkefnisstjóra fræðslusviðs Biskupsstofu, í Morgunblaðinu í síðustu viku. Þar segir Halldór að trúarbragðafræði sem fag hafi aldrei verið mikilvægara en nú á tímum. Í framhaldinu segir hann að rökrétt sé að „kennt sé mest um þau trúarbrögð sem mest hafa mótað íslenskt samfélag í þúsund ár, þ.e. kristnina“. Þessu er ég í grundvallaratriðum sammála. Það sem stingur í augu er að Halldór virðist verja kristin fræði eins og þau eru kennd í skólum landsins sem væru þau trúarbragðafræði. En kristin fræði geta seint fallið undir fræðslu um trúarbrögð. Þau eru kennsla í einni ákveðinni trú, m.ö.o. trúaruppeldi.

En ég tek undir með Halldóri að trúarbragðafræði hafa aldrei verið mikilvægari. Og þar komum við að stöðu fagsins á háskólastigi þar sem grundvöllur faglegrar kennslu og námsefnisgerðar á fyrri skólastigum liggur. Undanfarin ár hafa guðfræði-, félagsvísinda- og hugvísindadeildir HÍ undir forystu Péturs Péturssonar prófessors unnið þarft brautryðjendastarf á þessu sviði. Hins vegar veita yfirvöld háskóla- og menntamála faginu takmarkaða athygli. Þetta skýtur skökku við nú á tímum margmenningar og trúarbragðaátaka.

Að lokum vil ég taka undir með sr. Jónu Hrönn Bolladóttur í Kastljósinu á mánudaginn var. Skólamál standa foreldrum nærri. Þau þarf að ræða af opinskátt af skilningi og ná lendingu sem allir geta sætt sig við. Slíkt er ekki alltaf auðvelt en það hægt í þessu tilfelli: 1) Almenn trúarbragðafræði með áherslu á kristni; 2) biblíusögur inn í móðurmáls- og bókmenntakennslu; 3) áhrif kristni og kirkju á íslenska menningu sem hluti af sögu og samfélagsfræði; 4) kristin fræði inn í æskulýðsstarf kirkjunnar sjálfrar. Á þennan hátt væri tryggð fræðsla um trúarbrögð sem allir foreldrar gætu sætt sig við án þess að þáttur kristni í sögu okkar og menningu væri undanskilinn.

*Höfundur er trúarbragðafræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Mest selda bókin á Íslandi í dag!



Leifur Kolbeinsson
La Primavera

*ítölsk matargerðarlist*

framreidd af einum færasta matreiðslumanni landsins í ítalskri matargerð!






**1.499 kr**
GOTT VERÐ

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



*Ástkær sambýlismaður minn,*

**Þorsteinn Sigurðsson**

símvirki, Hringbraut 71, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. desember kl. 15.00.

**Ragna Jóhannsdóttir**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Arndís Guðrún Óskarsdóttir ( Lillý )**

Framnesi,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks laugardaginn 1. desember, verður jarðsungin frá Miklabæjarkirkju laugardaginn 8. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

**Broddi Skagfjörð Björnsson**
**Sigrún Þuríður Broddadóttir** **Steindór Gunnar Magnússon**
**Hrafnhildur Ósk Broddadóttir** **Jón Thorberg Jensson**
**Óskar Gísli Broddason** **Lára Gunndís Magnúsdóttir**
**Hjördís Edda Broddadóttir** **Gunnar Kjartansson**
**Birna Björk Broddadóttir** **Odd Kjøsnes**
**og ömmubörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sólveig Jónasdóttir**

frá Húsavík, Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala laugardaginn 1. desember sl. Jarðsett verður frá Digraneskirkju, mánudaginn 10. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Orgelsjóð Húsavíkurkirkju í versluninni Esar á Húsavík s. 464 1313.

**Sigurður Haraldsson**
**Bryndís Torfadóttir**
**Þórunn Hulda Sigurðardóttir** **Bjarni Bogason**
**Ásdís Sigurðardóttir** **Bjarni Ómar Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón E. Hallsson**

Brekkuhvammi 2, Búðardal,

verður jarðsunginn frá Hjarðarholtskirkju laugardaginn 8. desember kl. 13.00.

**Hallur S. Jónsson** **Kristín S. Sigurðardóttir**
**Lóa Björk Hallsdóttir** **Einar Þór Einarsson**
**Ingunn Þóra Hallsdóttir** **Ólafur Ingi Grettisson**
**Jón Eggert Hallsson**
**Helgi Rafn Hallsson** **Stella Kristmannsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Þórðardóttir**

Suðurvangi 2,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 4. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd ættingja og vina**
**Ingveldur S. Kristjánsdóttir**
**Þórður K. Kristjánsson** **Elma Cates**
**Sigurður Kristjánsson** **Anna J. Sigurbergsdóttir**
**Valgerður Kristjánsdóttir** **Rúnar Smárason**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Magnús Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**CLAUDE MONET LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1926.**

*„Þráhyggjan mín snýst daglega um liti, sem eru mín helsta gleði og böl.“*

***Franski myndlistarmaðurinn Monet er einn af upphafsmönnum impressjónismans.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. DESEMBER 1965

## *Höllin tekin í notkun*



Laugardalshöllin var formlega tekin í notkun á þessum degi árið 1965 og markaði þáttaskil fyrir innanhússíþróttir og sýningarhald.

Höllin var teiknuð af Gísla Halldórssyni arkitekt árið 1959 og reist af Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Fyrsti íþróttaleikurinn sem fór þar fram var á milli úrvalsliðs Reykjavíkur í handbolta og landsliðs Tékkóslóvakíu tveimur dögum fyrir vígsluna.

Laugardalshöllin sjálf er um 6.500 fermetrar að stærð og hefur hýst íþróttaviðburði, tónleika, sýningar, og ráðstefnur frá því hún var opnuð. Lengi vel var hún stærsta íþrótta- og tónleikahús landsins og hefur í gegnum tíðina hýst ýmsa stórviðburði á sviði íþrótta, tónlistar og vörusýninga.

Árið 2005 var hafist handa við að reisa 9.500 fermetra stálgrindarhús sem var byggt við Laugardalshöllina og var salurinn sérhannaður með tilliti til frjálsra íþrótta. Þegar hefur sá salur hýst fjölda stórra viðburða.

ÍSLENSKU BARNAVERNDARLÖGIN: SJÖTÍU OG FIMM ÁR FRÁ GILDISTÖKU

# Konur voru brautryðjendur

Fyrstu barnaverndarlögin á Íslandi tóku gildi árið 1932, fyrir 75 árum. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, rifjaði af því tilefni upp nokkra þætti sem snerta velferð barna á Íslandi gegnum tíðina.

„Í rauninni má rekja barnavernd aftur til ársins 1746. Þá kom tilskipun um húsaga,“ segir hann og lýsir þeirri tilskipun nánar: „Þar voru ákvæði um skyldur foreldra viðvíkjandi uppeldi barna sinna. Prestar áttu að hafa eftirlit með því að uppeldi barna væri í lagi og hreppstjórar höfðu leyfi til að taka barn af heimili ef talið var nauðsynlegt. Síðan var stór breyting árið 1907. Þá komu inn ákveðnar skyldur fátækranefnda til að fylgjast með munaðarlausum börnum sem hafði verið komið fyrir.“

Bragi segir kvennahreyfinguna á Íslandi hafa átt frumkvæði að barnaverndarlöggjöfinni og getur þar Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, sem kynnst hafi slíkri löggjöf í Noregi. Einnig segir hann hjónin Sigurbjörn Ástvald Gíslason og Guðrúnu Lárusdóttur hafa komið mikið við sögu, til dæmis hafi Sigurbjörn verið fyrsti formaður Barnaverndarráðs Íslands. „Svo má ekki gleyma Aðalbjörgu Sigurðardóttur sem var mjög virk í kvenréttindabaráttu,“ segir Bragi. „Hún var einn af frumkvöðlum að stofnun Sumargjafar 1924 sem setti upp sumardvöl fyrir börn og síðar meir dagheimili, leikskóla og sólarhringsstofnanir.“ Bragi nefnir og Þuríði Sigurðardóttur sem fimmtug að aldri fór til Danmerkur til að kynna sér uppeldisstofnanir og koma þeim á fót hér á landi og Sesselju Sigmarsdóttur sem setti upp barnaheimili á Sólheimum í Grímsnesi.

„Konur voru algerir forgöngumenn í fyrstu stofnunum á Íslandi fyrir börn. Eftir því sem frá líður gerði svo dr. Símon Jóhannes Ágústsson sig gildandi í barnaverndarmálum og líka Matthías Jónasson. Þeir voru sálfræðingar báðir og uppeldisfræðingar,“ lýsir Bragi.

Barnaverndarstarf á fyrstu áratugum laganna frá 1932 var fyrst og fremst í Reykjavík, að sögn Braga, bæði á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands sem fór með úrskurðarvald í málefnum barna. Það var ekki fyrr en með lögum frá 1966 sem hverju sveitarfélagi fyrir sig var skylt að vera með barnaverndarnefnd.

Spurður hvort ofbeldismál sem upp hafa komið á síðustu mánuðum í sambandi við vistun barna á árum áður skyggi ekki á afmælishaldið svarar Bragi:

„Nei, ekki í mínum huga. Það er ekki við brautryðjendur í íslenskri barnavernd að sakast þó að brotalöm hafi orðið á einstökum stofnunum. Í dag er auðvelt að setja sig í dómarasæti því nú vitum við að til eru menn sem leita á börn. Þetta höfðu menn bara ekki heyrt um á þessum tíma. Fólkið sem barðist fyrir bættum hag barna hafði trú á því að stofnanadvölin yrði til að bjarga þeim og ugglaust hefur það verið í mun fleiri tilvikum en hinum. Það verðum við í það minnsta að vona.“ gun@frettabladid.is



**BRAGI GUÐBRANDSSON, FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU** „Það er auðvelt að setja sig í dómarasæti í dag því nú vitum við að til eru menn sem leita á börn. Þetta höfðu menn bara ekki heyrt um á þessum tíma.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Níels Rafn Níelsson**

bifvélavirkjameistari, Funalind 15 Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á krabbameinsfélagið eða líknardeild LSH í Kópavogi.

**Guðbjörg E. Sigurjónsdóttir**
**Ómar Níelsson**
**Anna Björg Níelsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Níels Birgir Níelsson** **Svanborg Gísladóttir**
**Arnar Bjarki, Glódís Rún og Védís Huld**
**Hrefna Skagfjörð** **Hulda Sigurbjörnsdóttir**
**Hermann Níelsson**
**Björn Níelsson**
**Hanna Níelsdóttir**
**Halldóra Þórðardóttir** **Pálmi Þórðarson**


**30 ára afmæli**

**Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur**

heldur upp á 30 ára afmæli sitt í Félagsheimili Gusts laugardaginn 8. desember, húsið opnar kl. 21.
Sjá www.bikr.is

Stjórn BÍKR.

**Legsteinar og fylgihlutir**



- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

# DRAUMATÆKIÐ




PIXEL PLUS 2 HD

**TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI**

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**TÆKIÐ FÆST Í TVEIMUR ÚTFÆRSLUM**

**32" LCD**
**PHILIPS 32PFL7762D**
**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

**42" LCD**
**PHILIPS 42PFL7762D**
**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ **269.995**

Incredible Surround

PIXEL PLUS 2 HD

Digital Natural Motion

BBE Digital

HDMI
HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

## PHILIPS 7762D

**HÁGÆÐA MYNDGÆÐI**
**Pixel Plus 2 HD** myndleiðréttingarbúnaður sem bætir myndina og gerir hana framúrskarandi skýra hvort sem um er að ræða hefðbundnar útsendingar eða myndir í háskerpugæðum.

**Digital Natural Motion** sem tryggir að hröðustu hreyfingar verða mjúkar og fínar.

**SPENNANDI HLJÓMGÆÐI**
**BBE Digital** hljóðkerfi með 7 banda tónjafnara, innbyggðum bassahátalara og incredible surround.

**NOTALEG ÞÆGINDI**
Snúningsstandur, innbyggður stafrænn móttakari og miklir tengimöguleikar, m.a. 3x HDMI tengi tryggja fullkomin þægindi.

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26




**REYKJAVÍK** SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
**AKUREYRI** GLERÁRGÖTU 36 460 3380
**HÚSAVÍK** GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
**SELFOSS** EYRARVEGI 21 480 3700

**Heimilistæki**

ht.is



**Smátromma**
Sláðu taktinn og láttu heyrast í þér! Þessi litla tromma er fín í það og auðvitað fylgja tveir kjuðar með.
400 krónur.



**Tambúrínusláttur**
Það er ekki bara í suðrænni sveiflu og dynjandi dönsum sem tambúrínan kemur sér vel – hún á alls staðar heima. Þessa færðu í Tiger fyrir 400 krónur.



**Átta nótur á gjafverði**
Þessi litli xylófónn er úr tré og málmi og honum fylgja tveir litlir kjuðar. Svo kostar hann bara 400 krónur.



**Heyr hörpunnar hljóm ...**
... nei annars, það var víst öðruvísi harpa. En í Tiger eigum við flottar munnhörpur úr málmi sem ekki hljóma síður vel, hvort sem þú ætlar að spila brakandi blús eða syngjandi sveiflu. 200 krónur.



**Litli trumbuslagarinn**
Hann byrjaði á að fá sér kjuða. Og þú færð þessa tvo fyrir 200 krónur.



**Sláðu taktinn**
Þá færist fjör í leikinn, ekki síst ef þú hefur skroppið í Tiger og keypt þér handtambúrínu fyrir 200 krónur.

TIGER
Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Kók og sænskar kjötbollur

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** HLAKKAR TIL AÐ HALDA JÓLIN HÁTÍÐLEG Í BYKO



Ljósadýrð loftin gyllir, lítið hús yndi fyllir, og hugurinn heimleiðis leitar því æ, man ég þá er ~~hátíð~~ kóklestin var í bæ.*

Já kóklestin er, eins og fram kemur í auglýsingum, ein helsta vísbending um að jólin séu að nálgast og því bíða hennar sjálfsagt margir með óþreyju. Enda lestin orðin jafn órjúfanlegur hluti jólanna fyrir yngstu kynslóðinni og sleði ameríska jólasveinsins var áður fyrr. Nema nú útdeilir sveinninn sá ekki pökkum af nýja fararskjótanum heldur svörtum sykursprengjum til að hafa með steikinni.

Talandi um pakka þá er óvíst að nútímabörn yrðu jafn kát með að fá bók og nál og tvinna í jólagjöf eins og börnin sem kveðið er um í vísunni. Ætli þau yrðu ekki ánægðari með mynddiska og tölvuleiki úr BT bæklingnum en einhverjar skruddur. Sjálfsagt dytti fáum í hug að taka upp nál og tvinna þegar von er á jólagallanum beint úr Sautján.

Smekkur íslensku jólasveinanna hefur líka þróast og þroskast á undanförnum árum. Það er sannarlega af sem áður var þegar þessir herramenn fóru rænandi og ruplandi um íslenska sveitabæi og gripu það sem hendi var næst, enda sættu menn sig við ýmislegt í þá daga. Nú neyta jólasveinarnir pepperóní-pitsu í stað bjúgna og aðeins vissra mjólkurvara meðan mamma og pabbi narta í Camembert og súpa af Cordon Negro.

Stærsta breytingin er þó sjálft jólahaldið sem fer ekki fram á íslenskum heimilum í ár líkt og áður. Hagkaup, IKEA, Byko og fleiri góðir hafa nefnilega tekið að sér jólahaldið í þetta sinn og reka fyrir því stífan áróður. Hvernig er annars hægt að misskilja orðin „Jólin eru í Byko“ og svo framvegis. Kannski eiga sumir erfitt með að sætta sig við sænskar kjötbollur í stað hamborgarhryggsins góða en flestir verða örugglega þakklátir fyrir stórlækkuð útgjöld í ár.

*Hátíð í bæ, texti Ólafur Gaukur*

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó




**1.617** kr/kg, áður 2.695 kr/kg
Ekta hangiæri, úrbeinað




**1.257** kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hangiframpartur, úrbeinaður




**898** kr/kg, áður 1.795 kr/kg
Ekta hamborgarhryggur




**1.499** kr/kg, áður 2.527 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur




**871** kr/kg, áður 1.451 kr/kg
Ekta bayonneskinka




**97** kr/fl, áður 139 kr/fl
Egils appelsín, 2 ltr




**69** kr/fl, áður 99 kr/ds
Egils malt, 500 ml




**79** kr/fl, áður 115 kr/ds
Egils malt&appelsín, 500 ml

**full búð af frábærum tilboðum**
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6.–9. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**Kl. 20**

*Þráinn Bertelsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Þórarinn Leifsson og Friðrik G. Olgeirsson lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum á kaffihúsinu Súfistanum, Laugavegi 18, í kvöld kl. 20.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frumflutningur í hátíðarlok*

Tónlistarunnendur á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið tónlistarhátíðinni Tónað inn í aðventu, sem staðið hefur yfir í Neskirkju, fagnandi, enda um afar metnaðarfulla og glæsilega hátíð að ræða.

Lokatónleikar hátíðarinnar fara fram í kvöld og eru afar spennandi, eins og lög gera ráð fyrir. Hér eru á ferð sannkallaðir stórtónleikar þar sem óratórían L'Allegro, il Penseroso ed il Moderato eftir G. F. Händel verður frumflutt á Íslandi, en Händel samdi þessa óratóríu einu ári áður en hann samdi meistaraverkið Messías.

Einsöngvarar á tónleikunum eru Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona, Marta Halldórsdóttir sópransöngkona, Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari og Hrólfur Sæmundsson barítónsöngvari. Auk þeirra syngur Kór Neskirkju og barokksveit Neskirkju leikur. Konsertmeistari verður Martin Frewer og stjórnandi Steingrímur Þórhallsson, sem einnig er listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Hljómsveitin leikur á upprunaleg barokk-hljóðfæri og má líklegt telja að um sé að ræða stærstu starfandi barokksveit landsins. Áhugi á því að leika á upprunaleg hljóðfæri hefur talsvert aukist undanfarin ár og eru tónleikar sem þessir ánægjuleg vísbending um að reynsla er að skapast hjá hljóðfæraleikurunum í flutningi eldri tónlistar.

Haldinn hefur verið fjöldi tónleika í tengslum við hátíðina Tónað inn í aðventu sem allir hafa verið vel heppnaðir. Það kemur vart á óvart að svo áhugaverð tónlistarhátíð sé haldin innan Neskirkju enda eru þar nú starfandi hvorki meira né minna en þrír kórar auk barokkhópsins Rinascente. Því má með sanni segja að organisti kirkjunnar, Steingrímur Þórhallsson, hafi lyft grettistaki í tónlistarlífi kirkjunnar.

Tónleikarnir fara fram í Neskirkju við Hagatorg og hefjast kl. 20. **- vþ**



**BAROKK** Tónlistarmenn æfa af kappi fyrir tónleikana í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR** Upprennandi söngvarar.

## *Drengir syngja inn jólin*

Jólatónleikar Drengjakórs Reykjavíkur fara fram í kvöld í Hallgrímskirkju þar sem hann flytur fjölbreytta jólatónlist. Tónleikarnir eru liður í jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju sem stendur sem hæst um þessar mundir.

Með drengjakórnum koma fram félagar úr Karlakór Reykjavíkur og Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari og verða það því karlaraddir á öllum aldri sem fá að hljóma í kvöld.

Orgelleikarinn Lenka Máteova leikur fagra tóna undir söngnum og Friðrik S. Kristinsson stýrir herlegheitunum.

Drengjakór Reykjavíkur er starfræktur við Hallgrímskirkju. Tónleikarnir í kvöld verða í fyrsta skipti sem kórinn kemur fram á jólatónlistarhátíð kirkjunnar, en hann er annars afar virkur og kemur meðal annars mánaðarlega fram við helgihald í Hallgrímskirkju. Það bregst sjaldnast að við þau tækifæri fyllist kirkjan af áhugasömum gestum sem vilja hlýða á söng drengjanna.

Kórinn gaf nýverið út geisladisk með flutningi sínum á nokkrum fallegum lögum. Diskurinn verður til sölu á tónleikunum í kvöld.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 1.500 kr. **- vþ**

## Tolli dýr en flottur í Flensborg

„Jahhh, sko, mönnum þótti verðið á verkunum svolítið hátt. En „they payed me a lot of respect“,“ segir myndlistarmaðurinn Tolli og hlær, aðspurður hvort hann væri búinn að selja Dönum og Þjóðverjum myndlist í massavís.

Tolli opnaði mikla myndlistarsýningu í norrænu menningarmiðstöðinni í Flensborg í Norður-Þýskalandi í lok síðasta mánaðar og mun sýningin standa til 10. desember. Á sýningunni eru vatnslita- og olíumyndir alls um 50 verk. Tolli er harla ánægður með viðtökurnar. Í tilefni sýningarinnar var mikið viðtal við Tolla í Flensborg Avis sem hefst með látum. Blaðamanni þykir þetta voldug verk en Tolli svarar sem svo að þá hefði hann átt að sjá verk sín þegar hann var í Kúnstakademíunni í Berlín. Þetta væru smámunir í samanburði.

„Já, já, maður lét bara vaða á súðum. En þetta voru einhverjir 200 manns sem mættu við opnunina. Og góður gestagangur hefur verið. Hvort sem það var nú kurteisi, gestrisni eða eitthvað annað eru menn ánægðir með þessi verk og þótti fengur í þessu. Þeir eru að kynna menningu Norðurlandaþjóðanna og þarna hafa Einararnir lesið upp, Vigdís og einhverjir fleiri auk þess sem íslenskir listamenn hafa sýnt þarna.“ Bubbi Morthens, bróðir Tolla, mætti og hélt tónleika fyrir troðfullu húsi við þetta sama tækifæri. „Já, í Slesvík Hallen. Þarna komu heimamenn auk þess sem Íslendingar frá Jótlandi fjölmenntu til að hlusta á meistarann. Gott partí? Já, já, þetta var nett sveifla,“ segir Tolli.

Myndlistarmaðurinn segir að nú verði nokkurt hlé gert á sýningarhaldi og við taki það að vinna í sinni list og mála. Einhverjar samningaviðræður eru yfirstandandi um sýningu í Kaupmannahöfn en ekki er tímabært að ræða það á þessu stigi málsins. „Það sem er fram undan hjá mér er að flytja í nýja vinnustofu og nýja íbúð við Meðalfellsvatn. Núna strax í næstu viku. Jú, jú, það er geðveikt húsnæði. Svo er maður ekkert að hugsa lengra, en eitt og annað er á döfinni.“

**jakob@frettabladid.is**




**Í FLENSBORG AVISEN** Flenniviðtal við Tolla í tilefni sýningarinnar birtist í Flensborg Avis og þar lét listamaðurinn vaða á súðum.



**MORTHENSBRÆÐUR Í NETTRI SVEIFLU** Fullt hús var við opnun sýningar en þarna eru þeir Bubbi og Tolli ásamt Jóhönnu Hauksdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur.
MYND ÚR EINKASAFNI TOLLA

„Þessi bók um virðinguna er leiðarljós.

Hún vísar veginn í uppeldi til sjálfsvirðingar sem er traustasti lykillinn að því að bera virðingu fyrir öðrum … skrifuð … af mikilli þekkingu og djúpu innsæi.“
*Vigdís Finnbogadóttir*

„… eitthvað fyrir fræðimenn, eitthvað fyrir kennara, eitthvað fyrir foreldra … eitthvað fyrir alla … Margslungið rit.“
*Leifur Hauksson / Samfélagið í nærmynd, RÚV*

„Sigrún hefur samið frábæra leiðsögn um þroskaleitina á lífsleiðinni, athyglisvert framlag til menntunarfræði í anda lýðræðis … skyldulestur fyrir alla sem starfa að uppeldis- og menntunarmálum.“
*Wolfgang Edelstein*




MÁL OG MENNING www.forlagid.is



**SINNEP**

**Atli Ingólfsson**

## *Diskó er pönk!*

Hljóðfall – í faginu er alltaf sagt rytmi – þar býr hin leynda sál tónlistarinnar. Slagkraftur tónverksins felst í þessu jafna eða skrykkjótta klukkutifi sem er eins og litur tímans, en er þó líka hinn holdlegi þáttur lagsins, jarðtengingin. Á rytmanum flýtur allt hitt inn í afkima hugans: Texti, laglína, hljómar.

Nútímamúsíkin hrærir í hljóðfallinu. Hún leysir upp púls, blandar púlsum, umbreytir púlsi í tón eða mynstur eða hver veit hvað. Hún vinnur gjarnan með hljóðfall eins og abstraktmálari með form, þótt útkoman geti verið margvísleg og misjafnlega abstrakt. Hljóðfall í dægurtónlist er ekki síður áhugavert. Þar birtist blær þess hreinn og klár og viss sálræn og líkamleg tenging blasir við.

1) Flest dægurlög eru í fjórskiptum takti. Innan þess ramma rúmast þó ótal tilbrigði sem skilgreina nánar hvernig tónlist þetta er: Hvað spilar bassinn margar nótur í takti og hvar eru áherslur? Hvaða mynstur myndar trommusettið ásamt smærri slaghljóðfærum, til dæmis tambúríni eða hristu?

2) Þegar nýr stíll ryður sér til rúms er hljóðfallið alltaf það sem best greinir hann frá annarri músík, þótt hljóðfæraskipan, inntak og hljómar hafi líka mikið að segja.

3) Þegar rokkið breiddist út um heiminn fólst aðdráttarafl þess helst í kraftmiklum hnykk á reglulegt taktslag í fjórkvæðum takti. Svo dæmi sé nefnt hefur rokkabillí yfir sér ófyrirleitinn, fjörugan og jafnvel ósiðlegan blæ: Fjögur þung og þrútin slög, aftur og aftur lagið á enda.

4) Smám saman dró svo úr þunga á 1. og 3. slagi. Léttari taktur með aðaláherslu á 2. og 4. slag varð ofan á, enginn ágengur sláttur alveg fremst í takti. Á vissum hraða fór þetta hljóðfall að tákna hreina, áhyggjulausa skemmtun: Hér er poppið mætt, en þetta var líka lífseigt í öllu rokki.

5) Diskó og pönk eru stundum álitin andstæður, en þau eru skyldari en margan grunar. Bæði fæddust um miðjan 8. áratuginn sem andsvar við þeim sjálfumglaða og smáborgaralega tón sem kominn var í rokkið. Meginstoðin í þessu andsvari var hljóðfallið: Í báðum tilfellum eru þyngri áherslur taktsins færðar aftur á 1. og 3. slag. Í diskóinu er það gert til að endurheimta dans og erótík gamla rokksins, en pönkið vill höndla og ýkja með þessu ögrun þess. Þau útfæra vitaskuld hljóðfallið hvort á sinn hátt, en hið nýstárlega yfirbragð beggja var þessari taktbyltingu að þakka. Reyndar eru þau líka lík í hljómagangi: Engar óþarfa flækjur, bara fáir og beinskeyttir hljómar. Pönkið er bara aðeins hraðara … og saklausara.

# Fimm stjörnu krimmi!

★★★★★

*Hildur Heimisdóttir / Fréttablaðið*

**„Heldur manni í andarteppu …**
einhver besta spennusaga sem ég hef lengi lesið …
Söguþráðurinn er **magnaður** og **margræður.“**

*Össur Skarphéðinsson / ossur.hexia.net*

„Ég fékk næstum samviskubit yfir því að hafa haft svo **mikla ánægju** af lestri bókar Þráins. Hún er **afar spennandi** … lunkinn **húmor**.“

*Kolbrún Bergþórsdóttir / 24 stundir*

„… **frásagnargleðin er mikil** … Bókin er **kröftug**, **spennandi** og **umhugsunarverð** …“

*Ingvi Þór Kormáksson / bokmenntir.is*




„Hún er **mjög góð**; **spennandi**, **sorgleg** og **óhugnanleg** … og stundum **fyndin**.“

*Guðríður Haraldsdóttir / gurrihar.blog.is*

„… **liggur mikið á hjarta** um samtímann.“

*Egill Helgason / Kiljan, RÚV*

„Ég **mæli eindregið með þessari bók**. Hún sýnir okkur hvernig heimurinn er á Íslandi í dag – **miskunnarlaust** og **umbúðalaust**.“

*Sigmundur Ernir Rúnarsson / Mannamál, Stöð 2*



KEMUR EINNIG ÚT SEM HLJÓÐBÓK

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is









KIPPI KANINUS Leikur í verslun 12 Tóna í dag.

# Kippi á öldum ljósvakans

Þátturinn Hlaupanótan, sem er á dagskrá Rásar 1, og verslunin 12 Tónar standa fyrir áhugaverðum tónleikum síðdegis í dag. Tónlistarmaðurinn Kippi Kaninus mun leika tónlist sína fyrir gesti í húsnæði verslunarinnar á Skólavörðustíg 15, en tónleikunum verður jafnframt útvarpað beint á Rás 1 að loknum fjögurfréttum.

Þetta eru aðrir tónleikar í þessu nýstárlega samstarfi Hlaupanótunnar og 12 Tóna, en áður lék Davíð Þór Jónsson fyrir gesti verslunarinnar og hlustendur Rásar 1 við frábærar undirtektir.

Tónleikarnir hefjast kl. 16.13 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

- vþ




# Nú á lesandinn leikinn




**BÓKMENNTIR**
**Ástarljóð af landi**
Steinunn Sigurðardóttir.

★★★★
Fjórar skærar ástarstjörnur

Galdur þessarar bókar og ótvíræður áhrifamáttur – en boðskapur hennar undir lokin er bæði hvass og berorður – felst einfaldlega í því að skáldskapurinn sjálfur er þar fullþroska fegurð og lýrísk nautn, lesturinn jaðrar við fýsn. Efnistökin eru einkar heillandi, í senn falinn fjársjóður og einföld leiðabók, listileg samfléttun samliggjandi efnisþráða, hárfín klifun og stígandi með markvísum innri skírskotunum og lúmskum leiðandi táknvísunum frá ljóði til ljóðs uns allt kemur saman í einum brennidepli. Falleg bók, skemmtileg og yndislega vel ort. Íslensk nútímaljóðlist á áttvísri siglingu inn í spánnýja öld.

Bókin er nýtt upphaf. Skáldkonan sendi frá sér Ljóðasafn fyrri ljóða fyrir tveimur árum og ýtir nú úr vör á ný á fengsælu fleyi sem leitar nýrra miða þótt andi í seglin frá fyrri tíð og aðdáendur skáldkonunnar munu þar kannast við frumleg stílbrögðin og kankvísan tóninn sem óspart myndar óvænt tengsl milli aðkallandi hugmynda og kveikir þannig sífellt nýja afleidda (hug)mynd sem ýmist getur kollsteypt öllum fyrri málsrökum eða geirneglt upphaflegu forsenduna. Þann seið magnar skáldkonan ekki síst með mótsögnum og þversögnum sem gjarnan hafa yfirbragð fjarstæðu, og yfirskilvitlegu tímaskyni þar sem speglunin er ávallt tvísælis; fortíð og nútíð eru afleiðing framtíðar engu síður en orsök – og mótsagnirnar eru raunverulegar og mæta lesandanum aldrei sem „dautt orð“ af því þær grundvallast á þeirri gullnu þversögn lífsins (sem er ein af forsendum menningarinnar) að sérhver er engum líkur þótt allir séu eins.

Yrkisefnið er ástin. Ekki þó frá sjónarhóli frumspekinnar, engin Díótíma að dásama platónskan Eros, heldur íslensk kona (ljóðmælandinn) með ást á ljóði og manni og landi með kjöti og blóði þótt „hinn elskaði“ sé hugsanlega holdlaus. Svið bókarinnar er í fyrstu útlend borg og ástin beinist þar að einum manni en færist síðan óafvitandi gegnum ástarjátningar til „lengra komna“ að ströndum Íslands þar sem landið tekur við hlutverki „hins elskaða“ þótt „ástkonan“ sé hin sama. Samtímis þessum mjúku efnishvörfum á sér stað stigvaxandi breyting á ljóðforminu þar sem skáldskaparmálið verður stöðugt einfaldara og málfarið ljósara, áherslan færist frá lýrísku draumkenndu myndmáli og margræðri sjálfsmeðvitaðri ljóðfegurð að mjúkum en stríðum og kappsfullum tóni sem felur erindi sitt sífellt minna bak við tungumál skáldskaparins uns boðskapurinn og bókstafurinn eru beinlínis sviptir klæðum í blálokin. Og virkar – eins og ýtin nútíma arfsögn sprottin af hvatningu víðóma náttúruraddar sem tvíátta tímaskyn afstæðninnar krefst að sé berháttuð og teflt gegn eigin fjörtjóni án tafar – þótt ég verði að viðurkenna að lokaljóðið hafi valdið mér eilitlum vonbrigðum. Athygli vekur að ástin í „nýju borginni“ (19-41) er algjörlega skilyrt (ef, ef, ef) – að yfirlögðu ráði á skjön við tilfinningu fyrsta ljóðsins sem er óskilyrt og eilíf ástarjátning til ljóðsins eilífa og æðislega falleg byrjun þar sem orðið sigrar jafnvel dauðann – og virðist ekki eiga nokkur tök á því að losna úr þeim álögum að vera óendurgoldin þar eð hinn elskaði er dagdraumur og staðleysa, en þarf þó ekki þar með að vera þversögn eða fjarstæða og ræður því m.a. tímaskyn bókarinnar sem minnir lesanda sinn á að „allt sem einu sinni var er langar leiðir áfram“ (63) en jafnframt „minning um ókomna tíð“ (23) – tíminn í bókinni er sumsé afstæður bæði í orði og verki og getur þá jafnvel kveikt funheit samskipti kynjanna þótt þau séu ekki til staðar í raun. Hin skáldlega blekking er þá ígildi þess sem elskaður er og hefur sama gjaldgengi – a.m.k. „í ljóði og draumi“ – og lesandinn getur leyst hann af hólmi og frelsað með eigin hamskiptum í eigin víðáttum einsog hugurinn girnist.

Og hið kvenlega birtist þá ekki síst í flæðinu, eilífu streyminu sem býr yfir krafti umbreytingar, vatni í öllum sínum myndum, uppsprettu ljóðorkunnar, næringu náttúrunnar og forsendu lífs á jörðu. Sköpun er kvenleg orka í ljóðunum og afl þeirra kvenlegur heiðinn sköpunarkraftur, ást þeirra háleit og holdleg í senn en efast um einræði kristninnar. Ástarjátningin til landsins og náttúrunnar er hugheil og trygg og á sér trúverðuga rót sem liggur umvafin skáldskapnum djúpt í gegnum sögu lands og þjóðar að fyrsta lífsmarki.

Lesandi góður, lestu þessa bók, hún er falleg og frísk eins og síðasta blómið, fyndin og yndisleg, þér líður snöggtum betur á eftir, ljóðlistin er unaður, erindið brýnt. Þetta er bók sem ætlar þér nýtt og „æðra hlutverk“, hún skorar á þig að skorast ekki undan. Þú átt leik.

**Sigurður Hróarsson**

# Forað rannsakað

Síðasta rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða á þessu haustmisseri verður haldið í kvöld kl. 20 í húsi Sögufélagsins í Fischersundi 3. Að þessu sinni er það bókmenntafræðingurinn Benedikt Hjartarson sem flytur erindi sem nefnist „Úr foraði evrópskrar nútímamenningar: Viðhorf til framúrstefnu í íslenskri menningarumræðu þriðja áratugarins.“

Í erindinu fjallar Benedikt um viðtökur á evrópskri framúrstefnulist á Íslandi á þriðja áratugnum og tengir þær við umræðuna um framtíð íslenskrar menningar. Í brennidepli verða skrif íslenskra rithöfunda, listamanna og menntamanna um kúbisma, konstrúktívisma, fútúrisma, expressjónisma og dada.



**AF TVÍDÆGRU** Mynd eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, en um skrif hans verður fjallað á rannsóknarkvöldinu í kvöld.

Benedikt beinir einkum sjónum að Guðmundi Einarssyni frá Miðdal, en hann var áberandi í hópi þeirra íslensku mennta- og listamanna sem skrifuðu beinskeytt gegn nokkrum „ismum“ tímabilsins. Benedikt Hjartarson er með meistaragráðu í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hann vinnur nú að doktorsritgerð við háskólann í Groningen í Hollandi um evrópskar framúrstefnuhreyfingar á fyrri hluta 20. aldar og stefnuyfirlýsingar þeirra.

Aðgangur að rannsóknarkvöldum Félags íslenskra fræða er ókeypis og öllum heimill.

- vþ

CITROËN

Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007
Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg




**Jólabíllinn í ár**
Nýr Citroën C3 SX
1,4i 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km

*Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú 1.659.000 kr. fyrir Citroën C3 SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.589.000** kr. fyrir Citroën C3 SX.**

# Viltu sjónvarp?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C3 SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá sjónvarp í afslátt að verðmæti 70.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 125.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.589.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú hinsvegar **1.659.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C3 SX.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg**
**Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007**

Jólatilboð Brimborgar
**Kauptu jólagjöfina í Brimborg**

*Talaðu endilega við söluráðgjafa Brimborgar í dag – þeir eru í voða góðu jólaskapi.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> HAGGIS Í MÁL



Paul Haggis hyggst draga framleiðendur Crash fyrir dómstóla sökum þess að hann telur sig eiga inni sinn hluta af gróða myndarinnar. Haggis leikstýrði myndinni sem fékk þrenn Óskarsverðlaun, þar á meðal sem besta myndin 2006 og finnst hann hafa farið heldur slyppur og snauður frá borði.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Dagur Kári leitar að útlendingum

Kvikmyndin Good Heart í leikstjórn Dags Kára Péturssonar fer væntanlega í tökur í byrjun janúar á næsta ári og á föstudaginn verða áheyrnarprufur fyrir aukahlutverk í myndinni. Fara þær fram í Alþjóðahúsinu milli klukkan þrjú og sex.

Þar sem myndin gerist öll í New York er verið að leita að leikurum af erlendum uppruna sem eru tuttugu ára og eldri. „Myndin verður nánast öll tekin upp hér á landi og því þurfum við að búa til alþjóðlegt umhverfi á Íslandi," segir Dagur og tekur skýrt fram að íslenskukunnátta sé ekki skilyrði. Myndin verður tekin upp bæði í myndveri og svo úti á fyrrverandi varnarsvæði Bandaríkjanna í Reykjanesbæ. „Þar eru öll smáatriði fyrir hendi, bandarískar innstungur og þar fram eftir götunum. Margar af byggingunum þar eru tómar sem hentar vel fyrir okkur," bætir Dagur við.

Good Heart segir frá lífsreyndum bareiganda sem tekur að sér ungan heimilisleysingja. Handrit myndarinnar vakti strax mikla athygli og fékk meðal annars styrk á Sundance-kvikmyndahátíðinni og eftir velgengni Nóa albínóa og Voksne mennesker á kvikmyndahátíðum bíða menn spenntir eftir því að sjá fyrstu kvikmynd Dags Kára á ensku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur bandaríska ungstirnið Paul Dano gefið vilyrði sitt fyrir því að leika eitt aðalhlutverkanna í myndinni en hann sló í gegn í hinni eftirminnilegu kvikmynd Little Miss Sunshine. Að sögn Dags Kára eru viðræður við hinn aðalleikarann á viðkvæmu stigi en þau mál ættu að skýrast á allra næstu dögum. - fgg



**LEITAR AÐ LEIKURUM** Áheyrnarprufur fyrir statista í kvikmyndina Good Heart verða á föstudaginn. Íslenskukunnátta er ekki skilyrði.



**Á UPPLEIÐ** Paul Dano mun að öllum líkindum leika í Good Heart en hann fór á kostum í kvikmyndinni Little Miss Sunshine.

# Mikill trúarhiti í kringum jólamynd

**Varla telst það til tíðinda þegar trúarhópar rísa upp á afturlappirnar og mótmæla sið- og guðleysi frá afþreyingariðnaðinum. En sú deila sem nú er sprottin upp er harla óvenjuleg enda eru bæði guðleysingjar og trúaðir ósáttir.**

Kvikmyndin The Golden Compass verður frumsýnd hér á landi strax eftir jól en hún er byggð á fyrstu bók Philips Pullman af þremur í bókaflokknum His Dark Materials. Stórstjörnurnar Nicole Kidman og Daniel Craig leika aðalhlutverkin og er búist við því að hún eigi eftir að njóta mikilla vinsælda.

### Kirkjan er hið illa

Kvikmyndaútgáfan af bókinni kemur líka á besta tíma. Vinsældir bóka og kvikmynda sem skora trúarbrögðin á hólm hafa aldrei verið meiri og almenningur virðist sólginn í heimspekilegar vangaveltur um lífið og tilgang þess.

Philip Pullman er einn þekktasti guðleysingi Breta og er meðal annars meðlimur í bresku húmanistasamtökunum auk þess að vera heiðursfélagi í Landssamtökum um trúlaust samfélag. Hann hefur ekki farið leynt með skoðanir sínar á trúarbrögðum, hvorki í viðtölum né bókum sínum enda segir fyrrverandi nunna í einni bókanna við aðalpersónuna: „Kristnin er mjög valdamikil og sannfærandi mistök," og sjálfur lét Pullman hafa eftir sér að hann vildi gera lítið úr grunnstoðum kristninnar. Og engan skyldi undra að bæði mótmælendur og kaþólikkar líti bækur Pullmans hornauga, í bókinni heitir hið illa til að mynda „The Church" eða Kirkjan.

### Hollywood fær á baukinn

Bækur Pullmans um ferðalag Lyru og Wills Parry milli ólíkra heima njóta mikilla vinsælda hjá smáfólkinu sem drekkur í sig fantasíuveröldina. Og það er kannski helst sú staðreynd sem veldur kristnum samtökum hvað mestum áhyggjum, það að börnin skuli vera „fórnarlömb" guðleysingjastefnu Pullmans.

Og nú þegar Hollywood, með allar sínar markaðsmaskínur á milljón, hefur hoppað um borð í skip Pullmans þá er draumaverksmiðjan að mati kirkjunnar manna að matreiða veröld ofan í börn þar sem öll trúarbrögð eru vond. Aðkoma kvikmyndaborgarinnar féll í það grýttan jarðveg hjá íhaldssömum armi kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjanna að hún sá sig tilneydda til að hvetja alla fylgismenn sína til að sniðganga The Golden Compass.

Aðrir hafa sagt Pullman vera að ráðast gegn ævintýrum hins rammkristna C.Ss Lewis um Narníu. Og vissulega eru þar hliðstæður. Báðar bækurnar fjalla um börn sem þurfa að taka siðferðislega erfiðar ákvarðanir; þarna eru talandi dýr, stórir og miklir bardagar að ógleymdum fataskáp sem kemur víst við sögu í báðum bókaflokkunum.

### Trúleysingjar ósáttir

Það eru ekki eingöngu hinum trúuðu sem er meinilla við kvikmyndaútgáfuna af The Golden Compass. Trúleysingjarnir í Bandaríkjunum benda á að Hollywood hafi látið undan ritskoðunarstefnu hinna valdamiklu kristnu þrýstihópa þegar þeir skírðu hin illu öfl upp á nýtt en þau heita Magisterium í myndinni í staðinn fyrir Kirkjan. Þessi ákvörðun snerist þó í höndunum á handritshöfundum myndarinnar því magisterium er latneska heitið yfir kennarastéttina hjá kaþólikkum.

En ekki eru öll kristin samtök ósátt við kvikmyndina. Þau telja að bækur Pullmans séu einmitt sú áskorun sem trúaðir þurfi til að verða staðfastir í sinni sannfæringu. „Bækur Pullmans eru ekki árás á kristni sem trúarbrögð heldur föst skot á þau öfl sem misnota sér vald sitt í krafti þeirra," segir Donna Freitas, aðstoðarprófessor við trúarbragðadeild Háskólans í Boston í samtali við fréttavef CNN.

Framleiðandi myndarinnar, Deborah Forte, vísar hins vegar allri gagnrýni til föðurhúsanna og segir að fólk eigi að láta vera að túlka hlutina svart og hvítt. „Ég hef unnið að gerð þessarar myndar í tólf ár og aldrei hefur nokkurt barn spurt mig hvort bækur Pullmans séu árásir á trúarbrögðin. Þau elska bara bókina og persónurnar." freyrgigja@frettabladid.is



**UMDEILDUR UM JÓLIN** Nafn Philips Pullman hefur verið töluvert í umræðunni vegna ævintýramyndarinnar The Golden Compass sem frumsýnd verður hér um jólin.


ÓMISSANDI BÓK
FYRIR ALLA GESTGJAFA

„Skemmtileg og fyndin ... sjarmerandi eins og höfundurinn."
Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Í þessari fallegu bók eru gefin fjölmörg góð ráð um hvernig gera skal góða veislu ógleymanlega. Fjallað er um val á gestum, boðskort, borðbúnað, móttöku gestanna, hvernig best sé að skipa þeim til sætis, samræðulist og tækifærisræður, líkamsstöðu og klæðnað, borðsiði og skálaræður og ótalmargt fleira. Jafnframt er lögð áhersla á að hlýlegt og létt viðmót skipti meira máli en reglur og siðvenjur.




**ÆVINTÝRI** Kalli lendir í miklum hremmingum fyrir vestan.

# Dugguholufólkið frumsýnt

Barna- og ævintýramyndin Dugguholufólkið verður frumsýnd um helgina en þetta er fyrsta kvikmynd Ara Kristinssonar í tíu ár eða síðan hann leikstýrði verðlaunamyndinni Stikkfrí. Dugguholufólkið segir frá Kalla, tólf ára gömlu borgarbarni sem hefur alist upp hjá einstæðri móður sinni í Reykjavík. Hann er sendur til pabba síns á Vestfjörðum yfir jólin en kemst fljótlega að því að þar er ekki allt eins og á mölinni. Úrvalið af sjónvarpsefni er heldur takmarkað og varla tölvuleikur í sjónmáli. Kalli tekur því þá stórtæku ákvörðun að flýja en lendir í snjóbyl og týnist. Og þá hefjast ævintýrin fyrir alvöru enda kemst Kalli í kynni við ísbjörn og drauga.

Dugguholufólkið er fyrsta íslenska barnamyndin í háa herrans tíð og því má reikna með að börnin teymi foreldrana í kvikmyndahúsin á næstu dögum. Ari fékk að notast við græna tjaldið hjá Latabæ fyrir margar af tökum myndarinnar og hún þykir mikið augnakonfekt. Í helstu hlutverkum eru þau Bergþór Þorvaldsson, Þórdís Hulda Árnadóttir og Árni Beinteinn Árnason sem öll eru frekar ung að aldri en þau eru dyggilega studd af þeim Brynhildi Guðjónsdóttur, Margréti Vilhjálmsdóttur og Erlendi Eiríkssyni.

# Áhrifamikil frásögn af uppvexti drengs við skelfilegar aðstæður

**„Við setjumst niður og fylgjumst með unglingafulltrúunum róta í dótinu sem við fengum að taka með okkur. Þeir segja að við þurfum engar myndir eða bréf og henda þeim í ruslið … Mér líður eins og þeir séu að svipta mig því síðasta sem ég á eftir; minningum mínum.“**

„Vel skrifuð bók um styrk einstaklingsins við óhugsandi aðstæður … Átakanleg lífsreynslusaga sem fangar lesandann frá fyrstu blaðsíðu.“

Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður

„Ég las þessa grípandi frásögn í einum rykk. Þetta er átakanleg saga um þolraun barns og þörf lesning fyrir alla sem láta sig varða málefni barna. Þetta er vitnisburður um stórfellt brot á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem aðeins tvö ríki í heiminum hafa ekki fullgilt; Bandaríkin og Sómalía.“

Kristinn Hrafnsson / Stöð 2

„Áhrifamikil lesning um dreng sem vinnur verðskuldaðan sigur á erfiðum aðstæðum sem hefðu brotið flesta niður.“

Guðríður Haraldsdóttir / Vikan




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

***Enginn má sjá mig gráta*** **er áhrifamikil og ógleymanleg frásögn af uppvexti drengs við skelfilegar aðstæður – og leið hans til að sigrast á þeim.**



**Chai latte ...** *er ljúffengur kaffidrykkur svona í skammdeginu. Hann ilmar dásamlega og bragðast enn betur, ef eitthvað er. Svo er líka alltaf hægt að sleppa mjólkinni og drekka bara teið góða.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Er áskrifandi að kaffibaunum*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Kaffis! Nánar tiltekið Selebes-kaffibaunanna sem ég er áskrifandi að hjá Kaffitári.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Kalkúnninn sem maðurinn minn útbýr alltaf á gamlárskvöld. Hann er það besta í veröldinni.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég smakkaði einu sinni ostrur í fínu boði og fannst þær algjör viðbjóður, er ekki meiri fínheitakerling en svo.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Mér finnst gott að eiga stundum svolítið öðruvísi snarl í ísskápnum. Þá rista ég brauð og set á það mozarella-ost, tómatsneiðar, ferska basilíku, ólífuolíu, salt og pipar.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þegar mér líður ekki nógu vel langar mig alltaf í súkkulaði, það er einhver friðþæging í því. Sem betur fer er ég farin að kaupa gott 70% súkkulaði, t.d. í kaffiverslunum eða hjá Hafliða súkkulaðimeistara.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Egg. Ef maður á nóg af eggjum getur maður alltaf eldað sér eitthvað.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Nóg af kaffi og ávöxtum.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef smakkað krókódíl, kengúru, kanínu og slíkt en var ekkert hrifin. Ég sæki ekki í að borða framandi mat. Mun til dæmis aldrei borða snigla þótt margir hafi reynt að fá mig til þess.

# Brenndar möndlur

Ristaðar möndlur, eða „brenndar möndlur“ eins og þær kallast iðulega á Norðurlandamálunum, eru ómissandi hluti af jólamörkuðum víðs vegar um heim. Það þarf ekki mikið til að ilm þeirra leggi yfir eldhús landsmanna, enda innihaldur uppskriftin aðallega möndlur og sykur. Bæði er hægt að nota strásykur og flórsykur, en þessi uppskrift, fáanleg á heimasíðu Dansukker, gerir ráð fyrir strásykri.

**BRENNDAR MÖNDLUR**
250 g möndlur með hýði
250 g strásykur
3/4 dl vatn

Setjið möndlur, vatn og sykur í pott yfir háan hita, þangað til vatnið sýður og blandan fer að krauma. Hrærið oft í með trégaffli. Lækkið hitann þar til vatnið hefur gufað upp og sykurinn fer að kristallast. Hann á síðan að bráðna aftur, þannig að hann loði við möndlurnar í kekkjum. Hrærið stöðugt í.

Hellið blöndunni á bökunarpappír og skiljið að með gaffli. Á þessu stigi má einnig strá smá flórsykri yfir þær, svo þær festist síður saman. Einnig er hægt að blanda dálitlu af engiferi og kanil út í möndlublönduna, til að fá enn meira jólabragð.



**JÓLASNAKK** Ilm af brenndum möndlum leggur iðulega yfir jólamarkaði erlendis. Þær er með góðu móti hægt að gera heima við. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vínkennsla fyrir jól

Vegna forfalla eru nú laus sæti á nokkur þeirra vínnámskeiða sem Vínskólinn stendur fyrir nú í jólamánuðinum. Strax í kvöld fer fram námskeiðið Vín og súkkulaði, sem fellur eflaust í kramið hjá einhverjum sælkerum. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir hvers kyns vín eiga best við súkkulaði, sama hvort um ræðir Merlot, freyðivín eða eftirréttavín.

Hinn 11. desember verður svo fjallað um kampavín og freyðivín með tilheyrandi smökkun og fimmtudaginn 13. desember snýst námskeiðið um eitthvað sem ætti að vera mörgum ofarlega í huga, nefnilega jólamat og vín. Þar verður ekki einblínt á hangikjöt, heldur einnig farið yfir hvaða vín fara vel með öðrum hátíðamat, á borð við gæs, hreindýr og kalkún, að ógleymdum eftirréttum.

Skráning fer fram á netfanginu dominique@vinskolinn.is.



**VÍN OG MATUR** Enn eru laus sæti á nokkur vínnámskeiða Vínskólans nú í jólamánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sunnudagsréttur Söru

**Leikkonan Sara Marti Guðmundsdóttir hefur afar gaman af eldamennsku. Hún býr oft til dýrindis afganga-lasanja á sunnudögum.**

Sara Marti á mikið af matreiðslubókum. Hún hefur þó einnig gaman af að þreifa sig áfram með uppskriftirnar, en það er einmitt þannig sem afgangalasanjað er til komið. „Ég skoða heilan helling af uppskriftum. Það skemmtilega er hins vegar þegar maður er farinn að kunna nóg til að geta búið til eitthvað nýtt út frá grunnuppskriftum. Þessi er einmitt svoleiðis,“ segir Sara, sem fékk upphaflegu uppskriftina úr bókinni Grænn kostur Hagkaupa.

Hún er þó langt því frá grænmetisæta. „Nei, ég gæti það ekki fyrir mitt litla líf,“ segir hún og hlær. „Ég passa upp á það sem ég borða, en ég get ekki hætt að borða kjöt, það er allt of gott,“ bætir hún við. Á sunnudögum er þó grænmetislasanjað ofarlega á blaði. „Þegar allt er lokað fer ég svona að tína allt út úr ísskáp og eldhússkápum,“ segir Sara brosandi.

Hún er forfallinn aðdáandi kókosmjólkur og notar það að auki rifinn sojaost í sitt lasagna. „Kókosmjólkin er miklu hollari en rjómi og smakkast alveg jafn vel. Ég nota hana í staðinn fyrir rjóma í meira og minna allt. Ég er með mjólkuróþol og hún og sojaosturinn hafa alveg bjargað lífi mínu,“ segir Sara. „Rifni sojaosturinn fæst í Bónus og ég er mjög ánægð með hann. Ég var búin að leita og leita að osti sem ég gæti borðað, og hefur ekki fundist sojaostar mjög spennandi,“ segir hún og hlær við.

Sara stendur nú í ströngu við æfingar á leikritinu Norway. Today, sem hún leikur í ásamt Þóri Sæmundssyni. „Þetta er frábært leikrit sem verður farandsýning Þjóðleikhússins í ár. Við frumsýnum á Ísafirði 18. janúar, svo nú erum við bara að æfa eins og brjáluð,“ segir Sara.



**AFGANGA-LASAGNA** Sara Marti Guðmundsdóttir eldar iðulega grænmetislasagna úr þeim afgöngum sem hún finnur í eldhúsi og ísskáp á sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Afganga-lasanja**
Lasanjaplötur
2 400 ml dósir kókosmjólk
rifinn ostur
2xdósir niðursoðnir tómatar
1-4 hvítlauksrif
Salt og pipar
Afgangsgrænmeti

Undir afgangsgrænmeti flokkast það sem er til í ísskápnum hverju sinni. Sara notar til dæmis sveppi, brokkolí, lauk, gulrætur, sætar kartöflur, papriku, eggaldin, kjúklingabaunir eða aðrar baunir. Það er þó einnig hægt að teygja sig í skinku eða beikon með.

Skerið grænmetið smátt og setjið til hliðar í skál. Brúnið hvítlaukinn varlega í olíu, bætið grænmeti út á. Þegar grænmetið er farið að mýkjast, bætið niðursoðnum tómötum (ásamt vökva), salti og pipar út í. Látið krauma í smá stund.

Blandið saman kókosmjólk og rifna ostinum í annarri skál.

Setjið lasagnaplötur í botninn á eldföstu móti, grænmetið ofan á þær, og loks kókosmjólkurblönduna.

Endurtakið tvisvar sinnum. Bakið í ofni við 200 gráður í um 30-40 mínútur.


*Jólin og sorgin*
Fræðslufundur í Fossvogskirkju í kvöld 6. des. kl. 20
Fyrirlesari sr. Ingileif Malmberg
*Allir velkomnir!*



NÝ DÖGUN
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*


# Barþjónar etja kappi á Sólon

Barþjónakeppnin Finlandia Vodka Cup fer fram á Kaffi Sólon í kvöld. Þar koma margir færustu barþjónar landsins saman í keppni um besta Finlandia-drykkinn. „Þetta hefur verið vinsælt innan barheimsins,“ segir Erna Dís Gunnþórsdóttir, starfsmaður hjá Mekka og annar skipuleggjenda keppninnar. Mekka stendur nú fyrir keppninni í fyrsta skiptið, en hefð er fyrir henni hér á landi.

„Við höldum þetta í samstarfi við barþjónasamtökin, en keppendur þurfa samt ekki að vera skráðir í þau. Þeir þurfa aðallega að vera vanir og hafa mikinn metnað og brennandi áhuga á þessu,“ útskýrir Erna. Keppendur hafa þegar skilað inn uppskrift og hafa í kvöld sjö mínútur til að blanda drykk sinn í fimm glös. Dómnefnd mun svo smakka sig áfram í gegnum drykkina þar til sá besti er fundinn.

„Keppnin er opin öllum sem vilja koma og fylgjast með og áhorfendum mun einnig gefast kostur á að smakka drykkina. Þeir fara svo allir í grunn á heimasíðunni okkar svo fólk geti nálgast uppskriftirnar,“ útskýrir Erna. Barþjónar munu einnig bregða á leik til skemmtunar fyrir áhorfendur, í anda kvikmyndarinnar Cocktail.

Sigurvegari kvöldsins mun fara fyrir hönd Íslands í alþjóðlegu keppnina, sem fer fram í tíunda skiptið í Lapplandi í byrjun næsta árs. Keppnin hefst klukkan 20 í kvöld.



**BRENNANDI ÁHUGI** Erna Dís og Sveinn skipuleggja Finlandia Vodka Cup-keppnina í ár. Keppendur þurfa ekki að vera skráðir í Barþjónaklúbb Íslands, en ættu að hafa brennandi áhuga á starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





H:N markaðssamskipti / SÍA

# TÍMÍANLAMBAHRYGGUR OG STEINSELJUHJÚPAÐ FILLET

## ÁSAMT HEITFENGNUM FÍKJUM, GRÆNMETISPÖNNU OG DIJONKARAMELLUSÓSU

**Fyrir 6 MANNS**

- 1,2 - 1,5 KG LAMBAHRYGGUR
- 4 BÖKUNARKARTÖFLUR
- 4 EPLI (EKKI RAUÐ)
- 2 SELLERÍSTILKAR
- 1/2 LÍTRI RJÓMI
- 50 G VALHNETUR, SAXAÐAR
- 2 SKARLOTTULAUKAR, FÍNSAXAÐIR
- 1 STEINSELJUBÚNT, SAXAÐ
- 6 FÍKJUR, FERSKAR
- 4 RAUÐRÓFUR, AFHÝDDAR
- 1 TÍMÍANBÚNT
- 3 MSK HUNANG
- 2 MSK DIJON SINNEP
- 2 GLÖS HVÍTVÍN
- LAMBAKRAFTUR
- KANILL OG SYKUR

Hryggurinn sagaður eftir endilöngu og úr verður 1/2 hryggur, fillet og lundir.

Skrælið kartöflur og epli, skerið í teninga ásamt sellerístilkum. Forsjóðið kartöflur í 3-5 mín. Fínsaxið skarlottulaukinn. Hitið pönnu, léttsteikið epli og kartöflur. Bætið við sellerii og lauk, gætið þess að gylla ekki. Bætið við 1/4 léttþeyttum rjóma, stráið smá kanil og sykri yfir og að síðustu steinselju og valhnetum.
Rauðrófur bakaðar heilar í u.þ.b. 30 mín. Skerið fíkjurnar í kross og bakið í 10 mín. við 160°.

**Lambahryggur**
Ristið rákir í hrygginn þversum og kryddið með salti og pipar. Skerið langsum meðfram hryggjarbeininu og stráið tímían í raufina. Steikið í ofni við 160° í u.þ.b. 30 mín. Skerið að beini og skiptið í sex hluta. Berið fram liggjandi á hryggjarbeininu.

**Lambafillet**
Fillet skorin af hryggnum og velt upp úr steinselju. Heilsteikið upp úr olíu og smjöri til helminga við vægan hita. Gætið þess að ekki komi steikingarlitur á kjötið svo litur steinselju haldi sér.

**Lambalundir**
Lundir skornar frá og framreiddar í forrétt eða sem lystauki - carpaccio eða grafnar.

**Sósa**
Sjóðið hunang niður þannig að það verði að karamellu. Hellið hvítvíni í og sjóðið niður um 2/3. Þeytið dijonsinnep út í, bætið við lambakrafti og 1/4 af rjómanum.

*Lambakjöt*

# FRIÐGEIR INGI

YFIRKOKKUR Á HÓTEL HOLTI

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJOT.IS



> ÚT ÚR SKÁPNUM

Victoria Beckham hefur fundið skýringu á því hvaðan ást hennar á tísku kemur, nefnilega úr innri „homma“ hennar. „Ég er svo hýr. Í mér er algjörlega hommi að reyna að brjótast fram. Mér er skítsama hvað fólki finnst,“ segir hún í viðtali við Elle.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Svala rifjar upp stærsta jólasmellinn

„Við erum að æfa á fullu núna og þessu ferli fylgir mikil nostalgíutilfinning. Þetta er náttúrulega allt öðruvísi en það sem ég er að gera núna með Steed Lord en það er ótrúlega gaman að rifja þessi lög upp,“ segir Svala Björgvinsdóttir, sem mun syngja syrpu af öllum helstu jólalögum sínum í gegnum tíðina ásamt föður sínum, Björgvini Halldórssyni, á jólatónleikum hans í Laugardalshöll um helgina.

Svala mun meðal annars syngja smellina „Fyrir jól“, „Þú og ég jól“, að ógleymdum smellinum „Ég hlakka svo til“ sem Svala söng árið 1989, þá 12 ára gömul. Síðastnefnda lagið hljómar ótt og títt á öldum ljósvakans í desembermánuði ár hvert en um helgina mun Svala syngja lagið í sinni upprunalegu mynd í fyrsta sinn í 18 ár. Og eðli málsins samkvæmt hlakkar söngkonan mikið til. „Ég hef tekið þátt í þessum jólaplötum hans pabba í gegnum árin og þetta hefur orðið að nokkurs konar hefð hjá okkur. Það verður æðislegt að syngja þau saman uppi á sviði.“

Svala kveðst aldrei hafa átt von á að umrætt lag, „Ég hlakka svo til“, yrði að jafn miklum smelli og raun ber vitni. „Það er með ólíkindum hvað lagið hefur lifað lengi og það virðist falla í kramið hjá öllum kynslóðum,“ segir hún. Aðspurð segist Svala ekki hafa þurft að fletta upp í gömlum bókum til að rifja upp textann við lagið. „Textinn hefur setið fastur í kollinum öll þessi ár og ég er nokkuð viss um að hann muni aldrei hverfa.“ - vig



**SAMRÝMD FEÐGIN** Svala og Björgvin munu syngja öll sín vinsælustu jólalög í Laugardalshöllinni um helgina.

# Kvikmyndatónlist hampað

Viðburðurinn Movies Rock setti mark sitt á Hollywood fyrr í vikunni. Þar komu margar skærustu stjörnur samtímans saman til að fagna því sambandi sem ríkir á milli tónlistar og kvikmynda, en viðburðinum er einnig ætlað að afla fjár til handa stofnun skemmtanaiðnaðarins, Entertainment Industry Foundation.

Tónlistarstjörnur á borð við Beyoncé, Elton John, Fergie, Jennifer Hudson, Tony Bennett og Carrie Underwood stigu á sviðið í Kodak-leikhúsinu og sungu nokkur þekktustu kvikmyndalög allra tíma. Beyoncé söng til dæmis lagið Somewhere Over the Rainbow, úr Galdrakarlinum í Oz, og Carrie Underwood söng titillag söngleiksins sívinsæla The Sound of Music.

Sýningin var vel sótt, en hún var einnig tekin upp. Upptökur frá henni verða sýndar í tveggja tíma sérstökum þætti á sjónvarpsstöðinni CBS á morgun. Þetta var í fyrsta skipti sem hátíðin var haldin, en búist er við því að hún verði árlegur viðburður héðan í frá.



**SÖNGVASEIÐUR** Það féll í skaut Carrie Underwood að elta Julie Andrews upp á háu nóturnar í titillagi The Sound of Music.



**OFAR REGNBOGANUM** Beyoncé Knowles söng hið klassíska lag, Somewhere Over the Rainbow, á sviðinu í Kodakleikhúsinu. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÚTÚRDÚR** Sex manneskjur úr íslenska myndlistarheiminum hafa stofnað bókabúðina Útúrdúr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ný bókabúð opnuð í miðbænum

**Sex manneskjur úr íslenska myndlistarheiminum opna á laugardaginn bókabúðina Útúrdúr. Verður hún til húsa á Njálsgötu 14.**

„Við höfum tekið eftir því að það vantar búð sem er með bækur um myndlist og búð þar sem hægt er að sýna fjölfeldi,“ segir Auður Jörundsdóttir, einn af eigendum nýju bókabúðarinnar, og á þar við listaverk sem eru gerð í fleiri en einu eintaki. Hinir eigendur búðarinnar eru Hildigunnur Birgisdóttir, Guðrún Benónýsdóttir og þau Pétur Már Gunnarsson, Þórunn Hafstað og Sigurður Magnús Sveinsson sem gefa út DVD-tímaritið Rafskinnu.

„Það eru mjög margir íslenskir listamenn sem hafa verið að gera bókverk, þar sem bókin sem slík er listaverkið. Það hefur ekki verið staður á Íslandi þar sem hægt er að kaupa þessi verk og skoða yfirhöfuð. Okkur fannst þetta spennandi og vissum að þetta vantaði,“ segir Auður, sem útskýrir að nafn búðarinnar sé bæði vísun í óvenjulega staðsetninguna og efnisvalið sem þar verður í boði. „Það er stefnan að þarna verði eitthvað sem er ekki hægt að fá annars staðar. Við vonum að fólk leggi leið sína þarna til okkar.“

Opnunin hefst klukkan 17 á laugardag og af því tilefni mun Benedikt Hermann Hermannsson, maður Auðar, spila lög af sinni nýjustu plötu, Ein í leyni. Auk þess verður boðið upp á jólaglögg fyrir gesti og gangandi.

freyr@frettabladid.is






# Sendiherra fékk bók

Finnar fagna 90 ára sjálfstæði sínu í dag. Af því tilefni færði Valur Gunnarsson rithöfundur finnska sendiráðinu í Reykjavík að gjöf nýútgefna bók sína, Konung norðursins. Bókin gerist í Finnlandi og fjallar um skipaþrifamanninn Ilkka Hampurilainen sem flækist inn í árþúsunda gamla atburðarás þegar sænskur draugur tekur sér bólfestu í líkama hans.

„Eftir áramót fer ég til Finnlands að kynna bókina og hlakka til að heyra hvernig Finnum líst á. Eins og Íslendingar hafa þeir gaman af að heyra álit útlendinga á þeim,“ segir Valur.

„Ég hef fengið frábær viðbrögð við bókinni en finnst mikilvægast að finnski sendiherrann, Kai Granholm, hafi gaman af henni. Mig langar að skrifa framhald en vonandi leiðir söguhetjan mig á ódýrari slóðir næst, ég eyddi um þremur milljónum í ferðakostnað við gerð bókarinnar,“ segir Valur.

Valur mun lesa upp úr bók sinni í Norræna húsinu í hádeginu í dag. - eá



**BÓKIN AFHENT** Valur Gunnarsson rithöfundur færði Kai Granholm, sendiherra Finna á Íslandi, nýja bók sína að gjöf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Systkini í kirkju

Systkinin KK og Ellen Kristjánsbörn halda jólatónleika í Langholtskirkju í kvöld klukkan 20. Þetta verður í fyrsta sinn sem þau spila í þessari kirkju.

Að sögn KK verður dagskráin mjög fjölbreytt. „Ellen er með nýjan disk og við ætlum að spila lög af honum og síðan spilum við lög af jólaplötunni sem við gáfum út saman sem heitir Jólin eru að koma,“ segir KK, sem ætlar einnig að spila tvö ný lög af væntanlegri plötu sinni sem kemur út á næsta ári. Að öllum líkindum munu þau systkini einnig spila lög af metsöluplötu Ellenar, Sálmar, sem kom út fyrir þremur árum.

Þeim til halds og trausts á tónleikunum verða Guðmundur Pétursson gítarleikari og bassaleikarinn Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Miðaverð er 2.400 krónur og fást miðar á midi.is.



**KK OG ELLEN** Systkinin halda jólatónleika í Langholtskirkju í kvöld. Með þeim á myndinni er ellefu ára sonur Kristjáns, Kristján Steinn Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gillz segir Kolbeins ábyrgan

„Nei, nei, nei, femínistarnir eru ekki búnir að múlbinda mig,“ segir Egill Einarsson, betur þekktur sem líkamsræktarfrömuðurinn og fyrirbærið Gillzenegger. Ríkisútvarpið greindi frá því í vikunni að Drífa Snædal, framkvæmdastýra Vinstri grænna, hefði tilkynnt lögreglu um vafasöm skrif á síðu sem Egill á, gillz.is. Þar er farið klámfengnum og hörðum orðum um fjórar konur sem flestar hafa látið jafnréttismál til sín taka – þeirra á meðal Drífu. Í kjölfar fréttarinnar tók Egill færsluna út sem er sérkennilegt í ljósi þess að áður hafði hann haft uppi digurbarkaleg ummæli á síðunni þess efnis að femínistar hræddu hann ekki.

„Ég ákvað að kippa færslunni út og sjá hvernig þetta þróast. Ég leita lögfræðinga og hef ráðið fjölmiðlafulltrúa sem heitir Þorkell Máni Pétursson,“ segir Egill. Hann vill reyndar meina að ábyrgðin á ummælunum sé ekki endilega hans heldur vísar til þess að skrifin séu í nafni fréttastofu síðunnar. Og þar séu menn látnir heyra það.

„Ég er bara skítugur blaðamaður og vil meina að fréttastjórinn sé „Kolbeins“ eða Ásgeir Kolbeinsson,“ segir Egill. Ljóst má vera að hann er hvergi sáttur við málflutning femínista.



„Þær vaða uppi með sínar ómálefnalegu skoðanir út um allt og ef maður svarar þeim á þeirra plani verður allt vitlaust. En ég er tiltölulega rólegur,“ segir Egill. Honum hefur ekki borist kæra vegna málsins. Hann heyrði fyrst af því í fréttum RÚV og segir að vænta megi yfirlýsingar á vefsíðunni. - jbg

**GILLZENEGGER** Hafnar því að femínistar hafi nú múlbundið sig þótt umdeild færsla hafi verið fjarlægð – í bili.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvenkyns Bond-aðdáendur geta glaðst, því **Daniel Craig** hefur lýst því yfir að hann sé tilbúinn að bera allt í næstu Bond-mynd. „Ég hef ekkert að fela, og þegar öllu er á botninn hvolft biðjum við stelpurnar um að fara úr næstum öllu. Af hverju ekki karlmennina líka?“ segir leikarinn, sem vakti heilmikla athygli í sundfataatriði í síðustu mynd.



Turtildúfurnar **Sienna Miller** og **Rhys Ifans** ætla að taka upp dúett saman á næstunni. Lagið ku vera í anda Oasis, en Rhys er góðvinur Gallagher-bræðranna **Noels** og **Liams** og hefur leikið í myndbandi við lag þeirra. Þar með mun gamall draumur Siennu rætast, en hana hefur víst lengi dreymt um að verða fræg söngkona.



**Helena Bonham Carter** segir brjóstastærð sína hafa verið til vandræða við gerð Sweeney Todd, sem eiginmaður hennar, **Tim Burton**, leikstýrir. Helena varð ólétt á meðan á tökum stóð, og eins og verða vill stækkaði barmur hennar töluvert. „Ef einhver fylgist með brjóstastærð minni mun hann sjá að það er ekkert samhengi. Ég byrja með risabrjóst, svo geng ég upp stiga og er allt í einu komin með mandarínur,“ segir leikkonan.



**Nicole Richie** og **Joel Madden** héldu óvænta veislu fyrir 100 ungar mæður á heilsugæslustöð í Hollywood á dögunum. Þau gáfu mæðrunum allt frá vöggum og fötum upp í leikföng, að andvirði um 12,5 milljónir króna. Allar vörurnar eru eins og þær sem Nicole og Joel hafa sjálf keypt fyrir væntanlegan erfingja.








**HÖGNI** Högni Egilsson og félagar í Hjaltalín spila á uppskeruhátíðinni í kvöld.

# Kimi fagnar uppskerunni

Hellvar, Hjaltalín og Morðingjarnir, sem eru á mála hjá útgáfufyrirtækinu Kimi Records, auk rokkaranna í Reykjavík!, spila á tónleikum á Gauki á Stöng á laugardagskvöld.

Um nokkurs konar uppskeruhátíð er að ræða hjá hinu nýstofnaða fyrirtæki, sem nýlega opnaði sína eigin vefbúð. Þar geta viðskiptavinir keypt plötur og fengið þær sendar frítt heim til sín. Með hverju keyptu eintaki fylgir einnig rafræn útgáfa, líkt og Mugison gerði með sína nýjustu plötu.

Gaukur á Stöng verður opnaður klukkan 20 í kvöld og kostar 1.000 krónur inn.



**HELLVAR** Hljómsveitin Hellvar heldur útgáfutónleika sína í strætisvagni.

# Tónleikar í strætisvagni

Hljómsveitin Hellvar ætlar að halda útgáfutónleika sína á mjög óvenjulegum stað, eða í strætisvagni. Á föstudag klukkan 18 leggur strætisvagn af stað frá Lækjartorgi með Hellvar um borð. Mun vagninn keyra hring á meðan hljómsveitin leikur lög af sinni fyrstu plötu, Bat Out Of Hellvar.

„Við vonumst að sjálfsögðu til að það verði vagnfyllir," segir söngkonan Heiða Eiríksdóttir. „En hljómurinn í strætó á enn eftir að koma í ljós. Það kemur þó ekki að sök þótt hann verði ekki fullkominn því það er upplifunin sem skiptir máli." Frítt er inn á þessa sérstæðu útgáfutónleika, sem eru þeir fyrstu sem eru haldnir hérlendis í strætisvagni.

# Öðruvísi plötur í jólapakkann

**Upplýsingar um höfunda tíu hljómplatna sem koma út fyrir jólin virðast eitthvað hafa skolast til. Fréttablaðið ákvað að grennslast fyrir um hverjir höfundarnir væru í raun og veru til að leiðrétta þennan leiða misskilning sem hefur komið upp. Þótt plöturnar séu eflaust óvenjulegar ættu þær að sóma sér vel í hvaða jólapakka sem er.**

## Ég skemmti mér um jólin

***Þorgrímur Þráinsson***
*(Ekki Guðrún og Friðrik Ómar)*



Þorgrímur hneppir frá í eitt skipti fyrir öll á sinni fyrstu jólaplötu. Umfjöllunarefnið er afar þarft; hvernig fullnægja skal konunni í jólastressinu. Lög á borð við „Ég sá mömmu kyssa jólasvein" og „Komdu um jólin" öðlast nýja merkingu á þessari hressilegu plötu.

## Ein

***Eyrún Huld***
*(Ekki Birgitta)*



Fyrsta sólóplata Eyrúnar Huldar Haraldsdóttur þar sem hún gerir upp samband sitt við rokkstjörnuna Magna Ásgeirsson. Fyrsta smáskífulagið „Creep" hefur þegar vakið mikla lukku á öldum ljósvakans.



## Sticky Situation

***Guðmundur í Byrginu***
*(Ekki Bloodgroup)*

Guðmundur í Byrginu lætur allt flakka á þessari persónulegu kántríplötu. Myndbandið við titillag plötunnar er þegar komið á netið þar sem lagið er flutt í sinni nöktustu mynd án allra hjálpartækja.

## Það er ekkert víst að það klikki

***Manúela Ósk og Grétar Rafn***
*(Ekki Einar Ágúst)*



Hin nýgiftu Manúela Ósk Harðardóttir og Grétar Rafn Steinsson, sem kynntust einungis fyrir nokkrum vikum, syngja ástardúetta á þessari hugljúfu plötu. Platan var tekin upp á mettíma og á meðal óvæntra gesta í hljóðverinu var sjálf poppprinsessan Britney Spears.



## Allar stúlkurnar

***Geiri á Goldfinger***
*(Ekki South River Band)*

Geiri á Goldfinger rappar taktfast um „kjellingarnar" sínar á Goldfinger og lætur lögguna fá það óþvegið. Með gullkeðjurnar um hálsinn færir hann sígild lög á borð við Bond-slagarann „Goldfinger" og „Fuck tha Police" í nýjan og óvæntan búning.

## Tímarnir okkar

***Vilhjálmur Vilhjálmsson***
*(Ekki Sprengjuhöllin)*



Borgarstjórinn fyrrverandi rifjar upp gömlu góðu dagana þegar hann og Sjálfstæðisflokkurinn áttu samleið. Raggi Bjarna syngur með honum dúett í angurværri útgáfu þeirra á laginu „Við Reykjavíkurtjörn".

## Man ég þinn koss

***Ingibjörg Sólrún***
*(Ekki Ingibjörg Þorbergs)*



Utanríkisráðherra syngur um frægan koss sinn og Geirs H. Haarde á Þingvöllum á sinni nýjustu plötu. Að sjálfsögðu fær hið vinsæla „Kiss" að fljóta með í þokkafullri útgáfu Ingibjargar.

## Vestur

***Aron Pálmi***
*(Ekki Sniglabandið)*



Aron Pálmi Ágústsson er í kántrístuði á sinni fyrstu sólóplötu þar sem hann syngur um reynslu sína af villta vestrinu. Með kassagítarinn að vopni flytur hann kunna slagara á borð við „Jailhouse Rock", „Sweet Home Alabama" og „Frelsið" eins og honum einum er lagið.



## Allt fyrir ástina

***Jón Ásgeir***
*(Ekki Páll Óskar)*

Jón Ásgeir Jóhannesson syngur undurfagrar ballöður um milljónabrúðkaup sitt og Ingibjargar Pálmadóttur þar sem engu var til sparað. Á rándýrri viðhafnarútgáfu plötunnar eru þrjú bónuslög, þar á meðal hið sívinsæla „Money".

## The Hope

***Ólafur og Pétur***
*(Ekki Sign)*



Dúettplata landsliðsþjálfarans og aðstoðarmanns hans þar sem þeir syngja aríur um vonir og væntingar fyrir næstu undankeppni HM í fótbolta. Textarnir eru einlægir þar sem meginþemað er hin fjarlæga von þeirra um að einn sigur náist í keppninni áður en lokaflautið gellur.




# Quaid höfðar mál

Leikarinn Dennis Quaid og eiginkona hans hafa höfðað mál gegn lyfjafyrirtækinu Baxter Healthcare fyrir villandi merkingar á blóðþynningarlyfi sem nýfæddir tvíburar þeirra fengu á dögunum.

Fengu þeir alltof mikið magn af lyfinu og voru nær dauða en lífi. Krefjast hjónin rúmlega þriggja milljóna króna í skaðabætur.

Tvíburarnir, sem voru tveggja vikna þegar óhappið átti sér stað, áttu að fá tíu einingar af lyfinu en fengu í staðinn tíu þúsund einingar. Quaid og kona hans hafa ekki ákveðið hvort þau ætli að höfða mál gegn sjúkrahúsinu, sem hefur beðist afsökunar á mistökunum. „Tilgangurinn með þessari málshöfðun er að koma í veg fyrir að önnur börn lendi í þessu. Þau eru ekki að reyna að græða pening," sagði lögfræðingur hjónanna. Bætti hann því við að tvíburarnir væru komnir heim til sín og hefðu það mjög gott.



**DENNIS QUAID** Dennis Quaid og eiginkona hans vilja koma í veg fyrir að svipað óhapp eigi sér stað aftur.

Dennis Quaid, sem er 53 ára, er þekktastur fyrir hlutverk sín í myndunum The Right Stuff, Enemy Mine og Innerspace sem komu út á níunda áratugnum.

BOBBI BROWN




# Viltu það nýjasta í förðun?

## Við kynnum Bobbi Brown snyrtivörur í
## Hagkaupum Holtagörðum

**Vertu velkomin að prófa glæsilegt úrval nútíma snyrtivara, fáðu faglega ráðgjöf hjá Bobbi Brown förðunarmeisturum og lærðu að verða þinn eigin förðunarfræðingur.**




| SAMbíóin Álfabakka | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| SIDNEY WHITE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 10:30 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 | |
| STARDUST | kl. 5:30 | |
| FORELDRAR | kl. 6 | |

| SAMbíóin Kringlunni | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| SIDNEY WHITE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | |
| ÞRÓTAHETJAN | kl. 6 | |

| SAMbíóin Selfossi | |
|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10:20 |
| WEDDING DAZE | kl. 8 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 |

| SAMbíóin Akureyri | |
|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 |

| SAMbíóin Keflavík | |
|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 |




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HITMAN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY SÍÐUSTU SÝN. | kl. 4 - 6 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 10 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| EASTERN PROMISES SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| RENDITION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 6 - 8 | |
| RENDITION | kl. 10 | 16 |


# Móðir Robbie talaði af sér

Orðrómurinn um að Robbie Williams kunni að koma fram með fyrrverandi félögum sínum í hljómsveitinni Take That hefur hlotið byr undir báða vængi eftir að móðir tónlistarmannsins, Jan Williams, sagði son sinn vera í skýjunum með velgengni hljómsveitarinnar eftir að hún sneri aftur á sjónarsviðið árið 2005.

„Ég hef á tilfinningunni að Robbie muni gera eitthvað með þeim fyrr en síðar. Það er eitthvað sem ég held að hann vilji gera,“ sagði móðirin í samtali við dagblaðið Sentinel í Stoke, bænum þar sem Robbie fæddist og ólst upp.

Eftir að meðlimir Take That, að undanskildum Robbie, komu aftur saman hefur sveitin komið fyrrur lögum í efsta sæti breska vinsældalistans, auk þess sem nýjasta plata þeirra stökk beint í efsta sæti á lista yfir mest seldu plöturnar. Á sama tíma hefur sólóferill Robbie verið á niðurleið og nýjasta plata hans, Rudebox, fékk slæma dóma gagnrýnenda. Þá hefur Robbie þurft að fresta tónleikum vegna streitu og ofþreytu. „Hann er á batavegi og líður vel þessa stundina. Hann eyðir miklum tíma í upptökuverinu við að semja lög og texta og hefur gaman af lífinu. Það er ánægjulegt að sjá umbreytinguna á honum,“ segir Jan.



**Á BATAVEGI** Robbie Williams hefur þurft að glíma við persónuleg vandamál síðustu mánuði en er nú á hröðum batavegi, að sögn móður hans.

# Sigmundur Ernir í framhjáhaldi með Guðna Ágústs

**Ævisaga Guðna Ágústssonar hefur selst í fimm þúsund eintökum. Ævisagnaritarinn er ánægður með viðtökurnar.**

„Já, það er sem sagt farið að skella í aðra prentun. Við erum gömlu heitu góðu lummurnar við Guðni,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttamaður og rithöfundur. Að vonum kátur því fyrsta prentun bókarinnar um Guðna Ágústsson – Af lífi og sál – er að verða uppseld hjá útgefanda. Jólabókasalan er vart hafin og aðeins um vika frá því bókin kom út. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru fimm þúsund eintök bókarinnar seld. Þannig að óhætt er að spá bókinni metsölu en hún er þegar farin að gera sig gildandi á sölulistum og farin að narta í hælana á sjálfum Harry Potter.

Þó að kjósendur fúlsi margir við Framsóknarflokknum fer því fjarri að íslenskir lesendur hafni Guðna, formanni flokksins. Sigmundur segir vinsældir Guðna ná langt inn í raðir annarra stjórnmálaflokka. „Óþægilega langt að margra mati. Svo er Guðni náttúrulega táknmynd hins orginal Íslendings.“ Sigmundur telur þá félaga njóta þess að ekki er mikil pólitísk lesning í boði þetta árið en oft hafa kanónur á sviði hinnar íslensku pólitíkur gefið út endurminningar sínar og hugleiðingar. En skýringanna er ekki aðeins að leita þar. „Mér heyrist lesendur bókarinnar ekki síst vera hrifnir af þjóðlífshluta bókarinnar. Þarna er mikil lýsing á horfinni samfélagsgerð sem þó flestir þekkja. Bókin höfðar til margvíslegra lesendahópa; Sunnlendinga, sveitamanna almennt og áhugamanna um sögu og pólitík.“

Guðni og Sigmundur voru að í sex mánuði, akkorðsvinna, að sögn Sigmundar sem vildi ekki byrja á bókinni fyrr en eftir kosningar enda hann þá að stjórna kosningasjónvarpi Stöðvar 2. „En svo þegar ég sá að Guðni var með brotið skip og pólitísk umskipti í lífi hans fór ég á fullt og vann þetta myrkranna á milli.“

Sigmundur Ernir hefur hingað til gefið út verk sín hjá JPV en það er bókaforlagið Veröld sem gefur bókina út. Pétur Már Ólafsson útgefandi var lengi búinn að vera á eftir Guðna með að gefa út sögu hans. Og Sigmundur „lenti“ því í framhjáhaldi eins og sagt er.

„Já, ég varð fyrir því óláni. En fékk litlu um þetta ráðið. Ég get haft á orði hér að það var ekkert ráðið við framhjáhaldið. Guðni bað mig um þetta og var þá þegar kominn með útgefanda að verkinu.“

Fréttablaðið hefur haft af því spurnir að þegar sé farið að leggja drög að bindi númer tvö en því hafnar Sigmundur Ernir og segir ekkert afráðið né sjálfgefið í þeim efnum.

jakob@frettabladid.is



**FARSÆLT TEYMI** Bókin um Guðna eftir Sigmund Erni fer í brúsapallsförmum, fimm þúsund eintök seld og stefnir í metsölu.

# Glaðir nútímahippar

Akron/Family er sérstaklega áhugaverð hljómsveit frá Bandaríkjunum sem hefur gert einkar áhugaverða hluti innan hinnar svokölluðu freak folk-senu. Senu þeirri hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár en meðal helstu forsvarsmanna hennar má til dæmis nefna Devendra Banhart og Joanna Newsom. Reyndar er erfitt að einskorða tónlistarstefnu Akron/Family við einhverja eina ákveðna senu. Á Love Is Simple ægir öllu saman og oft ætar maður sig ekki alveg á því hvort hér sé á ferð sýrutónlist frá lok sjöunda áratugarins í stórfurðulegum útsetningum eða einfaldlega tilraunakennt gítarrokk.

Textar plötunnar svara heldur ekki mörgum spurningum enda fer mikið fyrir merkingarleysu á plötunni. Eitt er þó víst að á Love Is Simple er, eins og kannski er augljóst á nafngift plötunnar, einhver tilraun til þess að skilgreina ástina. Ástarboðskapurinn er reyndar margræður á plötunni. „Don't be afraid / It's only love […] Don't be afraid / you're already dead / Love is simple“ og síðan seinna „Go out and love, love / Love everyone.“ Er ekkert mál að elska, er málið að fara út á víðavang og byrja bara? Við erum hvort sem er dauð.

Besta við þetta kæruleysi allt saman er hinn glaðværi og auðvitað kæruleysislegi undirtónn tónlistar Akron/Family. Ed Is a Portal er þannig partíóður af bestu gerð og flokkast hæglega með bestu lögum ársins. Líkt og brjálað hippapartí úti á risastóru og yfirgefnu túni. Yndislegt. Lögin I've Got Some Friends og Phenomena bera einnig með sér þennan hrífandi blæ Akron/Family. Upplifa má allt ofantalið á tónleikum sem fara fram á Organ á föstudagskvöldið en að sjálfsögðu ber að geta þess að Akron/Family þykir kynngimögnuð tónleikasveit.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



**TÓNLIST**
Love Is Simple
Akron/Family
★★★★
Kæruleysisleg glaðværð skín af plötunni þar sem meðlimir Akron/Family leika lausum hala á leikvelli ástarinnar.



Nýtt kortatímabil

*Í dag erum við í sannkölluðu jólaskapi og verðum með glaðning og léttar veitingar fyrir viðskiptavini.*

*Komdu í heimsókn.*

Noa Noa Kringlunni · s. 553 3536 · www.noa-noa.com

NOA NOA®

## > Birgir Leifur í Suður-Afríku



Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, er meðal keppenda á Alfred Dunhill-mótinu á Leopard Greek-vellinum í Suður-Afríku. Mótið hefst í dag og er liður í Evrópumótaröðinni sem Birgir Leifur vann sér keppnisrétt á ekki fyrir alls löngu. Það eru vegleg peningaverðlaun í boði eins og tíðkast á mótum sem þessum og sigurvegarinn fær upphæð sem samsvarar rúmum 14 milljónum íslenskra króna en 70. sæti, það síðasta eftir niðurskurðinn, gefur rúmlega 120 þúsund krónur.

**sport**

sport@frettabladid.is

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR, SUNDKONA ÚR KR: KEPPIR MEÐ ÓLYMPÍUHÓP SSÍ Í HOLLANDI OG UNGVERJALANDI

# *Markmiðið er að sjálfsögðu að bæta Íslandsmet*



Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, stendur í ströngu þessa dagana og tekur þátt í sundmóti í Eindhoven í Hollandi ásamt fríðu föruneyti.

„Við erum fjórar stelpur saman sem erum að fara að keppa á Dutch Swim Cup mótinu, ég, Erla Dögg Haraldsdóttir, Sigrún Brá Sverrisdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir og það er mjög góð stemning í hópnum. Ekkert strákavesen, bara við stelpurnar og það er fínt," sagði Ragnheiður í léttum dúr og kvaðst afar spennt fyrir mótinu. Ragnheiður er ásamt stöllum sínum í Ólympíuhóp Sundsambands Íslands að reyna að ná lágmörkum fyrir Ólympíuleikana í Peking í Kína á næsta ári.

„Ég er í gríðarlega góðu standi í augnablikinu og þetta leggst alveg rosalega vel í mig. Ég hef verið að æfa í keppnislauginni og það hefur gengið mjög vel og ég hef örugglega aldrei verið hraðari á æfingum en nú. Markmiðið hjá mér er að sjálfsögðu að slá Íslandsmet, það er alveg klárt," sagði Ragnheiður, sem keppir í 50 metra skriðsundi á laugardag og 100 metra skriðsundi á sunnudag.

„Ég er þegar búin að ná Ólympíulágmarkinu í 100 metra skriðsundi, en ég stefni samt að því að bæta þann tíma enn frekar. Til þess að ná lágmarkinu í 50 metra skriðsundi þarf ég í raun bara að synda á mínum tíma því ég hef ekkert verið að keppa í 50 metra laug, en ég stefni alltaf að því að bæta mig," sagði Ragnheiður. Ragnheiður stóð sig frábærlega á Íslandsmeistaramótinu í sundi um miðjan nóvember og setti þar tvö Íslandsmet og var síðan valin sundkona ársins á lokahófi Sundsambands Íslands í mótslok.

„Það hefur gengið mjög vel hjá mér í ár en þetta er bara spurning um að toppa á réttum tíma og því er þetta svolítið púsluspil hjá mér þar sem ég er að fara að keppa á Evrópumeistaramótinu í Ungverjalandi í næstu viku og ætla mér stóra hluti þar líka."



**KAPPHLAUP** Marel Baldvinsson er eftirsóttur þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Marel Baldvinsson:

## Það eru nokkur lið á eftir mér

**FÓTBOLTI** Marel Baldvinsson er kominn aftur heim á Klakann eftir að hafa fengið sig lausan frá norska liðinu Molde á dögunum. Marel hefur átt við hnémeiðsli í mörg ár og það var meðal annars af þeim sökum sem hann ákvað að hvíla sig á atvinnumennskunni, en hann er þó ekki alveg tilbúinn að leggja skóna á hilluna strax.

„Ég er eiginlega búinn að ákveða að spila hérna heima næsta sumar og fannst einum of snemmt að hætta í boltanum strax," sagði Marel í samtali við Fréttablaðið í gær.

Það er því ljóst að mörg lið munu reyna að klófesta þennan mikla markahrók.

„Það eru nokkur lið að bera víurnar í mig og ég vil svo sem ekki vera að nafngreina þau lið á þessu stigi málsins. Það liggur kannski í augum uppi að Breiðablik er eitt af þessum liðum og því allt í lagi að nefna það á nafn," sagði Marel sem var markakóngur í efstu deild sumarið 2006. - óþ

Enska úrvalsdeildin:

## Framtíð Mascheranos óljós

**FÓTBOLTI Framtíð Javiers Mascherano, lánsmanns hjá Liverpool, virðist nú vera óljós eftir að bresk dagblöð greindu frá því í gær að amerískir eigendur Liverpool væru tregir til að punga út þær litlu 17 milljónir punda sem settar eru á leikmanninn.**

**Mascherano er í eigu fyrirtækis á vegum Kia Joorabchian og ef marka má dagblöðin The Daily Star og The Independent þá munu yfirmenn hjá Manchester City vera að setja sig í stellingar til þess að bjóða uppsettar 17 milljónir punda í Mascherano um leið og janúarglugginn opnar.** - óþ

N1 DEILD KVENNA
Fimmtudagur 6. des.
Fram - Stjarnan
Framhús kl. 20.00

# Vil helst ekki koma heim

**Helgi Valur Daníelsson hefur ekki enn gefið upp von um að komast frá Öster til betra liðs. Úrvalsdeildarlið í Svíþjóð og Noregi hafa verið að spyrjast fyrir um leikmanninn sem vill spila áfram í Skandinavíu í stað þess að koma heim.**

**FÓTBOLTI** Síðustu tvö leiktímabil hafa ekki verið neinn dans á rósum hjá Árbæingnum Helga Val Daníelssyni. Hann fór til Öster frá Fylki en Öster var þá í sænsku úrvalsdeildinni og útlitið bjart. Öster féll á fyrsta tímabili Helga Vals úr úrvalsdeildinni og ekki tók betra við á næstu leiktíð þar sem Öster féll aftur og er nú í sænsku C-deildinni.

Helga Val hugnast það ástand lítið og hann er að því að þreifa fyrir sér annars staðar enda ekki spenntur fyrir því að spila í sænsku C-deildinni. Hann á aftur á móti en eitt ár eftir af samningi sínum við félagið og mun því æfa með liðinu þar til eitthvað betra kemur upp á borðið.

„Forráðamenn félagsins eru fullmeðvitaðir um að ég vilji komast í burtu og ætla ekki að standa í vegi fyrir mér finni ég annað félag," sagði Helgi Valur við Fréttablaðið í gær en það hefur ekki gengið þrautalaust að finna spennandi félag enda eiga leikmenn sem falla í C-deildina það til að gleymast.

„Það hefur verið mjög lítið í gangi síðustu vikur og mér leist í raun ekkert á blikuna. Þetta er þó aðeins að glæðast og ég hef heyrt frá efstudeildarfélögum í bæði Noregi og Svíþjóð sem er mjög jákvætt. Það er ekkert fast í hendi en vonandi gerist eitthvað í þeim málum fljótlega," sagði Helgi Valur sem er ekki ósáttur við sína frammistöðu í sænska boltanum þó svo að gengi Öster hafi verið ömurlegt.



**HELGI VALUR** Úrvalsdeildarlið í Svíþjóð og Noregi sýna honum áhuga og hann vill helst ekki koma heim strax. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

„Ég hef verið að bæta mig og því er þetta ástand frekar svekkjandi. Ég tel mig klárlega vera nógu góðan til að spila í efstu deild enda lék ég vel þar með Öster og hef bætt mig síðan."

Helgi Valur er nú orðinn fjölskyldumaður en hann og unnusta hans eiga dóttur, fimm mánaða telpu. Hann vill ekki gefa atvinnumannadrauminn upp á bátinn strax.

„Þó svo það sé ágætis gluggi að spila á Íslandi þá er mikið verk að flytja búferlum milli landa. Ég vil helst ekki koma heim og mín von er að spila áfram hér í Svíþjóð. Ég er bara búinn að vera hér í tvö ár og tel mig hafa nóg að sanna. Ég mun að minnsta kosti bíða fram í janúar áður en ég tek ákvörðun um að koma heim," sagði Helgi Valur sem þegar hefur heyrt frá íslenskum félögum og yrði eflaust ekki í vandræðum með að fá fínan samning hér á landi ákveði hann að koma heim á annað borð.

henry@frettabladid.is




**MARKAKOSSINN** Raúl hefur skorað átta mörk í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Raúl hjá Real Madrid:

## Ísbaðið virkar

**FÓTBOLTI** Raúl Gonzalez hefur náð sér aftur á strik með Real Madrid í spænska fótboltanum í vetur og er nú búinn að skora 8 mörk í fyrstu 14 leikjunum.

Raúl hefur kannski heyrt af aðferðum Guðjóns Þórðarsonar uppi á Skaga síðasta sumar því hann þakkar ísböðum fyrir sína bestu byrjun í næstum því heilan áratug. Raúl segist einnig sofa í þunnu lofti sem hafi góð áhrif.

„Ég geri þetta vegna ástar minnar á félaginu og hef aldrei velt því fyrir mér hvort þetta gæti haft slæm áhrif," segir Raúl sem eyðir oft um tíu mínútum í ísbaðinu.

Raúl hefur líka látið útbúa svefnherbergið sitt þannig að það sé eins og hann sofi í þunnu lofti. Þetta er þekkt aðferð í NFL og NBA enda eykur þetta súrefnisflæðið í blóðinu sem þýðir betra úthald.

Raúl skoraði aðeins 7 mörk í 35 leikjum á síðasta tímabili og datt út úr landsliðinu en nú telja menn líklegt að hann fá tækifæri til þess að bæta við þau 44 mörk sem hann hefur skorað fyrir Spán. - óój

Fram og Stjarnan mætast í toppslag N1-deildar kvenna í kvöld og mun leikurinn fara fram í Safamýrinni:

# Barist á toppi N1-deildar kvenna í kvöld

**HANDBOLTI** Fram og Stjarnan mætast í sannkölluðum stórleik N1-deild kvenna í Safamýrinni í kvöld kl. 20.00. Liðin eru jöfn á toppi deildarinnar með 15 stig hvort og því má búast við jöfnum og spennandi leik og sjálfsagt að hvetja fólk til að fjölmenna á völlinn.

Stjörnuliðið tapaði óvænt síðasta leik sínum í deildinni á móti FH og það er eina tap liðsins á tímabilinu, en liðið er komið í undanúrslit í Eimskipsbikarnum eftir að hafa lagt bikarmeistara Hauka að velli í átta liða úrslitum.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, hlakkar til þess að takast á við Fram-liðið eftir langt hlé vegna þátttöku íslenska kvennalandsliðsins í undankeppni Evrópumótsins í Litháen á dögunum.

„Það verður frábært að fara að spila á nýjan leik og þetta verður hörkuleikur. Það hefðu kannski ekki margir álitið að þetta yrði stórleikur fyrir tímabilið, en Framliðið er búið að spila frábærlega og er vel að stöðu sinni komið í deildinni," sagði Aðalsteinn og kvað stelpurnar sínar tilbúnar í leikinn.



**Á FLUGI** Þórey Rósa Stefánsdóttir, hornamaður Fram og íslenska landsliðsins, verður í eldlínunni með Fram gegn Stjörnunni í Safamýrinni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Leikmenn mínir eru búnir að hvílast vel í landsleikjapásunni, nema Rakel Dögg Bragadóttir, sem var í eldlínunni í Litháen. Hún er líka búin að vera að glíma við axlarmeiðsli á tímabilinu og hefur lítið getað verið með á æfingum og spilar eiginlega bara leikina. Ég er að vonast til þess að hún geti spilað þessa tvo leiki sem við eigum eftir fram að jólum og þá reikna ég með því að hún fari í uppskurð," sagði Aðalsteinn.

Framliðið er enn taplaust í deildinni á tímabilinu en er dottið út úr Eimskipsbikarnum eftir tap gegn Val í átta liða úrslitum. Fram er búið að koma skemmtilega á óvart í vetur og hefur spilað góðan handbolta og Einar Jónsson, þjálfari Fram, er spenntur fyrir leiknum.

„Við erum búin að bíða lengi eftir þessum leik og það er mikil eftirvænting í okkar herbúðum fyrir hann," sagði Einar og á ekki von á öðru en að stelpurnar sínar séu klárar í verkefnið.

„Ég vona að landsliðsstelpurnar, þær Ásta Birna Gunnarsdóttir, Sara Sigurðardóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Þórey Rósa Stefánsdóttir, komi bara endurnærðar til leiks að nýju eftir frábæran árangur með landsliðinu sem og aðrir leikmenn liðsins. Það er frábært að fá svona toppslag í kjölfar góðs gengis hjá kvennalandsliðinu og vonandi verður það til þess að fá fólk til að mæta á völlinn og ég veit reyndar að Framarar ætla að fjölmenna og skapa góða stemningu," sagði Einar spenntur. - óþ

# DESEMBER TILBOÐ

## FRÁBÆR TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**500GB HARÐDISKUR**
Frá Western Digital, SATA2 með 16MB buffer
**8.990**

**25DVD DISKAR**
25 STK Verbatim gæða 16x DVD+R diskar í spindil
**1.890**

CREATIVE®

**30GB CREATIVE**
30GB spilari sem spilar bæði tónlist og kvikmyndir
**16.900**

ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR

**16BLS**
Nýr glæsilegur 16bls bæklingur stútfullur af frábærum desember tilboðum



**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Kvennadeild Iceland Express*

| | |
|---|---|
| Keflavík-Haukar | 100-79 (54-38) |

**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 21 (11 stoðs., 7 fráköst, 5 stolnir), Margrét Kara Sturludóttir 20 (9 fráköst, 7 stoðs., 4 stolnir), Rannveig Randversdóttir 17 (hitti úr 8 af 12 skotum á 23 mín.), Pálína Gunnlaugsdóttir 16 (6 sóknarfráköst), Marín Rós Karlsdóttir 14 (7 stoðs.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 7, Halldóra Andrésdóttir 5.
**Stig Hauka:** Kiera Hardy 27, Kristrún Sigurjónsdóttir 15 (7 stoðs., 5 frák.), Telma Björk Fjalarsdóttir 13 (13 frák., hitti úr 6 af 10 skotum), Unnur Tara Jónsdóttir 12 (9 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8 (13 mín.), Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Bára Fanney Hálfdanardóttir 2.

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Hamar | 51-75 |

### *N1 deild Karla í handbolta:*

| | |
|---|---|
| Akureyri-Valur | 20-24 (11-10) |

**Mörk Akureyrar (skot):** Einar Logi Friðjónsson 6 (11), Jónatan Magnússon 5/2 (8/3), Andri Snær Stefánsson 3 (6), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4), Eiríkur Jónasson 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 1 (4), Nikolaj Jankovic 1 (5), Magnús Stefánsson 1 (7), Ásbjörn Friðriksson 0 (1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 0 (2), Goran Gusic 0 (3).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 16/4 (39/6, 41%)
**Hraðaupphlaup:** 3 (Einar, Andri, Hörður)
**Fiskuð víti:** 4 (Hörður 2, Magnús, Andri)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk Vals (skot):** Baldvin Þorsteinsson 8/1 (12/3), Arnór Malmquist 4/1 (5/2), Fannar Þór Friðgeirsson 4 (12), Ernir Hrafn Arnarson 3 (10), Sigfús Páll Sigfússon 2 (3), Elvar Friðriksson 2 (8/1), Ingvar Árnason 1 (1).
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 17 (37/2, 46%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Baldvin 3, Arnar)
**Fiskuð víti:** 6 (Elvar 2, Sigfús 2 , Arnór, Baldvin)
**Utan vallar:** 8 mínútur

### *Evrópukeppni félagsliða:*

| | |
|---|---|
| Everton-Zenit | 1-0 |
| 1-0 Tim Cahill (85.). | |
| Nurnberg-Az Alkmaar | 2-1 |
| 0-1 Demy de Zeeuw (29.), 1-1 Marek Mintal (83.) 2-1 Mintal (85.). Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði AZ. | |
| FC Kobenhavn-A. Madrid | 0-2 |
| 0-1 Simao (21.), 0-2 Aguero (62.). | |
| Panathinaikos-Lokomotiv Moskva | 2-0 |
| 1-0 Dimitrios Salpigidis (70.), 2-0 Salpigidis (74.). | |
| Mlada Boleslav-AEK Aþenu | 0-1 |
| 0-1 Tam Nsaliwa (46.). | |
| Villarreal-Elfsborg | 2-0 |
| 1-0 Jon Dahl Tomasson (2.), 2-0 Tomasson (52.). | |
| Basel-Brann | 1-0 |
| 1-0 Carlitos (40.). Ólafur Örn Bjarnason var í byrjunarliði Brann og Ármann Smári Björnsson kom inná sem varamaður á 46. mínútu. Kristján Örn Sigurðsson gat ekki leikið vegna meiðsla. | |
| Dinamo Zagreb-Hamburg | 0-2 |
| 0-1 Nigel de Jong (87.),0-2 Trochowski (90.). | |

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Newcastle-Arsenal | 1-1 |
| 0-1 Emmanuel Adebayor (4.), 1-1 S. Taylor (60.). | |

### *Ítalska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Inter-Lazio | 3-0 |
| 1-0 Ibrahimovic (22.), 2-0 Maicon (33.), 3-0 Suazo (54.). | |
| Roma-Cagliari | 2-0 |
| 1-0 Taddei (28.), 2-0 Taddei (36.). | |

### *Meistaradeildin í Körfubolta*

| | |
|---|---|
| Chorale Roanne-Lottomatica Roma | 104-85 |



**ORÐRÓMUR** Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool, harðneitaði að liðið vildi ráða Fabio Capello. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

# Liverpool ekki á eftir Capello

**FÓTBOLTI** Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool, hefur vísað á bug orðrómi nokkurra dagblaða í gær sem greindu frá því að Liverpool væri þegar búið að tala við Ítalann Fabio Capello um að taka að sér stöðu knattspyrnustjóra hjá liðinu.

„Við höfum ekkert talað við herra Capello og hann hefur ekkert talað við okkur. Þessar sögusagnir eru uppspuni frá rótum,“ sagði Parry í viðtali við Liverpool Echo í gær.

Sögusagnirnar um framtíð Rafa Benítez, núverandi stjóra Liverpool, hafa flogið fram og til baka í fjölmiðlum undanfarið vegna deilna hans við eigendur Liverpool, hina bandarísku Tom Hicks og George Gillet, út af fyrirhuguðum leikmannakaupum Liverpool í janúar. - óþ

Newcastle og Arsenal gerðu jafntefli í gærkvöldi:

# Arsenal náði ekki að sigra Newcastle

**FÓTBOLTI** Newcastle og Arsenal skildu jöfn á St. James‘ Park í gærkvöldi í ensku úrvalsdeildinni í fremur tilþrifalitlum leik.

Arsenal fékk sannkallaða óskabyrjun þegar liðið tók forystu strax á 4. mínútu með marki Emmanuel Adebayor. Gilberto Silva fékk boltann út á hægri kantinum og átti hnitmiðaða sendingu á Adebayor sem tók boltann á kassann og afgreiddi hann svo viðstöðulaust í þaknetið á glæsilegan hátt. Þessi byrjun var vissulega ekki það sem Sam Allardyce, stjóri Newcastle, þurfti enda mikil pressa á honum þessa dagana að fara að ná góðum úrslitum.

Í seinni hálfleik héldu heimamenn í Newcastle áfram að þjarma að Arsenal og á 60. mínútu náði Steven Taylor að jafna leikinn. Í lokin var farið að draga af leikmönnum Newcastle, en þeir náðu að halda út og jafntefli því niðurstaðan. Arsenal er með jafnteflinu komið með fjögurra stiga forystu á toppi deildarinnar. - óþ



**JAFNTEFLI** Arsenal varð að sætta sig við jafntefli gegn Newcastle á St. James‘ Park í gærkvöldi. Arsenal er með fjögurra stiga forystu í deildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Akureyringar lágu í valnum

**Valsmenn gerðu góða ferð norður á Akureyri og unnu þar baráttuglaða heimamenn með fjögurra marka mun, 20-24, í hörkuleik í N1 deild karla í gærkvöldi.**

**HANDBOLTI** Valsmenn geta prísað sig sæla yfir því að hafa fengið bæði stigin eftir viðureign sína við Akureyri í N1-deildinni í gærkvöldi. Fjögurra marka sigur þeirra var tæpari en tölurnar gefa til kynna.

Fyrri hálfleikurinn var kaflaskiptur en í stöðunni 2-2 skildi leiðir og sóknarleikur Vals hrundi algjörlega. Akureyringar gengu á lagið og komust mest í fjögurra marka forystu þar sem Pálmar hélt gestunum inni í leiknum með fínni markvörslu.

Það var ekki fyrr en í stöðunni 8-4 að Valsmenn hristu af sér slenið og fóru loks að spila almennilega sókn. Í bland við lélega sóknarnýtingu Akureyringa, þar sem markstangirnar stýrðu boltanum oftar út en ekki inn, tókst þeim að jafna leikinn. Eftir jafnar lokamínútur hafði Akureyri 11-10 yfir í hálfleik í rífandi stemningu í KA-heimilinu.

Valsmenn voru skrefinu á undan í síðari hálfleik en komust þó aldrei langt fram úr heimamönnum. Spennustigið á lokamínútunum var hátt, Einar Logi fékk sína þriðju brottvísun þegar 10 mínútur voru eftir og á þeim mínútum skoraði Akureyri aðeins eitt mark. Heimamenn gerðu hrapalleg mistök hvað eftir annað, Valsmenn gengu á lagið og unnu að lokum fjögurra marka sigur, 24-20.

„Við vorum hreint út sagt ömurlegir í byrjun. Við flýttum okkur of mikið en snúum blaðinu við í seinni hálfleik sem við vinnum með fimm mörkum og ég er mjög stoltur af liðinu. Baldvin var í hörkustandi og hann hlýtur að fá tækifæri með landsliðinu, hann á það svo sannarlega skilið,“ sagði sigurreifur Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals eftir leikinn en Baldvin var markahæstur í Valsliðinu með átta mörk.



**BARÁTTA** Fannar Þór Friðgeirsson, leikmaður Vals, fær hér óblíðar móttökur frá Goran Gusic, leikmanni Akureyrar, í leik liðanna í gærkvöldi. Fannar átti fínan leik og skoraði fjögur mörk fyrir Val. MYND/PEDROMYNDIR

„Þetta var mjög erfiður leikur og ég er hrifinn af þessu Akureyrarliði, ég er viss um að þeir munu klífa upp töfluna. Þeir eru með gott lið, vel mannað og vel þjálfað. Hvað okkur varðar þýðir ekkert að horfa á töfluna, þetta er bara að duga eða drepast og við þurfum bara að vinna alla leikina, það er bara þannig,“ sagði Óskar sem var skiljanlega glaðbeittari en norðanmenn eftir leikinn.

„Loksins þegar ég næ mér á strik þá er þetta eins og svo oft í vetur, tveir hlutir eru í lagi en sá þriðji klikkar. Við áttum að keyra yfir þá þegar þeir voru á rassgatinu í fyrri hálfleik en það er eins og það hafi vantað einhvern sigurvilja í okkur. Þetta skilur á milli sigurvegara og hinna, sigurvegararnir keyra bara yfir liðið meðan hinir bíða og tapa svo,“ sagði Sveinbjörn Pétursson sem varði vel í marki Akureyrar, þar á meðal fjögur vítaköst.

„Þetta er virkilega svekkjandi eftir að við fáum góðan stuðning hérna en það er þó ekki allt svart, það eru jákvæðir punktar í þessu líka. Við þurfum að byggja á því og taka fjögur stig í leikjunum tveimur fyrir hléið,“ sagði markmaðurinn. - hþh



**EFTIRSÓTTUR** Ef marka má spænska dagblaðið El Mundo Deportivo þá mun José Mourinho líklega taka við Barcelona, annaðhvort fljótlega eða eftir tímabilið. NORDICPHOTOS/GETTY

Spænska úrvalsdeildin:

# Mun Mourinho taka við Barca?

**FÓTBOLTI** José Mourinho, fyrrverandi knattspyrnustjóri Chelsea, hefur stöðugt verið orðaður við þjálfarastöðuna hjá enska landsliðinu í breskum fjölmiðlum síðan Steve McClaren var látinn taka pokann sinn. Spænska dagblaðið El Mundo Deportivo vill hins vegar meina að Mourinho muni afþakka boð enska knattspyrnusambandsins til þess að taka við stórliði Barcelona.

Blaðið greinir frá því að tveir af aðstoðarmönnum Mourinhos hjá Chelsea á sínum tíma hafi verið tíðir gestir á leikjum Katalóníuliðsins upp á síðkastið og séu í raun að kanna jarðveginn áður en Mourinho taki við liðinu.

Blaðið heldur því enn fremur fram að núverandi stjóri Barcelona, Frank Rijkaard, sé nú þegar á hálum ís og verði látinn víkja ef liðið endurheimti ekki toppsætið í spænsku deildinni innan skamms tíma. Líklegast sé þó í stöðunni að Mourinho taki við Barcelona eftir núverandi tímabil. - óþ

Keflavíkurkonur unnu 21 stigs sigur á Íslandsmeisturum Hauka í Iceland Expressdeild kvenna í gærkvöldi:

# Sannfærandi á sigurbraut á nýjan leik

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur unnu Íslandsmeistara Hauka í fjórða sinn í röð í vetur þegar þær unnu 21 stigs sigur, 100-79, í leik liðanna í Keflavík í Iceland Express deild kvenna í gær.

Keflavíkurliðið tók frumkvæðið strax í byrjun og leiddi leikinn nánast allan tímann án þess þó að ná að gera endanlega út um leikinn fyrr en í fjórða leikhlutanum. Keflavíkurliðið var að fá fjórtán stig eða meira frá fimm leikmönnum í leiknum og liðið setti alls niður 14 þriggja stiga körfur í leiknum en Haukaliðin gekk illa að verjast fjölbreyttum sóknarleik Keflvíkinga sem fengu hvað eftir annað galopin skot.

Keflavík var 25-14 yfir eftir fyrsta leikhluta og með 16 stiga forskot í hálfleik, 54-38. Kiera Hardy skoraði 8 stig á fyrstu einni og hálfri mínútu seinni hálfleiks og komu muninum niður í átta stig, 54-46, en nær komst Haukaliðið og Keflavíkurliðið kláraði leikinn á sannfærandi hátt.



**ÖFLUG** Margrét Kara Sturludóttir, hjá Keflavík, átti frábæran leik í gærkvöldi og skoraði 20 stig. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Keflavíkurliðið átti allt annan og miklu betri leik en þegar liðið tapaði í Grindavík um helgina og það voru margir leikmenn liðsins að leggja grunninn að sigrinum í gær. Það er mikill fengur fyrir Keflavíkurliðið að fá Keshu Watson aftur inn og hún stjórnaði leik liðsins með glæsibrag í gær og var með 21 stig og 11 stoðsendingar. Margrét Kara Sturludóttir byrjaði leikinn af miklum krafti og skoraði 6 stig og átti 3 stoðsendingar á fyrstu sex mínútum leiksins. Hún endaði leikinn með 20 stig, 9 fráköst og 7 stoðsendingar og hefur vaxið mikið með meiri ábyrgð í vetur.

Rannveig Randversdóttir var frábær með 17 stig á þeim 23 mínútum sem hún spilaði og þá átti Marín Rós Karlsdóttir frábæra innkomu af bekknum, skoraði 14 stig og gaf 7 stoðsendingar en hún setti meðal annars niður 4 af 6 þriggja stiga skotum sínum. Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 16 stig gegn sínum gömlu félögum þar af setti hún niður þrjá mikilvæga þrista frá nánast sama punktinum í þriðja leikhlutanum.

Telma Björk Fjalarsdóttir var besti Haukaliðinu með 13 stig og 13 fráköst, Kiera Hardy skilaði 27 stigum en komst oft lítið áleiðis gegn Pálínu. Kristrún Sigurjónsdóttir var með 15 stig og 7 stoðsendingar en hitti illa en aðeins 4 af 17 skotum hennar fóru rétta leið. Unnur Tara Jónsdóttir átti einnig góða spretti og endaði með 12 stig og 9 fráköst. - óój


BT
JÓLIN ERU AÐ KOMA
VERÐSTRÍÐ
ALLA DAGA!
Gerið Verðsamanburð
12.000 AFSLÁTTUR
JÓLAKÚTUR FYLGIR!!!*
2 GLÖS FYLGJA
Notar 5 lítra kúta
Einalt að skipta um kúta
Heldur bjórnum köldum
Bjórinn endist í 21 dag eftir að
kúturinn hefur verið opnaður
Dælan hefur enga slöngu - Einfalt og hreinlegt!
Kúturinn leggst saman við minnkandi innihald
Kútur fylgir dælunni en fást einnig í næstu Vínbúð
Dropabakki fylgir
Tvö bjórglös fylgja vélinni!
*Kútur fylgir á meðan birgðir endast!
7.999
8.999
12.999
14.999
19.999
LÁTTU EKKI PLATA ÞIG!
PlayStation.2
Sims 2 Castaway
PS2
4.499
XBOX 360
TimeShift
XBOX 360
4.999
Jólagestir 4
CD
999
The Simpsons Game
PS3
4.999
Games for Windows
World in Conflict
PC
3.299
Transformers
DVD
999
Ótextað
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær



**LIÐSSTYRKUR** Kristinn Friðriksson, þjálfari Tindastóls, hefur fengið Englending til að spila á Króknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild karla:

## Tindastóll með nýjan mann

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll hefur ráðið til sín nýjan erlendan leikmann. Liðið samdi í gær við Englendinginn Philip Perry sem mun leysa af Marcin Konarzewski sem varð að hætta að spila vegna meiðsla.

Tindastólsliðinu hefur gengið ágætlega í upphafi tímabils, unnið þrjú leiki og tapaði aðeins með tveimur stigum fyrir toppliði Keflavíkur í síðasta leik. Perry verður fjórði erlendi leikmaður liðsins en liðið lék aðeins með þrjá í leiknum gegn Keflavík.

Perry lék með b-liði KR í bikarnum á dögunum og var þá með 27 stig, 13 fráköst 6 stoðsendingar og 5 stolna bolta. Konarzewski var með 16 stig og 8,1 frákast að meðaltali í þeim 8 leikjum sem hann lék með liðinu.

- óój

Hatton vill mæta De la Hoya:

## Risabardagi á Wembley

**BOX Þó svo að Bretinn Ricky Hatton sé ekki enn búinn að slást við Floyd Mayweather er hann þegar farinn að skipuleggja næsta bardaga.**

**Hatton vill mæta Oscar de la Hoya og er verið að undirbúa sannkallaðan risabardaga á Wembley þar sem 80 þúsund manns gætu fylgst með bardaganum.**

**Hatton keppir á laugardag við Floyd Mayweather í einum mest spennandi bardaga í háa herrans tíð. Mayweather keppti síðast við De la Hoya og vann á stigum.**

- hbg

# Tvær og hálf milljón á dag í boði

**Spænska stórblaðið Marca segir Ronaldinho vera búinn að semja við enska liðið Chelsea. Bróðir hans og umboðsmaður er staddur á Spáni en hefur hins vegar ekkert heyrt af neinu tilboði og bendir á Barcelona.**

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Ronaldinho hefur ekki verið í náðinni hjá Frank Rijkaard að undanförnu en það hefur vakið mikla athygli og ófáar sögusagnir hafa sprottið upp. Það er stórfrétt í knattspyrnuheiminum að einn besti knattspyrnumaður heims sitji ítrekað á varamannabekknum hjá liðinu.

Það hefur síðan bæst við að bróðir hans og umboðsmaður, Roberto de Assis Moreira, er mættur til Spánar og í gærmorgun birti spænska stórblaðið Marca ásamt fleiri blöðum þar í landi frétt um það að Ronaldinho væri búinn að gera samning við Chelsea. Því hefur reyndar verið neitað af bróðir Ronaldinho en mörgum finnst of margar tilviljanir hljóta að benda til þess að eitthvað sé í gangi.

Í samningi Ronaldinho við Barcelona, sem gildir til 2010, er brasilíski snillingurinn til sölu fyrir tæpa ellefu milljarða íslenskra króna en bróðir hans, Roberto de Assis Moreira, sér líka aðra leið í stöðunni.

Samkvæmt heimildum Marca vill Chelsea fá Ronaldinho strax í janúar og er tilbúið að borga Barcelona um sex og hálfan milljarð íslenskra króna fyrir hann. Í sömu frétt er talað um að Ronaldinho fái um sautján milljónir evra í árslaun sem gera um tvær og hálfa milljón í laun á dag.

Samkvæmt reglum FIFA og Evrópusambandsins getur leikmaður hins vegar yfirgefið félag eftir að hafa klárað þrjú ár af samningi sínum þó svo að samningurinn sé enn í fullu gildi. Það fylgir þó sögunni að Ronaldinho mætti þá ekki fara til annars liðs á Spáni og hann yrði að borga Barcelona bætur sem gætu verið í kringum tæpa tvo milljarða íslenskra króna.

Umræddur Roberto de Assis Moreira er nú staddur á Spáni og hitti fyrir spænska blaðamenn í gær. „Ég hef ekki fengið nein samningstilboð. Ég get ekið við neinum tilboðum því þau eiga að fara til Barcelona. Spyrjið þá hvort þeir hafa fengið tilboð í Ronaldinho,“ sagði Roberto de Assis sem sagðist aðeins vera mættur á æfingasvæði Barcelona til þess að hitta bróður sinn en ekki til þess að ræða við forráðamenn Barcelona.



**HVAR SPILAR HANN Í JANÚAR?** Ronaldinho hefur ekki fundið sig í síðustu leikjum en ástæðan fyrir því að hann er á bekknum er rót ótal sögusagna um framtíð kappans. Hér fagnar hann marki með okkar manni Eiði Smára Guðjohnen. NORDICPHOTOS/GETTY

Bróðirinn segir Ronaldinho vera ánægðan í Barcelona og að hann sé sáttur með samninginn sem gildir eins og áður sagði til ársins 2010. Roberto de Assis Moreira segir þó að á hverjum sunnudegi og á hverjum miðvikudegi breytist boltinn og að hlutirnir geti gerst mjög hratt.

Það hafa verið alls konar sögusagnir í gangi af hverju Frank Rijkaard hafi látið Ronaldinho dúsa á bekknum í síðustu leikjum. Ein af þeim er að dóttir Rijkaards, Linsey, hafi verið komin í samband með Ronaldinho.



**BROSANDI Á BEKKNUM** Ronaldinho hefur verið varamaður í síðustu tveimur leikjum Barcelona. NORDICPHOTOS/AFP

„Kærasti hennar er vissulega Brasilíumaður en það er ekki Ronaldinho,“ sagði Rijkaard aðspurður en það er skiljanlegt að menn leiti ástæðna fyrir því að einn besti knattspyrnumaður heims sé orðinn varamaður. Fréttir af partílífi og slök frammistaða inni á vellinum hefur öruglega mikið með þetta að segja en um leið og hann sat á bekknum annan leikinn í röð var það ljóst að eitthvert ósætti væri í gangi á milli þeirra félaga. Það má því búast við vænum skammti af fréttum um Ronaldinho á næstu dögum og verður erfitt að átta sig á því hver sé hinn eini og sanni sannleikur málsins.

ooj@frettabladid.is





Brasilíska goðsögnin Romario er ekki hættur en væntanlega á leið í leikbann:

# Tók skallalyf og féll á lyfjaprófi

**FÓTBOLTI** Brasilíski knattspyrnumaðurinn Romário de Souza Faria, sem náði þeim merka áfanga að skora sitt þúsundasta mark á árinu, verður væntanlega þvingaður til þess að leggja skóna á hilluna. Romario hefur sagst sjálfur ætla að spila fram á nýárið en það gæti ekki orðið að veruleika taki aganefnd brasilíska knattspyrnusambandsins hart á þessu máli.

„Ég er byrjaður að missa hárið og hef verið að taka þetta lyf í smá tíma,“ sagði hinn 41 árs gamli markaskorari á blaðamannafundi. „Ég tel að þetta mál muni ekki hafa nein áhrif á ferilinn minn. Ég er ekki að taka inn ólöglegt lyf, þetta lyf hefur ekkert haft að gera með frammistöðu mína inni á vellinum og þetta er líka ekki í fyrsta sinn sem ég tek það,“ bætti Romario við en hann fór að taka lyfið eftir að sköllóttir félagar hans mæltu með því.

„Sköllóttir menn sem höfðu prófað þetta lyf mæltu með því og það virkaði eins og þið sjáið,“ sagði Romario af sínu rómaða sjálfstrausti.

Hann viðurkenndi enn fremur að hann hefði sætt sig við hármissinn og hefði aldrei tekið inn þetta lyf ef hann hefði vitað að það væri ólöglegt.

Romario hefur dregið það að leggja skóna á hilluna þrátt fyrir að hafa fengið ótal ráð í eyra um að segja þetta gott. Hann stefndi hins vegar á það að skora 1000 mörk eins og Pele og náði því að eigin sögn með því að skora fyrir Vasco da Gama úr vítaspyrnu í maí síðastliðnum.



**SMÁ SKALLI** Það verður að viðurkennast að Romario er aðeins farinn að missa hárið. Hér fyrir neðan skorar hann 1000. markið sitt í maí. NORDICPHOTOS/AFP

Romario hefur þó verið gagnrýndur fyrir það að inni í þessari tölu eru um 200 mörk sem hann hefur skorað fyrir unglingalið, varalið og í sýningarleikjum. FIFA óskaði honum til hamingju með afrekið en gaf jafnframt út að hann hefði „aðeins“ skorað 929 mörk í opinberum leikjum.

- óój







# SKEMMTILEGRI JÓL MEÐ STÖÐ 2

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.

**AUK FJÖLDA ANNARRA FRÁBÆRRA ÞÁTTA OG BÍÓMYNDA:**

Stelpurnar • Logi í beinni • Tekinn 2 • Prison Break • Jói Fel töfrar fram hátíðarmatinn • Sálin og Stuðmenn á áramótatónleikum
Anna og skapsveiflurnar • Kompás • Kryddsíld • innlendur og erlendur fréttaannáll • Jólaþáttur Jamie Oliver • Batman Begins
Derailed • Bad Santa • Christmas Vacation • The Family Stone • Surviving Christmas • Miracle on 34th Street
The Sound of Music • Guess Who • V for Vendetta • Elf • Nanny McPhee

skemmtilegri

**512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE**
**M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:** SIRKUS SIRKUS+



## > Sean Penn

Sean fór til New Orleans í september árið 2005 til að aðstoða eftir fellibylinn Katrínu. Hann var virkur í björgunarstarfi og bjargaði fjölda fólks út úr húsum sínum og flutti það á spítala. Hann gagnrýndi stjórnvöld fyrir aðgerðarleysi og sagði að einungis um fimmtungur af þeirri hjálp sem þurfti hefði borist. Sean leikur í Mystic River á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON SKEMMTIR SÉR YFIR KRAFTAVERKUM OG AFGLÖPUM

## *Lygilegur raunveruleikinn lánast best*

Oft er raunveruleikinn lyginni líkastur og skáldskapnum skemmtilegri. Þetta sést best á þeim raunveruleikaþáttum þar sem venjulegt fólk gerir sín axarsköft en kemur svo öllum á óvart með eitt og eitt kraftaverk.

Skemmtileg og raunveruleg afglöp eru til dæmis þau sem Frakklandsforseti gerði í þættinum 60 mínútur þegar hann brást illa við nærgöngulum fréttamanni fyrir framan myndavélarnar. Sýndi hann þá af sér mannlegan breyskleika sem er ætíð skemmtilegt þegar stjórnmálamenn eiga í hlut.

Kraftaverkin sem snerta mig mest eru venjulega úr gráum hversdagsleikanum, fjarri öllum Hollywood-maskínum og fingrum allra framleiðenda sem vilja gera söguna markaðsvæna.

Eitt slíkt kraftaverk gaf að líta í 60 mínútum í þessari viku en þar var sýnt myndband sem viðvaningur tók upp af manni sem vaknaði úr tíu ára dái eftir að læknir hafði gefið honum parkinsonslyf. Hann hafði misst sjón en þekkti sitt fólk af röddinni nema rödd yngsta sonar síns sem var smákrakki þegar fjölskyldufaðirinn atarna féll í dá. Á myndbandinu sást hann á tali við eiginkonu og börn sem skyndilega gafst tækifæri til að segja það sem búið hafði innanbrjósts í áratug. Harmur mannsins var gnístandi þegar honum varð ljóst að hann hefði verið fjarri sínu fólki og utanvallar í lífi þess allan þennan tíma.

Sagan fékk þó engan Hollywood-endi því maðurinn fékk aftur slæmt höfuðhögg og féll aftur í dá og er nú kominn yfir móðuna miklu. En eftir stendur þessi lygilega saga sem ólyginn sagði.



AFGLÖP NICOLAS SARKOZY ERU SKEMMTILEG

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** North Country STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Rules of Engagement SKJÁREINN



▶ **20.10** 07/08 bíó leikhús SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Grey´s Anatomy SIRKUS



▶ **22.30** Silent Witness STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Bella, Boris og Berta** (2:3)
**17.50 Stundin okkar**
**18.15 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (6:6)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
**20.45 Bræður og systur** (18:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Rob Lowe og Sally Field.
**21.30 Trúður** (6:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (20:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (69:70)
**00.00 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 North Country**
**08.00 Agent Cody Banks**
**10.00 Taxi**
**12.00 Perfect Romance**
**14.00 Agent Cody Banks**
**16.00 Taxi**
**18.00 Perfect Romance**
▶**20.00 North Country** Átakanleg kvikmynd sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk: Charlize Theron, Elle Peterson, Thomas Curtis.
**22.00 Mystic River**
**00.15 Around the Fire**
**02.00 The Deal**
**04.00 Mystic River**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Jesús og Jósefína, Kalli kanína og félagar.
**08.10 Beauty and the Geek** (9:9)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.35 Wings of Love** (79:120)
**10.20 Commander In Chief** (6:18)
**11.00 Disney Special-Geena Davis**
**11.15 Veggfóður** (7:20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (1:120)
**13.55 Wings of Love** (2:120)
**14.40 Osbournes 3** (8:10)
**15.05 Pirate Master** (7:14)
**15.55 Nornafélagið**
**16.18 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (4:22) (e)
**19.50 Friends 4** (10:24)
**20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel** (7:10) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel heldur áfram að sýna listir sínar í eldhúsinu... en að þessu sinni með allt öðru sniði. 2007.
**20.50 Two and a Half Men** (16:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.15 Til Death** (16:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. 2006.
**21.45 Numbers** (8:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. 2006.
▶**22.30 Silent Witness** (5:10) 2006. Bönnuð börnum.
**23.25 Tekinn 2** (12:14)
**23.55 Næturvaktin** (12:13)
**00.25 Damages** (9:13)
**01.10 A Lot Like Love**
**03.00 Cold Case** (14:23)
**03.45 Whacked!**
**05.15 The Simpsons** (4:22) (e)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Evrópukeppni félagsliða** (Everton - Zenit)
**17.55 Evrópukeppni félagsliða** (Everton - Zenit)
**19.35 EM 2008 - Undankeppni** (Anderlecht - Tottenham)
**21.40 Inside Sport** (John Terry / Swen Göran Erickson) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum.
**22.10 Mayweather vs. Hatton 24/7** Hitað upp fyrir bardaga ársins sem fer fram hinn 8. desember næstkomandi þegar Floyd Mayweather og Rick Hatton mætast. Skyggnst bak við tjöldin og fylgst með undirbúningi þeirra fyrir bardagann mikla.
**22.40 NFL - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL-fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**23.10 Heimsmótaröðin í póker** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**00.05 EM 2008 - Undankeppni** (Anderlecht - Tottenham)

## SÝN2

**07.00 Newcastle - Arsenal** Útsending frá leik Newcastle og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram miðvikudaginn 5. desember.
**15.40 Liverpool - Bolton** Útsending frá leik Liverpool og Bolton sem fór fram sunnudaginn 2. desember.
**17.20 Blackburn - Newcastle** Útsending frá leik Blackburn og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.
**19.00 English Premier League 2007/08**
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Leikur Liverpool og Arsenal var fín skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
**21.00 PL Classic Matches** Stórbrotinn leikur á Riverside og fengu áhorfendur heldur betur eitthvað fyrir sinn snúð. Kanu og Anelka fóru mikinn hjá Arsenal í leiknum.
**21.30 1001 Goals**
**22.30 4 4 2**
**23.55 Coca Cola-mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 7th Heaven** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Dýravinir** (e)
**19.30 Game tíví** (10:12)
▶**20.00 Rules of Engagement** (6:7)
**20.30 30 Rock** (12:21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Liz fer með Jack í afmælisveislu hjá erlendum prins (Paul Reubens) og veltir því fyrir sér hvort þetta sé í raun stefnumót. Í veislunni sér hún nýja hlið á Jack þegar hann hittir óvænt fyrrverandi eiginkonu sína (Isabella Rossellini).
**21.00 House** (14:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House sinnir ungri konu sem finnur engan sársauka. Til að bjarga henni verður House að finna leið til að meiða hana.
**22.00 C.S.I: Miami** (6:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Kona sem stundaði vúdúgaldra er myrt og í kjölfarið fara undarlegir atburðir að gerast á rannsóknarstofunni. Eru illir andar á ferð eða einstakar tilviljanir?
**23.00 The Drew Carey Show**
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.30 Backpackers** (e)
**01.00 NÁTTHRAFNAR**
**01.01 C.S.I.**
**01.50 Ripley's Believe it or not!**
**02.35 Trailer Park Boys**
**03.00 Vörutorg**
**04.00 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

### Ítalíuævintýri Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel heldur áfram að sýna listir sínar í eldhúsinu en að þessu sinni með allt öðru sniði. Jói hefur lagt land undir fót og sótt Ítalíu heim í þeim tilgangi að kynna sér töfra ítalskrar matargerðar. Jói er nú kominn heim og heimsækir veitingahúsið La Primavera þar sem ítölsk matarmenning er í hávegum höfð. Leifur Kolbeinsson, kokkur á La Primavera, og Jói elda dýrindis mat saman.

### ▶ MYSTIC RIVER

**Stöð 2 kl. 22.00**

Sannkölluð stórmynd sem hreppti tvenn Óskarsverðlaun. Jimmy, Sean og Dave voru vinir í verkamannahverfi í Boston en hræðilegur atburður setti mark sitt á æsku þeirra. Aldarfjórðungi síðar liggja leiðir þeirra saman á nýjan leik. Dóttir Jimmys er myrt, Sean rannsakar málið og Dave liggur undir grun. Samskiptin ýfa upp gömul sár og ljóst er að þetta verða ekki gleðilegir endurfundir. Aðalhlutverk leika Sean Penn, Tim Robbins, Kevin Bacon og Laurence Fishburne.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Með á nótunum
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Milli skinns og hörunds - þríleikur
**23.10** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.25 Þristurinn**
**16.00 Hollyoaks** (73.260)
**16.30 Hollyoaks** (74.260)
**17.25 Talk Show With Spike Feresten** (14.22)
**17.50 Arrested Development 3**
**18.15 Tru Calling** (5.6)
**19.00 Hollyoaks** (73.260)
**19.30 Hollyoaks** (74.260)
**20.25 Talk Show With Spike Feresten** (14.22) (e)
**20.50 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
**21.15 Tru Calling** (5.6)
▶**22.00 Grey's Anatomy** (6.22) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun. Þeirra á meðal er systir Meredith, sem hún vissi ekki að hún ætti og þar byrjar dramatíkin aftur. 2007.
**22.45 Þristurinn** Í umsjá Erps Eyvindarsonar.
**23.20 Windfall** (12.13) (e)
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveri ÍNN.
**20.30 Óhreinu börnin hennar Evu** Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki", fólkinu sem við viljum helst ekkert vita af.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen býður til sín fólki sem hefur lært af reynslunni og sumir snúið alveg við blaðinu.

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.55** Hvad er det værd **13.20** Lær - på livet løs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Liga **15.00** Boogie Update **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** VQ - Videnskabsquiz **19.30** Tvunget af tanker **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** En kvinde ser rødt **22.30** Antiglobetrotter **23.00** Boogie Update **5.00** Anton **5.05** Anton **5.10** Morten **5.35** Den lille prinsesse **5.45** Den lille Julemand

## NRK 1

**11.15** Migrapolis: Generasjon utlending **11.45** Spekter: U2-krisen - da Norge ble truet med atomkrig **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.05** Creature Comforts: Hvordan har vi det? **13.15** Vinbaronen **14.00** Fabrikken **14.30** Fjortis **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Hjemme hos Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Film: Bocksern **0.40** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **11.35** En frivillig fängelsekund **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa **17.25** Dagens visa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Termosen **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Solens mat **19.30** Vrakletarna **20.00** I sinnets våld **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag granskning 23.20 Toppform **23.50** Out of Practice **0.15** Sändningar från SVT24


# Láttu þér líða vel um jólin

## Slide Back rúm á jólatilboði





Passion rúmin eru afar vönduð og tvímælalaust með bestu rúmakaupunum sem hægt er að gera í dag.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



DÖNSK HÖNNUN DÖNSK GÆÐI





Úrval af glæsilegum hægindastólum og hægindasófum með rafdrifnum stillingum. Náttborð og rúmgaflar í miklu úrvali.
Flott jólatilboð í gangi.



hönnun: www.origami-art.net

LÚR BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán-fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

## MORGUNMATURINN



*„Á leiðinni í vinnuna skelli ég í mig skyrdrykk eða léttum AB-drykk.“*

Anna Bryndís Blöndal, handboltakona og lyfjafræðingur.

# Hitti Mugison í verslun og fékk að tromma á tónleikum

Trommuleikarinn Sigmundur Erling Ingimarsson datt í lukkupottinn þegar hann fékk að opna tónleika Mugisons í Bíóhöllinni á Akranesi ásamt Mugison sjálfum eftir að hafa rekist á hann í verslun fyrr um daginn. „Ég talaði við hann þegar hann var að spila í Eymundsson og sagði honum að ég væri góður trommuleikari,“ segir Sigmundur, sem aldrei er kallaður annað en Simmi. „Hann var mjög ánægður að heyra það og við ákváðum að spila lag saman.“ Simmi starfar á vinnu- og hæfingarstaðnum Fjöliðjunni á Akranesi en eyðir löngum stundum dag hvern í að æfa sig á trommurnar. „Ég er búinn að æfa mig síðan ég var sjö ára og æfi einu sinni á dag, alveg heillengi.“ Simmi er því enginn nýgræðingur og hefur áður komið fram á sviði, meðal annars í Dalabúð í Búðardal þar sem hann gekk í grunnskóla. „Ég var ekkert mjög stressaður að spila með Mugison. Þetta gekk vel og ég tók alveg dúndurflott trommusóló. Svo sat ég á fremsta bekk alla tónleikana og fékk þetta beint í eyrun. Þetta var rosalega flott. Alveg meiriháttar. Algjör snilld,“ segir Simmi og bætir því við að Mugison hafi gefið honum diskinn sinn, Mugiboogie, fyrir spilamennskuna.

„Hann er æðislegur trommuleikari,“ segir Mugison um Simma. „Ég ákvað bara að opna „sjóvið“ með meistaranum og við æfðum ekki neitt. Hann tók lagið My Love I Love með mér og tók alveg rosalegt trommusóló. Ég sá það bara strax þarna í Eymundsson að það væri góður fílingur í honum. Hann er alveg með þetta strákurinn.“ **- sók**



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison hitti Sigmund Erling Ingimarsson í bókaverslun og bað hann að spila með sér á tónleikum sínum. MYNDIR/GUÐNI



**ÆÐISLEGUR TROMMULEIKARI** Mugison segir að Simmi sé æðislegur trommuleikari enda er hann búinn að æfa af kappi í tæp 20 ár.



**LÁRÉTT 2.** lítil blýkúla **6.** ógrynni **8.** skordýr **9.** skarð **11.** stöðug hreyfing **12.** þrykk **14.** mont **16.** í röð **17.** þrí **18.** þörungur **20.** málmur **21.** fiska.

**LÓÐRÉTT 1.** kauptún **3.** frá **4.** garðplöntutegund **5.** landspilda **7.** forskot **10.** fjór **13.** nytsemi **15.** ökutækja **16.** kæla **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hagl, **6.** of, **8.** fló, **9.** rof, **11.** ið, **12.** prent, **14.** grobb, **16.** íj, **17.** trí, **18.** söl, **20.** ál, **21.** afla.

**LÓÐRÉTT: 1.** þorp, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** lóð, **7.** forgjöf, **10.** fer, **13.** not, **15.** bíla, **16.** ísa, **19.** ll.




FRIÐRIK WEISSHAPPEL: HELDUR UPP Á FERTUGSAFMÆLIÐ Í KAUPMANNAHÖFN

# Frikki fékk kvikmyndahlutverk í fertugsafmælisgjöf

Þúsundþjalasmiðurinn og kaffihúsaeigandinn Friðrik Weisshappel verður fertugur í dag og hefur af því tilefni boðið 180 vinum og vandamönnum til veislu á heimili sínu í Kaupmannahöfn á laugardag. „Ég er búinn að koma víða við í gegnum tíðina og hef eignast marga vini. Ég þekki orðið of marga til að bjóða liðinu bara í mat. Í stað þess ætla ég að hafa opið hús allan daginn og útbúa bæði morgunmat og hádegismat, meðal annars mjög sérstaka, þykka gulrótarsúpu með engifer og hvítlauk,“ segir Friðrik en hann hefur fengið tvo þjóna til liðs við sig sem ætla að vera til þjónustu reiðubúnir frá morgni til kvölds. Þegar Friðrik er inntur eftir því hvort hann reikni með fleiri Íslendingum eða Dönum segir hann hlutföllin nokkuð jöfn. „Annars eru þetta allra þjóða kvikindi! Ég veit um 25 manns sem ætla að fljúga hingað frá Íslandi. Sumir fljúga meira að segja fram og til baka sama daginn. Svo verða Skotar og Ameríkanar, Japani, Pakistanar, Portúgalar og Bretar. Ég bý hér í fjölmenningarhverfi,“ segir Friðrik og hlær en margir gestanna eru fastakúnnar á kaffihúsi hans, Laundromat.

Friðrik þarf ekki að hafa áhyggjur af plássleysi þrátt fyrir gestafjöldann því hann er nýfluttur inn í 160 fermetra íbúð á tveimur hæðum. „Þetta er ótrúlega skemmtilegur tími. Ég er nýfluttur í frábæra íbúð, svo er fertugsafmælið, jólin og við kærastan eigum von á okkar fyrsta barni þann 23. janúar. Enginn tími til þess að láta sér leiðast.“ Friðrik segist gjarnan nýta tímamót til þess að setja sér markmið og 40 ára afmælisdagurinn er þar engin undantekning. „Ég ákvað að vera 85 kg þegar ég yrði fertugur og náði af mér 7,5 kg á tæpum þremur mánuðum. Mér finnst tímamót frábært tækifæri til þess að fara yfir stöðuna, skoða sín mál, hvert maður ætlar sér og svo framvegis.“

Friðrik segist vera búinn að fá eina afmælisgjöf nú þegar, hlutverk í myndinni The Good Heart. „Ég fékk aukahlutverk í nýju myndinni hans Dags Kára frá honum og Þóri Snæ Sigurjónssyni sem er framleiðandi. Þórir vissi að leikur í kvikmynd væri á lista mínum yfir hluti sem ég ætla mér að gera áður en ég dey. Gjöfin er sem sagt pínulítið-míkró-hlutverk í myndinni þar sem ég mun leika bisnessmann, en ég má ekki segja meira vegna mikillar leyndar sem hvílir yfir handritinu. Ég get allavega strikað þetta út af listanum,“ segir Friðrik og skellir upp úr. „Mér finnst þetta alveg frábær gjöf!“

**sigrunosk@frettabladid.is**



**BOÐSKORTIÐ** Allir gestirnir fengu forláta boðskort sem Friðrik hannaði sjálfur. Textinn er á íslensku, dönsku og ensku enda koma „allra þjóða kvikindi“ í veisluna eins og Friðrik orðar það sjálfur.



**BÝÐUR 180 MANNS** Friðrik Weisshappel á fertugsafmæli í dag. Hann ætlar að hafa opið hús á heimili sínu í Kaupmannahöfn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Seinni umræðan um fjárlög Reykjavíkurborgar stóð fram á miðnætti á þriðjudagskvöldið. Þessi umræða er fyrsta merkið um að jólin séu að koma hjá borgarfulltrúum og á meðan hinir kjörnu fulltrúar sitja á rökstólum er hefð fyrir því að starfsmenn Ráðhússins spili bridds og grípi í tafl. Áður en til atkvæðagreiðslu kemur er borgarfulltrúum boðið upp á smörrebröð að hætti Dana og loks býður borgarstjóri öllum í mikið teiti heima hjá sér þegar formlegheitunum er lokið. **Dagur B. Eggertsson** var enginn eftirbátur fyrirrennara sinna og sló upp heljarinnar veislu þar sem málin voru rædd og borgarfulltrúar dönsuðu langt fram á nótt.



Uppselt er á tónleika **Björgvins Halldórssonar** í Laugardalshöll. Og þó. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er nú verið að setja í sölu ósóttar pantanir og er talið að rúmlega hundrað miðar verði til sölu á vefsíðunni miði.is. Ef að líkum lætur verða þeir miðar þó ekki lengi að hverfa því hinir 8.900 ruku út eins og heitar lummur.



Og ein skemmtilegasta sjónvarpskona Noregs, **Pia Haraldsen**, var stödd hér á landi nýverið og tók upp viðtöl við nokkra af valdamestu mönnum landsins en Pia er hálfgerð Silvía Nótt þeirra Norðmanna. Tilefnið var samkvæmt Vísi.is sú staðreynd að Ísland skaut Norðmönnum ref fyrir rass á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Fórnarlömb Piu munu hafa verið fjármálaráðherrann **Árni Mathiesen** og borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson auk Halldórs J. Kristjánssonar, bankastjóra Landsbankans. Allir munu þeir hafa tekið viðtölum Piu með stökustu ró en spurningarnar reyna víst ákaflega á þolrifin og eru til þess fallnar að mönnum vefjist tunga um tönn. **- fgg**



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.



# Enginn vildi auglýsa í Skaupinu

„Ekkert tilboð hefur ennþá borist og við reiknum ekkert frekar með því að það gerist,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður markaðssviðs hjá RÚV ohf. Eins og greint var frá í fjölmiðlum stóð til að selja sextíu sekúndna auglýsingahlé inni í miðju Skaupi en Þorsteinn segir að markaðurinn hafi einfaldlega talið verðið vera of hátt. Gert var ráð fyrir því að greiddar yrðu þrjár milljónir fyrir hléið og yrði þetta þá, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, dýrasta auglýsingahléið í sögunni. „Við vorum alveg stífir á þessari upphæð og svo virðist sem það hafi ekki verið stemning fyrir þessu hjá markaðnum,“ segir Þorsteinn.

Skaupið nýtur mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar en ef áhorfstölurnar verða eitthvað í líkingu við þær á síðasta ári má reikna með að yfir 95 prósent þjóðarinnar sitji föst fyrir framan imbakassann þegar spéspegill ársins rennur af stað. Eins og greint hefur verið frá er Skaupinu leikstýrt af Ragnari Bragasyni og verður það með innflytjendaívafi þótt málefni líðandi stundar í pólitíkinni verði einnig krufin til mergjar. **- fgg**



**EKKERT AUGLÝSINGAHLÉ** Skaup Ragnars Bragasonar verður að öllum líkindum ekki rofið vegna auglýsingar en enginn hefur falast eftir að kaupa 60 sekúndna auglýsingahléið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## Jóladressið hefur aldrei kostað jafn lítið

**Jakkaföt**
- 8 mismunandi litir
- stærðir 42 til 64

**Skyrta**

**Bindi**

**Belti**

**Skór**

**3 pör af sokkum**

# 14.990,-

**Nýjar vörur komnar í hús**
**Nýtt kortatímabil**

**Smart að spara – Outlet 10**

**Faxafeni 10**

Opið alla virka daga
og á laugardögum frá 11 til 18
Opið á sunnudögum frá 12 til 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Meirimáttarkenndin*

Ég er hvítur miðaldra karlmaður. Einmitt af tegundinni sem nú um stundir fer með óskoraðan umráðarétt yfir öllum heimsins gæðum, fær besta kaupið og á stærstu bílana. Ég og hinir hvítu miðaldra karlarnir erum konungar alheimsins.

**Í** staðinn fyrir að njóta yfirburðastöðu minnar og velta mér upp úr henni er ég haldinn öfugri minnimáttarkennd, eins konar meirimáttarkennd. Ég vildi að ég hefði ástæðu til að vera síreið og sár baráttukempa, eins og til dæmis konurnar í femínistafélaginu. Ég dauðöfunda þær fyrir samheldnina og ákafann og það að geta túlkað nánast allt sem árásir á kvenkynið eins og það leggur sig. Mikið vildi ég tilheyra hópi sem hittist á fundum til að ræða hvað gerði okkur þá vikuna að niðurlægðum minnihlutahópi fórnarlamba. Það er örugglega rosalega gefandi að vera alltaf í sporum hins niðurlægða í stað þess að þurfa að rogast um með yfirburði sína, eins og ég og hinir hvítu keppirnir neyðumst til.

**EKKI** nóg með að ég sé hvítur og miðaldra, ég hef ekki einu sinni náð þeirri fullkomnun að verða alkóhólisti. Ef ég væri alki væri ég í fullum rétti til að velta mér upp úr niðurlægingu minni og fórnarlambshlutverki. Ég gæti farið á fund á hverjum degi og fundið fyrir þeim samhug sem finnst í stórum hópi fólks í sömu sporunum. Ég öfunda alkana. Þeir tilheyra töfraveröld sem er með sitt eigið tungumál og hefðir, veröld sem mér er hulin og fjarlæg. Sama hvað ég reyni að drekka mig til alkóhólisma strandar allt á þeirri ömurlegu staðreynd að mér finnst vín vont og hundleiðinlegt og hallærislegt að vera fullur.

**NÝLEGA** eygði ég von til að finnast ég loksins niðurlægt fórnarlamb. Ég fór í nýju Hagkaup í Miklagarði og ætlaði að fá löngunum mínum svalað í „karlageymsluherberginu“. Ég hélt að þar inni gæti ég fundið fyrir unaðshrolli samkarllegrar niðurlægingar kynjaðra staðalímynda. Sama hvað ég rembdist við að láta þennan smáblett móðga og niðurlægja mig og alla aðra karlmenn í heiminum í þessar tvær mínútur sem ég sat þarna í grábrúnum leðurstól og horfði á kappakstur, þá bara gerðist ekki neitt. Helst að ég væri fúll yfir því að sjónvarpið er bara 42 tommur og ég fann hvergi fjarstýringuna.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 6. desember, 340. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.57 | 13.19 | 15.40 |
| Akureyri | 11.08 | 13.03 | 14.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


